



---

SKÝRSLA FORSETA  
um störf  
Alþýðusambands Íslands  
árin 2001 og 2002

# Skýrsla forseta 2001 og 2002

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins í Reykjavík, með aðstoð samstarfsmanna úr verkalýðshreyfingunni. Yfirlit yfir þróun efnahagsmála er tekið saman af Ingunni S. Þorsteinsdóttur. Kaflinn um kjaramál eru unninn af Gylfa Arnbjörnsyni. Um félagsmálin fjalla eftirtaldir: Magnús M. Norðdahl fjallar um málefni útlendinga og ILO-samstarfið. Halldór Grönvold fjallar um menntamál, vinnuverndarmál og um framkvæmd samningsins um Evrópska efnahags-svæðið ásamt Magnúsi Norðdahl. Kaflinn um erlend samskipti er í umsjón Halldórs Grönvold en auk hans skrifar Magnús Norðdahl um fund lögfræðinga samtaka innan Norrænu verkalýðshreyfingarinnar, Halldór Grönvold um evrópsku vinnumarkaðsviðræðurnar og Magnús Norðdahl skrifar um lagabreytingar. Um starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ skrifar Halldór Grönvold og Guðmundur Rúnar Árnason skrifar um útgáfu- og kynningarmál ASÍ. Sigurður Víðisson fjallar um Verðlagseftirlit ASÍ. Halldór Grönvold tók saman yfirlit yfir nefndir og ráð og kaflann um ýmis málefni sem unnið hefur verið að. Starfsfólk MFA og Mímis-Tómstundaskólans sér um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um starfsemi MFA og stofnana þess. Kristín Guðnadóttir, forstöðumaður Listasafns ASÍ, ritar kaflann um starfsemi safnsins. Annað efni er tekið saman af starfsmönnum ásamt ritstjóra.

*Ritstjóri: Guðmundur Rúnar Árnason*

*Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson*

*Útlitshönnun, skeyting, filmuvinna*

*Prentun: Ísafoldarprentsmiðja*

*Bókband: Flatey*

*Myndir: Róbert og starfsmenn Alþýðusambands Íslands*

*Kápuhönnun: Hlynur Ólafsson*

**Skýrslan er lögð fyrir annan ársfund ASÍ**

**31. október - 1. nóvember 2002**

Reykjavík, október 2002 - Ísafoldarprentsmiðja ehf.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>13</b>
<b>Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2001</b> .....	<b>15</b>
<i>Setning fundarins</i> .....	15
<i>Kjörbréfanefnd</i> .....	16
<i>Kjör starfsmanna ársfundar</i> .....	18
<i>Afgreiðsla fundarskapa ársfundar</i> .....	18
<i>Skýrsla forseta og reikningar ASÍ</i> .....	18
<i>Kosningar og kosningarslit</i> .....	23
<i>Skipulag og starfshættir ASÍ</i> .....	24
<i>Áherslur og helstu verkefni ASÍ - framsögur og umræður</i> .....	25
<i>Velferðarmál</i> .....	25
<i>Samræming atvinnu og fjölskyldulífs</i> .....	26
<i>Efnahags- og kjaramál</i> .....	26
<i>Húsnæðismál</i> .....	26
<i>Samþykktir ársfundarins</i> .....	27
<i>Lagabreytingar</i> .....	27
<i>Reglugerð um útreikning og innheimtu skatta til</i> <i>Alþýðusambands Íslands og stofnana þess</i> .....	32
<i>Samstarf Alþýðusambands Íslands og stofnana þess</i> .....	35
<i>Velferð fyrir alla</i> .....	36
<i>Húsnæðismál</i> .....	39
<i>Slit ársfundar 2001</i> .....	40
<i>Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2001</i> .....	43
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> .....	<b>47</b>
ASÍ og SGS mótmæla lögregluvaldi gegn verkafólki í Færeyjum ..	48
Stuðningur við hljómlistarmenn í verkfalli .....	50
Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar .....	50
ASÍ styður baráttu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar í Palestínu ..	50
Ár fatlaðra .....	51
Synjun á útgáfu vottorða um óvinnufærni .....	52
Lög sett á sjómenn .....	52
1. maí 2002 .....	54
Ársfundur ASÍ 2002 .....	54
<b>Efnahags- og verðlagsmál</b> .....	<b>55</b>
Próun efnahagsmála - botninum náð og stöðuleiki að komast á ..	55

<i>Hagvöxtur</i> . . . . .	56
<i>Fjárfestingar</i> . . . . .	57
<i>Afkoma atvinnuvega</i> . . . . .	58
<i>Utanríkisviðskipti</i> . . . . .	59
<b>Viðskiptahalli að hverfa</b> . . . . .	<b>59</b>
<b>Vöruútflutningur jókst af krafti</b> . . . . .	<b>59</b>
<b>Innflutningur hefur dregist saman</b> . . . . .	<b>60</b>
<i>Vinumarkaður</i> . . . . .	60
<i>Kaupmáttur - launabróun</i> . . . . .	61
<i>Skuldir heimilanna</i> . . . . .	63
<i>Einkaneysla</i> . . . . .	63
<i>Verðbólga, verðlag og gengi</i> . . . . .	64
<i>Forsendur kjarasamninga og verðbólga rauðastrikið. Samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkis</i> . . . . .	66
<i>Hagstjórn og vextir</i> . . . . .	66
<i>Fjármál hins opinbera</i> . . . . .	67
<i>Horfur í alþjóða efnahagsmálum</i> . . . . .	69
<i>Stóriðjuframkvæmdir</i> . . . . .	70
<b>Kjaramál</b> . . . . .	<b>71</b>
<b>Endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001</b> . . . . .	<b>71</b>
<i>Ráðstefna formanna og aðildarféлага og sambanda Alþýðusambands Íslands 23 janúar 2001 vegna mats á forsendum kjarasamninga</i> . . . . .	71
<i>Niðurstaða nefndar ASÍ og SA um samningsforsendur</i> . . . . .	72
<i>Tryggingaákvæðið sannar gildi sitt</i> . . . . .	73
<i>Verðbólgan fór minnkandi - en blikur eru á lofti</i> . . . . .	73
<i>Úrskurðað um hækkun launaliða</i> . . . . .	73
<i>Niðurstaða nefndar ASÍ og SA um samningsforsendur frá 6. mars 2001</i> . . . . .	74
<b>Forsenda um minnkandi verðbólgu</b> . . . . .	<b>74</b>
<b>Forsenda um samningsbundinn launakostnað</b> . . . . .	<b>75</b>
<b>Niðurstaða</b> . . . . .	<b>76</b>
<i>Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2001</i> . . . . .	77
<i>Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 2001</i> . . . . .	78
<i>Gengi íslensku krónunnar fellur á gjaldeyrismarkaði</i> . . . . .	78
<i>ASÍ krefst aðgerða til þess að styrkja krónuna</i> . . . . .	82
<i>Skattar lækkaðir af fyrirtækjum og hátekjufólki</i> . . . . .	
<i>Samskiptum ASÍ og stjórnvalda stefnt í hættu</i> . . . . .	83

<b>Mat hagdeildar ASÍ á tekjutapi og tekjuauka ríkissjóðs vegna boðaðara skattabreytinga . . . . .</b>	<b>84</b>
<i>Samráð og samstaða innan ASÍ . . . . .</i>	86
<i>Samstaðan skilar árangri . . . . .</i>	89
<i>Forsendur samkomulags milli ASÍ og SA . . . . .</i>	89
<i>Samkomulag í höfn . . . . .</i>	91
<i>Samningur milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og     Samtaka atvinnulífsins hins vegar . . . . .</i>	92
<i>Nefnd ASÍ og SA um samningsforsendur . . . . .</i>	93
<i>Samkomulag VR/LÍV og SA um samningsforsendur . . . . .</i>	94
<i>Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags Alþýðusambands     Íslands og Samtaka atvinnulífsins . . . . .</i>	95
<i>Yfirlýsing fjármálaráðherra í tengslum við samkomulag     Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins . . . . .</i>	96
<i>Yfirlýsing Seðlabanka Íslands vegna endurskoðunar kjarasamninga     á árinu 2002 . . . . .</i>	96
<b>Mat á áhrifum á verðbólgu og kaupmátt . . . . .</b>	<b>97</b>
<b>Aðgerðaáætlun hefur jákvæð áhrif . . . . .</b>	<b>99</b>
<b>Áfall í verðmælingu í janúar . . . . .</b>	<b>99</b>
<b>Forysta ASÍ blæs til þjóðarátaks gegn verðbólgu . . . . .</b>	<b>101</b>
<b>Ályktað um samkeppnismál . . . . .</b>	<b>102</b>
<b>Bakslag í átaki gegn verðhækkunum</b>	
<b>Auglýsingaherferð ASÍ „Settu strik í reikninginn” . . . . .</b>	<b>104</b>
<b>Víðtæk samstaða skilar árangri</b>	
<b>Verðbólga vel fyrir innan rauða striksins . . . . .</b>	<b>105</b>
<b>„Rauða strikið“ stóðst . . . . .</b>	<b>106</b>
<i>Verðbólguforsendan í kjarasamningunum . . . . .</i>	106
<i>Samningurinn 13. 12. 2001 . . . . .</i>	106
<i>Breytingar á efni kjarasamninga . . . . .</i>	106
<i>Almenn launahækkun 1. janúar 2003 . . . . .</i>	107
<i>Áhrif samningsins á verð- og gengisþróun . . . . .</i>	107
<i>Áhrif aðhalds að verðlagi . . . . .</i>	107
<i>Vaxtalækkunar framundan . . . . .</i>	108
<i>Nauðsyn aðhalds í fjármálum ríkis og sveitarfélaga . . . . .</i>	108
<i>Framvinda gengis og verðlags fram á haust . . . . .</i>	108
<i>Viðræður við fjármálaráðuneyti um samræmingu á kjörum . . . . .</i>	109
<i>Þjóðhagsstofnun lögð niður . . . . .</i>	112
<b>Verðlagseftirlit ASÍ . . . . .</b>	<b>114</b>
<i>Forsagan . . . . .</i>	114

<i>Kannanir</i> . . . . .	114
<i>Matvara</i> . . . . .	115
<i>Heilsuvörur</i> . . . . .	116
<i>Grænmeti</i> . . . . .	116
<i>Ályktun miðstjórnar ASÍ frá 4. apríl 2001.</i> . . . . .	116
<i>Bakarí</i> . . . . .	118
<i>Lyfjaverslanir</i> . . . . .	118
<i>Annað.</i> . . . . .	118
<i>Niðurlag.</i> . . . . .	119
<b>Félagsmál</b> . . . . .	<b>120</b>
<b>Atvinnumál</b> . . . . .	<b>120</b>
<i>Vinnumálastofnun.</i> . . . . .	120
<i>Virkjana og stóriðjumál</i> . . . . .	121
<i>Ábyrgðasjóður launa</i> . . . . .	122
<b>Jafnréttis- og fjölskyldumál</b> . . . . .	<b>122</b>
<i>Fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttislöggjöf og fjölskylduvæn starfsmannastefna.</i> . . . . .	123
<i>8. mars.</i> . . . . .	123
<i>Framlag kvenna gerir gæfumuninn</i>	
<i>Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2002.</i> . . . . .	123
<b>Húsnæðismál.</b> . . . . .	<b>125</b>
<b>Menntamál</b> . . . . .	<b>127</b>
<i>Málefni Tækniskóla Íslands</i> . . . . .	127
<i>Vika símenntunar</i> . . . . .	128
<i>Einkavæðing grunnskóla</i> . . . . .	128
<i>Samstarf aðila vinnumarkaðarins að menntamálum</i> . . . . .	128
<i>Viðræður um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins</i> . . . . .	130
<i>Yfirlýsing um eflingu starfsfræðslu í atvinnulífinu</i> . . . . .	131
<i>Fræðslumiðstöð atvinnulífsins</i> . . . . .	133
<i>Starfsmenntaráð.</i> . . . . .	140
<i>MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla</i> . . . . .	140
<i>Menntanefnd ASÍ</i> . . . . .	141
<b>Vinnuvernd</b> . . . . .	<b>141</b>
<i>Endurskoðun vinnuverndarlaganna</i> . . . . .	141
<i>Reglugerð um réttindi þungaðra kvenna</i> . . . . .	144
<i>Vinnuverndarvísar og undirbúningur undir áhættumat á vinnustöðum</i> . . . . .	144
<b>Framkvæmd EES-samningsins</b> . . . . .	<b>144</b>
<i>Samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ um gildistöku</i>	
<i>Evrópureglna og framkvæmd</i> . . . . .	144

<i>Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES</i> . . . . .	148
<i>Vinnutímatilskipunin og rammatilskipun um vinnuvernd -staða og framkvæmd</i> . . . . .	149
<i>Tilskipun um útsenda starfsmenn</i> . . . . .	149
<i>Starfsmenn erlendra útleigufyrirtækja</i> . . . . .	150
<i>Tilskipun um aðilaskipti af fyrirtækjum</i> . . . . .	151
<i>Tilskipanir um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og með tímabundnar ráðningar og fleira</i> . . . . .	152
<i>Jafnréttistilskipanir utan gildissviðs EES ?</i> . . . . .	153
<i>Í deiglu</i> . . . . .	153
<i>Tillaga að tilskipun um starfskilyrði útleigðra starfsmanna</i> . . . . .	155
<i>Vernd persónuupplýsinga um starfsmenn</i> . . . . .	155
<i>Samfélagsábyrgð fyrirtækja</i> . . . . .	156
<i>Stækkun EES og sameiginlegi vinnumarkaðurinn</i> . . . . .	157
<i>Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins</i> . . . . .	159
<b>Málafni útlendinga</b> . . . . .	<b>160</b>
<i>Nefnd um atvinnuréttindi útlendinga - ný lög</i> . . . . .	160
<i>Nefnd um aðstæður útlendinga og dvalarleyfi</i> . . . . .	161
<i>Starfsmenn næturlúbba og mansal</i> . . . . .	161
<i>Nefnd um mansal</i> . . . . .	162
<b>Erlend samskipti</b> . . . . .	<b>164</b>
<b>NFS</b> . . . . .	<b>164</b>
<b>NFJS - Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum</b> . . . . .	<b>165</b>
<b>ETUC</b> . . . . .	<b>167</b>
<b>Evrópskur kjarasamningur um fjarvinnu</b> . . . . .	<b>168</b>
<b>Samningur um fjarvinnu</b> . . . . .	<b>168</b>
<b>Vinnumarkaðsnefnd ETUC</b> . . . . .	<b>173</b>
<b>Yfirlýsing aðila vinnumarkaðarins á Evrópúvísu um símenntun</b> . . . . .	<b>173</b>
<b>Yfirlýsing framkvæmdarstjórnar ESB um aukið hlutverk aðila vinnumarkaðarins í Evrópuþróuninni</b> . . . . .	<b>174</b>
<b>NETLEX</b> . . . . .	<b>174</b>
<b>Ráðgjafarnefnd EFTA</b> . . . . .	<b>176</b>
<b>Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO)</b> . . . . .	<b>176</b>
<i>Svæðaráðstefna 12-15. 12 2000</i> . . . . .	176
<i>Þing ILO 2001</i> . . . . .	177
<i>Aðbúnaður og hollustuhættir í landbúnaði</i> . . . . .	178
<i>Átak til eflingar samvinnufélaga</i> . . . . .	178
<i>Félagslegt öryggi ( velferð og almannatryggingar )</i> . . . . .	178

<i>Ofbeldi gagnvart Kólumbískri verkalýðshreyfingu</i> . . . . .	179
<i>Sérstakur fundur um málefni Burma</i> . . . . .	180
<i>Kærumál</i> . . . . .	180
<i>Þing ILO 2002</i> . . . . .	180
<i>Ályktanir</i> . . . . .	181
<i>Nefnd um framkvæmd ILO-samþykktá</i> . . . . .	181
<i>Nefnd um skráningu og tilkynningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og um skrá yfir atvinnusjúkdóma</i> . . . . .	182
<i>Nefnd um eflingu samvinnufélaga</i> . . . . .	182
<i>Nefnd um óformlega hagkerfið (Informal Economy)</i> . . . . .	182
<i>Norræna ILO samstarfið</i> . . . . .	183
<b>SAMAK</b> . . . . .	<b>183</b>
<b>Starf alþjóðanefndar ASÍ</b> . . . . .	<b>183</b>
<b>Framtíð Vest Norden samstarfsins</b> . . . . .	<b>184</b>
<b>Þróunaraðstoð</b> . . . . .	<b>186</b>
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál</b> . . . . .	<b>188</b>
<b>Aðildarfélög ASÍ sameinast</b> . . . . .	<b>190</b>
<i>Gerjunin mest meðal almennra verkalýðsfélaga</i> . . . . .	190
<i>Iðnaðarmenn fara ólíkar leiðir</i> . . . . .	191
<i>Málefni verslunar- og skrifstofufólks í deigluinni</i> . . . . .	192
<i>Litlar breytingar hjá félögum sjómanna</i> . . . . .	192
<i>Nýir hópar til samstarfs og aðrir farnir</i> . . . . .	192
<i>Sameiningar og samstarf - tímanna tákn</i> . . . . .	193
<b>Breytingar á aðild að Alþýðusambandinu frá árinu 2000</b> . . . . .	<b>195</b>
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ</b> . . . . .	<b>197</b>
<b>Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2002</b> . . . . .	<b>197</b>
<b>Skipulag á skrifstofu ASÍ</b> . . . . .	<b>198</b>
<b>Útgáfu- og kynningarmál ASÍ</b> . . . . .	<b>198</b>
<i>ASÍ-vefurinn</i> . . . . .	199
<i>Vinnan - tímarit ASÍ</i> . . . . .	200
<i>Aðrar útgáfur</i> . . . . .	200
<i>Gagnavinnsla og ráðgjöf</i> . . . . .	201
<i>Ýmis verkefni</i> . . . . .	201
<b>Húsnæðismál ASÍ</b> . . . . .	<b>201</b>
<b>Ferðanefnd Stéttarfélaganna</b> . . . . .	<b>202</b>
<b>Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur</b> . . . . .	<b>203</b>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendamál, 90. m</i> . . . . .	203



<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, 264. mál . . . . .</i>	<i>203</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 199. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, 196. mál. . . . .</i>	<i>205</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, 122. mál. . . . .</i>	<i>206</i>
<i>Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 160. mál. . . . .</i>	<i>207</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á réttindum sjúklinga, 170. mál. . . . .</i>	<i>207</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, 201. mál . . . . .</i>	<i>207</i>
<i>Frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, 284. mál. . . . .</i>	<i>208</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál. . . . .</i>	<i>209</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, 521. mál. . . . .</i>	<i>209</i>
<i>Þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnskól . . . . .</i>	<i>210</i>
<i>Þingsályktunartillaga um útboðsstefnu ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði. . . . .</i>	<i>211</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, 50. mál . . . . .</i>	<i>212</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttrygginga-samninga, 460. mál . . . . .</i>	<i>212</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 209. mál . . . . .</i>	<i>213</i>
<i>Þingsályktun um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, 512. mál. . . . .</i>	<i>213</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum . . . . .</i>	<i>214</i>
<i>Þingsályktunartillaga um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 46. mál. . . . .</i>	<i>222</i>
<i>Frumvarp um útsenda starfsmenn, 573. mál . . . . .</i>	<i>222</i>
<i>Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál . . . . .</i>	<i>225</i>
<i>Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingar, 566. mál, frumvarp til laga um opinber innkaup, 670. mál og frumvarp til laga um opinberar framkvæmdir, 671. mál. . . . .</i>	<i>230</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleira, mál nr. 181 og frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur, mál nr. 195 . . . . .</i>	<i>230</i>
<i>Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, skatthlutföll,</i>	

<i>verðbólsguleiðréttingar, einstaklinga í atvinnurekstri og fleira, mál nr. 114. . . . .</i>	<i>231</i>
<i>Frumvarp til laga um pósthjónustu. . . . .</i>	<i>252</i>
<i>Þingsályktunartillaga um tryggingaskilmála váttryggingarfélag, 59. mál. . . . .</i>	<i>253</i>
<i>Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál. . . . .</i>	<i>254</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, 36. mál. . . . .</i>	<i>254</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, 315. mál. . . . .</i>	<i>254</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 359. mál. . . . .</i>	<i>255</i>
<i>Frumvarp til laga um útlendinga, 433. mál. . . . .</i>	<i>256</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, 361. mál. . . . .</i>	<i>257</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, mál nr. 493 og 494. . . . .</i>	<i>258</i>
<i>Þingsályktunartillaga um aukahing Alþingis um byggðamál, 24. mál. . . . .</i>	<i>258</i>
<i>Þingsályktun um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaðnaði, 306. mál. . . . .</i>	<i>258</i>
<i>Þingsályktunartillaga um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál . . .</i>	<i>259</i>
<i>Þingsályktunartillaga um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál. . .</i>	<i>260</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum . . . . .</i>	<i>260</i>
<i>Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð og opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun, 549., 553., og 539. mál. . . . .</i>	<i>269</i>
<i>Þingsályktunartillaga um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál. . . . .</i>	<i>271</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1999 um tryggingagjöld . . . . .</i>	<i>271</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562. mál. . . . .</i>	<i>272</i>
<i>Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, viðbót við umsögn. . . . .</i>	<i>273</i>
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu</i>	

<i>lífeyrisréttinda, nr. 129/1997, 194. mál</i> . . . . .	275
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, 177. mál</i> . . . . .	276
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda</i> . . . . .	276
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur, 637. mál</i> . . . . .	277
<b>Nefndir og ráð</b> . . . . .	<b>279</b>
<b>Fastanefndir innan ASÍ</b> . . . . .	<b>279</b>
<i>Alþjóðanefnd</i> . . . . .	279
<i>Atvinnumálanefnd</i> . . . . .	279
<i>Jafnréttis- og fjölskyldunefnd</i> . . . . .	280
<i>Mennta- og útbreiðslunefnd</i> . . . . .	280
<i>Kjara- og skattanefnd</i> . . . . .	280
<i>Skipulags- og starfsháttanefnd</i> . . . . .	280
<i>Velferðarnefnd</i> . . . . .	281
<i>Vinnuréttar- og vinnumálanefnd</i> . . . . .	281
<i>Laganefnd</i> . . . . .	281
<i>Ferðanefnd</i> . . . . .	281
<b>Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum 1. október 2002</b> . . . . .	<b>281</b>
<i>Félagsmálaráðuneytið</i> . . . . .	281
<i>Fjármálaráðuneytið</i> . . . . .	287
<i>Forsætisráðuneytið</i> . . . . .	288
<i>Hagstofan</i> . . . . .	288
<i>Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið</i> . . . . .	288
<i>Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið</i> . . . . .	289
<i>Landbúnaðarráðuneytið</i> . . . . .	290
<i>Menntamálaráðuneytið</i> . . . . .	290
<i>Sjávarútvegsráðuneytið</i> . . . . .	292
<i>Umhverfissráðuneytið</i> . . . . .	292
<i>Utánríkisráðuneytið</i> . . . . .	292
<i>Ýmislegt</i> . . . . .	293
<b>Skýrsla um starf MFA</b> . . . . .	<b>296</b>
<b>Inngangur</b> . . . . .	<b>296</b>
<i>Stjórnir</i> . . . . .	296
<i>Starfsmenn</i> . . . . .	297
<i>Fjármál</i> . . . . .	297

<b>Fræðslustarfið . . . . .</b>	<b>297</b>
<b>Menningar- og fræðslusamband alþýðu . . . . .</b>	<b>29</b>
<i>Starfsmenntanámskeið . . . . .</i>	298
<i>Ýmis námskeið . . . . .</i>	299
<i>MFA-skólinn . . . . .</i>	299
<i>Námskeið fyrir atvinnulaust fólk . . . . .</i>	299
<b>Félagsmálaskóli alþýðu . . . . .</b>	<b>300</b>
<i>Félagsstjórnunarnám . . . . .</i>	300
<i>Trúnaðarmannanámskeið . . . . .</i>	300
<i>Fræðslufundir og námskeið . . . . .</i>	300
<b>Mímir-Tómstundaskólinn . . . . .</b>	<b>300</b>
<i>Starfsemin . . . . .</i>	300
<i>Fjármál . . . . .</i>	301
<b>FUNDIR . . . . .</b>	<b>301</b>
<b>SÖGUSAFN VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR . . . . .</b>	<b>301</b>
<b>ÝMIS MENNINGARSTARFSEMI Á VEGUM MFA . . . . .</b>	<b>301</b>
<i>TÓNAL . . . . .</i>	301
<b>ÝMIS STARFSEMI Á VEGUM MFA . . . . .</b>	<b>302</b>
<i>Þátttaka í nefndum og ráðum . . . . .</i>	302
<i>Farskóli Norðurlands vestra . . . . .</i>	302
<i>Námskeið fyrir 9. bekk og framhaldsskóla . . . . .</i>	302
<b>ERLENT SAMSTARF . . . . .</b>	<b>302</b>
<i>MFA á Norðurlöndum . . . . .</i>	302
<i>Norræni MFA-skólinn . . . . .</i>	302
<i>Eftirmenntun kennara í fullorðinsfræðslu . . . . .</i>	302
<i>Norrænt verkefni um þarfagreiningu . . . . .</i>	303
<i>Genfarskólinn . . . . .</i>	303
<i>IFWEA og EURO-WEA . . . . .</i>	303
<i>Evrópskt verkefni með styrk frá Grundtvíg . . . . .</i>	303
<b>Starfsemi Listasafns ASÍ á árinu 2002. . . . .</b>	<b>304</b>
<b>Sýningar í Listasafni ASÍ. . . . .</b>	<b>304</b>
<i>Yfirlit yfir sýningar í Listasafni ASÍ árið 2002 . . . . .</i>	305
<b>Sýningar á vegum Listasafns ASÍ árið 2002 . . . . .</b>	<b>306</b>
<i>Millisafnalán og safnauki á árinu 2002 . . . . .</i>	307
<b>Vinnustaðasýningar . . . . .</b>	<b>307</b>
<i>Starfsemi safnsins . . . . .</i>	308
<b>Fundir og fundasókn miðstjórnarmanna . . . . .</b>	<b>310</b>

# Inngangur

Í skýrslu forseta fyrir árið 2002 er gerð grein fyrir starfsemi Alþýðusambands Íslands og stofnana þess á tímabilinu frá fyrsta ársfundi sambandsins í maí 2001, til október 2002.

Skýrslan ber það væntanlega með sér hve margvísleg og fjölbreytt störf Alþýðusambandsins eru. Þó fer því fjarri, að greint sé frá því öllu í þessari skýrslu. Eitt viðfangsefni skyggir á önnur frá síðasta ársfundi, en það eru efnahagsmálin og starf Alþýðusambandsins í því sambandi. Allt frá því snemmsumars 2001, eða skömmu eftir ársfundinn, hefur þetta viðfangsefni tekið mestan tíma í starfi sambandsins. Þá þegar var ljóst að í óefni stefndi. Verðbólga var á hraðri uppleið og það stefndi í rýrnun kaupmáttar. Horfur um verðlagsmarkmiðin í kjarasamningum versnuðu stöðugt. Alþýðusambandið lagði fram ítarlegar tillögur, en við þeim var ekki orðið. Næstu mánuði voru ábendingar og tillögur ítrekaðar margsinnis, en það var ekki fyrr en um þegar líða tók á árið að hreyfing komst á hlutina. Það ferli endaði með samkomulaginu 13. desember, sem ítarlega er fjallað um í þessari skýrslu. Þar voru skilgreind skýr markmið í verðlagsmálum og endurskoðun launaliðar var frestað fram í maí.

Fljótlega varð ljóst að líkur á að þetta gengi eftir voru ekki miklar. Verðlagsmælingin í janúar gaf lítið tilefni til bjartsýni. Á vettvangi Alþýðusambandsins var tekin sú ákvörðun að reyna til þrautar, leita eftir því við fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila að hækkanir verðlags yrðu dregnar til baka og horfið yrið frá áformuðum hækkunum.

Með heimsóknum til fjölmargra aðila, og kynningar- og auglýsingaherferð í fjölmiðlum, tókst að snúa þróuninni við. Verðlagsmarkmiðin sem kennd hafa verið við rauð strik, stóðust. Ekki varð af uppsögn launaliðarins og áfram hefur dregið úr verðbólgu, sem er nú lægri en í langan tíma. Samfara þessari þróun hefur Seðlabankinn lækkað stýrivexti verulega. Það hefur nú þegar sparað heimilum og fyrirtækjum umtalsverðar fjárhæðir.

Mikil og góð samstaða var innan hreyfingarinnar um áherslur og verklag í þessu sambandi. Það hefur ekki skipt svo litlu máli í því hve vel tókst til. Samstaðan í hreyfingunni var einnig lykilatriði í að knýja aðila til samstarfs.

Í skýrslunni er jafnframt farið ítarlega yfir menntamálin og þær hræringar sem eru á þeim vettvangi, bæði fræðslusjóðina sem samið var um í síðustu kjarasamningum og áhrifin af þeim og áform um fræðslumiðstöð atvinnulíffsins. Auk þess er fjallað um annað starf hreyfingarinnar í menntamálum.

Gerð er grein fyrir það helsta í jafnréttis- og fjölskyldumálum, húsnæðis-

málum, vinnuverndarmálum, málefnum útlendinga og málum sem snerta framkvæmd EES-samningsins.

Vonandi gefur skýrslan nokkuð góða mynd af því fjölbreytta starfi sem unnið er í hreyfingunni frá degi til dags. Það er jafnframt von mín að skýrslan gefi innsýn í þá miklu vinnu sem verkalýðshreyfingin leggur af mörkum í þjóðfélagslegri umræðu og framvindu.

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*



*Á fyrsta ársfundi Alþýðusambandsins var fjallað um ýmis mál, meðal annars velferðarmál. Kjör aldraðra hafa m.a. verið mjög í umræðunni á tímabilinu.*

## Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2001

### Setning fundarins

Fyrsti ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn á Hótel Loftleiðum, 28. og 29. maí, 2001.

**Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ,** setti fundinn með eftirfarandi ræðu:

#### *Góðir félagar.*

Í fertugasta sinn er æðsta stjórn Alþýðusambands Íslands kölluð saman til fundar. Að þessu sinni og í fyrsta sinn til ársfundar og bíð ég ykkur öllsömul velkomin. Þær breytingar sem gerðar voru á lögum sambandsins á síðasta þingi munu setja verulegan svip á störf okkar. Við fundum nú árlega og ekki liðnir nema 6 mánuðir frá síðasta fundi. Samvistir okkar verða styttri en áður og jafnframt fækkar þeim málum sem höfð eru undir. Það á ekki að koma að sök. Þvert á móti gefur það okkur tækifæri til þess að hafa til meðferðar þau mál sem hæst ber hverju sinni og taka stöðu efnahagsmála mun nær okkur í tíma. Það er von okkar að það muni auka slagkraft og getu Alþýðusambandsins til áhrifa í þágu íslensks launafólks.

Við munum að þessu sinni einbeita okkur að tveimur stórmálum. Þau eru annars vegar framtíð velferðarkerfisins og frumkvæði okkar og vilji til þess að framtíð þess verði tryggð með víðtækri sátt og í opinni og hreinskilinni umræðu. Hins vegar munum við síðan fjalla um samþættingu atvinnuþátttöku og fjölskyldulífs. Í báðum þessum málaflokkum höfum við tekið frumkvæði og báðir liggja nærri grundvallarþáttum í starfi hreyfingar launafólks.

Að venju verður farið yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum. Þar höfum við nú um nokkurt skeið varað við ofþenslu í efnahagslífi þjóðarinnar. Enn er ekki útséð um hvernig lendingu stjórnvöldum tekst að ná og sannarlega vonum við og vinnum að því að sú lending verði mjúk en ekki hörð.

Einn skugga ber þó yfir fund okkar góðir félagar. Sett hafa verið lög á íslenska sjómenn, þá stétt manna sem íslensk þjóð hefur löngum verið stoltust af. Ekki einungis þá sem stóðu í lögmatrí kjaradeilu heldur einnig þá sem ekki áttu í kjaradeilu og þá sem slíðrað höfðu sverðin undir fyrirheitum um að lög yrðu ekki látin ná til kjaradeilu þeirra.

Alþýðusamband Íslands mun beita sér af alefli gegn þessari lagasetningu því hér er vegið grundvallarréttindum alls launafólks og íslenskrar verkalyðshreyfingar.

Góðir félagar.

Ég hef ekki þessi inngangsorð fleiri og býð ykkur enn og aftur velkomin til fundar og ég bið varaforseta sambandsins Halldór Björnsson að taka við stjórn fundarins.

Ársundur Alþýðusambands Íslands árið 2001 er settur.

Halldór Björnsson varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn.

## **Kjörbréfanefnd**

Nokkru fyrir ársfund voru eftirtalin skipuð í kjörbréfanefnd: Guðmundur Þ Jónsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Hallvarðsson. Guðmundur Þ var formaður nefndarinnar og gerði grein fyrir álitum hennar á fundinum.

Alls höfðu 81 félag sent inn kjörbréf, fyrir 255 fulltrúa. Lesin voru þau kjörbréf sem kjörbréfanefnd lagði til að yrðu samþykkt, þó með fyrirvara um breytingar sem kynnu að hafa verið gerðar á þeim. Fram kom, að kjörbréfanefnd hefði borist skrifleg athugasemd, undirrituð af allmörgum forystumönnum Starfsgreinasambands Íslands, við kjörbréf Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis. Í athugasemdinni er félagið ekki talið uppfylla 5. gr. laga ASÍ. Nefndin leggur til að afgreiðslu kjörbréfs Sleipnis verði frestað. Tillaga kjörnefndar um samþykkt upplesinna kjörbréfa, með fyrirvara kjörbréfanefndar var samþykkt



samhljóða. Kjörbréfanefnd lagði fram eftirfarandi greinargerð varðandi mál-efni Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis:

Síðan las Guðmundur eftirfarandi greinargerð og tillögu um kjörbréf Sleipnis:

*Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf frá Bifreiðastjórafélaginu Sleipni en skrifleg athugasemd hefur komið fram um það. Álit kjörbréfanefndar er eftirfarandi:*

*Í upphafi vill kjörbréfanefnd taka fram að hún lítur svo á að hlutverk nefndarinnar sé fyrst og fremst að gæta þess að kosning fulltrúa á ársfund fari fram skv. réttum reglum og fyrirmælum ASÍ. Engin athugasemd hefur verið gerð við þennan þátt málsins hvað varðar Sleipni.*

*Samkvæmt 5.gr. laga ASÍ geta einungis átt aðild að ASÍ landssambönd og landsfélög.*

*Fjögur stéttarfélög uppfylla ekki þessi skilyrði en það eru félögin á Flatreyri, Þingeyri, Súðavík og Bsf. Sleipnir. Þrjú hin fyrst nefndu hafa ekki skilað inn kjörbréfum.*

*Samkvæmt fundargerðum miðstjórnar ASÍ hefur miðstjórn, laganeftnd og skipulags- og starfsháttaneftnd fjallað um málið á fundum sínum. Þar kemur fram að félögunum þremur á Vestfjörðum og Bsf. Sleipni hefur ítrekað verið sagt að þeim beri að koma aðildarmálum sínum í lögmaett horf fyrir ársfund 2001. Það hafa þau ekki gert.*

*Kjörbréfanefnd er tjáð að laganeftnd, skipulags- og starfsháttaneftnd hafi átt viðræður við Bsf. Sleipni vegna ófullnægjandi aðildar félagsins og nauðsyn þess að félagið komi aðild sinni í lag fyrir ársfund 2001 og tjáð félaginu að ef ekki verði úr bætt neyðist ASÍ til þess að beita 11.gr. laga sambandsins um boðun sérstaks aðalfundar eða allsherjaratkvæðagreiðslu um framtíð aðildar félagsins. Fundir þessir og viðræður hafi ekki borið árangur.*

*Aðildarmál og lagabreytingar Bsf. Sleipnis eru enn, samkvæmt fyrirmælum miðstjórnar til meðferðar í laganeftnd og í skipulags- og starfsháttaneftnd.*

*Aðild Bsf. Sleipnis er því við upphaf ársfundar í ósamræmi við 5.gr. laga ASÍ þrátt fyrir að félaginu hafi ítrekað verið gerð grein fyrir mikilvægi þess að úr verði bætt fyrir ársfundinn.*

*Af framangreindum ástæðum telur kjörbréfanefnd nokkurn vafa leika á um hvort samþykkja beri eða hafna kjörbréfi fulltrúa Bsf. Sleipnis. Meirihluti kjörbréfanefndar telur að þennan vafa beri að túlka Bsf. Sleipni í hag og leggur til að kjörbréf þeirra verði samþykkt.*

*Kjörbréf Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis var samþykkt með 96 atkvæðum gegn 56.*

## Kjör starfsmanna ársfundar

Halldór gerði tillögu um Rannveigu Sigurðardóttur sem fundarstjóra ársfundar. Það var samþykkt með lófataki. Rannveig tók við stjórn fundarins. Hún gerði tillögu um Hákon Hákonarson sem fyrsta vvarafundarstjóra og Matthildi Sigurjónsdóttur sem annan varafundarstjóra. Samþykkt með lófataki.

Gengið var til kosningar ritara fundarins. Fundarstjóri gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur og Kristján Jóhannsson í störf ritara og Gróu Hávarðardóttur og Jóhannes Halldórsson sem vararitari. Samþykkt.

## Afgreiðsla fundarskapa ársfundar

Fyrir fundinum lá að afgreiða fundarskóp ársfundar. Þau voru samþykkt samhljóða, án umræðu. Jafnframt var samþykkt að fresta afgreiðslu kjörbréfs Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis og vísa því til kjörbréfanefndar.

Fundarstjórn greindi frá því að ekki yrðu skipaðir sérstakir starfshópar eða nefndir á þessum fundi, þar sem stutt væri liðið frá glæsilegu þingi ASÍ, en ársfundarfulltrúum væri frjálst að mynda starfshópa og reynt yrði að koma mál-efnum að, ef þess væri óskað og tími gæfist til.

## Skýrsla forseta og reikningar ASÍ

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ fylgdi skýrslu forseta úr hlaði og benti á hvar reikninga ASÍ og stofnana væri að finna í fundargögnum. Skýrslan var kynnt með eftirfarandi ræðu:

Góðir félagar

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er aðeins áfangaskýrsla yfir störf Alþýðusambands Íslands frá 39. þingi ASÍ 13. til 17. nóvember síðastliðinn.

Áfangaskýrslan er ekki eins yfirgripsmikil og skýrslur forseta eru að jafnaði enda gert ráð fyrir því að fyrir ársfund 2002 verði tímabilinu í heild gerð ítarleg skil í skýrsluformi. Þetta er eðlilegt bæði í ljósi þess að aðeins eru liðnir rúmír sex mánuðir frá þingi og einnig vegna þess við erum nú að ganga í gegnum miklar breytingar þar sem ársfundir taka við af viðamiklum þingum. Um leið erum við að skoða starfsemi ASÍ gagnrýnum augum og móta okkur verklag sem svarar kröfum tímans um skilvirkni, sveigjanleika og skarpari ímynd verkalýðshreyfingarinnar.

Þótt stutt sé liðið frá síðasta ársfundi hefur sá tími verið ærið viðburðaríkur og þessi litla áfangaskýrsla endurspeglar enn og aftur hve margbreytileg og brýn viðfangsefni Alþýðusambands Íslands eru að jafnaði. Hér verður aðeins vikið örfáum orðum að nokkrum þáttum.

Síðasta þingi ASÍ var rétt nýlokið þegar stjórnvöld boðuðu hertar skatta-

álögur á launafólk með því að heimila sveitarfélögum að hækka útsvar án þess að séð væri að lækka ætti aðrar álögur á móti. Þessu mótmælti Alþýðusambandið kröftuglega og miðstjórn ASÍ varaði við því að með þessu væri verið að grafa undan markmiðum kjarasamninga. Vinna sameiginlegrar nefndar ASÍ og SA sem leggja skyldi mat á það hvort forsendur samninganna stæðust í samræmi við tryggingarákvæði þeirra, var að hefjast. Í ljósi þeirrar þróunar sem hafði átt sér stað í samningum við aðra hópa var lögð áhersla á það af hálfu ASÍ að skoða vandlega hvort svigrúmið til kjarabóta hafi verið vanmetið og hvernig mætti bæta launafólki á almennum vinnumarkaði upp það vanmat.

Í ársbyrjun 2001 var boðað til kjaramálaráðstefnu formanna aðildarfélaga og – sambanda ASÍ. Niðurstaða ráðstefnunnar var að kjara- og skattanefnd ASÍ skyldi starfa með fulltrúum ASÍ í matsnefndinni og að áður en nefndin skilaði álitinu skyldi hópur fulltrúa helstu samningsaðila innan ASÍ koma saman til að leggja mat á málið í heild. Þessi mikla vinna skilaði svo þeim árangri að sátt náðist um niðurstöðu matsnefndarinnar og að bætt var í launalið kjarasamninganna hækkunum á desember- og orlofsuppbótum. Eftir viðræður við stjórnvöld gaf ríkisstjórnin einnig út yfirlýsingu þess efnis að skatthlutfallið skyldi lækkað frá áramótum 2002 þannig að skattleysismörk fylgdu launaþróun, að skoða skyldi kosti og galla fjölþrepa skattkerfis í samvinnu við verkábyrgðshreyfinguna og að stutt yrði við virkt verðlagseftirlit ASÍ.

Það var almennt mat manna að tryggingarákvæði kjarasamninganna hefðu sannað gildi sitt en jafnframt komu fram áhyggjur af því að verulega gæti reynt á verðbólguákvæði samninganna að ári.

Alþýðusambandið hefur á tímabilinu ítrekað varað stjórnvöld við því ofpensluástandi sem ríkt hefur í hagkerfinu. Hættan er sú að verðbólga vaxi, skuldir heimilanna vaxi og um leið dragi úr kaupmætti fólks. Lendingin að loknu góðærisfluginu yrði því mjög harkaleg fyrir fjölda heimila. ASÍ hefur því lagt þunga áherslu á ábyrgð allra aðila á áframhaldandi stöðugleika. Ábyrgðarleysi á borð við það víðtæka verðsamráð söluaðila grænmetis og ávaxta sem fram kom í frægri skýrslu Samkeppnisstofnunnar er óásættanlegt að mati ASÍ enda brást miðstjórn hart við og sagði m.a. í ályktun sinni 4. apríl sl.:

*„Þá gerir Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að það kerfi innflutningshafta og ofurtolla á ávexti og grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmuni neytenda og framtíðarhag framleiðenda að leiðarljósi.*

*Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmuni sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess.“*

ASÍ á fulltrúa í þeirri nefnd sem nú er að endurskoða umrætt kerfi og þar höfum við krafist tafarlausra viðbragða til að lækka verð. Að kröfu ASÍ var fyrirhuguðum tollahækkunum frestað og á Alþingi var samþykkt frumvarp sem heimilaði ráðherra að lækka eða fella alveg niður verð- og magntolla á ákveðnum grænmetistegundum sem ekki eru framleiddar hér á landi. Þeirri leiðbeiningu til ráðherra var bætt við í meðförum þingsins að ætlast væri til þess að heimildir yrðu nýttar að fullu.

Þegar miklar hækkanir á bensíni og nokkrum öðrum vörutegundum voru tilkynntar í byrjun þessa mánaðar brást ASÍ enn við og í yfirlýsingu frá forsetum og Hagdeild ASÍ segir m.a.:

*„Hækkunin á eldsneytisverði undanfarna daga og aðrar verðhækkanir rýra kjör heimilanna í landinu og gefa tilefni til aukins aðhalds og ábyrgðar í verðlagsmálum.*

*Láti innflutningsaðilar tímabundna gengisþróun velta beint út í verðlagið mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf í heild.*

*Margt bendir til þess að sambandið milli gengisþróunar og verðlags sé ekki alveg svo einfalt.*

*Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað bent á það áður að þegar gengi krónunnar styrktist mjög á síðasta ári skilaði það sér ekki beint í lækkandi verðlagi.*

*Söluaðilar virðast þannig hafa haldið gengishagnaðinum og þegar við bætast umræður undanfarinna vikna um álagningu í smásöluverslun hér á landi má ætla að aðilar hafi svigrúm til að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum.“*

Alþýðusambandið ítrekar varnaðarorð sín um sameiginlega ábyrgð allra aðila í því að tryggja lífskjör heimilanna í landinu því þau eru jú undirstaða samfélagsins.

Alþýðusambandið fylgdi eftir samþykktum síðasta þings með því að hafa frumkvæði að þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins. Upphaf hennar var glæsileg ráðstefna í mars sl. þar sem færustu fræðimenn á sviði velferðar- og lífeyrismála drógu fram kosti og galla hinna ýmsu leiða. Fram kom að þau velferðarkerfi sem best hafa reynst til að útrýma fátækt og misrétti, stuðla að tekjujöfnun og skapa um leið sátt og samstöðu meðal allra þjóðfélagshópa eru þau víðtæku velferðarkerfi sem ná til sem flestra. Þannig velferðarkerfi hafa m.a. verið byggð upp á hinum Norðurlöndunum og reynslan sýnir að þau skila árangri.

Hér á landi höfum við því miður verið að stefna í aðra átt og nálgast það sem kallað hefur verið „fátæktarleiðin“.

Þessi umræða vakti mikla athygli og miðstjórn ASÍ fylgdi henni eftir með

minnisblaði sem hefur verið leiðsögn velferðarnefndar ASÍ í áframhaldandi vinnu.

Alþýðusamband Íslands ákvað að helga 1. maí að þessu sinni baráttunni fyrir „velferð fyrir alla“ og hélt þar með kastljósi þjóðfélagsumræðunnar að þessu brýna verkefni. Hér á þessum ársfundi verður svo varpað fram hugmyndum velferðarnefndar ASÍ til frekari umræðu og úrvinnslu. Markmiðið er vitaskuld almenn samstaða um velferð fyrir alla.

Frumkvæði Alþýðusambandsins í jafnréttis- og fjölskyldumálum hefur verið fylgt ötullega eftir. Mikil vinna var lögð í að kynna þær réttarbætur sem launafólk fékk með nýjum jafnréttislögum og lögum um fæðingar- og foreldraorlof, m.a. með útgáfu vandaðs kynningarefnis og fundum víða um land. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ hefur að undanfögnu fjallað um þátt verkalýðshreyfingarinnar í mótun fjölskylduvænnar starfsmannastefnu og hvernig best sé hægt að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Nefndin er líka að vinna að því að alþjóðlegur baráttudagur kvenna, 8. mars, öðlist þann sess hér á landi sem honum ber. 8. mars sl. var kastljósinu mjög beint að stöðu þeirra kvenna og barna sem eru verslunarvara í kynlífsiðnaði Vesturlanda.

ASÍ vakti athygli þjóðarinnar og ráðamanna á þessu óhugnanlega vandaamáli í ítarlegu bréfi til félagsmálaráðherra, þar sem sambandið tilkynnti m.a. að það sæi sér ekki fært að veita umsagnir um atvinnuleyfi dansara á næturklúbbum fyrr en stjórnvöld hefðu svarað nokkrum grundvallarspurningum um eðli þeirra starfa sem þau hafa ákveðið að heimila og um aðstæður starfsmanna. Þá vill ASÍ að því sé svarað hvaða áhrif það hafi á stöðu kvenna almennt að konur skuli gerðar að verslunarvöru. Erindi ASÍ varð kveikjan að mikilli umræðu sem enn er í fullum gangi.

Sífelld meiri vinna er lögð í menntamálin af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Gífurlegar breytingar eru að verða á starfsmenntamálum, ekki síst í kjölfar síðustu kjarasamninga þar sem stofnaðir voru nýir starfsmenntasjóðir.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur verið að efla bæði félagsmálafræðsluna og starfsmenntaþáttinn í starfi sínu. Fyrir þessum ársfundi liggur tillaga um vinnu við að auka samvinnu ASÍ og MFA og skilgreina enn betur markmið og leiðir í fræðslustarfinu til að efla það og styrkja.

Alþjóðleg samskipti verða einnig stöðugt mikilvægari í starfi verkalýðshreyfingarinnar. Þau eru í raun sjálfsagður hluti af öllu starfi ASÍ. Sú staðreynd endurspeglast m.a. í þeirri tillögu að reglugerð fyrir skrifstofu ASÍ sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir því að í stað þess að hafa sérstaka alþjóðadeild þá verður skipurit skrifstofunnar um leið skipurit fyrir alþjóðamálin í heild. Allt þetta starf tengist alþjóðamálum með einum eða öðrum hætti.

Þetta er aðeins eðlileg þróun í þá átt að sveigja skipulag og starfshætti ASÍ

að kröfum nútímans. Við höfum varið miklum tíma og mikilli orku í skipulagsmálin á undanförunum árum. Samhliða vinnu við innra skipulag ASÍ höfum við átt fundi með forystu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um samskipti þessara sambanda og framtíðarsýn. Stefnit er að gerð sameiginlegrar viljayfirlýsingar um samstarf og formlegar viðræður um félagsaðildarmál. Slík samvinna og sátt gæti skipt sköpum fyrir framtíðarþróun verkalýðshreyfingarinnar í heild hér á landi.

Verkalýðshreyfingin gegnir mjög mikilvægu og vaxandi hlutverki. Það ætti að vera ljóst af lestri þeirrar áfangaskýrslu sem hér liggur frammi og af þeirri örstuttu samantekt helstu atriða sem ég hef farið yfir. Mörgu hefur þó verið sleppt.

Það er ekki að ástæðulausu sem réttindi launafólks og stéttarfélaganna eru sérstaklega varin sem grundvallarmannréttindi í alþjóðlegum sáttumálum. Það er ekki að ástæðulausu sem það er eitt fyrsta verk allra einræðisstjórna að knésetja eða leggja undir sig verkalýðshreyfinguna. Það er ekki að ástæðulausu sem starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga er talið eitt af öruggustu merkjunum um raunverulegt lýðræði í viðkomandi landi. Því miður er það svo að víða um heim eru þessi réttindi ekki sjálfsgöð. Víða býr fólk við kúgun sem við hér á Íslandi eigum erfitt með að ímynda okkur. Félagar í stéttarfélagum sæta sumsstaðar ofsóknum og eru jafnvel pyntaðir eða myrtir fyrir baráttu sína. Okkur sem búum við tiltölulega mikið öryggi í lýðræðisríkjum Vesturlanda ber að umgangast þessi grundvallarréttindi af fyllstu virðingu og varkárni.

Mannréttindabrot eða brot gegn grundvallarréttindum launafólks á borð við réttinn til að semja sameiginlega eru alvarleg skilaboð til allra þeirra sem umgangast slík réttindi af virðingarleysi fyrir einstaklingunum. Ég nefni þetta hér því lagasetning um stórkostlega skerðingu á þessum grundvallarréttindum, á borð við nýsamþykkt lög á sjómenn, eru grafalvarlegt mál sem snertir allt launafólk á Íslandi og mun víðar. Það neyðarástand sem réttlætir jafn alvarlega aðgerð og ótímabundið afnám slíkra réttinda hér á landi hlýtur að vera óleysanlegt með öðrum hætti, enda verið að setja fordæmi, ekki bara gagnvart öðru launafólki hér á landi heldur líka fyrir stjórnvöld í Myanmar, Kína og Kolumbíu.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands reyndi fram á síðustu stundu að afstýra lögnum á sjómenn og samþykkti m.a. ályktun daginn sem lögin voru sett. Þar segir m.a.: „Lagasetning og gerðardómur um kaup og kjör sjómanna, sérstaklega þeirra sem ekki hafa boðað verkfall eða hafa þegar aflýst aðgerðum, væri brot gegn Stjórnarskrá Íslands, samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

*Íslensk stjórnvöld hafa áður verið áminnt vegna brota gegn samþykktum*

*Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og myndu hljóta mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi endurtæki slíkt sig nú.*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands, mótmælir harðlega þeim afskiptum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur haft af yfirstandandi kjaradeilu og lögmætum aðgerðum sjómanna og mun ekki láta slíkt yfir íslenskt launafólk ganga án þess að grípa til aðgerða.“*

Nú þegar er í undirbúningi málshöfðun gegn íslenskum stjórnvöldum bæði fyrir íslenskum dómstólum og hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar og í miðjum ólgusjó breytinga, bæði á skipulagi og starfsháttum samtaka okkar og öllu starfsumhverfinu. Staða heildarsamtaka íslensks launafólks og allra stéttarféлага í landinu mun fyrst og fremst ráðast af samstöðu okkar og því öfluga starfi og stefnumótun sem við munum skila í krafti hennar.

Að lokinni framsögu forseta, var opnað fyrir umræðu um skýrsluna og reikningana. Til máls tók **Guðbrandur Einarsson** og gerði athugasemd við reikninga. **Halldór Grönvold** svaraði. Í máli hans kom fram að inn í skjalið hefði læðst meinleg villa, en niðurstöðurtölur séu engu að síður réttar.

Leiðréttur ársreikningur var samþykktur með atkvæðum þorra fundarmanna, einn greiddi atkvæði á móti.

## **Kosningar og kosningarlit**

Gerð var tillaga um eftirtalin í kjörnefnd: Stefaníu Magnúsdóttur, Harald Jónsson, Þorbjörn Guðmundsson, Sigurð Bessason, Konráð Alfreðsson, Guðrúnu Erlingsdóttur, Kristján Gunnarsson, Níels S. Olgeirsson og Unni Helgadóttur. Þau eru kjörin án þess að aðrar tillögur kæmu fram.

### ***Kosning varaforseta***

Kjörnefnd gerði tillögu um Halldór Björnsson sem varaforseta Alþýðusambandsins til ársfundar 2003. Lýst var eftir fleiri tillögum. Gerð var tillaga úr sal um Óskar Stefánsson. Alls greiddu 224 atkvæði fyrir hönd 57.862 félagsmanna. Halldór Björnsson fékk 73,15% greiddra atkvæða. Halldór var því rétt kjörinn varaforseti ASÍ til næstu tveggja ára.

### ***Kosning 7 aðalmanna í miðstjórn til ársfundar 2003***

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem aðalmenn í miðstjórn ASÍ til ársfundar 2003: Guðrúnu Erlingsdóttur, Gunnar P. Pálsson, Jón Inga Kristjánsson, Kolbein Gunnarsson, Guðmund Gunnarsson, Sævar Gunnarson og Þórunni Sveinbjörnsdóttur.

Lýst var eftir fleiri tillögum:

Fram kom tillaga um Guðbrand Einarsson sem aðalmann í miðstjórn til tveggja ára.

Atkvæði greiddu 226 með 58.550 atkvæði. Eftirtalin voru kjörin: Jón Ingi Kristjánsson, Sævar Gunnarsson, Guðmundur Gunnarsson, Kolbeinn Gunnarsson, Gunnar Páll Pálsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Erlingsdóttir.

Gerð var tillögu um Rannveigu Sigurðardóttur sem aðalmann í miðstjórn til ársfundar 2002, í stað Péturs A. Maack. Fleiri tillögur komu ekki fram og er Rannveig því réttkjörin.

### ***Kosning 5 varamanna í miðstjórn til ársfundar 2003***

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalin sem varamenn í miðstjórn til ársfundar 2003: Konráð Alfreðsson, Hervar Gunnarsson, Rögnu Larsen, Stefaníu Magnúsdóttur og Harald H. Jónsson. Jafnframt var stungið upp á Eiríki Stefánssyni og Birgi Hólmi Björgvinssyni.

Atkvæði greiddu 188 með 49.094 atkvæði. Eftirtalin voru kjörin varamenn í miðstjórn til ársfundar 2003: Hervar Gunnarsson, Ragna Larsen, Haraldur H. Jónsson, Konráð Alfreðsson, Stefanía Magnúsdóttir.

### ***Kjör tveggja varamanna í miðstjórn til ársfundar 2002***

Kjörnefnd gerði tillögu um Kristján Gunnarsson og Þorstein Gunnarsson sem varamenn í miðstjórn til ársfundar 2002. Ekki komu fram fleiri tillögur, þannig að þeir voru réttkjörin.

### ***Kjör tveggja í stjórn MFA til ársfundar 2003***

Kjörnefnd gerði tillögu um Ingunni Þorsteinsdóttur og Hauk Harðarson í stjórn MFA til ársfundar 2003 og Lindu Baldursdóttur sem varamanns. Fleiri tillögur bárust ekki.

### ***Kjör skoðunarmanna reikninga og varaskoðunarmanna til ársfundar 2003***

Kjörnefnd lagði til að Guðrún E. Ólafsdóttir og Vignir Eyþórsson skyldu vera skoðunarmenn reikninga til ársfundar 2003. Jafnframt gerði kjörnefndin tillögu um Pál H. Jónsson og Þórð Ólafsson sem varaskoðunarmenn til ársfundar 2003. Fleiri tillögur komu ekki fram.

## **Skipulag og starfshættir ASÍ**

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, hafði framsögu um skipulag og starfshætti



ASÍ. Í sömu framsögu var fjallað um breytingar á lögum Alþýðusambands Íslands, reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ, reglugerð fyrir Menningar- og fræðslusamband alþýðu, reglugerð fyrir Listasafn Alþýðusambands Íslands, reglugerð um útreikning og innheimtu skatta til Alþýðusambands Íslands og stofnana þess og samstarf ASÍ og stofnana þess.

Fjörug umræða varð um tillögurnar. Við fyrri umræðu tóku til máls: Þorbjörn Guðmundsson, Borgþór Kjærnested, Hannes Þ. Sigurðsson, Haukur Harðarson, Eiríkur Stefánsson, Grétar Þorsteinsson, Hverar Gunnarsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Signý Jóhansdóttir, Þórður Ólafsson, Sigurjón Einarsson, Már Guðnason og Finnbjörn Hermannsson.

Við síðari umræðu tóku til máls: Jón Karlsson, Grétar Þorsteinsson, Eiríkur Stefánsson, Þorbjörn Guðmundsson, Hannes Þ. Sigurðsson, Haraldur H. Jónsson, Hverar Gunnarsson, Borgþór Kjærnested og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Nokkrar tillögur um breytingar á lögum var samþykktar. Frá þeim er greint annars staðar í þessum kafla. Svo breytt voru löginn samþykkt samhljóða. Jafnframt var samþykkt, með einu mótakvæði, að framlengja umboð kjörnefndar til næsta ársfundar. Reglugerð fyrir Menningar- og fræðslusamband alþýðu var samþykkt samhljóða og sömuleiðis Reglugerð fyrir Listasafn Alþýðusambands Íslands, Reglugerð um útreikning og innheimtu skatta til Alþýðusambands Íslands og stofnana þess og Tillaga um samstarf ASÍ og stofnana þess. Þessar reglugerðir er að finna aftar í þessari skýrslu.

## **Áherslur og helstu verkefni ASÍ – framsögur og umræður**

### ***Velferðarmál***

Björn Snæbjörnsson greindi frá skipan nefndar um velferðarmál, sem hefur unnið frá síðasta þingi. Nefndina skipa: Björn Snæbjörnsson, Ágúst Óskarsson, Haraldur Jónsson, Þorbjörn Guðmundsson, Sævar Gunnarsson og Linda Baldursdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur ASÍ.

Unnið var út frá því sem samþykkt var á síðasta þingi ASÍ. Um tillögur ASÍ og annarra um velferðarkerfið yrði rætt á málstofu í tengslum við ársfundinn. Þar tækju m.a. þátt fulltrúar stjórnmálaflokkanna og fulltrúar öryrkja og aldraðra.

Björn fór síðan yfir þær breytingar sem nefndin legði fram á því plaggi sem var samþykkt á síðasta þingi.

Við umræður um framsögu Björns og tillögu nefndarinnar tóku eftirtaldir til máls: Gylfi Páll Hersir, Signý Jóhannesdóttir, Grétar Þorsteinsson, Guðbrandur Einarsson, Njörður Helgason, Þórunn Sveinbjörnsdóttir,

Að lokum var tillagan um texta ályktunarinnar samþykkt samhljóða.

### ***Samræming atvinnu og fjölskyldulífs***

Þórunn Sveinbjörnsdóttir hafði framsögu um tillögu Jafnréttis- og fjölskyldunefndar. Lagt er til að í öllum aðalatriðum verði unnið áfram að því sem samþykkt var á síðasta þingi. Jafnframt óskaði hún eftir umboði fundarins til að nefndin fengi að gera viðbætur við meginmarkmið í framhaldi af umræðum í málstofu.

Þórunn sagði að breyting á lögum um fæðingarorlof hafi verið kynnt á 20 fundum, kynningarefni dreift og það sé að finna á netinu og að árangur þessarar kynningar væri góður.

Til jafnréttis- og fjölskyldunefndar var vísað að efna til umræðu um mál-efni landnema (nýbúa) og samþættingu þeirra við íslenskt samfélag. Nánari upplýsingar um starf ASÍ að breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga er að finna í áfangaskýrslu forseta ASÍ. Íslenskunámskeið landnema hafa gengið vel og hafa verið styrkt úr starfsmenntasjóði. Margar umsóknir eru hjá starfsmenntasjóði vegna landnemafræðslu. Í nokkrum kjarasamningum er að finna ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma.

### ***Efnahags- og kjaramál***

Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur gerði grein fyrir stöðu efnahags- og kjaramála. Í máli hennar kom fram, að helstu hættumerkin í efnahagsmálum nú væru viðskiptahalli, verðbólga, lítill sparnaður hjá heimilum, fyrirtækjum og opinberum aðilum og útlánaaukning lánastofnana.

Rannveig ræddi um ofþenslu og skýringar hennar. Hún gerði m.a. að umtalsefni rangar hagstjórnarákvarðanir, svo sem skattalækkanir í uppsveiflu og of lítið aðhald í ríkisfjármálum. Því næst fór Rannveig yfir hvað hægt væri að gera til að sporna við þróuninni. Tryggja þyrfti eðlilega samkeppni og verðlagsaðhald, taka yfirvegaðar ákvarðanir og að fyrirtæki og heimili aðlagi sig að minni kaupmáttaraukningu og meiri skuldsetningu.

### ***Húsnæðismál***

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, hafði framsögu um húsnæðismál. Magnús lýsti helstu þáttum húsnæðismála og gerði síðan grein fyrir stefnu og áherslum ASÍ í málaflokknum. Helstu áherslu ASÍ sagði hann: Það stuðlaði að velferð fjölskyldunnar, bætti uppeldiskilyrði barna launafólks, létti óhóflegu

vinnuálagi af launafólki, skapaði tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar og tækifæri til aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.

Helstu verkefni sagði Magnús vera að eiga frumkvæði í mótun og endur-reisn trausts og varanlegs félagslegs húsnæðiskerfis, beita sér fyrir upptöku stofnstyrkja í stað niðurgreiðslu, beita sér fyrir auknum fjárveitingum til byggingar á leiguhúsnæði, fyrir afnámi skattlagningar á húsaleigubætur og að beita sér fyrir sérstöku átaki vegna þess brýna vanda sem nú er við að glíma þar sem þeir sem verst eru settir félags- og fjárhagslega njóti forgangs.

Í umræðum um húsnæðismál tóku til máls Sigurjón Einarsson, Grétar Þorsteinsson og Magnús M. Norðdahl. Tillaga nefnarinnar var síðan samþykkt.

## **Samþykktir ársfundarins**

Hér á eftir fara þær samþykktir sem voru gerðar á ársfundinum, að undanskilinni reglugerð um skrifstofu ASÍ, en hana er að finna annars staðar í skýrslunni.

### ***Lagabreytingar***

21. grein laga ASÍ hljóði svo:

#### ***21. grein***

Ársfund skal halda ár hvert, fyrir lok októbermánaðar og ákveður miðstjórn fundarstað og nánari fundartíma.

Með samþykktum breytingum á 4. –5. málsgrein hljóði 33. greinar laga ASÍ svo:

#### ***33. grein***

Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár skal forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur, en hitt árið skal varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Auk þess skal kjósa níu varamenn. Fjóra það árið sem forseti er kjörinn og fimm það árið sem varaforseti er kjörinn.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. um tveggja ára kjörtímabil getur ársfundur

ákveðið að láta fara fram kosningu um tiltekið miðstjórnarsæti þó að kjörtímabili þess sem í sætinu situr sé ekki lokið. Þetta á m.a. við ef miðstjórnarmaður fellur frá, forfallast, fer til starfa sem ósamrímamleg eru setu í miðstjórn eða er kjörinn forseti eða varaforseti sambandsins. Sá sem kosinn er til setu í miðstjórn samkvæmt þessu ákvæði skal aðeins kosinn til loka hins upphaflega kjörtímabils.

Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í miðstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Forfallist forseti eða varaforseti svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda þess, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrirmælum hennar og úrskurðum, en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til ársfundar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á ársfund ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélögunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

35. grein laga ASÍ hljóði svo:

### **35. grein**

Aðildarfélög ASÍ greiða skatt til sambandsins í samræmi við ákvörðun ársfundar. Greiða ber skatt af reiknuðum ársverkum félagsmanna eins og þau voru næstliðið ár. Með ársverkum félagsmanna er átt við þann reiknaða fjölda sem stendur á bak við innheimt félagsgjöld til aðildarfélags miðað við að um sé að ræða félagsmenn í fullu starfi allt árið í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein. Grunnjald skatts fyrir hvern félagsmann var miðað við árið 1999 kr. 1.600- og skal frá þeim tíma breytast árlega í samræmi við launabreytingar á samningssviði sambandsins.

Ársfundur ASÍ setur nánari reglur um útfærslu og framkvæmd á útreikningi skatts til sambandsins.

36. grein laga ASÍ hljóði svo:

### **36. grein**

Skatt til Alþýðusambandsins skal greiða með sem jöfnustum greiðslum fjórum sinnum á ári, og greiðist skatturinn fyrirfram, fyrir einn ársfjórðung í senn, miðað við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Þrjár fyrstu greiðslurnar skal áætla með hliðsjón af skattgreiðslu aðildarfélags fyrir næstliðið ár.

Nýtt aðildarfélag greiðir skatt á fyrsta ári í hlutfalli við þann tíma, sem eftir er af árinu.

40. grein laga ASÍ hljóði svo:

### **40. grein**

Reikninga um tekjur og gjöld sjóða ASÍ fyrir hvert almanaksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Reikningarnir skulu lagðir fyrir ársfund ASÍ og afgreiddir þar.

Tveir skoðunarmenn skulu kosnir á ársfundi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.

## **Umboð kjörnefndar framlengt**

Ársfundur ASÍ árið 2001 samþykkir að framlengja umboð þeirrar kjörnefndar sem kjörin er á ársfundi sambandsins árið 2001 til ársfundar árið 2002. Forfallist einhver nefndarmanna á tímabilinu skal miðstjórn skipa annan fulltrúa í hans stað.

## **Reglugerð fyrir Menningar- og fræðslusamband alþýðu.**

### **1. gr.**

Stofnunin heitir Menningar- og fræðslusamband alþýðu, skammstafað MFA. MFA er stofnun í eigu ASÍ en með sérstaka stjórn skv. lögum ASÍ. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### **2. gr.**

Hlutverk MFA er að veita alhliða þjónustu á sviði fræðslustarfsemi með það fyrir augum að veita einstaklingum bestu fáanlega fullorðinsfræðslu sem styrkir stöðu þeirra í félagslífi, á vinnumarkaði og í fjölskyldulífi og auðveldi þeim að njóta og taka þátt í fjölbreyttu menningarlífi. Hlutverk sitt vill MFA rækja með því að afla þekkingar og miðla henni áfram þannig að hún verði liður í sínámi og aukinni hæfni. Einstaka þætti í starfsemi stofnunarinnar er unnt

að fela sjálfstæðum fyrirtækjum í meirihlutaeigu MFA. Slík starfsemi verður ekki falin aðilum sem ekki eru í meirihlutaeign MFA án samþykkis miðstjórnar ASÍ.

**3. gr.**

MFA fer með málefni Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar í samvinnu við ASÍ.

**4. gr.**

Stjórn MFA er jafnframt stjórn fræðslu- og menningarsjóðs ASÍ. Stjórnina skipa fimm menn og tveir til vara og skulu þeir kosnir af ársfundi til tveggja ára í senn. Annað árið skulu kosnir þrír aðalmenn og einn til vara, en hitt árið skulu kosnir tveir aðalmenn og einn til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum árlega.

**5. gr.**

Starfsfé MFA er skatttekjur fræðslu- og menningarsjóðs eins og þær eru ákveðnar í lögum ASÍ, framlög samstarfsaðila, framlög hins opinbera auk annarra tekjustofna sem MFA aflar.

**6. gr.**

Reikningsár MFA miðast við almanaksár. Skal ársreikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Stjórn MFA og framkvæmdastjóri undirrita reikninginn og skal hann lagður fyrir ársfund ASÍ.

Félagskjörnir skoðunarmenn MFA skulu vera þeir sömu og þing ASÍ velur.

**7. gr.**

Stjórn MFA ræður framkvæmdastjóra, setur honum starfsreglur og gerir við hann ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri gerir ráðningarsamning við aðra starfsmenn að höfðu samráði við stjórn.

**8. gr.**

Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar á ársfundi ASÍ.

Breytingartillögur á reglugerð þessari skulu berast stjórn MFA til umsagnar eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir ársfund ASÍ.

## **Reglugerð fyrir Listasafn Alþýðusambands Íslands**

**1. gr.**

Safnið heitir Listasafn Alþýðusambands Íslands (Listasafn ASÍ)

**2. gr.**

Safnið er eign Alþýðusambands Íslands. Safnið er stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar forstjóra til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi. Miðstjórn ASÍ fer með yfirstjórn þess.

### **3. gr.**

Aðalhlutverk safnsins skal vera

- a) að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning listaverk þau, sem Ragnar Jónsson gaf ASÍ til eignar hinn 17. júní 1961 svo og önnur listaverk, safnið á og kann að eignast
- b) koma íslenskri myndlist á framfæri við almenning
- c) reka sýningarsal og skylda starfsemi.

Safnið skal í hvítvetna stuðla að því að íslensk myndlist nái til almennings með sýningum sem víðast og er heimilt að eiga samvinnu við aðra aðila í því sambandi.

### **4. gr.**

Starfsfé safnsins eru skatttekjur frá verkalýðsfélögum innan ASÍ eins og þær eru ákveðnar í lögum ASÍ, framlög til safnsins af hálfu hins opinbera og eigin sjálfsaflatekjur. Reikningar safnsins skulu gerðir upp árlega miðað við almanaksárið og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum ASÍ og löggiltum endurskoðanda þess.

Þeir skulu ásamt fjárhagsáætlun næsta árs lagðir fyrir miðstjórn og ársfund ASÍ.

### **5. gr.**

Daglega stjórn safnsins í umboði miðstjórnar annast rekstrarstjórn. Hún skal skipuð þrem mönnum, sem miðstjórn kýs til tveggja ára í senn.

Miðstjórn ræður forstöðumann safnsins. Rekstrarstjórn hefur umsjón með daglegum rekstri og ber ábyrgð á fjármálum þess gagnvart miðstjórn og tekur endanlegar ákvarðanir í umboði hennar um allan rekstur safnsins. Fyrir lok nóvember ár hvert skal rekstrarstjórn leggja nákvæma rekstraráætlun fyrir miðstjórn sem hún skal afgreiða.

Allar ákvarðanir, sem fela í sér miklar breytingar á starfsemi safnsins, skulu þó bornar undir miðstjórn til samþykktar eða synjunar.

### **6. gr.**

Við safnið skal starfa þriggja manna listráð. Forstöðumaður safnsins skal eiga sæti í ráðinu og vera formaður þess. Auk þess skipar miðstjórn tvo listfræðinga til setu í ráðinu til tveggja ára í senn.

Miðstjórn ASÍ skal ákveða þóknun listfræðinganna fyrir setu í ráðinu.

Listráðið skal vera rekstrarstjórn og miðstjórn til ráðuneytis um allt sem lýtur að listfræðilegum málum. Allar umsóknir um afnot af sýningarsal safnsins skulu lagðar fyrir listráðið. Þá skal listráðið fjalla um sýningar, sem efnt er til á vegum safnsins hvort sem er í sýningarsal þess eða annars staðar. Ef til

greina kemur að safnið þiggi listaverk að gjöf eða kaupi listaverk skal slíkt lagt fyrir listráðið.

**7. gr.**

Safnið skal starfrækja fræðslu- og kynningarsýningar um íslenska myndlist utan safnsins, á vinnustöðum, í húsakynnum verkalýðsfélaga eða opinberra stofnana.

Rekstrarstjórn skal ákveða gjaldskrá fyrir þessa þjónustu.

**8. gr.**

Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar af ársfundi Alþýðusambands Íslands.

**9. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

## **Reglugerð um útreikning og innheimtu skatta til Alþýðusambands Íslands og stofnana þess**

### **A.**

#### ***Forsendur skattlagningar***

Við álagningu skattsins til ASÍ og stofnana þess, sbr. 35. gr. laga ASÍ, skal miðað við upplýsingar um félagsgjaldtekjur og viðmiðunartekjur/ársiðgjald félagsmanna viðkomandi aðildarfélags fyrir liðið ár.

Við endanlega álagningu skatts til ASÍ og stofnana þess þurfa að liggja fyrir upplýsingar um:

- a. Iðgjaldtekjur aðildarfélags skv. endurskoðuðu bókhaldi þess og hvernig þessar iðgjaldtekjur eru fengnar.
- b. Útreikningar frá Kjararannsóknarnefnd til að reikna út viðmiðunartekjur og viðmiðunarárgjald heildar „ársverka“ félagsmanna viðkomandi aðildarfélags.

Á grundvelli upplýsinga í a. og b. lið er fundinn reiknaður fjöldi „ársverka“ félagsmanna í viðkomandi aðildarfélagi. Með „ársverkum“ félagsmanna er átt við þann reiknaða fjölda sem stendur á bak við innheimt félagsgjöld til aðildarfélags m.v. að um sé að ræða félagsmenn í fullu starfi allt árið.

- c. Upplýsingar um almennar launabreytingar frá sl. ári sem hækkun á nefskattinum byggir á. Notaðar eru upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd.

### **B.**

Grunnforsendur og lykilhugtök í skattkerfi ASÍ og stofnana þess

**1. Félagsgjaldtekjur** einstakra aðildarfélaga eru umreiknaðar þannig að



þær jafngildi því að þau innheimti sem svarar 1% af heildartekjum félagsmanna sinna í félagsgjöld.

Með framangreindri útreikningsaðferð eru iðgjaldtekjur aðildarfélags með hærra félagsgjald en sem nemur 1% af heildartekjum félagsmanna, lækkaðar, og iðgjaldtekjur félags með lægra félagsgjald, hækkaðar. Þannig eiga öll aðildarfélög að standa jöfn að vígi gagnvart skatti til ASÍ óháð hlutfalli eða upphæð álagðra félagsgjalda. Ákvörðun stéttarfélags um hærra iðgjald vegna framlaga í starfsmenntasjóði eða annað á ekki að hafa áhrif á skattgreiðslur þess til ASÍ og stofnana þess.

## Umreikningur félagsgjaldtekna er samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Umreiknaðar félagsgjaldtekjur} = \text{FG}^{1\%} = \text{FG}$$

### I%

þar sem:

**FG**<sup>1%</sup> eru umreiknaðar félagsgjaldtekjur m.v. 1% félagsgjald

**FG** eru innheimtar félagsgjaldtekjur viðkomandi félags

**I%** er félagsgjaldahlutfall í viðkomandi félagi m.v. heildartekjum félagsmanna

*Ef aðildarfélag innheimtir félagsgjald sem bundið er krónutölu er sú krónutala umreiknuð m.v. meðaltekjur félagsmanna þess félags. Það sama á við ef félag er með hlutfallsgjald af dagvinnutekjum. Við þessa útreikninga eru notaðar upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd.*

**2. Félagsgjaldastofn sjómannafélaga og -deilda** er lækkaður um 30% með þeim rökum að félagsgjöldir þessara félaga leggi töluvert fjármagn í sjúkrasjóðina þar sem atvinnurekendur greiða aðeins 1% iðgjald af kauptryggingu í þá. Þessi tilfærsla samsvarar því að framlagið í sjúkrasjóðina jafngildi 1% af meðaltekjum innan ASÍ.

**3. Viðmiðunartekjur** starfsmanna í viðkomandi starfs- og atvinnugreinum á mánuði í fullu starfi liggja til grundvallar þeirri aðferðafræði sem byggt er á við umreikning í „ársverk“ félagsmanna. Notaðar eru viðmiðunartekjur liðins ársins.

Upplýsingarnar um viðmiðunartekjur eru fengnar hjá Kjararannsóknarnefnd og eru sundurgreindar þannig:

Vegna félagsmanna aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands

Vegna félagsmanna Landssambands íslenskra verzlunarmanna.

Vegna félagsmanna Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands og Matvís. (Sami grunnur er einnig notaður vegna félagsmanna Sjómannasambands Íslands).

Viðmiðunartekjur og viðmiðunarárgjald „ársverka“ félagsmanna landsfélaga með beina aðild reiknast í samræmi við upplýsingarnar hér að framan eftir því um hvers konar félög er að ræða.

**Viðmiðunarárgjald** „ársverka“ félagsmanna er fundið með því að reikna 1% af viðmiðunartekjum í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein og margfalda þá niðurstöðu með 12 til að fá iðgjaldaupphæð m.v. heilt ár.

*Við álagningu skatta til ASÍ í aðildarfélagu þess fyrir árið 2000 var stuðst við upplýsingar Kjararannsóknarnefndar fyrir árið 1999:*

*Starfsgreinasamband Íslands:*

*Viðmiðunartekjur kr. 140.600 og viðmiðunarárgjald kr. 16.872*

*Landssamband íslenskra verzlunarmanna:*

*Viðmiðunartekjur kr. 162.800 og viðmiðunarárgjald kr. 19.536*

*Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, Matvís og Sjómannasamband Íslands:*

*Viðmiðunartekjur kr. 193.100 og viðmiðunarárgjald kr. 23.172*

**4, Reiknaður fjöldi „ársverka“ félagsmanna** er fenginn með því að deila í umreiknaðar iðgjaldatekjur samkvæmt 1. (og 2.) tölulíð með viðmiðunarárgjaldi „ársverka“ félagsmanna í viðkomandi starfsgrein skv. tölulíð 3.

Áætlaður fjöldi félagsmanna miðað við fullt starf er fundinn með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Fjöldi „ársverka“ félagsmanna} = \mathbf{FFJ} = \mathbf{FG}^{1\%}$$

VÁG

þar sem:

**FFJ** er áætlaður fjöldi „ársverka“ félagsmanna

**FG1%** eru umreiknaðar félagsgjaldatekjur m.v. 1% félagsgjald

**VÁG** er viðmiðunarárgjald fullvinnandi í viðkomandi félagi

**5. Nefskattur til ASÍ og stofnana þess** er lagður á reiknaðan fjölda „ársverka“ félagsmanna. Nefskatturinn er fyrir árið 2000 kr. 1.714. Nefskatturinn tekur hækkunum á milli ára í samræmi við launabreytingar á á samningssviði ASÍ.

C.

## **Álagning og innheimta skatts til ASÍ og stofnana þess**

**1. Skattur til ASÍ og stofnana þess er innheimtur** fyrirfram fjórum sinnum á ári, í janúar, í apríl, í júní og í október.

Skatturinn skal innheimtur hjá landssamböndum sem eiga aðild að ASÍ vegna aðildarfélaga þeirra. ASÍ innheimtir skattinn beint hjá landsfélögum með beina aðild.

**2. Við innheimtu skatts í janúar, apríl og júní skal byggja á áætlun** sem byggir á álögdum skatti liðins árs.

Heimilt er að víkja frá þessari reglu leiði hún til of hárra skattgreiðslna, vegna fækkunar félagsmanna í viðkomandi aðildarfélag eða af öðrum ástæðum.

**3. Endanlega álagningu skatts til ASÍ og stofnana þess** vegna yfirstandandi árs skal framkvæmda með innheimtu fyrir 4. ársfjórðung. Álagningin er kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðlinum skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess og þær forsendur sem álagningin byggir á s.s. iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur, viðmiðunartekjur sem álagningin byggir á viðmiðunarárgjald, reiknaðan fjölda „ársverka“ félagsmanna og upphæð nefskattsins.

**4. Álagning skatts þeirra aðildarfélaga sem ekki hafa skilað inn reikningum fyrir liðið ár byggir á áætlun.** Áætlunin skal byggja á upplýsingum um iðgjaldatekjur viðkomandi aðildarfélags næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta við þeim breytingum sem orðið hafa á viðmiðunartekjum viðkomandi starfs- eða atvinnugreinar á. Við þessa áætlun er síðan bætt 10% álagi.

**5. Leiðrétting og endurskoðun álagningar skatta til ASÍ og stofnana þess.** Álíti aðildarfélag að einhverjar villur séu í álagningu skatts til ASÍ og stofnana þess eða hún af einhverjum öðrum ástæðum röng, er mikilvægt að félagið snúi sér til skrifstofu ASÍ hið allra fyrsta með athugasemdir sínar og ábendingar. Fjalla skal um ábendingar og athugasemdir aðildarfélaganna vegna álagningarinnar og leiðrétt mistök eða villur sem kunna að orðið við álagninguna.

Skili aðildarfélag inn til ASÍ fullgildum ársreikningi fyrir liðið ár eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið, en fyrir árslok er heimilt að endurskoða áætlunina og leggja skatta á félagið með venjulegum hætti.

## **Samstarf Alþýðusambands Íslands og stofnana þess**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands haldinn 28.-29. maí 2001 samþykkir að veita forsetum ASÍ umboð til eftirfarandi:

- a. Að undirbúa og hrinda í framkvæmd sameiginlegum flutningi á starfsemi ASÍ, MFA í samráði við miðstjórn ASÍ og stjórn MFA.
- b. Að undirbúa og hrinda í framkvæmd sameiningu rekstrar- og þjónustubátta sem unnir eru bæði á skrifstofu ASÍ og MFA í samráði við miðstjórn ASÍ og stjórn MFA.

Ársfundur felur jafnframt forsetum ASÍ og formanni stjórnar MFA í samráði við miðstjórn ASÍ og stjórn MFA að móta og hrinda í framkvæmd áætlun um frekara samstarf ASÍ og MFA þar sem grundvallaratriði verði skilgreind og ákveðin og þar sem m.a. komi fram:

- a. Af hverju er ASÍ með fræðsluþjónustu og fyrir hverja á hún að vera (t.d. starfsfólk landssambanda, stéttarfélaga, launafólks almennt og svo framvegis) og hvaða meginþörfum þeirra á að sinna.
- b. Er hægt að nota aðrar leiðir en nú eru notaðar til þess að ná til þessara hópa, með hverjum á vinna að þessum verkefnum og hver eiga tengslin við aðra fræðsluþjónustu á vegum hreyfingarinnar að vera.
- c. Hvaða árangursmarkmið á að setja (þjónusta — hagnaður) og hvernig á að afla starfseminni tekna.

## Velferð fyrir alla

### *Endurskoðaður kafli í „Áherslur og helstu verkefni ASÍ“*

Alþýðusambandið vill tryggja framtíð velferðarkerfis sem byggir á hugmyndinni um réttlæti og samstöðu þar sem hver og einn greiðir í sameiginlega sjóði eftir getu og fær stuðning og aðstoð eftir því sem þörf krefur, óháð búsetu efnahag eða aldri.

ASÍ telur nauðsynlegt að velferðarkerfið tryggi viðunandi lágmarkstekjur og vinni þannig gegn fátækt. Alþjóðlegur samanburður sýnir að hin víðtæku velferðarkerfi Norðurlandanna hafa skilað mestum árangri við að útrýma fátækt og jafna tekjur í þjóðfélaginu. Víðtæku velferðarkerfin skila þessum árangri því að þau tryggja að allir sem taka þátt í að greiða til þeirra fái hlut í þeim. Þau tryggja að almenna heilbrigðis- og skólakerfið séu það góð að allir í þjóðfélaginu vilji nýta sér þau. Þannig er komið í veg fyrir að til verði tvöfalt velferðarkerfi, eitt fyrir þá sem hafa efni á að borga og annað fyrir þá sem ekki hafa það.

Gerðar hafa verið ýmsar breytingar á velferðarkerfinu á síðari árum sem snerta flesta þætti þess, svo sem heilbrigðiskerfið, almannatryggingakerfið og stuðning við barnafjölskyldur. Því miður hafa þessar breytingar ekki þjónað þeim grundvallarmarkmiðum sem verkalýðshreyfingin hefur sett á oddinn og jafnvel fjarlæggt okkur frá þeim. Kerfið er ósamstætt og skortur er á samræm-

ingu. Breytingarnar hafa meðal annars haft í för með sér að kostnaðarþátttaka almennings hefur verið stóraukin á flestum sviðum, hækkun bóta verið kipt í sambandi við þróun lægstu launa og tekjutenging verið aukin.

Oftar en ekki eru breytingar gerðar án þess að afleiðingar þeirra séu nægilega vel ígrundaðar. Mikið vantar á að þessar breytingar séu skoðaðar heildstætt og með tilliti til heildarmarkmiða velferðarkerfisins.

Þessar breytingar hafa bitnað harðast á þeim sem síst skyldi. Atvinnulausir og elli- og örorkulífeyrisþegar sem eingöngu hafa bætur frá hinu opinbera hafa setið eftir öðrum sambærilegum tekjuhópum. Aukin greiðsluþátttaka hefur haft í för með sér að þeir tekjulægstu hafa ekki efni á að nýta þjónustu velferðarkerfisins eins og þörf hefur verið á. Jafnframt hefur barnafólk með lág- ar og millitekjur, elli- og örorkulífeyrisþegar orðið fyrir barðinu á auknum tekjutengingum.

Mikill og almennur stuðningur er í samfélaginu við velferðarkerfið. Kannanir sýna að þjóðin er tilbúin að borga hærri skatta til að tryggja gott velferðarkerfi. Helsta ógnunin eru þær raddir sem vilja telja okkur trú um að við höfum ekki efni á velferðarkerfi sem tryggi öllum sömu réttindi, að við viljum heldur lægri skatta en gott velferðarkerfi og að til séu töfralausnir til að tryggja meira fyrir minna.

Skortur á fé til velferðarmála, biðlistar og aukin greiðsluþátttaka mega ekki vera rök fyrir málstað þeirra sem vilja gera grundvallarbreytingu á íslenska velferðarkerfinu. ASÍ mun berjast gegn því að komið verði á fót tvöföldu velferðarkerfi, einu fyrir þá sem hafa efni á að borga og öðru fyrir þá sem hafa það ekki. Reynsla okkar og annarra þjóða er að ekki eru til neinar töfralausnir í þessu sambandi.

Bótakerfi almannatrygginga verða að tryggja öryggi til frambúðar og jöfnuð. Ekki má heldur refsa þeim sem sýnt hafa ábyrgð og sparað í lífeyrissjóð.

## **Áherslur og helstu verkefni ASÍ í velferðar- og skattamálum: Öruggt velferðarkerfi veitir frelsi og tryggir jafnrétti**

### **Áherslur ASÍ:**

- Alþýðusambandið vill byggja upp og tryggja framtíð velferðarkerfis sem líkast því sem verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum hefur barist fyrir og komið á og grundvallast á hugmyndinni um réttlæti og samstöðu.
- Alþýðusambandið vill að allar breytingar á velferðarkerfinu séu skoðaðar út frá áhrifum þeirra á stöðu hinna ýmsu hópa í samfélaginu.
- ASÍ telur brýnt að víðtæk sátt náist um öflugt velferðarkerfi til framtíðar. ASÍ vill því skoða uppbyggingu velferðarkerfisins og framtíðarþróunina í

heild, með þátttöku sem flestra aðila. ASÍ vill því bjóða til þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins. Þannig yrði tryggt að hægt væri að ná fram sátt um þróun velferðarsamfélagsins og hvernig sameiginlegum fjármunum okkar verði varið til úrbóta á því á næstu árum. ASÍ telur einnig að slík sátt muni gera okkur kleift að verja velferðarsamfélagið ef til samdráttar kemur. Hún mun einnig geta komið í veg fyrir að höggvið verði nærri grundvallaruppbyggingu og hugsun bótakerfa með smáum og stórum breytingum, eins og raunin varð með barnabætur, elli- og örorkulífeyri á því samdráttarskeiði sem íslenskt efnahagslíf gekk í gegnum í byrjun síðasta áratugar.

- Ekki má koma upp tvöföldu kerfi, einu fyrir þá sem hafa efni á að borga og öðrum fyrir þá sem hafa það ekki.
- Alþýðusambandið telur að velferðarkerfi framtíðarinnar verði að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- Veita öllum öryggi til frambúðar, óháð búsetu, efnahag og félagslegum aðstæðum.
- Stuðla að hagvexti þar sem næg atvinna og aukin framleiðni eru tryggð.
- Til lengri tíma litið verður að tryggja að útgjöld og tekjur velferðarkerfisins standist á.

### **Helstu verkefni ASÍ eru að:**

- Beita sér fyrir að byggt verði upp öflugt velferðarkerfi til framtíðar nú þegar vel árar.
  - Einbeita sér að því að skoða íslenska velferðarkerfið og leitast við að greina hvað vel er gert, hvað má betur fara og hvað hægt er að gera á annan hátt.
  - Byrja á því að skoða samspil almannatrygginga og lífeyriskerfisins. Til að skapa umræðugrundvöll um framtíðaupbyggingu lífeyris almannatrygginga setur ASÍ fram eftirfarandi hugmyndir að uppbyggingu lífeyris- og almannatrygginga. Með þessum hugmyndum er ASÍ að setja fram hugmyndir að því hvernig velferðarkerfið eigi að vera uppbyggt og hvernig það geti þróast á næstu árum og áratugum.
- 1.) Lífeyrisbætur almannatrygginga verði tvískiptar:
    - a) Ótekjutengdur grunnlífeyrir.
    - b) Einn tekjutengdur hluti sem bætist við grunnlífeyri.
  - 2.) Bætur einstaklings verði hærri en bætur þess sem er í hjónabandi eða sambúð.

ASÍ telur að miðað eigi við að bætur almannatrygginga hækki í takt við launavísitölu Hagstofunnar. Þannig megi best tryggja að upphæð bótanna verði ekki á skjön við almenna launaþróun í landinu.

- Stuðla að velferð og tryggri afkomu félaga sinna eftir starfslok.
- Vinna að því að frítekjumark hækki verulega og að opinber elli- og örorku- lífeyrir fylgi launaþróun og verði ekki lægri en almennur launataxti verka- fólks. Einnig njóti lífeyrisþegar desember- og orlofsuppbótar til samræmis við almenna samninga.
- Halda uppi opinberri umræðu um og vinna því pólitískt fylgi að hér verði öflugt velferðarkerfi sem tryggir öllum öryggi.
- Berjast gegn því að komið verði á fót tvöföldu velferðarkerfi.
- Vinna í samráði við stjórnvöld upplýsingar um viðmiðunarneyslu fyrir mismunandi fjölskyldugerðir sem nota má m.a. við útreikning á greiðslu- byrði, félagslegum bótum og mat á breytingum á skatt- og bótakerfi.
- Skoða kosti og galla fjölþrepa skattkerfis í samráði við stjórnvöld.
- Leggja áherslu á að draga úr tekjutengingum og jaðaráhrifum í skatta- og bótakerfinu.

## Húsnæðismál

### *Endurskoðaður kafli í „Áherslur og helstu verkefni ASÍ“*

Öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegum kjörum myndar einn grundvallar- þátta í velferð launafólks. Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi látið húsnæð- ismál til sín taka. Mest áberandi eru áhrif hennar á uppbyggingu verkamanna- bústaða og síðar félagslegs íbúðarhúsnæðis annars vegar þegar íslenskt samfé- lag tók stökk inn í nútímann á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar og aftur í kjölfar samdráttar og byggðaröskunar á sjötta og sjöunda áratugnum. Enn hafa skapast þær aðstæður sem leiða til þess að verkalýðshreyfingin verður að láta til sín taka. Stórfelld byggðaröskun samfara óheppilegum breytingum á félags- lega húsnæðiskerfinu hefur leitt til viðvarandi skorts á íbúðarhúsnæði á viðráð- anlegu verði, hvort heldur um er að ræða eignar- eða leiguhúsnæði. Stefna verkalýðshreyfingarinnar í húsnæðismálum verður að taka tillit til breyttra að- stæða í efnahagslífi og á fjármálamarkaði þar sem horfið hefur verið frá úthlut- un fjármagns á niðurgreiddum vöxtum og draga jafnframt lærdóm af því sem miður hefur farið.

### *Áherslur og helstu verkefni ASÍ í húsnæðismálum. Gott og öruggt íbúðar- húsnæði á viðráðanlegum kjörum*

#### *Áherslur ASÍ:*

- ASÍ telur að öruggt íbúðarhúsnæði stuðla að velferð fjölskyldunnar og stöðugari og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn launafólks.

- ASÍ telur að öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem stillt verði af í samræmi við getu og þarfir létti óhóflegu vinnuálagi af launafólki og skapi þeim tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og fyllra lífs.
  - ASÍ telur að hvergi megi slaka á í kröfum um gæði og stærð íbúðarhúsnæðis. Óvandað íbúðarhúsnæði, of lítið íbúðarhúsnæði eða uppbygging sérgreindra leiguhverfa vinnur gegn þeim markmiðum sem ASÍ vill vinna að í þágu launafólks.
  - Vegna breyttra aðstæða og skilyrða í efnahagslífi þjóðarinnar á síðustu árum telur ASÍ að leita beri fjölbreyttra og nýrra úrræða sem annað af tvennu tryggi launafólki tækifæri til þess að eignast eigið íbúðarhúsnæði eða til þess að eiga kost á góðu og öruggu leiguhúsnæði.
- Helstu verkefni ASÍ eru:
- Að taka og eiga frumkvæði í mótun og endurreisn félagslegs íbúðarkerfisins.
  - Að beita sér fyrir því að byggt verði upp varanlegt og traust húsnæðiskerfi.
  - Að eiga samstarf og samvinnu við stjórnvöld í málum er varða húsnæðismál og sem ASÍ telur horfa til heilla fyrir launafólk.
  - Að beita sér fyrir því að teknir verði upp stofnstyrkir í stað niðurgreiddra vaxta til leigufélaga á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka, þ.m.t. húsnæðissamvinnufélaga og lífeyrissjóða, einstaklinga eða fyrirtækja sem kjósa að kaupa, byggja, eiga og reka almennt eða sérhæft leiguhúsnæði.
  - Að beita sér fyrir því að lánveitingar til byggingar á leiguhúsnæði verði auknar verulega.
  - Að beita sér fyrir því að skattlagningu húsaleigubóta verði hætt án þess að til lækkunar þeirra komi.
  - Vegna þess mikla uppsafnaða húsnæðisvanda sem nú er orðinn vill ASÍ beita sér fyrir því að þeir sem verst eru settir félagslega og fjárhagslega, njóti forgangs við úthlutun húsnæðis.

## Slit ársfundar 2001

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sleit ársfundi 2001 með eftirfarandi ræðu:

Fundarstjóri, góðir félagar

Við höfum nú í sameiningu fetað fyrstu skrefin á þeirri braut sem síðasta þing Alþýðusambandsins markaði.

Einhverja byrjunarörðugleika höfum við þurft að yfirstíga eins og eðlilegt er en ég þess fullviss að við komum saman til næsta ársfundar reynslunni ríkari. Það sem upp úr stendur eru þó þær stefnumótandi samþykktir sem við höf-



um gert. Alþýðusamband Íslands hefur haft afgerandi forystu í umræðu um velferðarmál. Við höfum boðað til þjóðarumræðu um framtíð velferðarkerfisins með það markmið að skapa sátt um velferðarsamfélag sem grundvallast á hinn norrænu hugmynd um Velferð fyrir alla. Hér á ársfundinum var haldin glæsileg málstofa með þátttöku fulltrúa stjórn málaflakka og samtaka aldraðra og öryrkja. Viðbrögðin við hugmyndum velferðarnefndar ASÍ vekja bjartsýni um að við séum að leggja grunn að þeirri sátt sem nauðsynleg er. Það er verkefni nýrrar miðstjórnar, og raunar hreyfingarinnar allrar, að fylgja þessari stefnumótun eftir á næstunni.

Alþýðusamband Íslands hefur líka haft afgerandi forystu í stefnumótun í jafnréttis- og fjölskyldumálum. Skemmst er að minnast þeirra mikilvægu réttarþóta sem launafólk hefur verið að fá með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Að undanförun höfum við svo sérstaklega verið að beina sjónum að samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Um það var haldin sérlega skemmtilega og lífleg málstofa í gær og augljóst að verkalýðshreyfingin getur gegnt lykilhlutverki við að stuðla að fjölskylduvænni starfsmannastefnu enda hafa rannsóknir sýnt að slíkt er bæði launafólki og atvinnulífínu í hag.

Húsnæðismálin er málaflakkur sem brenna á fjölda fólks. Verkalýðshreyfingin hefur jafnan haft forystu í stefnumótun í þessum málaflakki og oft á tíðum lyft grettistaki. Nú er þörf fyrir leiðsögn okkar um það hvernig samfélagið í heild mun leysa það brýna verkefni að tryggja öllum þak yfir höfuðið. Samþykkt ársfundarins um húsnæðismál getur verið sú leiðsögn og við þurfum í sameiningu að fylgja henni eftir.

Nýkjörinnar miðstjórnar bíða því ærin verkefni og til að leysa þau þurfum við umfram allt samstöðu að baki þeim fulltrúum sem við höfum valið til verkanna. Ég heiti á ykkur öll að fara nú heim í hérað með samþykktir ársfundar og þær ákvarðanir sem við höfum tekið, kynna þær fyrir félagsmönnum og leggja upp áætlanir um hvernig við getum öll, í sameiningu, fylgt þeim eftir.

Félagar

Á þessum fundi hefur farið fram all ítarleg umræða um skipulag og starfhætti Alþýðusambandsins og stofnana þess. Við höfum meðal annars samþykkt reglugerðir um starfsemi skrifstofu ASÍ, MFA og Listasafns ASÍ. Þá höfum við gengið frá samþykkt um aukið samstarf ASÍ og stofnana þess.

Markmið reglugerðanna er að gera allt starf ASÍ skilvirkara og öflugra, nýta betur fjármagn og starfskrafta og skerpa ímynd verkalýðshreyfingarinnar.

Félagar,

Áður en ég slít þessum fyrsta ársfundi Alþýðusambands Íslands vil ég

þakka starfsmönnum fundarins, fundarstjórum, skrifurum og öllum þeim fjölda starfsmanna sem gerir svona fundarhald mögulegt, kærlega fyrir þeirra starf. Ég legg til að við þökkum þeim með hressilegu lófataki. Ég vil þakka þeim aðal- og varamönnum sem nú hverfa úr miðstjórn fyrir ánægjulegt samstarf. Það eru þeir Kristján Gunnarsson, Pétur A. Maack, Pétur Sigurðsson og Birgir Hólm Björgvinsson. Þá býð ég nýja miðstjórn velkomna til starfa og vona að hún verði farsæl í sínum störfum. Það getur á tíðum verið stormasamt að sitja í miðstjórn heildarsamtaka íslensks launafólks enda er starfsvettvangur okkur í raun heimurinn allur. Til þess er ætlast að Alþýðusamband Íslands móti stefnu og hafi skoðanir á öllum þeim fjölmörgu sviðum sem hafa bein eða óbein áhrif á lífskjör og réttindi launafólks, bæði hér innanlands og um heim allan. Við eigum samstarf við ótal aðila, innlenda sem erlenda og starfið fer vaxandi. Því skiptir vitaskuld miklu máli að við séum eins vel í stakk búin til að takast á við verkefnið eins og kostur er.

Ég trúi því að þessi ársfundur hafi skilað okkur fram á veginn og veit að ársfundarfulltrúar fara héðan vel nestaðir hugmyndum og stefnumótun í nokkrum af mikilvægustu viðfangsefnum líðandi stundar.

Félagar

Ég þakka ykkur samstarfið þessa tvo daga og óska ykkur öllum góðrar heimferðar.

Ársfundi Alþýðusambands Íslands 2001 er slitið.

# Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2001

ADOLF SIGURGEIRSSON  
ADOLPH BERGSSON  
AÐALSTEINN Á. BALDURSSON  
ALFRED MARIÚSSON  
ANNA BIRGISDÓTTIR  
ANNA BJÖRG SIGGEIRSDÓTTIR  
ANNA JÚLIUSDÓTTIR  
ARNA SVANSDÓTTIR  
ARNAR G. HJALTALÍN  
ARNDÍS SIGURPÁLSDÓTTIR  
ÁGÚST ÍSFJÖRD  
ÁGÚST ÓSKARSSON  
ÁRMANN ÆGIR MAGNÚSSON  
ÁSDÍS ÁGÚSTSDÓTTIR  
ÁSDÍS BJÖRG SCHRAM  
ÁSDÍS EVA HANNESDÓTTIR  
ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR  
ÁSGERÐUR PÁLSDÓTTIR  
ÁSMUNDUR I. ÞÓRISSON  
BENÓNÝ BENEDIKTSSON  
BERTHA BIERING  
BIRGIR H. BJÖRGVINSSON  
BJARNI BJARNASON  
BJARNI HALLFREDSSON  
BJÖRN Á. SIGURJÓNSSON  
BJÖRN GUÐMUNDSSON  
BJÖRN HAUSSON  
BJÖRN SNÆBJÖRNSSON  
BORGÞÓR HJÖRVARSSON  
BORGÞÓR S. KJÆRNSTED  
BRYNDÍS KJARTANSDÓTTIR  
EINAR BJÖRN SIGURÐSSON  
EINAR GUNNARSSON  
EINAR KARLSSON  
EINAR M. NIKULÁSSON  
EINAR MÁR KRISTINSSON  
EINAR PÁLSSON

EIRÍKUR RUNÓLFSSON  
EIRÍKUR STEFÁNSSON  
EIRÍKUR T. ÁSTÞÓRSSON  
ELÍAS BJÖRNSSON  
ELSA UNNUR GUÐMUNDSDÓTTIR  
FINNBJÖRN A. HERMANNSSON  
FINNUR MAGNÚSSON  
FINNUR ÞORSTEINSSON  
FJÓLA SVAVARSDÓTTIR  
GEORG G. GEORGSSON  
GEORG ÓLAFSSON  
GRÉTAR HANNESSON  
GRÉTAR ÞORSTEINSSON  
GRÓA HÁVARÐARDÓTTIR  
GUÐBJÖRG SKÚLADÓTTIR  
GUÐBJÖRG Þ. GUÐNADÓTTIR  
GUÐBRANDUR EINARSSON  
GUÐJÓN H. ARNGRÍMSSON  
GUÐMUNDUR B. ÓLAFSSON  
GUÐMUNDUR BJÖRNSSON  
GUÐMUNDUR GUNNARSSON  
GUÐMUNDUR I. GUÐMUNDSSON  
GUÐMUNDUR Ó. GUÐMUNDSSON  
GUÐMUNDUR PÉTURSSON  
GUÐMUNDUR Þ JÓNSSON  
GUÐNÝ B. ÁRMANNSDÓTTIR  
GUÐNÝ HANSEN  
GUÐNÝ ÓSKARSDÓTTIR  
GUÐRÚN BRIEM  
GUÐRÚN E. ÓLAFSDÓTTIR  
GUÐRÚN ERLINGSDÓTTIR  
GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR  
GUÐRÚN KJARTANSDÓTTIR  
GUÐRÚN KR. ÓLADÓTTIR  
GUÐRÚN SKARPHÉÐINSDÓTTIR  
GUNNAR HELGI GUÐMUNDSSON  
GUNNAR KRISTMUNDSSON

GUNNAR PÁLL PÁLSSON  
GUNNAR SMÁRI GUÐMUNDSSON  
GYLFI INGVARSSON  
GYLFI PÁLL HERSIR  
GYLFI S. GYLFASON  
HAFLIÐI S. SÍVERTSEN  
HALLDÓR G. BJÖRNSSON  
HALLDÓR JÓHANNESSON  
HALLDÓRA G. HELGADÓTTIR  
HALLDÓRA HÖSKULDSDÓTTIR  
HANNES ÓLAFSSON  
HANNES Þ. SIGURÐSSON  
HARALDUR G. SAMÚELSSON  
HARALDUR H. JÓNSSON  
HAUKUR ÁGÚTSSON  
HAUKUR HARÐARSON  
HÁKON HÁKONARSON  
HEIÐA EINARSDÓTTIR  
HELGA BJÖRNSDÓTTIR  
HELGI HELGASON  
HELGI S. ÓLAFSSON  
HERMANN GUÐMUNDSSON  
HERMANN M. SIGURÐSSON  
HERVAR GUNNARSSON  
HILDUR HALLKELSDÓTTIR  
HILMAR HARÐARSON  
HJÖRDÍS ÞÓRA SIGURÞÓRSÐ.  
HJÖRTUR GEIRMUNDSSON  
HREFNA BRAGADÓTTIR  
INGA SUMARLIÐADÓTTIR  
INGIBJÖRG B. SVEINSDÓTTIR  
INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR  
INGIBJÖRG R. GUÐMUNSDÓTTIR  
INGUNN ÞORSTEINSDÓTTIR  
ÍSLEIFUR TÓMASSON  
JAKOB TRYGGVASON  
JÓHANNA E. VILHELMSDÓTTIR  
JÓHANNES D. HALLDÓRSSON  
JÓHANNES HALLDÓRSSON

JÓN H. GUÐJÓNSSON  
JÓN INGI KRISTJÁNSSON  
JÓN JÓNSSON  
JÓN KARL JÓNSSON  
JÓN KARLSSON  
JÓN MAGNÚSSON  
JÓN R. JÓNSSON  
JÓN RÓSANT ÞÓRARINSSON  
JÓN S. PÉTURSSON  
JÓNA ÁGÚSTA ADOLFSDÓTTIR  
JÓNA JÓNSDÓTTIR  
JÓNA S. GESTSDÓTTIR  
JÓNA SVEINSDÓTTIR  
JÓNÍNA SIGURÐARDÓTTIR  
JÚLÍA SIGURJÓNSDÓTTIR  
JÚLÍANA PÁLSDÓTTIR  
JÚNÍA ÞORKELSDÓTTIR  
KARLOTTA SIGURBJÖRNSDÓTTIR  
KLARA ARNBJÖRNSDÓTTIR  
KOLBEINN GUNNARSSON  
KOLBEINN SIGURJÓNSSON  
KONRÁÐ ALFREÐSSON  
KRISTBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR  
KRISTINN ÁRMANNSSON  
KRISTINN BOGI ANTONSSON  
KRISTINN S. JÓHANNSSON  
KRISTÍN JÓNATANSDÓTTIR  
KRISTÍN M. BJÖRNSDÓTTIR  
KRISTJÁN GUNNARSSON  
KRISTJÁN JÓHANNSSON  
KRISTRÚN JÓNSDÓTTIR  
LARS OLSEN  
LÁRUS BENEDIKTSSON  
LILJA EIRÍKSDÓTTIR  
LINDA BALDURSDÓTTIR  
MAGNÚS FJELDSTED  
MAGNÚS L. SVEINSSON  
MAGNÚS M. GUNNBJÖRNSSON  
MARGRÉT GUÐMUNSDÓTTIR

MARGRÉT TORFADÓTTIR  
MARÍA INGÓLFSDÓTTIR  
MAROLÍNA MAGNÚSDÓTTIR  
MARTA BALDVINSDÓTTIR  
MATTHILDUR SIGURJÓNSD.  
MÁR GUÐNASON  
NÍELS S. OLGEIRSSON  
NJÖRÐUR HELGASON  
ODDUR SIGURÐSSON  
OLGA GÍSLADÓTTIR  
ÓÐINN KRISTJÁNSSON  
ÓFEIGUR GESTSSON  
ÓLAFUR ÓLAFSSON  
ÓLAFUR ÓLAFSSON  
ÓLAFUR SVEINSSON  
ÓLÍNA ÓLAFSDÓTTIR  
ÓLÖF GUÐMUNSDÓTTIR  
ÓMAR ÞÓR BALDURSSON  
ÓSKAR STEFÁNSSON  
PÁLL H. JÓNSSON  
PÉTUR SIGURÐSSON  
PÉTUR V. MAACK PÉTURSSON  
RAGNA G. LARSEN  
RAGNAR ÁRNASON  
RAGNAR ÓLASON  
RANNVEIG GUNNLAUGSDÓTTIR  
RANNVEIG SIGURÐARDÓTTIR  
REYNIR ARNÓRSSON  
REYNIR JÓSEPSSON  
RÓBERT B. JÓHANNESSON  
RUTH JÓHANNA ARELÍUSDÓTTIR  
SIGFÚS R. EYSTEINSSON  
SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR  
SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR  
SIGRÍÐUR K. BJARKADÓTTIR  
SIGRÍÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR  
SIGRÚN ODDGEIRSDÓTTIR  
SIGURÐUR BESSASON  
SIGURÐUR HAUKUR HARÐARSON

SIGURÐUR HÓLM FREYSSON  
SIGURÐUR KRISTJÁNSSON  
SIGURÐUR MAGNÚSSON  
SIGURÐUR T. SIGURÐSSON  
SIGURGEIR ÓLAFSSON  
SIGURHANS WIUM. HANSSON  
SIGURJÓN EINARSSON  
SIGURJÓN MÁR PÉTURSSON  
SIGURLÍN ÁGÚSTSDÓTTIR  
SÍMON GUNNARSSON  
SKÚLI EINARSSON  
SKÚLI HANNESSON  
SNORRI ÁRSÆLSSON  
SNORRI HALLGRÍMSSON  
SONJA F. JÓNSSON  
SÓLVEIG HARALDSDÓTTIR  
SÓLVEIG SVEINBJÖRNSDÓTTIR  
STEFANÍA MAGNÚSDÓTTIR  
STEFÁN SVEINSSON  
STEINAR J. KRISTJÁNSSON  
STELLA BREIÐFJÖRÐ MAGNÚSD.  
SÚSANNA B. VILHJÁLMSDÓTTIR  
SVALA INGIMUNDARDÓTTIR  
SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON  
SVEINN G. HÁLFDÁNARSON  
SVEINN INGASON  
SVERRIR GARÐARSSON  
SÆMUNDUR BJARNASON  
TEITUR JENSSON  
UNNUR HELGADÓTTIR  
VALDIMAR GUÐMANNSSON  
VALUR M. VALTÝSSON  
VERNHAÐUR STEFÁNSSON  
VIÐAR OTTESEN  
VIGFÚS HELGASON  
VIGNIR EYÞÓRSSON  
ÞORBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR  
ÞORBJÖRN GÍSLASON  
ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

ÞORKELL KOLBEINS  
ÞORSTEINN BJARNASON  
ÞORSTEINN GUNNARSSON  
ÞORSTEINN J. HARALDSSON  
ÞORSTEINN M. KRISTJÁNSSON  
ÞORSTEINN PÁLSSON

ÞORSTEINN SIGURÐSSON  
ÞÓR OTTESEN  
ÞÓRARINN SVERRISSON  
ÞÓRÐUR ÓLAFSSON  
ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSD.  
ÖRN ERIKSEN



*Frá undirritun samkomulagsins 13. desember. Frá vinstri: Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Finnur Geirsson, formaður SA, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ og Halldór Björnsson, varaforseti ASÍ.*

## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði, ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní, fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu. Kjara- og efnahagsmálin tóku mestan tíma og umfjöllun í aðdraganda samkomulagsins 13. desember 2001 og síðan eftirmálar þess. Þá hafa réttindamál félagsmanna aðildarféлага ASÍ hjá ríki og sveitarfélögum ítrekað komið til umfjöllunar í miðstjórninni. Einnig má nefna Evrópumálin og gildistöku Evrópureglna á íslenskum vinnumarkaði. Loks hefur undirbúningur ársfundar ASÍ 2002 verið á dagskrá miðstjórnar með reglulegu millibili.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til, og sem ekki er fjallað um annars staðar í henni.

## **ASÍ og SGS mótmæla lögregluvaldi gegn verkafólki í Færeyjum**

ASÍ og Starfsgreinasamband Íslands sendu sameiginlega stuðningsyfirlýsingu til færeysku verkafólksáhrifarástæðna 18. maí 2001, vegna þeirra átaka sem orðið höfðu í tengslum við verkfall sem boðað hafði verið til í Færeyjum. Þar sagði:

*Alþýðusamband Íslands og Starfsgreinasamband Íslands lýsa yfir stuðningi við verkafólki í Færeyjum sem nú á í kjaradeilu og hefur neyðst til þess að grípa til verkfallsaðgerða.*

*Alþýðusambandið og Starfsgreinasambandið mótmæla því harðlega að lögregluvaldi og hundum skuli beitt gegn verkafólki sem reynir að koma í veg fyrir að lögmætt verkfall þeirra sé brotið á bak aftur af verkfallsbrjótum. Það er í raun ótrúlegt að slíkt skuli hafa átt sér stað í friðsömu og lýðræðislegu nágrannalandi okkar.*

*Alþýðusamband Íslands og Starfsgreinasamband Íslands munu fylgjast grannt með framvindu kjaradeilunnar og veita færeysku verkafólki allan þann stuðning sem það getur og félagar okkar þarfnast.*

## **Stuðningur við farmenn og baráttu gegn hentifánaskipum**

Eftirfarandi ályktun um stuðning við baráttu fyrir lágmarkskjörum á hentifánaskipum var samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ 5. september 2001:

*Á síðustu árum hafa samtök íslenskra sjómanna eftt samstöðu sína með félögum sínum innan Alþjóða flutningaverkamannasambandsins (ITF) í baráttu þeirra fyrir lágmarkskjörum um borð í hentifánaskipum. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur stutt þessa baráttu samtaka íslenskra sjómanna.*

*Markmið íslensku sjómannasamtakanna eru tvíþætt. Annars vegar að verja störf og kjör íslenskra sjómanna. Hins vegar að halda uppi vörnum fyrir alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum launafólks og koma í veg fyrir að sjóflutningar til landsins lendi í höndum aðila sem virða lágmarksréttindi launafólks að vettugi.*

*Undanfarin fimm ár hefur nokkuð áunnist í þessum efnum. Það heyrir nú til undantekninga að íslenskir farmflytjendur leiti til útgerða sem ekki virða lágmarksviðmiðanir ITF varðandi launakjör sjómanna. Þetta á við um útflutning frystiafurða og stórflutninga til landsins. Íslensk kjör gilda um fastar áætlunarsiglingar til og frá landinu, frá því í maí 2000. Jafnframt hafa þau skemmtiferðaskip sem til landsins koma farið eftir þessum lágmarksviðmiðunum í öllum meginatriðum.*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar þeim árangri sem íslenskir sjómenn hafa náð á síðustu árum. Þessi barátta hefur einstaka sinnum valdið*



*hördum deilum. Þess vegna er mikilvægt að íslenskir aðilar sem eiga í viðskiptum við erlend útgerðarfyrirtæki og viðskiptavinum þeirra haldi vöku sinni og geri kröfu um að farið sé eftir reglum um lágmarks mannréttindi launafólks í þessum viðskiptum. Íslensk fyrirtæki, hvort sem þau sinna fólksflutningum eða inn- og útflutningi neysluvarnings, eiga að sjá sóma sinn í því að viðhalda alþjóðlegum viðmiðunum ITF þegar um þennan þátt starfseminnar er að ræða. Jafnframt ber íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að beita megi eðlilegum þvingunaraðgerðum þegar svo ber undir með sambærilegum hætti og gert er annars staðar á Norðurlöndum.*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar fyrri stuðning sinn við baráttu sjómanna stéttarinnar, hvort sem um er að ræða íslenska sjómenn eða félag þeirra um allan heim. Launafólki á Íslandi sem annars staðar stendur ógn af félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Baráttu sjómanna fyrir mannsæmendi kjörum á hentifánaskipum er mikilvæg í því ljósi.*

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. júní 2002 var aftur fjallað um kjaramál og stöðu sjómanna á íslenskum farskipum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt af því tilfni.

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar þeim mikilvæga áfanga sem sjómannasamtökin hafa náð með þeirri sátt milli íslenskra kaupskipaútgerða og sjómanna, sem náðist vorið 2000. Hún felur í sér að íslenskir kjarasamningar skuli gilda um allar fastar áætlunarsiglingar útgerðanna til og frá landinu. Þessi árangur er liður í baráttunni fyrir tilveru íslenskrar farmannastéttar, sem á í stöðugri baráttu við þau lágu laun sem viðgangast í þriðja heiminum.*

*Það er grundvallaratriði í baráttu verkalýðshreyfingarinnar að standa vörð um þau kjör sem samið hefur verið um og gilda á vinnumarkaði viðkomandi landa og verjast öllum tilraunum atvinnurekenda til að etja launafólki saman í samkeppni um launakjör sín. Slík samkeppni leiðir eingöngu til undirboða á vinnumarkaði og misréttis í þjóðfélaginu öllu.*

*Samkeppni milli fyrirtækja á markaði er mikilvæg, en hún verður að fara fram í samræmi við þau kjör sem gilda hverju sinni á vinnumarkaði. Miðstjórn ASÍ fordæmir tilraunir einstakra íslenskra fyrirtækja til að grafa undan þeim og lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu sjómannasamtakanna og annarra stéttarféлага fyrir því að öll íslensk fyrirtæki sitji við sama borð í þessum efnum.*

## **Stuðningur við hljómlistarmenn í verkfalli**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. nóvember 2001 var ákveðið að verkfallsjóður ASÍ styrkti verkfallssjóð Félags íslenskra tónlistarmanna um 1 milljón króna vegna þeirra tónlistarkennara sem væri í verkfalli og væru félagsmenn í FÍH.

## **Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar**

Föstudaginn 16. janúar 2002 var stofnskrá Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar undirrituð við athöfn í Listasafni ASÍ, Ásmundarsal. Af hálfu Alþýðusambands Íslands undirritaði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, stofnskrána og Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands.

Með staðfestingu stofnskrárinnar stofnaði Alþýðusamband Íslands Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands. Safninu er ætlað að verða vísinda- og rannsóknarsafn um söguleg fræði íslenskrar verkalýðshreyfingar. Stofninn að safninu er Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar sem varðveitt hefur verið hjá Alþýðusambandinu.

Tilgangur Sögusafnsins er að efla verkalýðsfélögin til þess að safna saman öllum gögnum sem snerta sögu verkalýðsfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Jafnframt er tilgangur þess að stuðla að rannsóknum á sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar.

Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar verður í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands, samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um safnið gilda á hverjum tíma. Þar skulu varðveitt og skráð í eina skrá öll söguleg gögn sem verkalýðsfélögin safna og láta af hendi, svo og söguleg gögn ASÍ.

Stjórn Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar mynda tveir fulltrúar, skipaðir af miðstjórn ASÍ til tveggja ára í senn og tveir fulltrúar tilnefndir af Þjóðskjalasafni Íslands.

Með stofnskránni skuldbindur Alþýðusamband Íslands sig til þess að veita til safnsins að lágmarki þrjúhundruð þúsund króna framlagi ár hvert í næstu 10 ár, talið frá því ári sem afhending gagna hefst til Þjóðskjalasafns Íslands. Stjórn Sögusafnsins skal úthluta fjármunum þessum sem styrkjum til rannsókna á sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar, auk þess sem henni er heimilt að veita sem nemur 1-2 árlegum styrkjum til Þjóðskjalasafns Íslands til skráningar og frágangs þeirra gagna sem safninu eru afhent við stofnun þess. Styrkirnir skulu að öðru leyti auglýstir árlega samkvæmt þeim venjum sem um auglýsingu slíkra styrkja gilda.

## **ASÍ styður baráttu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir friði í Palestínu**

Í febrúar 2002 átti norska Alþýðusambandið frumkvæði að því að send yrði

nefnd fulltrúa frá Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU) og Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC) til Palestínu og Ísrael í þeim tilgangi að stuðla að friði á svæðinu. Forseti ASÍ lýsti yfir skilyrðislausum og óskoruðum stuðningi Alþjóðasambandsins við erindi þessa efnis, í bréfum sem hann sendi til ETUC og ICFTU.

## **Ár fatlaðra**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. febrúar 2002 var fjallað um undirbúning vegna árs fatlaðra 2003. Samþykkt var að fulltrúi ASÍ í undirbúningsnefnd félagsmálaráðherra legði fram eftirfarandi hugmyndir um verkefni, en áherslan á ári fatlaðra á að vera á atvinnumál fatlaðra.

### **1. Átak til nýsköpunar og eflingar starfsmenntunar fyrir fatlaða**

*Menntun og endurmenntun eru einhver mikilvægasti þátturinn í því að auðvelda fötluðum aðgang að vinnumarkaðinum og í því að treysta stöðu þessa hóps í atvinnulífinu.*

*Fulltrúar ASÍ í Starfsmenntaráði hafa beitt sér fyrir því ásamt öðrum í ráððinu, að á árinu 2002 verði auglýst sérstaklega eftir verkefnum sem tengjast atvinnumálum fatlaðra og veita styrki að upphæð u.þ.b. 5.000.000 til þróunar, uppbyggingar og reksturs starfsmenntunar fyrir fatlaða, sérstaklega. Gert er ráð fyrir að þau verkefni sem styrkt verða komi til framkvæmda á árinu 2003.*

### **2. Efling starfsendurhæfingar fyrir fatlaða**

*Alþjóðusamband Íslands stóð ásamt fleirum að ráðstefnu um starfsendurhæfingu í nóvember 2001. Í framhaldi af þessu framtaki hafa þeir aðilar sem stóðu að ráðstefnunni óskað eftir því að málinu verði fylgt eftir, með þátttöku fulltrúa stjórnvalda, (Félagsmálaráðuneytið/Vinnumálastofnun, Heilbrigðis- og tryggingarráðuneytið/Tryggingastofnun ríkisins og menntamálaráðuneytið), lífeyrissjóðanna, samtaka aðila vinnumarkaðarins og endurhæfingarlækna. Markmiðið er að settur verði upp vinnuhópur þessara aðila sem m.a. geri tillögur til stjórnvalda og annarra um það hvernig auðvelda megi fötluðum endurkomu og þátttöku á vinnumarkaði.*

### **3 Réttindi fatlaðra á vinnumarkaði**

*Lagt er til að réttindi og möguleikar fatlaðra á vinnumarkaði verði skoðuð sérstaklega í ljósi tilskipunar Evrópusambandsins 2000/78/EB frá 27. nóvember um gerð almenns ramma um jafna meðhöndlun til atvinnu og starfa. Í tilskipuninni segir m.a. um markmið hennar að það sé að „setja fram al-*

*mennan ramma í baráttunni gegn mismunun vegna trúarskoðana, fötlunar, aldurs eða kynhegðunar hvað varðar atvinnu og störf, með það að markmiði að koma í framkvæmd í aðildarríkjunum grundvallarreglunni um jafna meðhöndlun“. Þá verði einnig tekið mið af þeim markmiðum sem sett hafa verið um þetta efni í mótun atvinnustefnu ESB.*

*Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort íslenskum stjórnvöldum sé skylt að lögleiða framangreinda tilskipun. Óháð því er eðlilegt að skoðaðar verði þær áherslur sem fram koma í framangreindri tilskipun og atvinnustefnunni og þau úrræði sem þar eru lögð til varðandi stöðu fatlaðra á vinnumarkaði.*

## **Synjun á útgáfu vottorða um óvinnufærni**

Á fundi miðstjórnar 3. apríl 2002 var fjallað um það ástand sem skapast hafði vegna ákvörðunar heimilislækna um að hætta að gefa út læknisvottorð um óvinnufærni í tengslum við deilu heilsugæslulækna við stjórnvöld.

*Miðstjórn ASÍ lýsir yfir áhyggjum vegna þess ástands sem skapast hefur með þeirri ákvörðun heilsugæslulækna að hætta útgáfu vottorða um óvinnufærni launafólks vegna veikinda og slysa.*

*Vottorð um heilsufar launafólks varða mikilvæg réttindi og vernd á vinnu-markaði, þ.m.t. laun í veikinda- og slysaforföllum. ASÍ mótmælir því að þessum réttindum sé teft í tvísýnu vegna deilu heilsugæslulækna við stjórnvöld um gjaldtöku af sjúklingum og launamál lækna.*

## **Lög sett á sjómenn**

Sjómenn boðuðu verkfall um miðjan mars eftir að hafa átt í árangurslausum kjaraviðræðum með lausa samninga í rúmlega ár. Meðal þess sem reynt hafði verið var að bjóða útgerðarmönnum skammtímasamning til að komast hjá verkfalli. Stjórnvöld gripu inn í kjaradeiluna með lagasetningu eftir aðeins fjóra daga og frestuðu verkfalli fram í byrjun apríl. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessari lagasetningu og almennt var talið að þetta inngrip hafi torvelað mjög lausn mála.

Verkfall hófst aftur 1. apríl og voru sjómenn þokkalega bjartsýnir á að samkomulag væri í sjónmáli. En 19. apríl lögðu útgerðarmenn fram tilboð sem að mati sjómanna fól í sér verulega afturför í verðmyndunarmálunum. Í sameiginlegri yfirlýsingu samtaka sjómanna vegna þessa sagði m.a.:

*„Eftir að sjómenn hafa verið með lausa samninga í 15 mánuði og leitað allra leiða til að koma á kjarasamningi ákváðu útgerðarmenn í gær að slíta*

*í reynd samningaviðræðunum með því að leggja fram „tilboð“ sem felur í sér að verðmyndunarmálin, sjálfur kjarni deilunnar, yrðu í mun verri stöðu eftir en þau voru árið 1995 þegar reynt var að taka á þessum viðurkennda vanda. Tilboðið er fjarri því að koma málum í sama horf, hvað þá að bæta úr ástandi sem þótti óviðunandi þegar fyrir 6 árum. Slíkt tilboð er því ekkert annað en slit á samningaviðræðum af hálfu útgerðarmanna.“*

Samningaviðræður hófust að nýju og enn þótti sjómönnum sem aðeins miðaði þótt hugsanleg lagasetning svífi yfir vötnunum í kjölfar útspils útgerðarmanna. Sá ótti sjómanna varð enn sterkari eftir að Vélstjórafélag Íslands gerði kjarasamning sem öðrum samtökum sjómanna fannst óásættanlegur.

Það var svo um miðjan maí sem stjórnvöld létu til skarar skrifa og kynntu að sett yrðu lög á sjómenn. Sjómannasamband Íslands ákvað þá að aflýsa verkfallinu til að komast hjá lagasetningu. Önnur félög sjómanna, t.d. á Vestfjörðum, höfðu aldrei boðað verkfall en voru hins vegar þolendur verkabanns sem útgerðarmenn settu á til að svara verkfallsboðun sjómannasamtakanna.

Þrátt fyrir þetta setti Alþingi lög á sjómenn þann 16. maí 2001 og batt þannig enda á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna. Lögin sviptu sjómenn ótímabundið samningsrétti um kaup sín og kjör. Kjör þeirra skyldu ákvörðuð af stjórnarsýslunefnd og þvingunarúrræði til þess að ná fram annarri niðurstöðu bönnuð. Alþýðusamband Íslands reyndi fram á síðustu stundu að afstýra þessu slysi. Miðstjórn sendi frá sér harðorða ályktun og forsetar ASÍ héldu niður á Alþingi til fundar við ráðherra og þingmenn til að gera þeim grein fyrir alvöru málsins.

Í yfirlýsingu sem forsetar ASÍ sendu fjölmiðlum kom fram að hafin væri undirbúningur að málsókn á hendur stjórnvöldum, bæði innanlands og utan.

Í ályktun miðstjórnar vegna lagasetningarinnar segir:

*„Vegna yfirvofandi lagasetningar Alþingis á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna vill miðstjórn Alþýðusambands Íslands minna Alþingi Íslendinga á að réttur launafólks til að semja um kaup og kjör er varinn í Stjórnarskrá Íslands og lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld eru einnig bundin af samþykktum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar (ILO) nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98 um réttinn til þess að semja sameiginlega auk þess að vera bundið af 11.gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig varinn telst kjarasamningsrétturinn og rétturinn til þess að beita lögmaetum aðgerðum til þess að knýja á um kröfur í kjaradeilu til helgustu mannréttinda launafólks og verkalýðshreyfingar.*

*Lagasetning og gerðardómur um kaup og kjör sjómanna, sérstaklega þeir-*

*ra sem ekki hafa boðað verkfall eða hafa þegar aflýst aðgerðum, væri brot gegn Stjórnarskrá Íslands, samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafa áður verið áminnt vegna brota gegn samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og myndu hljóta mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi endurtæki slíkt sig nú.*

*Miðstjórn Alþýðusambands Ísland, mótmælir harðlega þeim afskiptum sem ríkisstjórn og Alþingi hefur haft af yfirstandandi kjaradeilu og lögmetum aðgerðum sjómanna og mun ekki láta slíkt yfir íslenskt launafólk ganga án þess að grípa til aðgerða.“*

Ekki stóð á aðgerðum ASÍ. Í fyrsta lagi var höfðað mál á hendur íslenskum stjórnvöldum til þess að fá lögnum hnekk þar sem með þeim væri brotinn stjórnarskrárvarinn réttur á sjómönnum. Skemmst er frá að segja að málið tapaðist í héraði en málf lutningur fyrir Hæstarétti hefur verið ákveðinn 8. nóvember 2002. Í öðru lagi var íhlutun stjórnvalda kærð til Alþjóða vinnumálastofnunarinnar og sætir nú meðferð í félagafrelsisnefnd stofnunarinnar. Niðurstöðu er að vænta fyrir áramótin 2002/2003.

## **1. maí 2002**

Ákveðið var að aðgerðir 1. maí 2002 yrðu undir yfirskriftinni „**AFL Í ÞÍNA ÞÁGU**“. Með þessari yfirskrift var m.a. verið að vísa til þess starfs sem unnið hafði verið síðustu vikur og mánuði á vettvangi heildarsamtakanna og einstakra aðildarfélaga ASÍ til að vinna bug á verðbólgunni og skapa með því skilyrði fyrir stöðugleika í verðlagi, efnahagslega uppbyggingu og atvinnu og varanlegan kaupmátt.

## **Ársfundur ASÍ 2002**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 5. desember 2001 að ársfundur ASÍ yrði haldinn á Hótel Loftleiðum dagana 31. október og 1. nóvember 2002.

Þá ákvað miðstjórn ASÍ á fundi sínum 19. júní að undirbúa sérstaklega umfjöllun um eftirfarandi málefni á ársfundinum 2002, í samræmi við 25. gr. laga ASÍ:

1. Staða og framtíð velferðarkerfisins.
2. Launafólk og Evrópusamvinnan.

Var viðkomandi starfsnefndum ASÍ falin að undirbúa og leiða þessa umræðu.

Þá voru á fundi miðstjórnar 18. september samþykktar tillögur að breytingum á lögum ASÍ, reglugerðum og fundarsköpum ársfunda, sem fjallað verður um á ársfundinum.



*Alþýðusambandið setti af stað umfangsmikla auglýsingaherferð í dagblöðum og sjónvarpi til að hvetja landsmenn til að taka þátt í átakinu gegn verðbólgu. Herferðin skiladi miklum árangri.*

## Efnahags- og verðlagsmál

### Þróun efnahagsmála - botninum náð og stöðuleiki að komast á

Íslenskt þjóðarþú hefur aðlagð sig skjótt að breyttum efnahagaðstæðum sem tóku við af mikilli uppsveiflu undanfarinna ára. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á árinu, en hún jókst mikið á síðasta ári og fór þegar mest lét í 9,4% í upphafi þessa árs. Í dag mælist hún 2,9% og horfur eru á að hún verði komin undir 2,5% í árslok. Atvinnuleysi hefur hins vegar verið mikið á árinu og mældist mest í mars sl. 2,7%. Dregur hægt úr því og fáar vísbendingar um að það minnki fyrir en árið 2004.

Mikill sveigjanleiki er í íslensku hagkerfi og hefur það glöggt komið fram í kröftugum viðsnúningi í utanríkisviðskiptum sem átt hefur sér stað á skömmum tíma.

Margt bendir til þess að nú hafi skapast forsendur fyrir efnahagslegum stöðuleika og að á næsta ári geti hafist nýtt hagvaxtarskeið.

Ójafnvægið sem ríkti í þjóðabúskapnum á seinni hluta efnahagsuppsveiflunnar virðist vera að baki. Stefnir í að viðskiptahallinn sem var á síðasta ári 4% af vergri landsframleiðslu, verði horfinn. Spenna á vöru- og vinnumörkuðum hefur horfið og í staðinn er kominn slaki. Gengi krónunnar hefur að und-

anförunu verið nokkuð stöðugt og geingisvísitalan nokkuð nálægt jafnvægis-  
geinginu 130 stig.

Flest bendir hins vegar til þess að slaki á vinnumarkaði ágerist og atvinnu-  
leysi haldi áfram að aukast. Samkvæmt reynslu fyrri ára hefur sveifla vinnu-  
markaðarins verið aðeins á eftir almennri eftirspurnarsveiflu.

Ytri skilyrði hafa verið hagstæð íslensku þjóðarþúi á þessu ári. Viðskipta-  
kjör hafa batnað um 1% og má rekja það fyrst og fremst til aukins afla og  
hækkunar á verði sjávarafurða og skýrir það að hluta þau frávik sem urðu frá  
spám.

Þjóðarútgjöld hafa dregist saman tvö ár í röð og líklegt er að þau muni  
dragast saman um 3% á þessu ári.

## Helstu kennitölur

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
								Bráðab.	Áætlun	Frumv.
Verg landsframleiðsla <sup>1</sup>	4,1	0,1	5,2	4,6	5,5	3,9	5,5	3,6	0,0	1,5
Neysluverðisvísitala <sup>2</sup>	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,4	5,0	6,7	4,8	2,3
Kaupmáttur ráðst. á mann <sup>2</sup>	0,0	3,8	4,1	2,5	8,7	3,0	1,3	2,3	1,5	2,0
Atvinnuleysi <sup>2</sup>	4,8	5,0	4,3	3,9	2,8	1,9	1,3	1,4	2,5	2,5
Einkaneysla <sup>1</sup>	2,9	2,2	5,4	5,1	10,1	7,3	4,0	-3,0	-1,0	1,3
Samneysla <sup>1</sup>	4,0	1,8	1,2	2,5	3,4	4,4	3,7	3,2	2,8	1,0
Fjármunamyndun <sup>1</sup>	0,6	-1,1	25,7	10,0	33,0	-3,7	14,8	-4,4	-14,8	1,8
Útflutningur <sup>1</sup>	9,9	-2,1	9,9	5,7	0,6	4,0	5,0	7,8	5,2	3,5
Innflutningur <sup>1</sup>	4,2	4,0	16,7	8,5	21,9	4,2	8,0	-9,0	-2,8	3,0
Viðskiptajöfnuður <sup>3</sup>	1,9	0,7	-1,8	-1,7	-7,0	-6,9	-10,2	-4,3	0,0	0,0

Heimild: Seðlabanki, Hagstofa og þjóðarþúskapurinn 2002

<sup>1</sup> Magnbreyting milli ára

<sup>2</sup> Prósentubreyting milli ára

<sup>3</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

## Hagvöxtur


Horfur eru á að yfirstandandi ár verið gert upp með litlum sem engum hagvexti  
en við taki nýtt hagvaxtarskeið á næsta ári. Hagvöxtur á síðasta ári var 3,6%  
samkvæmt endurmati Hagstofunnar. Spár um hagvöxt á þessu ári hafa breyst  
nokkuð. Í desember á síðasta ári spáði Þjóðhagsstofnun 1,0% samdrætti í land-  
framleiðslu á þessu ári en 2,2% aukningu hennar á því næsta. Bygðist spá  
Þjóðhagsstofnunar á því að horfur væru á lakari ytri skilyrðum en áður var gert  
ráð fyrir. Í júní endurskoðaði Þjóðhagsstofnun spána og gerði þá ráð fyrir 0,8%  
samdrætti í landsframleiðslu í ár og 2,4% aukningu á því næsta. Fjármálaráðu-  
neytið gerir hins vegar ráð fyrir því að enginn hagvöxtur verði á þessu ári, en  
hann verði 1,5% á því næsta. Sumar greiningadeilda bankana gera aftur á móti  
ráð fyrir örlitlum hagvexti á yfirstandandi ári og hagvexti á bilinu 1,5% - 1,7%  
á því næsta, ef ekki er gert ráð fyrir stóriðjuframkvæmdum. Eru þær spár



nokkuð í takt við spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en hann gerir ráð fyrir 1,7% hagvexti árið 2003 ef ekki verður af stóriðjuframkvæmdum.

## Fjárfestingar

Heildarfjárfestingar hafa sveiflast mikið á undanföllum árum, eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan. Á síðasta ári drógust þær saman um rúm 4% eftir að hafa aukist um tæp 15% árið þar á undan. Horfur eru á að fjárfestingar haldi áfram að dragast saman á þessu ári og í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að samdrátturinn verði tæp 15% og að þær muni aukast um 1,7% árið 2003.



Árið 2001 drógust fjárfestingar atvinnuvega saman um rúm 9% og horfur eru á að þær dragist enn frekar saman á yfirstandandi ári. Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir rúmum 20% samdrætti á yfirstandandi ári. Ef sú spá gengur eftir, hefur fjárfesting í atvinnulífnum dregist saman um 30% að raungildi á síðustu

tveimur árum. Mikil óvissa ríkir um fjárfestingar atvinnuveganna á næsta. Þrátt fyrir bætt rekstrarskilyrði eru fáar vísbendingar um aukningu á næstunni, ef ekki verður af virkjunum og álveri.

Fjármálaráðuneytið gerir samt sem áður ráð fyrir því að fjárfesting atvinnuvega taki við sér á næsta ári og aukist um 3,5%.

Fjárfestingar opinberra aðila drógust lítillega saman á síðasta ári, eða um 0,7% eftir að hafa aukist um 18% árið á undan. Munu þær halda áfram að dragast saman á þessu ári og stefnir í að samdrátturinn verði 7%. Hins vegar er gert ráð fyrir að þær aukist örlítið á næsta ári eða um 0,5%.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst töluvert á fyrra ári eða um tæp 13%. Hefur þá aukning fjárfestinga í íbúðarhúsnæði verið rúm 23% síðustu tvö ár. Það sem af er árinu hefur fjárfesting í íbúðarhúsnæði staðið í stað. Fjármálaráðuneytið gerir hins vegar ráð fyrir 2% samdrætti á næsta ári í þjóðhagsspá sinni.

## Afkoma atvinnuvega

Afkoma fyrirtækja hér á landi var almennt slæm á síðasta ári. Áttu fall krónunnar, háir vextir og óhagstæð verðlagsþróun þar mestan þátt. Töluverðar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi á síðustu mánuðum. Verðbólga og vextir hafa lækkað og krónan styrkst jafnframt því sem skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir verulega. Sem dæmi má nefna, voru tekjuskattar fyrirtækja lækkaðir úr 30% í 18% um síðustu áramót og munu áhrif þeirra aðgerða væntanlega skila sér að fullu í afkomu fyrirtækja á næsta ári.

Úttekt sem gerð var á afkomu 52 fyrirtækja sem skráð eru hjá Kauphöll Íslands, leiddi í ljós að er hún almennt góð. Reyndust 44 fyrirtækja af 46 með betri afkomu á fyrstu sex mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra og samanlagðar tekjur félaganna jukust um 17% á milli ára. Samanlagður hagnaður þeirra á fyrstu sex mánuðum ársins var 24 milljarðar króna, samanborið við 6 milljarða tap í fyrra. Þennan viðsnúning í rekstri fyrirtækjanna má að mestu leyti rekja til gengisþróunar á árinu og þar af leiðandi bættra fjármagnsliða þeirra fyrirtækja sem skulda í erlendri mynt.

Mikil tekjuaukning hefur verið hjá fyrirtækjum í iðnaði og framleiðslu eða um 36% á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Mikill vöxtur hefur verið í lyfjageiranum og má helst rekja hann til aukins lyfjaútflutnings.

Afkoma sjárvarútvegsfyrirtækja batnaði verulega á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra voru nær öll fyrirtækin rekin með tapi. Þessi viðsnúningur í rekstri þeirra helgast fyrst og fremst af gengisbreytingum, en sjárvarútvegurinn er frekar skuldsettur og eru skuldarnar að mestu í erlendum myntum.

Afkoma samgöngufyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands batnaði verulega á milli ára. Velta þeirra jókst um 29% á fyrstu sex mánuði þessa árs, samanborið við sama tímabil í fyrra.

Rekstrarskilyrði í hátækni- og upplýsingageira hafa verið mjög tvísýn á yfirstandandi ári. Veltan í geiranum hefur aukist og afkoma fyrirtækjanna batnað, en hins vegar er rekstrarstaða sumra fyrirtækja mjög tvísýn og skemmst er að minnast hópuppsagna hjá Íslenskri erfðagreiningu en þar var 200 manns sagt upp í lok september

Velta fyrirtækja í verslun og þjónustu hefur lítið breyst á milli ára en afkoma hins vegar batnað og njóta fyrirtækin góðs af gengisþróuninni og lækkandi innflutningsverði. Samdráttur í einkaneyslu hefur mikil áhrif á afkomu greinarinnar.


Afkoma fjármálafyrirtækja hefur batnað mikið á milli ára, nema tryggingafélaga, en afkoma þeirra hefur heldur versnað. Í þjóðhagsspa nú í október er

gert ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða aukist um 3% og verð sjávarafurða í erlendra mynt hækki um 4% á milli árána 2001 og 2002.

## Utanríkisviðskipti

### Viðskiptahalli að hverfa

Á undanförunum mánuðum hefur viðskiptahallinn minnkað hratt og samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins stefnir í að hann verði enginn á þessu ári, samanborið við 4% af vergri landsframleiðslu árið 2001 og 10% árið 2000. Eru þetta mikið umskipti frá fyrri árum ef það gengur eftir. Það verður þá í fyrsta skipi í 7 ár, eða frá 1995. Fjármálaráðuneytið gerir einnig ráð fyrir jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári.



Vaxandi útflutningstekjur og samdráttur í innflutningi hafa valdið þessum viðsnúningi.

Spár eru þó nokkuð mismunandi um viðskiptahallann. Gæti hann aukist aftur á næsta ári með aukinni

einkaneyslu og fjárfestingum. Hafa greiningadeildir bankanna t.d. spáð því að viðskiptahallinn verði 1% - 1,5% af vergri landsframleiðslu á þessu ári og 1% - 1,8% á því næsta.

### Vöruútflutningur jókst af krafti

Vöruútflutningur jókst um 7,1% að magni á síðasta ári en dróst saman um 1,3% árið á undan. Skýrist sú aukning að mestu af gengislækkun íslensku krónunnar á síðasta ári. Fyrstu sjö mánuði þessa ársins jókst vöruútflutningur um 11% í magni miðað við sama ár í fyrra. Heildarverðmæti útflutnings jókst um 16%, á sama tíma og munaði þar mest um sjávarafurðir. Um 60% vaxtarins skýrast af auknu magni útfluttra sjávarafurða og iðnaðarvara.

Fyrstu fimm mánuði ársins var útflutningur 14% meiri í magni en á sama tíma árið áður. Hann var sérstaklega mikill í apríl og maí 2002. Einnig varð mikil aukning í útflutningi iðnaðarvara, að frátöldum afurðum stóriðju.

Þrjár skýringar hafa verið nefndar á útflutningsvextinum. Sú fyrsta er að

gengi krónunnar lækkaði árið 2001 og fleiri krónur fengust fyrir seldar vörur en áður. Í öðru lagi þá voru góð aflabrögð fyrstu átta mánuði ársins og jókst sjávarafli um tæp 11% frá sama tíma í fyrra. Þriðja skýringin er sú að virði framleiðslunnar hefur aukist það sem af er árs.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 17% fyrstu sjö mánuði ársins frá sama tíma í fyrra, þar af hækkaði verðlag um tæp 8% og magnaukning var því um 9%.

Viðskiptakjör hafa batnað um 1%, fyrst og fremst vegna hækkunar á verðlagi sjávarafurða. Áhrifin koma m.a. fram í því að þjóðartekjur aukast mun meira en sem nemur hagvexti á árinu eða um 1,2%.

## **Innflutningur hefur dregist saman**

Mikill samdráttur hefur orðið í vöruinnflutningi síðustu tvö árin. Mestur varð hann í kjölfar gengislækkunarinnar í mars 2001, þar sem verð á innfluttum vörum hækkaði í kjölfarið. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs hafði innflutningur á föstu verði dregist saman um 16% frá fyrra ári. Þar af dróst vöruinnflutningur um 20%. Á sama tíma hefur einkaneysla dragist saman.

Í ágústhefti Peningamála Seðlabankans kemur fram að innflutningurinn sé kominn nálægt botni, hafi honum ekki þegar verið náð. Margt bendir einnig til þess að innflutningur muni aukast á næsta ári. Mestu ræður þar um styrking krónunnar og jákvæðar horfur um stöðuleika í efnahagsmálum. Þegar hafa komið fram vísbendingar um aukinn bílannflutning og aukna kortaveltu.


## **Vinumarkaður**

Umsvif á vinnumarkaði hafa heldur dregist saman. Niðurstöður vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar í apríl benda til þess að á fyrri hluta árs 2002 hafi atvinnuþátttaka dregist saman, en hún hafði aukist árlega um 1,5% að meðaltali árin á undan. Mæling Hagstofunnar í apríl 2002 sýnir hins vegar 1,2% samdrátt í fjölda starfandi frá árinu 2001. Lausum störfum hefur einnig fækkað umtalsvert á milli ára. Í ágúst voru þau 264, en voru á sama tíma í fyrra 736. Einnig hefur dregið úr veitingu atvinnuleyfa til fólks utan ESS og voru þau nær engin síðastliðið vor. Þeim hefur fjölgað nokkuð á ný að undanförunu.

Atvinnuleysi hefur verið meira á þessu ári en undanfarin ár og er áætlað að það verði 2,5% að meðaltali á árinu, samanborið við 1,4% árið 2001.

Atvinnuleysið tók aukast seint á árinu 2001 og jókst stöðugt fram í mars 2002 þegar það nam um 2,7%.

Dregið hefur samfelld úr atvinnuleysi síðan og mældist nú í september 2,2%. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi hefur hins vegar aukist jafnt og þétt og mældist það í ágúst 2,7% en var á sama tíma í fyrra 1,3%.



Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins í október er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði nær óbreytt á næsta ári og verði eins og á yfirstandandi ári, rétt um 2,5%.

Samkvæmt gögnum vinnumiðlana voru 3567 manns skráðir atvinnulausir í lok ágúst, samanborið við 1755 á sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi

samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar mælist heldur herra en skráð atvinnuleysi (sjá mynd hér fyrir ofan). Felst munurinn aðallega í því að kannanir Hagstofunnar taka tillit til fólks sem hefur ekki rétt á atvinnuleysisbótum, svo sem námsmanna, heimavinnandi fólks og sjálfstætt starfandi, sem gjarnan vilja komast út á vinnumarkaðinn en fá ekki starf. Kannanir Hagstofunnar gefa því réttari mynd af atvinnuástandinu, auk þess sem þær eru samanburðarhæfari við erlendar tölur.


Hagstofan framkvæmdi síðast könnun í apríl og reyndist atvinnuleysi þá vera 3,2% af mannafla, sem er nokkuð herra en skráð atvinnuleysi, 2,6%.

## Kaupmáttur - launaþróun

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur hækkað allt frá árinu 1994. Á árunum 1997 - 1999 hækkaði hann um 5,6% að meðaltali á ári. Kom þar margt til, launahækkningar, launaskrið og lág verðbólga, ásamt skattalækkunum.

Á árunum 2000 - 2002 hefur kaupmátturinn hækkað um 1,7% að meðaltali á ári, sem er mun minna en árin 1997-1999. Kemur þar til að verðbólga hefur verið meiri á tímabilinu og launaskrið minna.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 2,3% á síðasta ári og gert er ráð fyrir að hann aukist um 1,5% á þessu ári og 2% á því næsta, samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Ráðstöfunartekjur hækkuðu um 9% árið 2001 og er gert ráð fyrir að hækkingin verði rúm 6% í ár og rúm 4% á næsta ári. Hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkað hægar en kaupmáttur launa. Það stafar af því að heildarlaunatekjur hafa dregist saman, þar sem atvinnuleysi hefur aukist, atvinnuþátttaka minnkað og vinnutími styst.



Um síðustu áramót hækkuðu almenn laun um 3% samkvæmt kjarasamningum. Launaskrið hefur farið minnkandi á árinu. Á milli 1. og 2. ársfjórðungs 2002 mældist það 0,3% og launaskrið yfir 12 mánuði mældist 2% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 2,7% á fyrsta ársfjórðungi.

Launavísitalan hækkaði um 9,6% frá upphafi ársins 2001 til loka þess, en hún hefur það sem af er árs hækkað um 4,5%. Á sama tíma fyrir ári nam hækkunin 8%.

Almennt hækka laun um 3% um næstu áramót, að viðbættum 0,4% samkvæmt samkomulagi sem gert var við Samtök atvinnulífsins í desember sl. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að almenn laun hækki um 4,5% á næsta ári. Því er gert ráð fyrir rúmlega 1% launaskriði.

Þjóðhagsspáin gerir einnig ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist á næsta ári um 2,0%, aðallega vegna minni verðbólgu ásamt lækkunum á sköttum einstaklinga, sérstaklega eignasköttum, sem koma til framkvæmda á næsta ári.

Kaupmáttur launa hefur að meðaltali vaxið um 6% frá upphafi árs 1999 til upphafs árs 2002. Þróunin er nokkuð mismunandi eftir einstökum hópum launþega eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Myndin sýnir ársfjórðungsleg-

ar breytingar launa frá 1. ársfjórðungi 1999 til 1. ársfjórðungs 2002. Eins og sjá má á myndinni dregur úr kaupmætti launa frá 1. ársfjórðungi 2001 til 1. ársfjórðungs 2002 vegna hárrar verðbólgu. Ekki eru til nýrri gögn frá Kjara-rannsóknarnefnd en fyrir 1. ársfjórðung 2002. Vísbendingar eru um að dregið hafi úr kaupmætti á 2. ársfjórðungi en búast megi við að kaupmáttur launa aukist aftur með lækkandi verðbólgu.

Flestir samningar á vinnumarkaði gilda fram á haust 2003 eða fram á árið 2004, en eru endurskoðaðir með tilliti til verðlagsþróunar næst í febrúar 2003. Fátt bendir til þess að forsendur samninganna um minnkandi verðbólgu bresti og til uppsagnar launaliðar þeirra komi.

## Skuldir heimilanna

Á tímabilinu 1996-2000 jukust skuldir heimilanna talsvert. Á móti skuldaaukningunni jukust eignir heimilanna einnig mikið. Telja má að skuldaaukningin hafi að einhverju leyti haldið uppi hækkandi neyslustigi umfram hækkun ráðstöfunartekna. Árið 2001 voru þær orðnar 167% af ráðstöfunartekjum samanborið við 133% árið 1996 Þær hafa því aukist um 34 prósentustig.

Þegar dró úr uppsveiflunni árið 2001, fór að draga úr lántölu heimilanna. Skuldir heimilanna jukust að meðali um 12% á ári tímabilið 1998 - 2001 þar af jukust þær um rúm 16% í fyrra. Þess má geta að árleg eignaukning var að meðaltali um 2% á tímabilinu.

Vaxtalækkanir Seðlabankans hafa helst þau áhrif á heimilin að það dregur úr greiðslubyrði þeirra vegna vaxta. Vaxtalækkanir Seðlabankans hafa fyrst og fremst áhrif á neyslulán og lífeyrissjóðslán því lán Íbúðalánasjóðs eru í flestum tilfellum með föstum vöxtum. Áframhaldandi vaxtalækkanir Seðlabankans munu því léttu greiðslubyrði heimilanna að einhverju leyti.

Skuldir heimilanna drógust saman um 0,4% í ágúst sl. en jukust um 12,4% síðustu 12 mánuði. Þetta er heldur meiri aukning en á sama tíma og í fyrra, en þá jukust skuldir heimilanna um 9,5% á 12 mánaða tímabili. Það sem af er þessu ári hefur hægt á skuldaaukningu heimilanna og gert er ráð fyrir að þær muni aukast um 4% milli ára.

## Einkaneysla

Einkaneysla dróst saman um 3% að magni árið 2001. Horfur eru á að einkaneysla haldi áfram að dragast saman á þessu ári en heldur dragi úr samdrættinum og að hann verði um 1%. Þetta er umtalsverð breyting frá tímabilinu 1996 - 2000 þegar einkaneysla óx árlega að meðaltali um 4%.

Samdrátt í einkaneyslu má að miklu leyti rekja til áhrifa mikillar skuldsetningar heimilanna og mikillar verðbólgu á síðasta ári. Aukin greiðslubyrði leið-


ir til aukins sparnaðar og dregur um leið úr vexti einkaneyslu. Einnig eru vís- bendingar um að mikill kostnaður við neyslulán sé farinn að draga úr vilja heimila til að fjármagna neyslu með dýrum skammtímalánum.

Nokkur merki eru þess að hún sé heldur að taka við sér á nýjanleik. Helstu vísbendingar um það eru aukin kortavelta og aukning í innflutningi á bifreið- um. Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla taki aftur við sér og verði um 1,3%. Á sama tíma og einkaneysla dregst saman, vex kaupmáttur ráðstöfunar- tekna, sem gefur til kynna að sparnaður sé að aukast, og þar með skuldir heim- ilar að minnka.

Í júlíhefti Peningamála kemur fram að tölur um veltu og tekjuöflun ríkis- sjóðs virðast benda til þess að umsvif á vöru- og þjónustumörkuðum gætu ver- ið farin að aukast á ný en á heildina litið er ótímabært að fullyrða að marktæk uppsveifla sé hafin á ný. Sterk rök hníga þó til þess að botni efnahagslæðar- innar sé náð.


## Verðbólga, verðlag og gengi

Verðbólga óx mikið á síðasta ári í kjölfar þess að gengið féll eftir að Seðla- banki Íslands tók upp verðból gumarkmið. Mánuðina á undan hafði Seðlabank- inn ítrekað reynt að verja gengi krónunnar, en síðla árs 2000 brustu efnahags- legar forsendur fyrir genginu og krónan fór að veikjast. Þann 27. mars 2001 tók svo Seðlabankinn upp verðból gumarkmið. Gengið hafði þá sigið nokkuð á undan og hélt áfram að falla allt þar til í nóvember sama ár. Lækkaði gengi krónunnar mjög hratt á tímabilinu mars til nóvember eða fór úr 123 stigum í 151 stig eða um tæp 21%. Í desember fór krónan að strykjast aftur og hefur nokkur hluti gengislækkunarinnar gengið aftur til baka. Gengið styrktist um



12% á tímabilinu desember 2001 til ágúst á þessu ári og þegar þetta er skrif- að, stendur gengis- vísitalan í 129,6 stigum, sem er mjög nálægt því sem almennt er talið vera jafnvæg- isgengi. Hefur gengi krónunar sveiflast til á bilinu 128 - 130 stig og





haldist nokkuð stöðugt á undanförunum mánuðum, eftir mikla styrkingu á fyrstu mánuðum ársins.

Verðbólgan óx mjög ört í kjölfarið og fór hæst í 9,4% í byrjun þessa árs, en hún hefur hjaðnað aftur mjög hratt það sem af er þessu ári og mældist 12 mánaðaverðbólga 2,9% í september. Verðbólgan á síðasta ári stafaði fyrst og fremst af gengislækkun krónunnar. Verðbólgan hefur hjaðnað mjög hratt og örar en menn bjuggust við og stafar það af mjög örri styrkingu krónunnar.

Dregið hefur úr verðhækkunum á innfluttum vörum og er verðbólgan nú aðallega af innlendum toga, en einnig hafa verðhækkunarir á erlendum mörkuðum s.s. á olíu og bensíni þátt nokkurn þátt í hækkun almenns verðlags. Krónan hefur lækkað aðeins síðustu mánuði. Í ágúst skapaðist nokkur þrýstingur til lækkunar krónunnar vegna útstreymi gjaldeyris vegna kaupa á erlendum verðbréfum. Engar vísbendingar eru hins vegar um verulegar breytingar á stöðu krónunnar á næstu mánuðum.

Í júlí sl. fór tólf mánaða verðbólgan inn fyrir efri þolmörk verðbólguþróun Seðlabankans fyrir yfirstandandi ár, 4,5% og almennt er því spáð að tólf mánaða verðbólga verði orðin 2,5% fyrir lok þessa árs og verður hún þá komin inn fyrir verðbólguþróun Seðlabankans.

Eins og áður er getið, stafar verðbólgan hér á landi að nokkru leyti af innfluttri verðbólgu. Hefur verðbólga aukist lítillega í helstu viðskiptalöndunum

á síðustu mánuðum. Verðbólga, miðað við samræmda vísitölu neysluverðs, var 1,9% í ágúst að meðaltali í EES-ríkjunum, 1,9% á evrusvæðinu og 1,6% í helstu viðskiptalöndum Íslands.

Á meðfylgjandi mynd sést vel þróun verðbólgu á síðustu árum. Glöggt sést hversu hratt hún óx á síðasta ári og hversu ört hún hjaðnaði aftur á þessu ári. Helsta skýring á því hversu skjótt verðbólgan hefur hjaðnað er viðsnúningur í gengisþróun krónunnar en ekki síst gott aðhald í verðlagsmálum, sérstaklega á fyrrihluta yfirstandandi árs. Einnig hefur dregið úr framleiðsluspennunni í hagkerfinu og launaskrið því minnkað.

## **Forsendur kjarasamninga og verðbólga - rauðastrikið Samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkis**


Þegar gengið féll á vormánuðum gerðu menn sér fljótlega grein fyrir því að allt stefndi í að verðbólga yrði utan þeirra marka sem byggt var á við gerð samninga vorið 2000. Á vormánuðum hófu því aðilar vinnumarkaðarins viðræður um hvernig hægt væri að bregðast við yfirvofandi óstöðuleika í efnahagslífinu. Viðræðurnar skiluðu loks árangri þann 13. desember 2001. Þá gerðu aðilar á vinnumarkaði með sér samkomulag um að „verði vísitala neysluverðs eigi hærrí en 222,5 stig í maí 2002, teljist verðlagsforsenda kjarasamninga hafa staðist. Standist þessi forsenda ekki eru launaliðir viðkomandi kjarasamninga uppsegjanlegir í maí með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót“. Í kjölfar samkomulagsins var verðlagseftirlit ASÍ eftt til muna. Skemmst er frá því að segja að hið svokallaða rauða strik hélt, en naumlega þó. Stóð vísitala neysluverðs fyrir maí í 221,8 stigum. Ljóst er að mikið aðhald í verðlagsmálum átti þar stóran hlut að máli, auk vaxtalækkana Seðlabankans og aðhalds í opinberum rekstri. Á síðustu mánuðum hefur dregið úr hjöðnun verðbólgunnar. Ef til vill má rekja það til þess að slaknað hafi á aðhaldi almennings í verðlagsmálum og/eða jákvæðari væntinga fólks til efnahagsmála.

## **Hagstjórn og vextir**

Í opnum hagkerfum eins og hér á landi hafa stjórnvöld fá hagstjórnartæki. Stjórnvöld stýra ríkisfjármálum og Seðlabankinn vöxtum, auk þess sem hann getur haft áhrif á gengi með kaupum og sölu á gjaldeyri.

Eina hagstjórnartækið sem beitt hefur verið hér á landi til að sporna við ofþenslu á undanförunum árum eru vaxtahækkningar. Eina markmið vaxtahækkana Seðlabankans, eftir að hann tók upp verðbólgu markmið, er að draga úr eftirspurn í hagkerfinu. Það tekur hins vegar nokkurn tíma að fyrir vaxtaáhrif að ná að fullu fram.

Afleiðing hárra vaxta hér á landi hefur því verið mikill vaxtamunur á milli



Íslands og annarra landa. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtæki og einstaklingar hafa í auknum mæli tekið lán erlendis. Þessi aukna lántaka erlendis hefur leitt til innstreymis erlends gjaldeyris, sem hefur aukið á þensluna.

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti 7 sinnum á yfirstandandi ári. Í upphafi árs voru þeir 10,1% eru nú 7,1% og hafa því lækkað um 3 prósentustig. Á síðasta ári lækkuðu stýrivextir úr 11,4% í 10,1% eða um 1,3%. Aðhald í peningamálum hefur verið mjög mikið að undanfögnu. Vaxtastig hefur verið hátt og vaxtamunur mikill við önnur lönd. Önnur fjármálaleg skilyrði hafa einnig verið fremur aðhaldssöm. Almennt er því spáð að vextir bankans eigi eftir að lækka enn frekar, en það fer eftir framvindu efnahagsmála og aðstæðum hvort og hvað mikið hann lækkar þá. Vaxtahækkana er hins vegar að vænta á næsta ári ef ráðist verður í virkjanir og stjóriðju.

Hagkerfið virðist vera að ná stöðuleika á ný og mikilvægt er að hann haldist. Það er því mikilvægt að ríkisstjórnin nýti þau hagstjórnartæki sem fyrir hendi eru til þess að halda stöðugleikanum og tryggja að hann haldist í náinni framtíð.

## Fjármál hins opinbera

Afkoma ríkissjóðs fyrir árið 2001 sýnir 8,6 milljarða króna afgang eða um 3,6% af tekjum ársins. Er það mun hagstæðari niðurstaða en árið á undan, þegar afkoman var neikvæð um 4,3 milljarða króna. Tekjur ríkissjóðs námu alls 237,4 milljörðum króna á árinu 2001 eða um 31,6% af landsframleiðslu ársins. Hækkun á milli ára nam 5,6% en að raungildi drógust þær saman um. Gjöld ríkissjóðs námu alls 228,7 milljörðum króna á árinu 2001 eða um 30,5% af landsframleiðslu ársins.

Tekjur ríkissjóðs janúar - ágúst á þessu ári jukust samtals um 6,8%, miðað við 12 mánaða breytingu, samanborið við 6,5 % á sama tíma í fyrra. Gjöld ríkissjóðs janúar - ágúst á yfirstandandi ári jukust um 10,6% miðað við 12 mánaða breytingu, samanborið við 17,8% á sama tíma í fyrra. Greiðsluafkoma rík-

issjóðs var í ágúst neikvæð upp á rúma 5 milljarða, en var á sama tíma í fyrra neikvæð upp á rétt rúma 4 milljarða. Gjöld umfram tekjur voru 16 milljarðar, samanborið við 6,8 milljarða á sama tíma í fyrra.

Afkoma ríkissjóðs er því lakari tímabilið janúar - ágúst en á sama tímabili í fyrra en þó virðist því hafa dregið aðeins úr útgjaldaaukningunni.

Fyrstu sex mánuði þessa árs voru innheimtar heildarskatttekjur 4,5% meiri en á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur af tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjaldi hafa hækkað um 12% og skatttekjur af vörum og þjónustu hafa hækkað um 4%. Samkvæmt breytingum á skattalögum átti ríkið að verða af 3 milljörðum króna í tekjum á árinu. Greidd gjöld án vaxta og uppbóta á lífeyri voru um 10% hærri fyrstu sex mánuði ársins en í fyrra. Þar af hafa rekstrargjöld hækkað um 14%. Í fjárlögum fyrir árið 2002 var reiknað með um 5% hækkun heildargjalda á milli ára. Skýringin á útgjaldaaukningunni eru þær helstar að launahækkarnir í opinbera geiranum hafa verið miklar undanfarin misseri, jafnframt nokkurri framúrkeyrslu í heilbrigðisgeiranum.

Af þessum vísbendingum má ráða að ríkisútgjöld fari um það bil 10 milljörðum króna fram úr fjárlögum og afkoma ríkissjóð án eignasölu verði neikvæð um 5 - 10 milljarða króna, í stað þess að sýna afgang.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem gerð var í tengslum við fjárlaga-gerð fyrir árið 2003, er gert ráð fyrir töluverðu aðhaldi í ríkisfjármálum. Gert er ráð fyrir að samneysla hins opinbera aukist um 1% á næsta ári sem er töluvert minni aukning en á yfirstandandi ári. Í ár er gert ráð fyrir að samneysla aukist um 2,7% en á síðasta ári jókst hún um 3,2%. Hefur samneysla hins opinbera aukist um 2,5% að meðaltali á tímabilinu 1991 - 2001 og langtíma spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að samneysla aukist á næstu árum um 2,5%. Vekur hægari vöxtur samneyslu á næsta ári nokkra athygli. Forsendur fjármálaráðuneytisins fyrir hægari vexti samneyslu á næsta ári eru að meira almennt aðhald verði í ríkisrekstri en árin á undan.

Undanfarin ár hefur verið halli á rekstri sveitarfélaga. Hagur sveitarfélaga versnaði heldur á síðasta ári, þrátt fyrir auknar útsvarstekjur og aukin framlög til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og var víða mikil framúrkeyrsla. Halli ársins 2001 nam 2,9 milljörðum eða 3,7% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélaganna hækki heldur meira á árinu en gjöld og því er áætlað að hallinn verði minni en á síðast ári. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að aukning í samneyslu sveitarfélaga verði 3% á þessu ári og 1,5% á því næsta. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfestingar dragist saman á þessu ári og því næsta. Sveitarfélögin hafa verið að draga saman fjárfestingar undanfarin ár og má gera ráð fyrir að það hafi safnast upp hjá þeim fjárfest-

ingabörf. Því er athyglisvert að fjármálaráðuneytið geri ráð fyrir að sveitarfélög haldi áfram að draga úr fjárfestingum.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir sölu ríkisbankanna Landsbanka og Búnaðarbanka. Almennt má segja að sala á ríkisbönkunum hafi jákvæð áhrif á þjóðarþúið, sérstaklega ef selt er til aðila sem koma með fjármagn erlendis frá. Slík sala virka eins og fjárfesting erlendra aðila hér á landi. Endanleg útkoma er þó háð því hvernig hagnaðinum af sölnunni er ráðstafað.

## **Horfur í alþjóðaefnahagsmálum**

Nokkur niðursveifla varð í alþjóðaefnahagsmálum árið 2001, sérstaklega eftir 11. september. Tók hagvöxtur aftur við sér í lok síðasta árs og upphafi þessa árs, en á öðrum ársfjórðungi kom nokkurt bakslag. Samkvæmt spám Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í september er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum þetta ár og næsta verði nokkuð minni er gert var ráð fyrir í fyrri spám þeirra. Þetta starfar fyrst og fremst af veikari fjármagnsmörkuðum, minni hagvexti í Bandaríkjunum og Evrópu. Hagvöxtur hefur samt sem áður haldist jákvæður þrátt fyrir þetta og gert er ráð fyrir að hann haldi áfram að aukist á næsta ári. Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í september gerir ráð fyrir:

- Að meðalhagvöxtur í heiminum verði 2,8% á þessu ári og 3,7% á næsta ári
- Að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 2,2% á þessu ári og 2,6% á því næsta
- Að hagvöxtur í Evrópusambandsríkjunum verði 1,1% á þessu ári og 2,3% á því næsta
- Að hagvöxtur í Evru-löndunum verði 0,9% á yfirstandandi ári og 2,3% á því næsta.
- Að samdráttur um 0,5% verði hér landi á yfirstandandi ári og 1,7% hagvöxtur á því næsta.

Slæm staða í efnahagsmálum í Bandaríkjunum hefur leitt til lækkunar Bandaríkjadals og hefur það haft jákvæð áhrif á viðskiptakjör hér á landi og þjóðartekjur til skamms tíma. Hins vegar hefur lækkun hlutabréfaverðs á erlendum hlutabréfamörkuðum veikt eignastöðu þjóðarþúsins, þar sem Íslendingar eiga töluvert af erlendum hlutabréfum.

Nokkur óvissa er um þróun á verði olíu og bensíns á heimsmarkaði og ræðst hún af því hvort verður af stríði Bandaríkjamanna við Írak og þróun mála í Austurlöndum, sérstaklega. Einnig ríkir nokkur óvissa um þróun álverðs á næstunni.

## Stóriðjuframkvæmdir

Þegar þetta er skrifað liggur ekki ljóst fyrir hvort farið verður í stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Líkur á því hafa hins vegar aukist í kjölfar undirskriftar viljayfirlýsingar á milli Alcoa og íslenskra stjórnvalda um byggingu álvers á Reyðarfirði.

Fyrirhugað álver Alcoa er nokkuð minna en það álver sem fyrirhugað var í upphafi, í Noral-verkefninu. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta Alcoa verði um 295 þúsund tonn á ári en í Noral var gert ráð fyrir 360-420 þúsund tonn-um. Seðlabankinn gerði á sínum tíma athugunar á áhrifum framkvæmda á stærð við Noral-verkefni á íslenskt hagkerfi. Var það niðurstaða þeirra athugana, að slíkt verkefni gæti rúmast innan hagkerfisins án verulegrar röskunar á stöðuleika. Þó var bent á, að gæta þyrfti aðhalds í peningamálum og ríkisbúskap.

Stefnt er að því að í byrjun næsta árs verði teknar þær ákvarðanir sem þarf til þess að hefja byggingu raforkuvers 2003. Gert er ráð fyrir að hápunktur framkvæmdanna vegna stóriðju eystra verða á árunum 2004 og 2005.

Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að hagvöxtur geti orðið 2,9% á næsta ári ef stóriðjuframkvæmdir hefjast síðla það ár.



*Mikil og góð samstaða innan hreyfingarinnar var lykillinn að árangrinum sem kenndur hefur verið við „rauðu strikin“.*

## Kjaramál

*Endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001*

### **Ráðstefna formanna og aðildarféлага og sambanda Alþýðusambands Íslands 23 janúar 2001 vegna mats á forsendum kjarasamninga**

Þann 23. janúar 2001 var haldin ráðstefna formanna aðildarféлага og -sambanda Alþýðusambands Íslands vegna mats á forsendum kjarasamninga í febrúar 2001. Ráðstefnan var haldin á Hótel Loftleiðum.

Markmiðið ráðstefnunnar var að fara sameiginlega yfir forsendur samninganna, tryggingarákvæðin. Á ráðstefnunni fór **Ari Skúlason** yfir forsendur kjarasamninganna, fjallaði stuttlega almennt um tryggingarákvæðin og svo um starf nefndarinnar sem nú á að fara yfir samningsforsendur og meta hvernig þær hafa gengið eftir. **Rannveig Sigurðardóttir** skýrði kostnaðarmat samninga og tók dæmi af kjarasamningi Flóabandalagsins. Þar var metin „kostnaðarhækkun launagreiðanda“ í heild og því allt tekið með, viðbótarlífeyrissparnaður sem annað. Rannveig sagði að þannig þyrfti að meta alla samninga. Sagði hún fjármálaráðherra og talsmenn kennara ekki segja rétt frá, þegar aðeins er talað um að „samningsbundnar launahækkanir“ séu þær sömu í kennarasamningnum og voru hjá Flóabandalaginu. Inn í þá stærð vanti mjög margt sem vegi

til kostnaðar hjá atvinnurekanda. Hún lagði einnig áherslu á að miðað sé við „nettó-kostnaðarhækkun“ þannig að ef eitthvað kemur á mótí sem teljist hagræði eða sparnaður fyrir atvinnurekendur, þá er það dregið frá kostnaðarhækkuninni. Halldór Björnsson, kynnti drög að samþykkt fundarins. Sagði hann markmiðið með samþykktinni að tryggja að aðilar verði samstíga í vinnu framundan. Lagði hann til að kjara- og skattnefnd ASÍ ynni með fulltrúum samningsaðila í þeirri nefnd sem á að skoða forsendur kjarasamninganna og yrði þannig eins konar bakhópur fulltrúanna. Í kjara- og skattanefndinni sitja fulltrúar miðstjórnar og allra sambanda ASÍ og þetta samstarf er mjög mikilvægt vegna þess að endurskoðunarnefndin er í eðli sínu aðeins tækninefnd og augljóst að í vinnunni framundan gætum við staðið frammi fyrir félagspólískum ákvörðunum.

Á ráðstefnunni var eftirfarandi samþykkt:

*„Formannaráðstefna Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að aðildarfélag og -sambönd ASÍ hafi samráð og samstarf um mat á forsendum kjarasamninganna sem samkvæmt tryggingarákvæði þeirra skal fara fram í fyrsta sinn í febrúar 2001.*

*Formannaráðstefnan leggur áherslu á að kjara- og skattanefnd ASÍ vinni náið með fulltrúum aðildarfélaga og sambanda innan ASÍ í þeirri nefnd sem á að fara yfir forsendur kjarasamninganna, til að tryggja að miðstjórn og sambönd ASÍ geti fylgst með framvindu mála á meðan á starfi nefndarinnar stendur og tekið ákvarðanir um framhaldið.*

*Formannaráðstefnan beinir því til Alþýðusambandsins að kallaður verði saman samráðsfundur fulltrúa samningsaðila innan ASÍ með fulltrúum þeirra í nefndinni um mat á kjarasamningunum og kjara- og skattanefnd ASÍ, þar sem farið verði yfir niðurstöður matsins og þá kosti sem eru í stöðunni. Markmið slíks samráðs er að samræma viðbrögð við niðurstöðum matsins og þeim kostum sem aðildarsamtök ASÍ standa frammi fyrir.“*

## **Niðurstaða nefndar ASÍ og SA um samningsforsendur**

Með fulltrúum ASÍ í nefndinni, þeim Ara Skúlasyni og Rannveigu Sigurðardóttur, unnu fulltrúar úr Kjara- og skattanefnd ASÍ og fulltrúar þeirra landsambanda og félaga sem höfðu beina tilvísun í uppsagnarákvæði kjarasamninga sem gerðir voru 2000. Þeir sem höfðu beina tilvísun gátu tekið ákvörðun um uppsögn samninga væru þau ekki sátt við niðurstöðu nefndar ASÍ og SA. Þeir aðilar sem höfðu beina tilvísun í tryggingaákvæðið voru Flóabandalagið, Starfsgreinasambandið og Samiðn - sambands iðnfélaga. Að þeirri vinnu komu einnig framkvæmdastjórn SGS og samninganefnd Samiðnar.



## ***Tryggingaákvæðið sannar gildi sitt***

Farið var yfir mat nefndarinnar og þær forsendur sem lágu til grundvallar í þessum hópi. Það var sameiginlegt mat þessara aðila að tryggingarákvæði kjarasamninganna hafi sannað gildi sitt, bæði fyrir almennt launafólk og efnahagslífið í heild. Niðurstaða nefndarinnar við endurskoðunina árið 2001 var sú að markmiðið um lækkun verðbólgu hafi náðst og að launafólki beri sérstakar hækkunir á kaupliðum samninganna vegna ýmissa vafaatriða um launakostnaðaráhrif annarra kjarasamninga. Það var sameiginlegt mat aðila sem að vinnunni komu, að með því samkomulagi sem náðist hefði tekist að forða því að til uppsagnar samninga eða deilna um réttmæti uppsagnar kæmi með tilheyrandi óvissu fyrir launafólk og efnahagslífið í heild.

## **Verðbólgan fór minnkandi - en blikur eru á lofti**

Önnur af tveimur meginforsendum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2001 var að verðbólga færi minnkandi og þannig treystur grundvöllur kaupmáttar launafólks. Launafólk á mikið undir því að stöðugleikinn haldist og nægir að benda á áhrif aukinnar verðbólgu á greiðslubyrði heimilanna því til staðfestingar. Í mati nefndarinnar kemur fram að markmiðið um minni verðbólgu hefur náðst enda minnkaði hún úr 5,6% niður í 4,1%. En í mati nefndarinnar er einnig varað við þeim teiknum sem nú eru á lofti um að verðbólga geti farið vaxandi á ný.

## **Úrskurðað um hækkun launaliða**

Hin meginforsenda kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði var að sú launastefna sem þar var mótuð um sérstaka hækkun lægstu launa og launakostnað yrði ríkjandi. Reyndist svigrúm til launahækkana meira skv. síðari samningum en gert var ráð fyrir við gerð kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði, var hægt að ákveða hækkun kaupliða eða segja samningum lausum. Samkvæmt mati nefndarinnar voru samningar á samningssviði Samtaka atvinnulífsins innan ramma, en tvísýnna með samninga við opinbera aðila. Þá er einnig álitamál hvernig farið er með afleiddan kostnað á borð við hækkun á lífeyrisskuldbindingum. Í stað þess að stefna í átök vegna mats á þessum atriðum varð það að samkomulagi að hækka launaliði í gildandi kjarasamningi. Það er gert með hækkun desemberuppbótar og orlofsuppbótar launafólks.

## Niðurstaða nefndar ASÍ og SA um samningsforsendur frá 6. mars 2001

Í kjarasamningum Flóabandalagsins, Starfsgreinasambandsins og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins er samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Kveðið er á um skipan sérstakrar nefndar sem hafi það hlutverk annars vegar að leggja mat á kostnaðaráhrif kjarasamninga og hins vegar á það hvort verðbólga hafi farið minnkandi. Skal mat nefndarinnar fara fram í febrúarmánuði árin 2001, 2002 og 2003. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstaðna nefndarinnar varðandi hækkun launaliða og hugsanlega uppsögn. Komist nefndin að því að samningsbundinn launakostnaður hafi hækkað marktækt meira í samningum stærri félaga eða sambanda, getur hún úrskurðað hækkun á launaliðum, en ef ekki næst samkomulag þá er launaliður samninganna uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Nefndin skal jafnframt fjalla um það á ofangreindum tímupunktum hvort sú forsenda sem samningarnir hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi, hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist, er launaliður samninganna uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Nefndin hefur farið yfir og metið til kostnaðar þá samninga sem gerðir hafa verið á samningssviði aðila. Jafnframt hefur nefndin aflað gagna um kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga. Nefndinni hefur borist erindi frá framangreindum þremur aðilum þar sem þess er farið á leit að hún:

- meti og láti uppi álit sitt um það hvort sú forsenda sem kjarasamningar þeirra hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi, hafi staðist;
- meti og láti uppi álit sitt um það hvort samningsbundinn launakostnaður hafi hækkað marktækt meira í samningum stærri félaga eða sambanda en í kjarasamningum þeirra;
- úrskurði með samkomulagi almenna hækkun á launataxta kjarasamninganna komist hún að þeirri niðurstöðu að samningsbundinn launakostnaður hafi hækkað marktækt meira í samningum stærri félaga eða sambanda, en í kjarasamningum þeirra.

### 1. Forsenda um minnkandi verðbólgu

Í aðdraganda fyrstu kjarasamninga ársins 2000, í febrúar það ár, var verðbólgan 5,6% m.v. síðustu 12 mánuði. Á þann kvarða náði verðbólgan hámarki í aprílmánuði, eða 6,0%, en hefur síðan farið minnkandi. Verðlag í febrúar 2001 var 4,1% hærri en í sama mánuði árið áður og hefur verðbólga því minnkað um 1,5 prósentustig á einu ári. Sé litið til síðustu sex mánaða hefur árshraði

verðbólgunnar minnkað úr 5,0% í 3,8% og þegar litið er til síðustu þriggja mánaða hefur árshraði verðbólgunnar minnkað úr 3,4% í 1,4%. Þá hefur mismunur á milli verðbólgu hérlendis og erlendis farið minnkandi og nálgast verðbólgustig viðskiptalandanna. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að verðlagsforsenda kjarasamninganna hafi staðist. Nefndin vill hins vegar lýsa áhyggjum sínum af verðlagsþróun næstu mánaða, m.a. vegna tafinna áhrifa lækkunar á gengi krónunnar.

### **Verðbólga í febrúar 2000 og febrúar 2001**

	Febrúar 2000	Febrúar 2001
Síðustu 12 mánuði	5,6%	4,1%
Síðustu 6 mánuði	5,0%	3,8%
Síðustu 3 mánuði	3,4%	1,4%

## **2. Forsenda um samningsbundinn launakostnað**

Nefndin hefur farið yfir alla helstu kjarasamninga sem Samtök atvinnulífsins hafa gert við stéttarfélög innan og utan Alþýðusambandsins. Þá hefur nefndin aflað gagna frá ríki og sveitarfélögum um kjarasamninga stærri félaga og sambanda sem þegar hafa verið gerðir á samningssviði þeirra.

Mat á launakostnaðaráhrifum kjarasamninga er ávallt nokkurri óvissu háð. Mat á kostnaði samnings sem gildir fyrir einn atvinnurekanda er ólíkt nákvæmara en kostnaðarmat á almennum samningum sem áhrif hafa á mörg hundruð fyrirtæki. Mat á hækkun launakostnaðar í þeim almennu samningum sem gerðir hafa verið, er því nokkuð gróft og byggist meðal annars á fyrirliggjandi upplýsingum um launadreifingu samkvæmt launakönnunum.

Þeir samningar sem skoðaðir hafa verið eru margir afar flóknir og fela í sér mjög viðamiklar breytingar, bæði á launakerfum og kjörum viðkomandi launamanna og hagræðingarmöguleikum atvinnurekenda.

Þá eru uppi álitamál um það hvort afleiddar breytingar af völdum kjarasamninga, t.d. breytingar á kjörum lífeyrisþega og auknar lífeyrisskuldbindingar sem gjaldfalla í framtíðinni, skuli teljast samningsbundinn launakostnaður.

Á grundvelli mats á kjarasamningum á samningssviði Samtaka atvinnulífsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að launakostnaður hafi ekki hækkað marktækt meira í samningum stærri félaga eða sambanda en í samningum Flóabandalagsins, Starfsgreinasambandsins og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins.

Varðandi kjarasamninga sem gerðir hafa verið fram til þessa á milli opinberra aðila og hlutaðeigandi stéttarfélaga telur nefndin, af framangreindum

ástæðum, álitamál hvort frávikin í þeim samningum frá samningsbundnum launakostnaði í samningum þeirra félaga sem sent hafa nefndinni erindi séu það mikil að þau gefi tilefni til uppsagna. Því hefur verið leitast við að ná samkomulagi í nefndinni til að forðast deilur um réttmæti uppsagnar samninga og þá óvissu í efnahagslífinu sem því fylgdi. Ljóst er að almenn uppsögn launaliðar flestra kjarasamninga við þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífinu myndi stefna samskiptum á vinnumarkaði í mikið óefni.

Í því skyni að stuðla að sátt um þá niðurstöðu að ekki sé tilefni til uppsagna hefur nefndin orðið sammála um að til komi viðbótargreiðslur af hálfu atvinnurekenda. Um þær greiðslur er nefndin sammála um að æskilegt sé að þær verði í formi fastrar krónutölu sem felur í sér tekjujöfnun. Nefndin er sammála um að niðurstaða nefndarinnar taki til þeirra kjarasamninga sem vísa til niðurstöðu nefndarinnar varðandi skoðun á samningsforsendum í febrúar 2001. Þeir kjarasamningar sem runnu út á haustmánuðum 2000 hafa almennt ekki tilvísun í niðurstöðu nefndarinnar fyrr en í febrúar 2002 og gilda niðurstöður nefndarinnar gagnvart þeim samningum frá og með árinu 2002. Þá er nefndin sammála um að samningsbundnar upphæðir sem eru hærrí en að neðan greinir skuli ekki hækka vegna niðurstöðu nefndarinnar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er það niðurstaða nefndarinnar að samningsbundin orlofsuppbót sem hefði orðið kr. 9.600 skuli verða kr. 20.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 skal orlofsuppbót verða kr. 20.300 í stað kr. 9.900 og á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 skal orlofsuppbót verða kr. 20.400 í stað kr. 10.000. Desemberuppbót skal verða kr. 35.000 á árinu 2001 í stað kr. 29.000, kr. 36.000 á árinu 2002 í stað kr. 30.000 og kr. 37.000 á árinu 2003 í stað kr. 31.000.

Orlofsuppbót iðnnema verður kr. 15.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001 í stað kr. 7.200. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 skal orlofsuppbót iðnnema verða kr. 15.300 í stað kr. 7.500 og á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 skal orlofsuppbót iðnnema verða kr. 15.400 í stað kr. 7.700. Desemberuppbót iðnnema skal verða kr. 22.000 á árinu 2001 í stað kr. 18.500, kr. 23.000 á árinu 2002 í stað kr. 19.000 og kr. 23.500 á árinu 2003 í stað kr. 19.700.

### 3. Niðurstaða

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að ekki sé tilefni til uppsagnar launaliðar kjarasamninga.

Niðurstaða nefndarinnar varðandi breytingar á ákvæðum um upphæðir orlofs- og desemberuppbóta í þeim kjarasamningum sem tilvísun hafa í niðurstöðu nefndarinnar í febrúar 2001 er eftirfarandi:

Orlofsuppbót skal vera kr. 20.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001 í stað kr. 9.600. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 skal orlofsuppbót vera kr. 20.300 í stað kr. 9.900 og á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 skal orlofsuppbót vera kr. 20.400 í stað kr. 10.000. Desemberuppbót skal vera kr. 35.000 á árinu 2001 í stað kr. 29.000, kr. 36.000 á árinu 2002 í stað kr. 30.000 og kr. 37.000 á árinu 2003 í stað kr. 31.000.

Orlofsuppbót iðnnema skal vera kr. 15.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001 í stað kr. 7.200. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 skal orlofsuppbót iðnnema vera kr. 15.300 í stað kr. 7.500 og á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 skal orlofsuppbót iðnnema vera kr. 15.400 í stað kr. 7.700. Desemberuppbót iðnnema skal vera kr. 22.000 á árinu 2001 í stað kr. 18.500, kr. 23.000 á árinu 2002 í stað kr. 19.000 og kr. 23.500 á árinu 2003 í stað kr. 19.700.

Varðandi þá kjarasamninga sem tilvísun hafa í niðurstöður nefndarinnar í febrúar 2002 og 2003 gilda framangreindar hækkanir orlofs- og desemberuppbóta frá og með árinu 2002.

Hærri desember- eða orlofsuppbætur en niðurstaða þessi felur í sér skulu ekki hækka vegna hennar.

Reykjavík, 6. mars 2001

Ari Edwald [sign]

Ari Skúlason [sign]

Hannes G. Sigurðsson [sign]

Rannveig Sigurðardóttir [sign]

## **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2001**

Halldór Björnsson starfandi forseti ASÍ átti fund með Davíð Oddsyni forsætisráðherra í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2001 um hugsanlega aðkomu ríkisstjórnarinnar.

Þann 13. mars kom yfirlýsing frá ríkisstjórninni þar sem hún lýsti sig reiðubúna til að lækka skatthlutfallið frá og með áramótunum 2002. Það hefði í för með sér að skattleysismörkin hækkuðu í takt við umsamda launaþróun frá og með þeim áramótum, svo framalega sem sveitarfélögin hækkuðu ekki útsvarid á móti.

Einnig var ákveðið að setja niður nefnd sem í ættu sæti fulltrúar ASÍ, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til að skoða kosti og galla fjölþrepa skattkerfis og hvernig vinna ætti viðmiðunarneyslustaðla fyrir mismunandi fjölskyldur.

Þá lofaði ríkisstjórnin 3,5 milljónum á ári út samningstímann sem stuðning

við virkt verðlagseftirlit, en ASÍ hafði farið fram á að fjármagn kæmi til ASÍ til að halda uppi verðlagseftirliti þar sem það var talið sérstaklega nauðsynlegt til að tryggja að ekki reyni á verbólgumarkmið tryggingarákvæðis það sem eftir er samningstímabils.

Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um lækkun skatthlutfalls fór ASÍ á fund Sambands íslenskra sveitarfélaga til að ræða áætlanir sveitarfélaga varðandi hækkun útsvars um næstu áramót.

## **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 2001**

*„Í framhaldi af viðræðum okkar í tengslum við störf nefndar ASÍ og SA um forsendur kjarasamninga mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:*

*Á árinu 2001 mun skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækka um 0,33% frá því sem það er á árinu 2001.*

*ASÍ verði tryggt fé til að halda uppi verðlagseftirliti, 3,5 m.kr. á ári á gildistíma núverandi kjarasamninga.*

*Ennfremur mun fjármálaráðherra skipa nefnd með aðild ASÍ, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til að fjalla um kosti og galla fjölþrepa skattkerfis. Þessi nefnd mun einnig kanna forsendur þess að unnar verði upplýsingar um viðmiðunarreglur fyrir mismunandi fjölskyldur sem nota má m.a. við útreikning á greiðslubyrði félagslegra bóta og mat á breytingum á skatt- og bóttakerfi.“*

## **Gengi íslensku krónunnar fellur á gjaldeyrismarkaði ASÍ krefst aðgerða til þess að styrkja krónuna**

Eftir að lögum um Seðlabanka Íslands var breytt í mars og tekin voru upp hrein verðbólgaumarkmið í peningamálastefnunni með fljótandi gengi íslensku krónunnar, féll verðgildi íslensku krónunnar mjög mikið á gjaldeyrismarkaði. Þannig féll krónan um 6% þann 2. maí og hafði ekki fallið svo mikið á einum degi frá gengisfellingunni sumarið 1993. Hagdeild ASÍ mat það svo í byrjun maí, að það væru einkum tveir þættir sem líklegir væru til að hafa afgerandi áhrif á þróun verðbólgunnar á næstu mánuðum. Annars vegar væri það þróun gengis íslensku krónunnar sem skipti máli og í hve miklu mæli það skilar sér inn í verðlagið. Hins vegar mundi samdráttur í eftirspurn vinna gegn verðhækkunum á næstu mánuðum að mati Hagdeildar ASÍ. Þess vegna skipti máli að þeir sem ákvarða verð velti ekki gengisáhrifunum út í verðlagið að óhugsuðu máli.

Á þetta var lögð áhersla í yfirlýsingu forseta og Hagdeildar ASÍ 4 maí 2001:

„Hækkunin á eldsneytisverði undanfarna daga og aðrar verðhækkanir rýra kjör heimilanna í landinu og gefa tilefni til aukins aðhalds og ábyrgðar í verðlagsmálum. Láti innflutningsaðilar tímabundna gengisþróun velta beint út í verðlagið mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf í heild.

Margt bendir til þess að sambandið milli gengisþróunar og verðlags sé ekki alveg svo einfalt. Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað bent á það áður að þegar gengi krónunnar styrktist mjög á síðasta ári skilaði það sér ekki beint í lækkingu verðlagi. Söluaðilar virðast þannig hafa haldið gengishagnadinum og þegar við bætast umræður undanfarinna vikna um álagningu í smásöluverslun hér á landi má ætla að aðilar hafi svigrúm til að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. [...]

Að lokum vill Alþýðusamband Íslands minna á að kjarasamningar þorra launafólks á almenna vinnumarkaðnum, hvíla á þeirri forsendu að verðbólga fari lækkingu. Náist verðbólgu markmiðin ekki, verða launaliðir kjarasamninganna uppseggjanlegir. Það hlýtur að vera öllum í hag, einnig þeim sem ákvarða álagningu á vörum og þjónustu, að verðbólga dragi ekki úr kaupmætti launafólks svo að til uppsagnar komi.“

Gengi íslensku krónunnar hélt áfram að lækka næstu vikur og mánuði og ljóst að mikið kapphlaup var hafið milli fyrirtækja í verslun og þjónustu að velta þessum gengisbreytingum út í verðlagið. Vísitala neysluverðs hækkadi þannig mjög mikið í maí og júní og lítið sem benti til þess að lát yrði á verðhækkunum. Allt benti því til þess að samfélagið stefndi hraðbyr inn í nauðlendingu hagkerfisins eftir nokkurra ára ofhitun og ofþenslu. Farið var að gæta nokkurra þrenginga í rekstri fyrirtækja og horfur á að atvinnuleysi myndi vaxa mikið á vetrarmánuðum. Í byrjun maí áttu fulltrúar ASÍ fund með fulltrúum SA þar sem staðan í efnahagsmálum var rædd. Á fundinum kom fram að það er sameiginlegt hagsmunamál ASÍ, SA og félagsmanna þessara samtaka að forsendur samninganna standist og markmið þeirra um stöðugleika gangi eftir.

Eins og fram kemur í kaflanum um þróun efnahagsmála, benti allt til þess að raungengi íslensku krónunnar væri komið töluvert undir jafnvægisgengi og hafði ekki mælst eins lágt í yfir 30 ár. Í samtölum við greiningadeildir bankanna um ástæðu þess að krónan héldi áfram að lækka á markaði þrátt fyrir þessa staðreynd, var einkum tvennt nefnt til sögunnar. Í fyrsta lagi væri gjaldreyrisinnstreymi mjög lítið vegna mikils viðskiptahalla og tregðu einkaaðila til þess að taka erlend lán sem gætu fjármagnað þennan viðskiptahalla. Í öðru lagi

kom fram vantrú á að afskiptaleyssi stjórnvalda af þróun mála og óvissunni um endurskoðun kjarasamninga gerði það að verkum að litlar líkur voru taldar á að einkaaðilar tækju áhættu af því að taka ný erlend lán. Í raun var komin upp vítahringur, sem erfitt var að rjúfa.

Í síðustu viku júnímánaðar áttu forsetar og framkvæmdastjóri ASÍ fund með forustu SA þar sem reifaðar voru hugmyndir ASÍ um aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að snúa þessari þróun við. Jafnframt var óskað eftir fundi með forsætisráðherra og honum gerð grein fyrir áhyggjum ASÍ og hugmyndum um aðgerðir. Einnig var boðað til fundar formanna landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ, þar sem farið var yfir stöðu mála og til hvaða aðgerða stjórnvöld og Seðlabanki yrðu að grípa til þess að hafa áhrif á þróun mála. Ákveðið var að boða til blaðamannafundar þann 2. júlí í húsakynnum sambandsins, þar sem kynntar voru tillögur að aðgerðaáætlun til þess að snúa þessari óheillaþróun við.

*„Alþýðusamband Íslands lýsir miklum áhyggjum af þeim óstöðugleika sem verið hefur í efnahagslífinu undanfarið og leitt hefur til verðbólgu og kaupmáttarskerðingar.*

*ASÍ telur að forgangsverkefni efnahagsstjórnar á næstu vikum og mánuðum sé að draga úr verðbólgu til þess að tryggja þann stöðuleika í efnahagsmálum sem samningsaðilar á almennum vinnumarkaði hafa skapað með hóflegum kjarasamningum á undanförunum árum. Auk stjórnvalda gegna sveitarfélögin mikilvægu hlutverki til að ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Þá er nauðsynlegt að efla samkeppni og verðlagseftirlit til að nauðsynlegar aðgerðir skili tilætluðum árangri.*

*Krafa Alþýðusambands Íslands er að verja umsaminn kaupmátt launa.*

*Alþýðusamband Íslands hefur útrekað varað stjórnvöld við áhrifum langvarandi openslu í hagkerfinu á undanförunum tveimur árum og krafist raunhæfari viðbragða við stjórn efnahagsmála. Nýleg spá Þjóðhagsstofnunar staðfestir að þessar viðvaranir voru á rökum reistar. Verði ekkert að gert eru horfur á að kaupmáttur launa lækki umtalsvert á þessu ári og því næsta. Það mun einkum bitna á þeim sem aðeins hafa fengið umsamdar launahækkningar.*

*Mikil lækking á gengi íslensku krónunnar undanfarið ár, lækking sem er langtum meiri en efnahagslegar forsendur gefa tilefni til, hefur leitt til hratt vaxandi verðbólgu með tilheyrandi kaupmáttarskerðingu og hækkun verðtryggðra lána heimilanna. Seðlabankinn hefur bent á að svo lágt gengi fái ekki staðist til lengdar og því sé hækkun þess óhjákvæmileg. Hann bendir jafnframt á að hækkun raungengis krónunnar geti orðið með hækkun krónunnar á gjaldeyrismarkaði eða með aukinni verðbólgu. Verði það síðast nefnda*



raunin, er ljóst að almennt launafólk stendur frammi fyrir mikilli og varanlegri lækkun kaupmáttar og þar með er friði og stöðugleika á vinnumarkaði ógnað til frambúðar. Alþýðusamband Íslands ítrekar að ríkisstjórn og Seðlabanki bera mikla ábyrgð á að koma í veg fyrir að slíkt verði niðurstaðan.

Alþýðusamband Íslands telur að við núverandi aðstæður sé afar mikilvægt að lækka verðbólgu og skapa þannig forsendur fyrir því að Seðlabankinn geti lækkað vexti hratt og örugglega. Líklegasta og skjótasta leiðin til þess er að framkalla hratt hækkun á gengi íslensku krónunnar með beinum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar á gjaldeyrismarkaði. ASÍ telur að ríkisstjórnin eigi að beita sér fyrir því að skapa aukið framboð gjaldeyris á gjaldeyrismarkaði með því að taka 15-20 miljarða króna erlent lán og nota það til þess að greiða upp innlend lán ríkissjóðs. Slík aðgerð myndi hvort tveggja í senn styrkja gengi íslensku krónunnar og lækka langtímavexti á skuldabréfamarkaði án þess að það leiði til aukinnar neyslu eða fjárfestinga, heldur draga úr vaxtakostnaði heimila og fyrirtækja. Hækkun á gengi krónunnar skapar forsendur til að lækka verðlag á innflutningi og draga þannig úr verðbólgu. Það gerir Seðlabankanum jafnframt kleyft að lækka hratt skammtímavexti.

Alþýðusamband Íslands ítrekar þá kröfu sína að stjórnvöld nýti nú þegar að fullu heimildir til að lækka tolla á grænmeti til hagsbóta fyrir neytendur og bendir á að ganga má mun lengra í þeim efnum. Þá bendir Alþýðusambandið á að ríkisstjórnin getur lækkað óbeina skatta eins og bensíngjald.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að sveitarfélögin í landinu gegna mikilvægu hlutverki við að verja stöðugleikann og kaupmáttinn. ASÍ mótmælir miklum hækkunum á þjónustugjöldum sveitarfélaga undanfarið, s.s. á dagvistargjöldum og fargjöldum almenningsvagna og telur að með þeim séu sveitarfélögin að skjóta sér undan ábyrgð á eigin ákvörðunum og velta þeim yfir á almenning. Þá gerir ASÍ kröfur til þess að tæknilegar breytingar á fasteigna- og brunabótamati leiði ekki til hækkunar á sköttum og öðrum álögum á almenning.

Alþýðusamband Íslands áréttar að mikilvægt er að þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til verði fylgt eftir með verðaðhaldi og virkri samkeppni aðila sem bjóða vöru og þjónustu á markaði, þannig að þær skili sér að fullu. Nauðsynlegt er að stjórnvöld beiti þeim tækjum sem þau ráða yfir í þessum efnum, auk þess sem virkt aðhald neytenda og samtaka þeirra getur skipt sköpum.

## **Aðgerðir til að tryggja stöðugleika og kaupmátt:**

1. Erlend lántaka ríkissjóðs til að greiða upp innlend lán, stuðlar að hækkun íslensku krónunnar og lækkun innflutningsverðlags auk lækkunar á lang-tímavöxtum.
2. Heimildir til lækkunar á tollum á grænmeti verði nýttar að fullu og bensín-gjald lækkað og lækkun annarra óbeinna skatta könnuð.
3. Lækkun skammtímavaxta Seðlabanka Íslands í kjölfar lækkandi verðbólgu.
4. Sveitarfélög og stjórnvöld komi í veg fyrir að breytingar á fasteigna- og brunabótamati verði nýttar til að hækka álögur á almennig.
5. Efnit verði til samstarfs aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda til að tryggja aðhald að verðlagi með virkri samkeppni þannig að aðgerðir skili sér að fullu til neytenda.“

Fyrstu viðbrögð á gjaldeyrismarkaði við tillögum ASÍ voru mjög jákvæð og fór gengi íslensku krónunnar að styrkjast næstu vikurnar vegna væntinga um inn grip. Þegar ljóst var eftir sumarleyfi að ágreiningur væri milli ASÍ og stjórnvalda um tilefni og ástæður sérstakra aðgerða fór gengið að síga aftur jafnt og þétt. Hagdeild ASÍ, greiningardeildir bankanna og hagdeildir samtaka atvinnurekenda töldu margar vísbendingar vera til þess að ofþennslutímabilinu væri lokið og þrýstu á Seðlabankann að lækka vexti til þess að koma í veg fyrir of mikinn og hraðan samdrátt í eftirspurn og fjárfestingum með tilheyrandi áhrifum á atvinnustig. Þannig ályktaði miðstjórn ASÍ þann 5. september:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum af stöðu og horfum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Bæði hefur verðbólga undanfarna mánuði verið óásættanlega mikil vegna mikillar gengislækkunar íslensku krónunnar og langvarandi hás vaxtastigs. Jafnframt hefur komið í ljós að þrátt fyrir góðari hefur ríkissjóður verið rekinn með miklum halla vegna stóraukinna lífeyrisskuldbindinga og fjármagna verður með auknum sköttum og álögum á almenning og fyrirtæki á næstu árum.*

*Miðstjórn ASÍ telur, að verði ekki gripið í taumana með beinum aðgerðum ríkisstjórnar og Seðlabanka sé hættu á verulegum samdrætti á næstu mánuðum sem erfitt verði að snúa við. ASÍ hefur lagt fram tillögur til ríkisstjórnar um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir greiðsluerfiðleika heimila og fyrirtækja, en lítið verið að gert. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að Seðlabanki hefji nú þegar að lækka vexti í fáum en stórum áföngum til þess að draga úr verðbólguþrýstingi hárra vaxta og undirbyggja nýjar fjárfestingarákvarðanir til þess að koma í veg fyrir verulegan samdrátt.“*

Seðlabankinn var hins vegar ósammála þessum greiningum og hélt stýri-vöxtum áfram mjög háum. Í byrjun september óskuðu forystumenn ASÍ og SA eftir fundi með ríkisstjórninni til þess að ræða stöðu mála, og inna stjórn-völd eftir því hvað þau sæu fyrir sér um þróun mála og aðgerðir til þess að sporna við áframhaldandi falli krónunnar. Það væri mat aðila vinnumarkaðar að allt benti til þess að reyna myndi á forsendur kjarasamninga í febrúar 2002 að óbreyttu. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar töldu afar mikilvægt að afgreiða fjárlög með þeim hætti að það legði grunn að auknum stöðugleika og boðuðu jafnframt verulegar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja, m.a. með lækkuð tekjuskatts fyrirtækja. Þá þegar gerðu fulltrúar ASÍ alvarlega athugasemd við þessa hugmynd, sérstaklega í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi væru og var því heitið að kynna aðilum slíkar breytingar áður en þær yrðu endanlega afgreiddar í ríkisstjórn.

## **Skattar lækkaðir af fyrirtækjum og hátekjufólki Samskiptum ASÍ og stjórnvalda stefnt í hættu**

Þegar fjárlög voru lögð fram í byrjun október kynnti ríkisstjórnin verulegar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja og einstaklinga. Þrátt fyrir loforð og fyrirheit um að samráð yrði haft um útfærslu breytinga á lögum um tekju- og eignaskatt ákvað ríkisstjórnin að fara í þá mestu skattalækkun á fyrirtæki og stóreigna- og hátekjufólk sem um getur.

Hagdeild ASÍ sendi frá sér ítarlegt mat á áhrifum þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs. Þar kom fram að mestur hluti tekjutaps ríkissjóðs vegna skattalækkananna komi fram árið 2003. Árið 2002 lækka tekjurnar vegna afnáms skattlagningar húsaleigubóta, hækkunar viðmiðunarmarka í hátekjuskatti og 0,33% lækkuð á skatthlutfalli einstaklinga, sem ASÍ var lofað við endurskoðun kjarasamninga í mars sl. Í kostnaðarmati sínu reiknaði ríkisstjórnin með kostnaði vegna þessarar breytingar. Einnig reiknaði hún með því að tekjutap vegna hækkunar fríeignamarka í eignaskatti um 20% hefði í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð. Fram kom að markmiðið með þessum breytingum var að koma í veg fyrir að hækkun á fasteignamati hefði í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þegar fyrir lá hve mikil hækkun var á fasteignamati í sumar, lýsti fjármálaráðherra því yfir að ekki stæði til að það hefði í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Það er því ekki raunhæft að reikna tekjutap þeirra vegna.

Ríkisstjórnin áætlaði að þessar breytingar hefðu í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði um 7,1 milljörðum lægri þegar allar breytingarnar væru fram komnar 2003. Þar sem ríkisstjórnin gaf sér að skattalækkun á fyrirtæki skili meiri tekjum þegar fram í sækir, eða sem nemur um 3,5 milljörðum, áætlaði

hún að nettótekjutap ríkissjóðs af skattalækkununum verði einungis 3,6 milljarðar.

Ríkisstjórnin rökstyður þessar væntingar um auknar tekjur með því að benda á að þegar skattar á fyrirtæki voru lækkaðir fyrir miðbik síðasta áratugar, þá hafi tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja aukist en ekki minnkað. Virðist sem ríkisstjórnin hafi gleymt bakgrunninum. Tekjuaukninguna má þó fyrst og fremst rekja til áhrifa þeirra kjarasamninga sem gerðir voru 1993. Þar færði launafólk miklar fórnir en lagði með því grundvöll að bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem var upphafið að þeim mikla hagvexti sem verið hefur hér síðan þá og hafði í för með sér að tekjur af tekjusköttum fyrirtækja jókst. Einnig jukust tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja vegna breikkunar á skattstofni (undanþágum var fækkað).

Ekki var í tillögum ríkisstjórnarinnar að finna nánari útlistun á því hvenær þessir 3,5 milljarðar gætu skilað sér í ríkiskassann.

## Mat hagdeildar ASÍ á tekjutapi og tekjuauka ríkissjóðs vegna boðaðara skattabreytinga

<b>Einstaklingar:</b>	<b>Tekjutap / tekjuauki</b>
Eignarskattar einstaklinga lækka úr 1,2% í 0,6% (árslok 2002)	- 2.000 milljónir
Niðurfelling Þjóðarbókhlöðuskatts (árslok 2002)	- 400 milljónir
Skattlagning húsaleigubóta afnumin (2002)	- 150 milljónir
Fritekjumörk hátekjuskatts hækkuðu um 15% (vegna tekna 2001)	- 600 milljónir
<b>Tekjutap vegna lækkunar skatta á einstaklinga</b>	<b>3.150 milljónir</b>
<b>Fyrirtæki:</b>	
Eignarskattar fyrirtækja lækka úr 1,2% í 0,6% (árslok 2002)	- 1.100 milljónir
Niðurfelling Þjóðarbókhlöðuskatts (árslok 2002)	- 400 milljónir
Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%	- 2.700 milljónir
<b>Tekjutap vegna lækkunar skatta á fyrirtæki</b>	<b>4.200 milljónir</b>
<b>Tekjutap brúttó</b>	<b>7.350 milljónir</b>
Tryggingagjald hækkar úr 5,23% í 6% - um 0,77%	+3.500 milljónir
<b>Tekjutap nettó</b>	<b>3.850 milljónir</b>

Viðbrögð innan verkalyðshreyfingarinnar við þessum tíðindum voru mjög hörð og var ákveðið að kalla miðstjórn ASÍ saman til aukafundar mánudaginn 8. október til þess að fjalla um þessar tillögur. Í viðbrögðum forystu ASÍ í fjölmíðlum hafði komið fram mjög mikil gagnrýni á þessar tillögur og því jafnframt lýst yfir að ríkisstjórnin hefði rofið loforð sitt um formlega aðkomu verkalyðshreyfingarinnar að móton þessara aðgerða áður en þær yrðu kynntar opinberlega. Á aukafundi miðstjórnar var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

*„Alþýðusamband Íslands telur að með boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum hafi kjarasamningar á almennum vinnumarkaði verið settir í uppnám. Hækkun tryggingagjalds þýðir hækkun á launakostnaði fyrirtækja án þess að sú hækkun skili sér til launafólks. Þvert á móti er ekkert sem bendir til annars en að hækkun tryggingagjaldsins muni fara beint út í verðlagið, auka verðbólgu og þannig leiða til beinnar kaupmáttarskerðingar fyrir almennung í landinu.*

*Ríkisstjórnin er ekki aðeins að þrengja mjög að möguleikum verkalyðshreyfingarinnar til að ná til baka þeirri kjaraskerðingu sem orðið hefur undanfarna mánuði, heldur auka hana enn frekar. Boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú ganga þannig þvert á kröfur verkalyðshreyfingarinnar um aðgerðir sem leiddu til lækkunar verðbólgu.*

*Gangi boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eftir, er vandséð hvernig verkalyðshreyfingin getur komist hjá því að segja upp launalið kjarasamninga í byrjun næsta árs og beita samtakamætti sínum til að sækja kjarabætur fyrir félagsmenn sína.*

*Boðaðar skattalækkunarir á einstaklinga munu ekki breyta neinu um þá niðurstöðu sem hér hefur verið lýst. Að vísu er þar komið til móts við kröfu verkalyðshreyfingarinnar um afnám skattlagningar húsaleigubóta og að hluta til kröfu um lækkun stimpilgjalda. Skattalækkunarir munu þó fyrst og fremst skila sér til hátekjufólks og eignamanna, á sama tíma og skattleysismörkunum er haldið óbreyttum. Niðurstaðan er sú að venjulegt launafólk á að taka á sig kjaraskerðinguna.*

*Alþýðusamband Íslands telur miklar líkur á því að boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar leiði til minni umsvifa og samdráttar í viðskiptum. Kaupmáttarskerðing vegna hækkunar tryggingargjalds minnkar einfaldlega kaupgetu almennings á vöru og þjónustu. Heildaráhrif breytinganna eru þeim mun neikvæðari sem þáttur launa er meiri, t.d. í vaxtargreinum í iðnaði og þjónustu. Þá mun hækkun tryggingargjaldsins þrengja að nýstofnuðum fyrirtækjum, sem ekki eru farin að skila hagnaði, en myndu að*

*öðru jöfnu standa undir hagvexti komandi ára. Þetta gildir einnig um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Það eru hins vegar fyrst og fremst fjármála- og tryggingafyrirtæki sem njóta munu þessara breytinga.“*

Eins og fram kemur í þessari ályktun miðstjórnar var mikil andstaða innan ASÍ við þessum skattabreytingum og ljóst að tillögurnar höfðu mikil og neikvæð áhrif á umræðuna um aðkomuna að endurskoðun kjarasamninga. Spurningin var hins vegar hvort hreyfingin ætti að einhenda sér í að slást gegn þessum tillögum eða þvinga fram raunhæfar aðgerðir til lækkunar verðbólgu. Ljóst var að ekki yrði líklegt að hægt yrði að ná árangri í báðum málunum. Niðurstaða forystunnar var að brýnasta úrlausnarefnið næstu mánuði væri að ná niður verðbólgunni, en jafnframt koma því skilmerkilega á framfæri gagnvart ríkisstjórn, Alþingi og atvinnurekendum hvar ASÍ teldi að ábyrgðin á áhrifum skattalagabreytinganna væri. Á fundi miðstjórnar þann 21. nóvember var eftirfarandi ályktun samþykkt vegna afgreiðslu Alþingis á 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2002:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum sínum yfir fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum, sérstaklega breytingar á skattaumhverfi atvinnulífsins. Sýnt er að bæði langtímaáhrif þessarar aðgerðar á íslenskt atvinnulíf og einkum og sér í lagi tekjuáhrifin á afkomu ríkissjóðs verði mjög neikvæð.“*

*Miðstjórn ASÍ hefur áður lýst algjörri andstöðu sinni við öll áform um hækkun tryggingargjaldsins, sem hún telur beina aðför að hagsmunum launafólks og krefst þess að verði dregin til baka.*

*Miðstjórn ASÍ lýsir því allri ábyrgð á afleiðingum þessara aðgerða á ríkisstjórn og atvinnurekendur. Jafnframt vill miðstjórn ASÍ koma því á framfæri, að verkalýðshreyfingin mun á næstu misserum beita sér gegn því að væntanlegur tekjusamdráttur ríkissjóðs verði látinn bitna á uppbyggingu velferðakerfisins með niðurskurði. Þá mun öllum áformum um auknar skattaálögum á almenning umsvifalaust verða svarað með launahækkunarkröfum á hendur atvinnurekenda.“*

## **Samráð og samstaða innan ASÍ**

Á haustmánuðum var víða í hreyfingunni fjallað um þá alvarlegu stöðu sem launafólk stóð frammi fyrir vegna hækkandi verðbólgu og vaxandi atvinnuleysis. Á öllum fundum miðstjórnar ASÍ var fjallað um stöðuna og með hvaða hætti ASÍ gæti beitt sér til þess að ná fram breytingum á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Á ársfundi Starfsgreinasambandsins í október var ályktað að

mikilvægt væri fyrir verkalýðshreyfinguna að standa þétt saman um kröfu sína um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabanka til þess að draga úr verðbólgu og lækka vexti. Jafnframt var áréttað mikilvægi þess að félög innan ASÍ myndu viðhafa náíð samráð við væntanlega endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2002. Framkvæmdastjórn Samiðnar, miðstjórn RSÍ og þing Landsambands íslenskra verslunarmanna ályktuðu einnig í sömu veru. Eftir að fjárlög voru sett fram í byrjun október og aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skattamálum voru kynntar mátti greina verulegra breytingar á innihaldi yfirlýsinga og ályktana innan sambandsins. Verulegrar óþreyju fór að gæta og þótti mönnum ljóst að ekki stæði til að gera neitt til þess að koma til móts við aukna greiðslubyrði launafólks vegna aukinnar verðbólgu.

Á grundvelli yfirlýsinga sambandanna og umræðu miðstjórnar var þann 1. nóvember haldinn fundur formanna landssambanda og stærstu félaga innan ASÍ til þess að fara yfir stöðuna og ræða hvernig best yrði að haga undirbúningi endurskoðunar kjarasamninga sem fram færi í febrúar. Ljóst var að endurskoðunarákveði kjarasamninga einstakra sambanda og félaga væru ekki samhljóða og því ljóst að málið væri á hendi margra aðila. Samstaða var um að vinna náíð saman við endurskoðunina og tryggja víðtækt samráð við aðildarfélögin þannig að þau hefðu yfirsýn yfir framvindu mála. Ákveðið var að boða til formlegs samráðsfundar um miðjan nóvember þar sem 5-6 fulltrúar kæmu frá hverjum af þeim aðilum sem komu að gerð kjarasamninganna voru í 2000 þar sem rætt yrði hvaða leiðir væru færar. Samstaða var um, að forgangsverkefni hreyfingarinnar á næstu vikum væri að ná niður verðbólgu og lækka vexti og að málið yrði unnið á þeim forsendum að allar líkur væru á því að verðlagsforsenda kjarasamninga sem koma átti til endurskoðunar í febrúar 2002 myndi ekki standa. Þetta gæti gefið hreyfingunni samningsstöðu gagnvart ríkisstjórn og atvinnurekendum og mikilvægt að nýta hana til fullnustu. Ákveðið var að senda eftirfarandi erindi til þeirra aðila sem málið varðaði, þar sem málsmeðferðin var kynnt sérstaklega ásamt ósk um tilnefningu fulltrúa á samráðsfund sem haldinn var 20. nóvember í húsakynnum ASÍ.

*„Þann 1. nóvember sl. var á vettvangi Alþýðusambandsins haldinn fundur til að kanna áhuga á nánú samráði innan ASÍ við endurskoðun laumaliðar kjarasamninganna í febrúar á næsta ári. Til fundarins var boðið fulltrúum landssambanda, samstarfsnefndar landsfélaga með beina aðild og annarra aðildarfélaga sem stóðu að gerð kjarasamninga á síðasta ári fyrir félagsmenn Alþýðusambandsins.*

*Það var niðurstaða fundarins að stefna bæri að slíku samráði, þar sem boðað yrði til nýs fundar fulltrúa framangreindra aðila síðar í nóvember-*



*mánuði þar sem farið yrði efnislega yfir málið. Í framhaldi af slíkum fundi væri eðlilegt að stefna síðan að fundi formanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins í fyrri hluta desember til þess að tryggja breiða aðkomu að umræðunni.“*

Á þessum samráðsfundi var farið yfir stöðu mála og kynntar hugmyndir um aðgerðaráætlun til þess að styrkja gengi krónunnar með það að markmiði að lækka verðbólgu. Gerð var grein fyrir því að ef hreyfingin vildi endurnýja aðkomu sína að launalið samninganna með gerð nýrra kjarasamninga þyrfti ekki annað en að bíða til febrúar og láta reyna á uppsagnarákvæði, allt stefndi í að launaliður yrði uppsegnanlegur vegna aukinnar verðbólgu. Ef hreyfingin vildi hins vegar beita sér fyrir aðgerðum til þess að lækka verðbólgu yrðum við að búa til tíma til þess að slíkar aðgerðir gætu farið að hafa áhrif. Niðurstaða fundarins var, að hreyfingin ætti tvímælaust að leggja sig alla fram um að ná fram raunhæfum aðgerðum til að lækka verðbólgu. Skuldsetning heimilanna og verðtrygging þeirra gerði það að verkum að það skipti hreinlega öllu máli að ná verðbólgunni niður, í því fælust miklar kjarabætur sérstaklega fyrir fólk með lágar tekjur. Í ljósi þessa var eftirfarandi hugmynd um „aðgerðarplan“ kynnt:

- Ríkisstjórnin komi beint að málinu með afgerandi og sýnilegum hætti til þess að styrkja gengi íslensku krónunnar á gjaldeyrismarkaði og skapi jafnframt trúverðugar aðstæður til þess að það skili sér í verðlagi.
- Samtök atvinnulífsins bæti í launalið kjarasamninga til þess að koma til móts við áhrif aukinnar verðbólgu.
- Gangi þetta eftir sé verkalýðshreyfingin tilbúin til þess að fresta endurskoðun kjarasamninga frá febrúar 2002 til maí 2002, þar sem sett verði „rautt strik“ m.v. að verðbólga verði innan tiltekinna marka. Gangi það markmið eftir verði ekki talið tilefni til uppsagnar.

Eftir allmiklar umræður um trúverðugleika slíkra aðgerða, hvað þær efnislega þyrftu að innihalda og hvernig þær yrðu kynntar fyrir aðildarfélögunum, var ákveðið að heimila sérstakri samráðsnefnd að vinna málið áfram gagnvart ríkisstjórn og atvinnurekendum.

Á þessum fundi kom fram mikill vilji til að ganga til þessa verks sameiginlega. Ríkisstjórnin sat fast við sinn keip, sagði allar forsendur í efnahagslífinu hagstæðar, krónan muni styrkjast og verðbólga fara minnkandi, án þess að gripidd verði til aðgerða. Forsætisráðherra hafði þó viðurkennt, að miðað við verðbólguna væri ljóst að þær forsendur sem gengið var út frá við gerð kjarasamninga vorið 2000 væru brostnar.

Forsætisráðherra hafði gefið í skyn að það væri óskynsamlegt að launalið



kjarasamninga verði sagt upp - jafnvel þó allar forsendur séu til þess. Á sama tíma lét hann að því liggja í viðtölum að ekki sé ætlunin að grípa til neinna aðgerða til að bæta stöðuna eða líða fyrir farsælli lendingu. Þess í stað brást hann við eins og oft áður. Hlutirnir eigi einfaldlega að lagast af sjálfu sér. Hann hafði haldið því fram, að vegna launaskriðs hefði kaupmáttur ekki rýrnað, þrátt fyrir verðbólguna. Auðvitað var það rétt að þetta gilti um suma, en ekki um þá sem einungis höfðu fengið umsamdar hækkningar. Hjá þeim var kaupmáttur þegar farinn að rýrna og það yrði ekki hægt að líða til lengdar.

## Samstaðan skilar árangri

Mikil og stíf fundarhöld voru hjá samráðsnefndinni innan ASÍ og við fulltrúa SA og ríkisstórnarinnar í lok nóvember og byrjun desember, en á samráðsfundinum þann 20. nóvember var ákveðið að boða formenn allra aðildarféлага innan ASÍ til fundar þann 10. desember, þar sem tekin yrði endanleg afstaða til þess hvort og hvernig hreyfingin kæmi að málinu. Jafnframt kom það mjög skýrt fram hjá öllum sem að málinu komu, að yrði ekki gripið til markvissra úrræða væri augljóst að ekki yrði komist hjá því að segja upp launalið kjarasamninganna í febrúar. Fulltrúum ríkisstjórnar og atvinnurekenda var gerð grein fyrir því, að langlundargeð forystumanna sambandanna og félaganna innan ASÍ væri að breyta og augljóst hvert stefndi ef ekki næðist samkomulag. Um mánaðarmótin voru eftirfarandi forsendur fyrir aðkomu ASÍ að málinu kynntar fyrir atvinnurekendum og ríkisstjórn og óskað eftir formlegri afstöðu til þess hvort líklegt væri að samkomulag gæti náðst á þessum nótum:

## Forsendur samkomulags milli ASÍ og SA

1. *Vísitala neysluverðs verði ekki hærri en 221 stig í maí 2002. Þessu verði náð með því að stuðla að því að gengi íslensku krónunnar hækki á næstu mánuðum og verði komið niður fyrir 135 á öðrum ársfjórðungi næsta árs.*
2. *Verðlagseftirlit verkalýðsfélaganna verði eftir til þess að auka aðhald og stuðla að skilvirkari samkeppni á markaði.*
3. *Fjárlög verði afgreidd með afgangi og ríkisstjórnin setji í gang hag-ræðingaradgerðir í stjórnsýslu og opinberum stofnunum sem skili amk. 1% framleiðniaukningu á árinu 2002 og 2% á árinu 2003, án þess að þjónusta verði skert.*
4. *Ríkisstjórn tryggir:*
  - a. *Fallið verði frá hækkun tryggingargjaldsins 1. janúar 2003.*
  - b. *Gefin verði út yfirlýsing um samræmingu kjara félagsmanna í ASÍ og opinberu samtakanna.*

- c. Lagðar verði 30 mill.kr. árið 2002 og 60 mill.kr. 2003 og síðar í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.*
5. *Breytingar á samsetningu skulda ríkissjóðs til þess að auka gjaldeyrisflæði á markaði:*
    - a. *Ríkissjóður beini bæði nýjum lántökum og endurfjármögnun innlendra lána með þeim hætti að gjaldeyrisflæði aukist á markaði og stuðli þannig að því að markmið samningsaðila um hækkun gengis íslensku krónunnar nái fram að ganga.*
    - b. *Ríkissjóður greiði niður/upp löng innlend lán til með það að markmiði að langtímavextir geti lækkað á markaði og stuðlað verði að rýmri lausaffjárstöðu banka og fjármálastofnana.*
  6. *Lífeyrissjóðirnir lýsi fjárfestingaráformum sínum næstu 6-8 mánuði.*
  7. *Seðlabanki lýsi áliti sínu á þessum aðgerðum með sérstakri skýrslu og styðji markmiðin, án þess að hann gefi neinar tryggingar fyrir tiltekinni gengisvísitölu.*
  8. *Vextir lækki í áföngum næstu mánuði í takt við lækkun verðbólgu og að hugað verði að minna aðhaldsstigi peningamálastefnunnar í takt við samdrátt í landsframleiðslu.*
  9. *Samkomulag verði um breytingar á innflutningsvernd grænmetis, tollar (verð og magn) verði afnumdir, innflutningur gefinn frjálts og bein-greiðslur til bænda teknar upp í tiltekinn tíma.*
  10. *Frestun á endurskoðun kjarasamninga fram í maí 2002 og standist markmið um verðlag verði ekki uppsagnarmöguleiki.*
  11. *Komi ekki til uppsagnar, verði gerðar eftirfarandi breytingar á gildandi kjarasamningum:*
    - a. *Framlag atvinnurekenda í viðbótarlífeyrissparnað verði fest án til-lits til framlags launamanns.*
    - b. *Launahækkun 1. janúar 2003 hækki frá núverandi samningi.*

Erfiðlega gekk að fá ríkisstjórn til þess að fallast á að hafa bein afskipti af gjaldeyrismarkaði með þessum hætti, sérstaklega með yfirlýstum markmiðum um að tiltekinni gengisvísitölu yrði náð eða hversu miklum upphæðum yrði beint yfir gjaldeyrismarkaðinn með skuldbreytingum. Hvoru tveggja gæti verið túlkað sem ákveðin „gengisábyrgð“ á gjaldeyrismarkaði, sem hvorki Seðlabanki né ríkisstjórn gætu eða vildu undirgangast. Fulltrúar ASÍ í þessum við-ræðum voru sammála þessu sjónarmiði, aðalatriðið fyrir launafólk væri að verðbólgan yrði innan tiltekinna marka og að áhrif gengishækkunar kæmi fram í verðlagi en ekki hvort gengisvísitalan sjálf væri á einhverju tilteknum stað. Jafnframt töldu þeir mikilvægt að orðalag yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar

væri ótvírætt og að ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir því til hvers væri ætlast af henni þannig að hægt yrði að gera hana pólitískt ábyrga fyrir framvindunni. Í byrjun desember fóru aðilar að nálgast samkomulag bæði um formið á þríhliða samkomulagi og einnig efnislegt innihald.

## Samkomulag í höfn

Þann 10. desember boðaði ASÍ til fundar formanna allra aðildarfélaga innan ASÍ og var hann afar vel sóttur. Á fundinum voru öll helstu efnisatriði fyrir-  
liggjandi draga að samkomulagi við ríkisstjórn og atvinnurekendur kynnt og rædd ítarlega. Miklar umræður urðu um málið, bæði hvað varðar form og umboð viðræðunefndar og innihald þeirra draga sem lágu fyrir. Hagdeild ASÍ taldi, að miðað við gildandi verðbólguþá Seðlabankans og líkleg áhrif þessara aðgerða á laun og verðlag, mætti ætla að kaupmáttur á árinu 2003 yrði 3-4% betri en ella og að áhætta launafólks væri fólgin í því að sitja þremur mánuðum lengur bundin af kjarasamningum ef allt fer úr skorðum, þ.e. að ef verðbólga verði ekki innan rauðu strikana frestast opnun launaliðar frá júní til september. Nokkurrar gagnrýni gætti á fundinum um hversu rýr í roðinu aðkoma SA væri að málinu, bæði málefnalega í aðdragandanum og einkum það sem þeir væru tilbúnir til þess að leggja af mörkum inn í samninginn. Eftir 5 tíma fund var eftirfarandi ályktun um málsmeðferð samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta:

*„Fundur formanna aðildarfélaga innan ASÍ telur rétt að viðmiðunartíma endurskoðunar á forsendum gildandi kjarasamninga verði frestað frá febrúar 2002 til maí 2002 með fyrirvara um að atvinnurekendur bæti í launalið og lífeyrisréttindi félagsmanna innan ASÍ.*

*Reyni þá á verðlagsforsendu samninganna, þ.e. að verðlagsbreytingar verði meiri en sem nemur rauðu striki í vísitölu neysluverðs m.v. 222,5, munu stjórnir og trúnaðarmannaráð einstakra stéttarfélaganna taka ákvörðun um uppsögn launaliðar kjarasamninga eftir þeim venjum og hefðum sem um það gilda.“*

Í framhaldi af þessum fundi og í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu um aðkomu atvinnurekenda, settist viðræðunefndin að frekari viðræðum við fulltrúa SA um aðkomu þeirra að málinu. Nokkur ágreiningur kom upp við SA um bæði útfærslu á greiðslu atvinnurekenda í séreignasjóði og hversu mikið launahækkunin 1. janúar 2003 myndi hækka. Jafnframt vildu fulltrúar ASÍ fá skarpara orðalag á yfirlýsingu fjármálaráðherra vegna leiðréttinga á kjörum félagsmanna ASÍ hjá ríkinu í samanburði við starfsfélaga sína í félögum opin-

berra starfsmanna. Að morgni dags þann 13. desember var gerð úrslitatilraun til þess að ná samkomulagi, bæði á fundi með fulltrúm SA og á fundi með fjármálaráðherra. Endanlegt samkomulag náðist milli aðila og var boðað til blaðamannafundar í húsakynnum ASÍ kl. 13:00 þennan sama dag, þar sem samkomulagið var kynnt:

## **Samningur milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar**

*Verðbólga hefur farið ört vaxandi á undanförnum mánuðum. Að óbreyttu stefnir í að verðbólga verði utan þeirra marka sem byggt var á við samningsgerðina vorið 2000. Það er mikið hagsmunamál, jafnt launafólks og fyrirtækja, að komið verði í veg fyrir að mikil verðbólga festist í sessi og því nauðsynlegt að gripið verði til mótvægisáðgerða.*

*Stöðugleiki á vinnumarkaði er mikilvæg forsenda stöðugleika í verðlags- og gengismálum. Það er því mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagslífinu að draga úr óvissu um kostnaðar- og verðlagsþróun á næsta ári. Þróunin ræðst þó ekki síst af ákvörðunum stjórnvalda og Seðlabanka.*

*Að undanfögnu hafa fulltrúar ASÍ og SA átt viðræður við fulltrúa ríkisstjórnar og Seðlabanka um leiðir til að treysta stöðugleika og minnka verðbólgu. Ræddar hafa verið hugmyndir um samstilltar aðgerðir sem stuðlað geti að hækkun gengis krónunnar, minnkandi verðbólgu og lækkun vaxta.*

*Niðurstaða framangreindra viðræðna liggur nú fyrir, sem m.a. kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands dags. 12. desember 2001. Er það mat samtakanna að efnahagslegar forsendur séu fyrir umtalsverðri styrkingu krónunnar og rök fyrir því að það gerist á allra næstu mánuðum. Gangi það eftir og áhrif þess á verðlag verði markverð má vænta þess að hratt dragi úr verðbólgu á næstunni og verðbólguforsenda kjarasamninga standist.*

*Í ljósi samráðs ASÍ, SA og ríkisstjórnar um samstilltar efnahagsaðgerðir hafa aðilar komist að eftirfarandi samkomulagi:*

*Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd aðildarsamtaka sinna, annars vegar og Samtök atvinnulífsins hins vegar hafa komist að samkomulagi um eftirfarandi:*

### **1. Rautt strik**

*Samningsaðilar eru sammála um að verði vísitala neysluverðs eigi hærrí en 222,5 stig í maí 2002 teljist verðlagsforsenda kjarasamninga hafa staðist. Standist þessi forsenda ekki eru launaliðir viðkomandi kjarasam-*

inga uppsegjanlegir í maí með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

## **2. Viðbótarframlag í séreignarsjóð**

Samkvæmt gildandi kjarasamningum er vinnuveitanda skylt frá 1. janúar 2002 að greiða 2% mótframlag í séreignarsjóð (eða eftir atvikum samreignarsjóð) gegn 2% viðbótarframlagi launamanns. Samkomulag er um breytingar á þessu ákvæði þannig að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Áfram gildir reglan um 2% mótframlag gegn 2% viðbótarsparnaði launamanns og leiðir þessi viðbót ekki til hækkunar á því. Framangreind breyting gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem lög- og sammingsbundin lífeyrisframlög vinnuveitanda eru samtals 7% eða hærri. Framlag þetta greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi launamaður á aðild að, nema launamaður ákvæði annað.

## **3. Almenn launahækkun 1. janúar 2003**

Samkomulag er um að almenn launahækkun þann 1. janúar árið 2003 verði 0,40% hærri en ella.

Framangreindar viðbætur við kjarasamninga um viðbótarframlag í séreignarsjóði og almenna launahækkun 1. janúar 2003 eru háðar því að verðlagsviðmiðun samkvæmt 1. tl. hér að framan standist í maí 2002 og að ekki komi til uppsagnar launaliðar kjarasamninga. Verði launalið kjarasamninga sagt upp í maí 2002 koma viðbæturnar ekki til framkvæmda.

Reykjavík, 13. desember 2001

F.h. aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands F.h. Samtaka atvinnulífsins

## **Nefnd ASÍ og SA um sammingsforsendur**

*Endurskoðun og frestun á mati á sammingsforsendum*

Í kjarasamningum Flóabandalagsins, Starfsgreinasambandsins og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins er samhljóða ákvæði um sammingsforsendur. Kveðið er á um skipan sérstakrar nefndar sem hafi það hlutverk að leggja mat á það hvort forsendur hafi staðist. Skal mat nefndarinnar fara fram í febrúarmánuði árin 2001, 2002 og 2003. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstaðna nefndarinnar. Nefndin skal fjalla um það á ofangreindum tímamótum hvort sú forsenda sem samningarnir hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi,

*hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist er launaliður samninganna uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.*

*Fyrsta mat nefndarinnar á forsendum fór fram í marsbyrjun þessa árs. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu þann 6. mars sl. að verðþróunarákvæði samninganna hefðu staðist og að með tilteknum breytingum á launalið samninganna væri ekki tilefni til uppsagnar þeirra.*

*Í ljósi samnings milli ASÍ og SA, dags. 13. desember 2001, og honum tengd yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, dags. 13. desember 2001, liggur fyrir að ekki verður um frekara mat á samningsforsendum á árinu 2002 að ræða af hálfu nefndarinnar. Samningur ASÍ og SA kveður á um skýrt viðmið sem fastsetur uppsagnarheimild vegna verðbólguforsendna m.v. maí 2002. Í framangreindu felst því full og endanleg niðurstaða vegna starfa nefndarinnar vegna ársins 2002.*

*Reykjavík, 13. desember 2001*

*Ari Edwald [sign]*

*Hannes G. Sigurðsson [sign]*

*Gylfi Arnbjörnsson [sign]*

*Rannveig Sigurðardóttir [sign]*

## **Samkomulag VR/LÍV og SA um samningsforsendur**

*Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar, sem undirritaður var 14. maí 2000 og gildir til 1. mars 2004, er eftirfarandi ákvæði um samningsforsendur:*

*„Samningsaðilar eru sammála um að forsenda þessa samnings sé að verðbólga fari minnkandi. Í febrúar ár hvert munu samningsaðilar meta hvort forsendur sem samningur þessi hvílir á hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist eru launaliðir samningsins uppsegjanlegir með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.“*

*Í ljósi samnings milli ASÍ og SA, dags. 13. desember 2001, og honum tengd yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, dags. 13. desember 2001, liggur fyrir að ekki verður um frekara mat á samningsforsendum á árinu 2002 að ræða af hálfu samningsaðila. Samningur ASÍ og SA kveður á um skýrt viðmið sem fastsetur uppsagnarheimild vegna verðbólguforsendna m.v. maí 2002. Í þessu felst full og endanleg niðurstaða samningaðila við mat á samningsforsendum vegna ársins 2002.*

*Reykjavík, 13. desember 2001*

*F.h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur      F.h. Samtaka atvinnulífsins  
og Landssambands íslenskra verzlunarmanna*

# **Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins**

## **1. Stöðugleiki í efnahagsmálum**

*Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem meðal annars er lögð til grundvallar í fjárlögum ársins 2002 miðar að því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, styrkja undirstöður atvinnulífsins og stuðla að bættum lífskjörum. Mikilvægt er að þessi sjónarmið séu einnig höfð að leiðarljósi við ákvarðanir í launa- og verðlagsmálum. Ríkisstjórnin lýsir stuðningi við þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins hafa náð samkomulagi um.*

## **2. Aðhald í ríkisfjármálum**

*Ríkisstjórnin telur afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir sama afgangi og ákveðinn var í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir að staða efnahagsmála hafi heldur færst til verri vegar að undanfögnu. Með þessari ákvörðun eru send afar skýr skilaboð til allra aðila um að meginmarkmið stjórnvalda í efnahagsmálum nái fram að ganga. Áform ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu stóriðju og fyrirhugaðar breytingar á skattalegu umhverfi einstaklinga og atvinnulífs styðja þessi markmið.*

## **3. Lánamál ríkissjóðs**

*Stefnan í lánamálum ríkissjóðs tekur einkum mið af almennri þróun efnahagsmála, og mun taka tillit til markmiða samkomulags aðila vinnumarkaðarins, og stöðunni á innlendum lánamarkaði. Þetta getur falið í sér breytingar á lánasamsetningu ríkissjóðs án þess að um aukningu heildarskulda verði að ræða. Ríkissjóður hefur á þessu ári aukið lántökur sínar á erlendum markaði í því skyni að styðja við gengi krónunnar og hamla gegn verðbólgu. Á innlendum lánamarkaði verður áfram stefnt að því að styrkja vaxtamyndun og auka skilvirkni markaðarins. Á árinu 2002 verður þannig horft jafnt til áhrifa lánamála ríkissjóðs á gengi krónunnar og langtímaáhrifa á innlenda eftirspurn og verðbólgu.*

## **4. Lækkun á grænmetisverði og verðkannanir**

*Ríkisstjórnin mun í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og bænda beita sér fyrir því að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum lækkaðir verulega. Í staðinn verða m.a. teknar upp beingreiðslur til framleiðenda. Þessar ráðstafanir munu leiða til verulegrar lækkunar á grænmetisverði til neytenda og stuðla að lækkun verðbólgu. Þessu verður fylgt*

*eftir með öflugri upplýsingagjöf um verðmyndun á þessum vörum. Verðkannanir ASÍ á öðrum sviðum eru einnig mikilvægar til þess að hafa áhrif á verðlag og verður sú starfsemi efl.*

## **5. Efling starfsfræðslu í atvinnulífinu**

*Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmiðið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum.*

## **6. Lækkun tryggingagjalds**

*Gangi verðlagsmarkmið kjarasamninganna eftir mun ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27%, eða úr 6% í 5,73%, á árinu 2003. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að áfram verði ítrasta aðhalds gætt í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum til frambúðar. Þessi markmið verða höfð að leiðarljósi við undirbúning og gerð fjárlaga fyrir árið 2003.*

## **Yfirlýsing fjármálaráðherra í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins**

*Að undanfögnu hafa farið fram viðuræður milli fulltrúa ASÍ og fjármálaráðuneytisins vegna tiltekinna vandamála sem tengjast mismunandi kjörum starfsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga ASÍ. Af hálfu ráðuneytisins er fullur vilji til þess að halda þessum viðuræðum áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Í ljósi fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er mikilvægt að ná frambúðarlausn í þessum málum í samráði við Alþýðusamband Íslands.*

## **Yfirlýsing Seðlabanka Íslands vegna endurskoðunar kjarasamninga á árinu 2002**

*Seðlabanki Íslands fagnar samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun kjarasamninga á árinu 2002. Með því hefur dregið úr óvissu í launa- og verðlagsmálum. Bankinn telur jafnframt að forsendur fyrir hækkun á gengi krónunnar hafi styrkst og líkur aukist á að verðbólgu markmið bankans náist.*

*Vaxtabreytingar Seðlabankans hafa áhrif á verðbólgu með töf. Vaxta stefnan getur því úr þessu ekki haft afgerandi áhrif á hvort vísitala neyslu-*



verðs verður undir verðlagsviðmiðun aðila vinnumarkaðarins í maí n.k. Viðmiðunin samrýmist hins vegar nokkurn veginn verðbólguþspá Seðlabankans frá því í byrjun nóvember síðast liðinn. Hærra gengi og áhrif lægra grænmetisverðs á verðlag auka líkur á að verðlagsviðmiðunin náist.


Til lengri tíma ráðast verðlagshorfur af aðhaldi peningastefnunnar í samspili við eftirspurn í þjódarbúskapnum. Mikilvægt er að fjárlög voru samþykkt með sama afgangi og fjárlagafrumvarp gerði ráð fyrir þrátt fyrir verri horfur í efnahagsmálum. Afar brýnt er að framkvæmd fjárlaga gangi eftir. Seðlabankinn telur mikilvægt að lánamál ríkissjóðs á næsta ári stuðli við ríkjandi aðstæður að hærra gengi krónunnar og verðbólguþspá Seðlabankans. Til að svo geti orðið þarf að gæta jafnt að langtímaáhrifum lán-töku ríkissjóðs á innlenda eftirspurn og verðbólgu sem og skammtímaáhrifum hennar á gengi krónunnar.

Nýgert samkomulag aðila vinnumarkaðarins stuðlar að því að sú hjöðnun verðbólgu sem spáð hefur verið á næsta ári gangi eftir. Í nóvember sl. spáði Seðlabankinn því að verðbólga yrði rúm 4% frá upphafi til loka næsta árs. Styrkist gengið á næstunni, eins og allar forsendur eru til, gæti verðbólga orðið minni. Gangi þessi þróun eftir mun hún að öðru óbreyttu skapa forsendur fyrir frekari lækkun vaxta..


## **Mat á áhrifum á verðbólgu og kaupmátt**

Hagdeild ASÍ lagði mat á áætluð áhrif þessara aðgerða á verðbólgu og kaupmátt þar sem gengið var út frá þeim forsendum að gengi íslensku krónunnar myndi styrkjast með þeim hætti að vísitala krónunnar yrði komin í 140 fyrir lok janúar og nálgast 135 fram eftir vorinu 2002. Jafnframt var gengið út frá því að gengishækkunin myndi skila sér í verðlagi til neytenda, en ekki sitja eftir hjá atvinnurekendum sem aukin hagnaðartaka. Jafnframt var talið að kostnaðaráhrif greiðsluskyldu atvinnurekenda í séreignasjóði myndi jafngilda 0,6% launakostnaðaráhrifum þann 1. júlí 2002 og til viðbótar kæmi síðan 0,4% meiri launahækkun 1. janúar 2003. Á eftirfarandi myndum má sjá áhrifin á verðbólgu og kaupmátt. Grunnspáin í þessum samanburði er verðbólguþspá sem Seðlabanki Íslands gerði í desember fyrir samningsaðila. Gengið var út frá því að gengi íslensku krónunnar, eins og það var í lok nóvember, yrði óbreytt allt næsta ár og myndi ekki falla frekar ef til uppsagnar launaliðar kjarasamninga kæmi í febrúar. Samkvæmt þessari spá mátti gera ráð fyrir að verðlag myndi hækka um 7,0% milli árunna 2001 og 2002 og 5,7% innan ársins 2002. Seðlabankinn lagði einnig mat á verðlagsþróun m.v. fyrrgreinda styrkingu krónunnar. Samkvæmt þeirri spá mátti ætla að verðbólgan milli árunna 2001 og 2002 yrði 5% og 2,2% innan ársins 2002 og yrði komin í lang-

tímajafnvægi í upphafi 4. ársfjórðungs 2002 í stað ársloka 2003 eins og Seðla-  
bankinn hafði áður talið.



Ef tekið er tillit til áhrifa af launakostnaðarhækkun atvinnurekenda vegna lífeyrisiðgjaldsins og viðbótarlaunahækkunar má sjá líklega kaupmáttarþróun á næstu mynd. Samkvæmt henni mátti ætla að kaupmáttur í ársbyrjun 2003 yrði 3,7% hærri gangi markmið samkomulagsins um lækkun verðbólgu eftir en samkvæmt grunnþæminu.



Hagdeild ASÍ lagði einnig mat á líkleg áhrif þessara aðgerða á greiðslu- byrði af 5 mill.kr. húsbrefaláni frá Íbúðalánasjóði. Mismunur á verðbólgu- stigi í þessum tveimur dæmum jafngildir kr. 10.341 á mánuði í greiðslubyrði. Í eftirfarandi töflu má sjá bæði hversu marga mánuði launahækkunin 1. janúar 2002 væri að greiða þessa hækkun ásamt kaupmáttaráhrifum eftir tekjuhópum.

Tekjur á mánuði	Fjöldi mánaða	Kaupmáttur
90.000	3,8 mán	0,96%
150.000	2,3 mán.	0,57%
200.000	1,7 mán.	0,43%

## Aðgerðaáætlun hefur jákvæð áhrif

Viðbrögð í samfélaginu við samkomulagi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um aðgerðir til þess að ná niður verðbólgu og treysta kaupmátt launafólks voru mjög jákvæð. Bæði Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lýstu yfir því, að allar aðstæður væru til þess að hægt væri að ná markmiði samkomulagsins um að verðbólga verði innan rauðu strikanna í maí. Einnig kom fram í viðtölum við leiðandi aðila á fjármálamarkaði að aðgerðaráætlunin væri trúverðug og líkleg til þess að skila árangri. Áhrifin létu ekki á sér standa. Í aðdraganda samkomulagsins og næstu vikur á eftir fór gengi íslensku krónunnar að hækka á gjaldeyrismarkaði. Gengisvísitala íslensku krónunnar náði hámarki sínu þann 28. nóvember í 151,2 stigum og hafði þá gengi krónunnar lækkað um 24,2% frá því í mars þegar lögum um Seðlabanka Íslands var breytt. Í árslok lækkaði vísitala krónunnar í 141,8 stig sem jafngildir 6,2% hækkun á gengi krónunnar. Í byrjun janúar hélt gengi krónunnar síðan áfram að styrkjast

## Áfall í verðmælingu í janúar

Þegar Hagstofa Íslands birti vísitölu neysluverðs fyrir janúar mánuð kom í ljós að vísitalan hafði hækkað um ríflega 1% frá því í desember. Var þessi hækkun langt umfram það sem búast mátti við og veruleg hætta á að ef fram héldi með svipuðum hætti þá stefndi þjóðfélagið hraðbyri inn í nýtt óðaverðbólgu skeið. Um helming þessarar hækkunar mátti rekja til hækkana á verði opinberrar þjónustu, bæði ríkis og sveitarfélaga, en Hagdeild ASÍ hafði í desember við lokaafgreiðslu á bandormi ríkisstjórnarinnar vegna fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002 varað við áformum um hækkun á ýmsum þjónustuliðum.

Í kjölfar þessarar mælingar þann 15. janúar sendi miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi álykun um verðlagsmál, þar sem atvinnurekendur, ríkisstjórn og sveitarfélög voru kölluð til ábyrgðar á þróun mála.

„Alþýðusamband Íslands lýsir ótta sínum vegna þeirrar miklu hækkunar sem varð á vísitölu neysluverðs nú í byrjun janúar. Þessi hækkun er langt umfram það sem búast mátti við og getur gert að engu þau áform sem fólust í þríhliða samkomulaginu sem gert var 13. desember síðastliðinn. Ljóst er að forsvarsmenn ríkisstjórnar, sveitarfélaga og fyrirtækja í verslun og þjónustu verða að gjörbreyta viðhorfum sínum til hækkana vöru og þjónustu, ef markmið aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um verðbólgu í maí á að nást.

ASÍ bæði krefst þess og hvetur fyrirtæki í verslun og þjónustu til að sjá til þess að hækkun á gengi íslensku krónunnar skili sér bæði hratt og vel í verðlagi til neytenda. Þessir aðilar voru þátttakendur í gerð samkomulagsins 13. desember. Þá voru allir aðilar sammála um að það væri algjört forgangsverkefni að lækka verðbólgu til frambúðar og tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Það hefur ekki breyst frá sjónarhóli verkalyðshreyfingarinnar.

Um leið og gerðar eru kröfur til fyrirtækja um að þau haldi aftur af sér í verðhækkunum, telur ASÍ einsýnt að opinberir aðilar, ríkisstjórn og sveitarfélög, hafi gengið of langt í hækkunum á þjónustugjöldum, lyffjum og fasteignagjöldum í byrjun janúar. Tæplega helming verðhækkana í janúar má rekja til ákvarðana þessara aðila. Alþýðusambandið telur það skyldu ríkis og sveitarfélaga að endurskoða þessar ákvarðanir sínar, þannig að hægt verði að endurheimta stöðugleika í efnahagslífinu eins og stefnt var að.“

Strax í kjölfarið óskuðu ASÍ og SA eftir fundi með ríkisstjórn, en forsætisráðherra hafði lýst því yfir í fjölmiðlum að nauðsynlegt væri að endurskoða gjaldskrárhækkanir frá því um áramótin. Á þessum fundi staðfesti forsætisráðherra þau áfom ríkisstjórnarinnar að fyrir lok janúar ætti sérstök nefnd þriggja ráðuneyttisstjóra að skila tillögum um breytingar á gjaldskrárhækkunum ríkisins, þannig að þær gætu tekið gildi þegar í febrúar. Í viðtali við fjölmiðla lagði forsætisráðherra áherslu á, að það væri hans mat að til þess að geta höfðað til bæði sveitarfélaga og fyrirtækja um að halda aftur af verðhækkunum, yrðu stjórnvöld að sýna gott fordæmi með endurskoðun sinna ákvarðana.

Þann 31. janúar kynnti ríkisstjórnin aðgerðir sínar til lækkunar verðbólgu:

„Í dag kynnti ríkisstjórnin þær aðgerðir sem hún hefur ákveðið að grípa til með það fyrir augum að áhrif gjaldskrárhækkana á neysluverðsvísitölu í janúar gangi til baka.

Aðgerðirnar eru eftirfarandi:

- Komugjald á dagvinnutíma á heilsugæslustöðvum lækkar úr 850 í 400 krónur og úr 350 í 200 krónur fyrir lífeyrisþega og börn. Jafn-

fram verður hækkun komugjalda utan dagvinnutíma dregin til baka. Vísitöluáhrif þessa eru metin 0,08%.

- Fastagjald til sérfræðilækna lækkar úr 2.100 í 1.600 kr. og verður því 200 krónum lægra en það var fyrir áramót. Eftir sem áður greiða notendur 40% af því sem umfram er. Vísitöluáhrif - 0,02%
- Hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins um 7% verður dregin til baka. Vísitöluáhrif - 0,04%.

Samanlagt munu þessar aðgerðir lækka vísitölu neysluverðs í febrúar um 0,14%. Auk þessa ákvað ríkisstjórnin að falla frá hækkun áfengisgjalds. Þegar það bætist við áðurnefndar aðgerðir, hefur það áhrif til a.m.k. 0,2% lækkunar á vísitölu, að mati ríkisstjórnarinnar. Í mati hennar á þessum aðgerðum kemur fram að þetta muni leiða til þess að tekjur ríkissjóðs verði 750 milljónum króna minni en ella hefði verið, miðað við heilt ár.“

## Forysta ASÍ blæs til þjóðaráttaks gegn verðbólgu

Þegar þessi skjóta og afdráttarlaus afstaða ríkisstjórnarinnar lá fyrir um að draga til baka hækkanirnar frá 1. janúar ákvað forysta ASÍ að efna til fundarhaldna með forsvarsmönnum allra stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og stærstu sveitarfélaganna í hverjum landsfjórðungi. Markmið þessara fundarhaldna var ekki að þvinga sveitarfélögin til þess að taka til baka tilteknar ákvarðanir um verðhækkanir, heldur að gera þeim grein fyrir þeirri sýn sem forysta verkalýðshreyfingarinnar hefðu á þá valmöguleika sem Íslendingar stæðu frammi fyrir. Annað hvort væri að fara þessa leið sem ASÍ hefði lagt áherslu á, þar sem ríkisstjórnin hafi sýnt það í verki að hún ætlaði að fylgja eftir. Hin leiðin væri að taka áhættu af því að fara inn í vaxandi verðbólgu með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem henni fylgdi. Yrði hún valin væri nokkuð augljóst í hvaða stöðu landsmenn yrðu, ekki bara heimilin í landinu heldur einnig sveitarstjórnir og fyrirtækin. Verkalýðshreyfingin kynni alveg að semja á tímum óðaverðbólgu, kjarasamningar gerðir til sex til átta mánaða í senn og stöðug óvissa um hvað væri framundan.

Í lok janúar hafði forystan náð að ljúka þessum heimsóknum, og þótt móttökur hefðu víða verið blendnar, er enginn vafi á því að í heildina hafði þetta gífurleg áhrif. Fjölmiðlar fylgdu þessum fundarhöldum afar vel eftir og sýndu þessu átaki mikla athygli. Upp úr miðjum janúar reið BYKO á vaðið og boðaði sérstaka 2% verðlækkun á öllum vörum fram til loka maí sem sitt framlag til þess að lækka verðbólgu. Jafnframt tilkynntu fjölmörg sveitarfélög breytingar ýmist á þegar framkvæmdum ákvörðunum eða féllu frá áformuðum hækkunum á gjaldskrá.

Í framhaldi af þessari fundaherferð með sveitarfélögunum og þeim já-

kvæðu viðbrögðum sem komu frá þeim ákvað forysta ASÍ að eiga fundi með framkvæmdastjórum hjá öllum stærri fyrirtækjum í bankakerfinu, smásölu- markaði, flutningamarkaði, tryggingamarkaði, olúfélögum, heildsöludreifingu o.fl. Markmið þessarar fundaherferðar var líkt og gagnvart sveitarfélögum, að ræða opinskátt við framkvæmdastjóra þessara stórfyrirtækja um hvar raunverulegir hagsmunir þeirra fyrirtækja lægju og kalla eftir ábyrgð þeirra á að leita eftir og nýta allt svigrúm til verðlækkana sem upp kæmi.

## Ályktað um samkeppnismál

Eitt af þeim atriðum sem ASÍ hafði lagt áherslu á í aðdraganda samkomulagsins frá 13. desember var að ná fram niðurstöðu í nefnd stjórnvalda, aðila vinnu- markaðar og bænda um breytingar á verðlagningu grænmetis. Í byrjun febrúar kynnti landbúnaðarráðherra breytingar á lögum um innflutning grænmetis, þar sem teknar voru upp beingreiðslur til bænda en innflutningur gefinn frjáls. Af þessu tilefni og yfirlýsinga Seðlabankans um að ólíklegt væri að verðbólgu- markmið samkomulagsins frá því í desember myndi nást, var eftirfarandi ályktun samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ þann 6. febrúar:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur allar forsendur til þess að verðbólgu- markmið samkomulags aðila vinnu- markaðarins náist. Ýmis fyrirtæki og sveitarfélög hafa svarað kalli Alþýðusambandsins um að lækka verð á vöru og þjónustu eða falla frá fyrirhuguðum verðhækkunum. Ríkisstjórnin hefur staðið við sitt í þessu sambandi og dregið til baka sinn hluta af þessum hækkunum. Nefnd landbúnaðarráðherra um verðlagningu á grænmeti, sem sett var á fót að kröfu Alþýðusambandsins síðastliðið vor, hefur skilað tillögum sem farið verður eftir. Þar með er ráðherra að standa við ákvæði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var við gerð samkomulags Alþýðusambandsins og SA þann 13. desember, þar sem segir m.a.:*

*Ríkisstjórnin mun í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnu- markaðarins og bænda beita sér fyrir því að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum lækkaðir verulega. Í staðinn verða m.a. teknar upp beingreiðslur til framleiðenda. Þessar ráðstafanir munu leiða til verulegrar lækkunar á grænmetisverði til neytenda og stuðla að lækkun verðbólgu. Þessu verður fylgt eftir með öflugri upplýsingagjöf um verðmyndun á þessum vörum.*

*Verkefninu er þó ekki lokið. Það þarf að tryggja að þessar aðgerðir skili sér til neytenda og þar með inn í vísitölu neysluverðs. Jafnframt þurfa þeir aðilar, sem ekki hafa nú þegar lagt sitt af mörkum, að axla sinn hluta ábyrgðarinnar.”*

Jafnframt sá miðstjórn ASÍ ástæðu til þess að álykta sérstaklega um samkeppnismál í kjölfar þess að Samtök atvinnulífsins höfðu gagnrýnt harkalega aðgerðir Samkeppnisstofnunar vegna rannsókna á meintum brotum á samkeppnislöggjöfinni:

*„Misnotkun markaðsráðandi stöðu á fákeppnismarkaði er tilræði við efnahag almennings og efnahagslíf þjóðarinnar og verður að rannsaka þessar tilefni er til og uppræta. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld styrki og efla starfsemi Samkeppnisstofnunar þannig að hún geti sinnt hlutverki sínu á áhrifaríkan og réttlátan hátt. Í gildandi lögum er að finna trausta leiðsögn um framkvæmd á valdi stofnunarinnar. Sú framkvæmd sætir eftirliti dómstóla og er að hluta á ábyrgð löggæslunnar í landinu. ASÍ ber fullt traust til þessara aðila svo sem vera ber í lýðræðisríki og átelur önnur hagsmunasamtök í atvinnulífinu fyrir að efna til ómálefnalegra og ótímabærra ásákana á hendur þeim.“*

Þegar verðmæling Hagstofunnar lá fyrir í febrúar kom í ljós að vísitalan hafði lækkað aftur um 0,3% og hafði það gífurlega jákvæð áhrif inn í þá miklu umræðu sem ASÍ hafði tekist að skapa um átakið til lækkunar verðbólgu. Gengisvísitala krónunnar hélt áfram að lækka og var komin niður í um 136 stig og krónan því styrkst um 9,8% frá því hún hafði verið veikust í lok nóvember og 3,8% frá áramótum. Þrátt fyrir þetta sá Seðlabankinn ekki ástæðu til þess að lækka vexti að sinni, þar sem hann taldi enn vera undirliggjandi verðbólguþrýsting í greiningum sínum. Olli þetta miklum vonbrigðum í fjármálaheiminum og forystu ASÍ og SA, því innbyggt í aðgerðaáætlunina frá því í desember var vaxtalækkunarferli sem hjálpa myndi bæði fyrirtækjum og heimilum að vinna sig úr erfiðri stöðu. Miðstjórn ASÍ sendi frá sér harðorða ályktun þann 20. febrúar þar sem vaxtalækkunar var krafist tafarlaust:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að nú séu öll skilyrði í hagerfinu fyrir því að Seðlabankinn lækki stýrivexti. Mæling á neyslúvísitölu fyrir febrúar sýndi verðhjöðnun, krónan hefur styrkst verulega á undanförunum vikum og mánuðum og ekkert sem bendir til annars en að þessi þróun haldi áfram. Það er ljóst, að ef Seðlabankinn tekur ekki mið af þessari þróun, þá stuðlar það að því að viðhalda verðbólgu.“*

*Miðstjórn ASÍ skorar því á Seðlabankann að leggjast á sveif með verkalýðshreyfingunni, ríkisstjórninni, sveitarfélögum og fyrirtækjum í að draga úr verðbólgu. Það gerir hann með því að lækka vexti þegar “*

## **Bakslag í átaki gegn verðhækkunum Auglýsingaherferð ASÍ „Settu strik í reikninginn”**

Þegar niðurstöður Hagstofu Íslands um vísitölu neysliverðs voru birtar í byrjun mars kom niðurstaðan eins og reiðarslag fyrir verkálýðshreyfinguna og allt launafólk. Einkum þrennt olli þessari miklu hækkun. Í fyrsta lagi voru útsölur á fatnaði og skóm að ganga til baka sem búist hafði verið við. Í öðru lagi hækkuðu sérvörur eins og skartgripir, raftæki o.þ.h. mun meira en búist hafði verið við og langt umfram tilefni m.v. þá miklu styrkingu sem orðið hafði á gengi krónunnar. Í þriðja lagi hækkuðu lyf óeðlilega mikið og heilsuvernd vegna deilu Tryggingarstofnunar við sjúkraliða.

Vísitala neysliverðs mældist 221,8 stig í byrjun mars og mátti hún því ekki hækka nema 0,3% næstu tvo mánuði til þess að vera innan rauðu strikanna. Vegna þessa ákvað forysta ASÍ að efna til auglýsingaherferðar í fjölmiðlum undir yfirskriftinni „Settu strik í reikninginn”. Hún var birt í öllum helstu dagblöðum, skjáauglýsingum ljósvakamiðlanna og útvarpsauglýsingum. Jafnframt var ákveðið að funda með stjórn Laugarvegssamtakanna, Smáralindar og Kringlunnar sem fulltrúa fyrir sérvörumarkaðinn og höfða til þeirra um að taka þátt í átakinu til lækkunar verðbólgu. Viðbrögð þessara aðila létu ekki á sér standa og ákváðu flest þessi fyrirtæki að lækka verð um 3% fram til loka maí. Bensínverð hafði hækkað gífurlega mikið á heimsmarkaði og ljóst að framundan væru miklar verðhækkanir hér á landi vegna þessa, þrátt fyrir styrkingu krónunnar. ASÍ hvatti stjórnvöld til þess að lækka bensínjald tímabundið meðan óvissan fyrir botni Miðjarðahafsins væri að ganga yfir. Í lok mars ákvað ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um tímabundna lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni um 1,55 kr. eða úr 10,50 kr. í 8,95 kr. Markmiðið með lækkuninni var að vega upp á móti hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns, sem talin var vera tímabundin, og halda áhrifum hennar á útsöluverð bensíns hér á landi í lágmarki. Ljóst þótti vera að áhrif slíkrar hækkunar á bensínverði hér á landi gætu verið umtalsverð og stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Áætlað var að lækkunin mundi hafa í för með sér rúmlega 1,90 kr. lækkun á útsöluverði bensíns og áttu ákvæði frumvarpsins að gilda til júníloka 2002 og voru talin leiða af sér um 80 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Með þessari aðgerð sýndi ríkisstjórnin enn og aftur í verki vilja sinn til þess að ná settu markmiði um lækkun verðbólgu.

Á ársfundi Seðlabankans þann 26. mars tilkynnti Seðlabankastjóri um 0,5% lækkun stýrivaxta Seðlabankans í kjölfar endurskoðunar bankans á framvindu gengis- og verðlagsmála. Taldi bankinn nú allar forsendur fyrir því að verðbólga yrði innan rauða striksins í maí og allar líkur á því að verðbólga yrði komin inn fyrir þölmörk verðból gumarkmiðs Seðlabankans innan skamms.



Jafnframt kom fram í endurskoðaðri Þjóðhagsspa að mun meiri stöðugleiki einkenndi efnahagslífið en horfur voru á í ársbyrjun. Ennfremur boðaði bankinn frekari vaxtalækkanir á næstu vikum og mánuðum í takt við hraða lækkun verðbólgunnar.

## **Víðtæk samstaða skilar árangri Verðbólga vel fyrir innan rauða striksins**

Í byrjun apríl kom fram gagnrýni á aðgerðir ASÍ og ákvarðanir fyrirtækja á sérvörumarkaði um 3% lækkun verðlags til þess að leggja sitt af mörkum til að halda verðbólgu innan rauða striksins. Var því haldið fram að verið væri að „hanga á hitamælinum“ í stað þess að skapa raunverulegar forsendur fyrir lækkun verðlags. Af því tilefni sá miðstjórn ASÍ ástæðu til þess að senda frá sér sérstaka ályktun, þar sem fram kom að:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar þeim árangri sem náðst hefur í verðlagsmálum að undanförunu og hafnar fullyrðingum um að verið sé að hagræða vísitölunni. Með styrkingu krónunnar og áframhaldandi lækkun vaxta, hafa verið sköpuð skilyrði fyrir varanlega verðhjöðnun í hagkerfinu. Almennigur finnur nú þegar fyrir árangrinum, þó frekari ávinningur eigi enn eftir að koma í ljós.*

*Jafnframt fagnar miðstjórnin þeirri ábyrgu afstöðu sem forsvarsmenn fjölmargra fyrirtækja og opinberra aðila hafa sýnt. Sú samstaða sem nú hefur myndast í þjóðfélaginu um varanlega lækkun verðbólgu og stöðugleika gerir það að verkum að flest bendir til þess að verðlagsmarkmiðin náist. Til þess þarf áfram samstillt átak launafólks, fyrirtækja og opinberra aðila. Með því er lagður grunnur að varanlegri lækkun verðbólgu, öflugra atvinnulífi og bættum kjörum launafólks.”*

Þegar Hagstofan birti vísitölu neysluverðs í byrjun apríl reyndist hún vera óbreytt frá því í mars og þar með var árangur aðgerða til lækunar verðbólgu staðfestur. Þetta olli því að gengi krónunnar hélt áfram að styrkjast og var gengisvísitalan komin niður í um 130 í lok apríl og hafði þá styrkst um 14% frá því hún var veikust í lok nóvember 2001. Hafði hún ekki verið jafn sterk á gengismarkaði frá því í byrjun maí 2001, áður en hún féll um 6% á einum degi, 4. maí. Þessi mikla styrking krónunnar gaf tilefni til ennfrekari stöðugleika í verðlagi og í byrjun maí reyndist vísitala neysluverðs aftur óbreytt frá fyrra mánuði og hafði þá verið óbreytt frá því í byrjun mars. Vísitalan reyndist vera 221,8 stig en rauða strikið var 222,5 stig, og var vísitalan 0,3% lægri. Af þessu tilefni sendu ASÍ og SA frá sér eftirfarandi yfirlýsingu sameiginlega:

## **„Rauða strikið“ stóðst**

*Í dag var birt vísitala neysluverðs fyrir maímánuð og er gildi hennar 221,8. Gildið er undir svonefndu rauðu striki kjarasamninga og hefur því verðlagsforsenda þeirra staðist fyrir árið 2002 og kjarasamningar halda gildi sínu með þeim breytingum sem samið var um í desember. Til að treysta stöðugleika varanlega í sessi leggja samningsaðilar áherslu á mikilvægi áframhaldandi aðhalds að verðlagi, lækkun vaxta og ráðdeild í fjármálum ríkis og sveitarfélaga.*

## **Verðbólguforsendan í kjarasamningunum**

*Í kjarasamningum milli Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага ASÍ, sem flestir voru gerðir árið 2000 og renna út veturinn 2003-2004, er almennt ákvæði um verðlagsforsendur. Efnislega fól þetta ákvæði í sér markmið um hjöðnun verðbólgu og að hún þróaðist á svipað stig og í viðskiptalöndum okkar, en samningsgerðin vorið 2000 fór fram í skugga vaxandi verðbólgu. Þegar á haustmánuðum 2001 varð ljóst að þessi forsenda myndi ekki standast þegar kæmi að skoðun á verðbólguforsendum kjarasamninga í febrúar 2002, vegna mikillar lækkunar á gengi krónunnar. Því hófu ASÍ og SA viðræður með það að markmiði að koma í veg fyrir að há verðbólga festi sig í sessi með tilheyrandi skaða fyrir heimili og fyrirtæki.*

## **Samningurinn 13. 12. 2001**

*Þann 13. desember sl. var gengið frá kjarasamningi milli ASÍ og SA, þar sem verðlagsforsendu vegna ársins 2002 var breytt á þann veg að ef vísitala neysluverðs yrði ekki hærrí en 222,5 stig í maí 2002 hefði verðlagsforsenda kjarasamninga staðist. Að öðrum kosti væru launaliðir kjarasamninga uppsegjanlegir frá og með 1. júní. Með aðild sinni að samkomulaginu gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu, þar sem kynntar voru aðgerðir til að styrkja gengi krónunnar og breytingar á tollum og innflutningshöftum á grænmeti. Kjarasamningurinn frá 13. desember, ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, fól í sér fullnaðarmat á samningsforsendum á árinu 2002 af hálfu samningsaðila. Vísitala neysluverðs fyrir maí felur í sér að kjarasamningar eru áfram bundnir en næsta skoðun á forsendum þeirra mun fara fram í febrúar árið 2003.*

## **Breytingar á efni kjarasamninga**

*Efnisatriði samnings aðila frá 13. desember 2001 voru eftirfarandi:  
„Viðbótarframlag í séreignarsjóð*

Samkvæmt gildandi kjarasamningum er vinnuveitanda skylt frá 1. janúar 2002 að greiða 2% mótframlag í séreignarsjóð (eða eftir atvikum sam-eignarsjóð) gegn 2% viðbótarframlagi launamanns. Samkomulag er um breytingar á þessu ákvæði þannig að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnu-veitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Áfram gildir reglan um 2% mótframlag gegn 2% viðbót-arsparnaði launamanns og leiðir þessi viðbót ekki til hækkunar á því. Fram-angreind breyting gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem lög- og samnings- bundin lífeyrisframlög vinnuveitanda eru samtals 7% eða hærri. Framlag þetta greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi launa- maður á aðild að, nema launamaður ákveði annað.

## **Almenn launahækkun 1. janúar 2003**

Samkomulag er um að almenn launahækkun þann 1. janúar árið 2003 verði 0,40% hærri en ella.“

## **Áhrif sammingsins á verð- og gengisþróun**

Í byrjun desembermánaðar síðastliðnum var gengi íslensku krónunnar orðið fimmtungi lægra en það var í byrjun ársins 2001 og fór gengisvísital- an hæst í um 151 stig. Þessi gengislækkun kom til vegna óvenju mikils við- skiptahalla og óvissu um fjármögnun hans. Gengislækkunin þrýsti upp verð- lagi og olli vaxandi óvissu um framvindu efnahagsmála. Markmið aðila vinnumarkaðarins með sammingsgerðinni var að draga úr óvissu um fram- tíðina, hafa jákvæð áhrif á væntingar og treysta þannig þann kaupmátt sem áunnist hafði með kjarasamningunum vorið 2000. Óhætt er að segja að þessi áætlun hafi gengið eftir. Gengi krónunnar hefur styrkst um á annan tug prósentu frá desemberbyrjun og jákvæð áhrif á verðlagsþróun hafa ekki lát- ið á sér standa. Jafnframt hefur tekist að tryggja mun betra jafnvægi í þjóð- arbúskapnum en horfur voru á á haustmánuðum.

## **Áhrif aðhalds að verðlagi**

Á þeim sex mánuðum sem liðnir eru frá gerð sammingsins hefur verið unnið ötullega að því að halda aftur af verðhækkunum, með virkt verðlags- eftirlit, upplýsingar, hvatningar og beinar fortölur að vopni. Mörg fyrirtæki hafa ekki hækkad verð í samræmi við kostnaðarþróun, dregið til baka áður áformaðar verðhækkunar og jafnvel lækkad verð í trausti þess að gengi krón- unnar styrktist og þannig stuðlað að lækkun verðbólgu. Mikilvægt er að áframhald verði á þessari þróun. Þá er ótalinn mikilvægur þáttur opinberra

*aðila, bæði ríkisstjórnar og sveitarstjórna, í aðhaldi að verðlagsþróun, en fyrir liggur að margar ákvarðanir um opinberar verðskrár hafa dregið úr verðbólgunni.*

## **Vaxtalækkanir framundan**

*Verðbólga undanfarna þrjá til sex mánuði er um þessar mundir á svipuðu stigi eða lægri en í viðskiptalöndum okkar. Ef horft er til síðustu tólf mánaða er verðbólga ennþá meiri en í viðskiptalöndunum og gætir þar enn áhrifa gengislækkunarinnar í fyrra. Allar líkur eru á því að verðbólga verði mjög litil á þessu ári. Góðar verðlagshorfur, ásamt jafnvægi á vinnumarkaði og vörumarkaði, gefa tilefni til þess að myndarleg skref verði stigin í lækkun vaxta á næstunni. Mikilvægt er að Seðlabanki Íslands, og bankar og sparisjóðir í kjölfarið, bregðist skjótt við þessari mælingu með lækkun vaxta.*

## **Nauðsyn aðhalds í fjármálum ríkis og sveitarfélaga**

*Þegar lítið er lengra fram á veginn eru mun betri forsendur fyrir stöðugleika í verðlags- og gengismálum en verið hefur undanfarin tvö ár. Ein helsta forsenda þess er að útrasta aðhalds verði gætt í rekstri hins opinbera, bæði ríkissjóðs og sveitarsjóða. Þannig eiga opinber fjármál að stuðla að hóflegri eftirspurn innanlands og afgangi í viðskiptum við útlönd.“*

## **Framvinda gengis og verðlags fram á haust**

Eftir að ljóst var að verðbólga var nokkuð fyrir innan rauða strikið í maí styrktist gengi íslensku krónunnar allnokkuð og stóð vísitalan lægst í um 125 stigum yfir sumarmánuðina. Greinilegt er að það hafði jákvæð áhrif á verðlagsþróun ásamt áhrifum af breytingum á verðlagningu grænmetis. Í eftirfarandi töflu má sjá samanburð á þróun vísitölu neysluverðs eftir ársfjórðungum borið saman við þá verðbólguþá sem samningsaðilar gengu út frá í mati sínu í desember.

	Hagstofa	Breytng	Spá í des	Breyting
2001:4	218,6	1,6%	218,6	1,6%
2002:1	221,4	1,3%	220,5	0,9%
2002:2	222,2	0,4%	222,4	0,9%
2002:3	222,4	0,1%	222,4	0,0%
2002:4	223,4 <sup>1</sup>	0,4%	223,3	0,4%

1) Mæling í október, spá nóvember og desember

Þrátt fyrir að vísitalan hafi verið heilu stigi ofar á 1. ársfjórðungi eftir hina miklu hækkun á vísitölunni bæði í janúar og mars, tókst að halda það mikið aftur af verðhækkunum í apríl og maí, að vísitalan reyndist vera undir spánni á öðrum ársfjórðungi. Enginn vafi er á því að framganga verkalýðshreyfingarinnar og auglýsingaherferðin höfðu þar úrslitaáhrif.

## **Viðræður við fjármálaráðuneyti um samræmingu á kjörum**

Í febrúar hófust fyrir alvöru viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um yfirlýsingu fjármálaráðherra frá því við gerð samkomulagsins í desember. Fulltrúar ASÍ í þessum viðræðum hafa verið Sigurður Bessason, Guðrún Óladóttir, Guðmundur Gunnarsson, Vignir Eypórssón og Gylfi Arnbjörnsson (Rannveig Sigurðardóttir tók þátt í þessari vinnu fram til loka mars).

Fyrsti fundur aðila var haldinn með fjármálaráðherra, ásamt forseta og varaforseta ASÍ, þar sem rætt var um hvaða skilning leggja ætti í texta yfirlýsingarinnar. Á þessum fundi töldu fulltrúar ASÍ að vilji ráðherrans væri mjög skýr, að stefna ætti að því að kortleggja þann mun sem væri á réttindum milli félagsmanna stéttarfélaganna, útfæra hvernig hægt væri að jafna hann og leggja upp með í hvaða áföngum þessi jöfnun komi fram.

Þrátt fyrir þetta kom í ljós verulegur ágreiningur milli aðila um þennan skilning, en fulltrúar SNR lögðu upp með að vegna samningafrelsis einstakra stéttarféлага væri nánast ekki hægt að taka eitt og eitt atriði út úr og jafna það, líta yrði á heildarmyndina. Augljóst var að þeirra skilningur á yfirlýsingu fjármálaráðherra var allt annar og þengri en fulltrúa ASÍ.

Þar sem sýnt var að viðræður þokuðust lítið áfram ákvað viðræðunefnd ASÍ að leggja upp með beinar tillögur til úrbóta og óska jafnframt eftir því að forseti og varaforseti ASÍ ættu fund með fjármálaráðherra til þess að gera loka-tilraun til þess að koma þessum málum á einhvern þann rekspöl, að líkur væru á árangri.

Tillögur fulltrúa ASÍ um málsmeðferð voru eftirfarandi, en óskað var eftir svari SNR/fjármálaráðherra fyrir fyrstu viku í maí.

1. Þann 1. júlí 2002 verði veikindaréttur starfsmanna hjá ríkinu, sem eru innan ASÍ, jafnaður við rétt félagsmanna BSRB sem vinna hjá ríkinu.
2. Þann 1. júlí 2002 verði slysatryggingar starfsmanna hjá ríkinu, sem eru innan ASÍ, jafnaður við rétt félagsmanna BSRB sem vinna hjá ríkinu.
3. Þann 1. maí 2003 verði orlofsréttur starfsmanna hjá ríkinu, sem eru innan ASÍ, jafnaður við rétt félagsmanna BSRB sem vinna hjá ríkinu miðað við orlofsárið 1. maí 2002 til 30. apríl 2003.
4. Lífeyrisréttur starfsmanna hjá ríkinu, sem eru innan ASÍ, verði jafnað-

ur við rétt félagsmanna BSRB sem vinna hjá ríkinu með eftirfarandi hætti:

- a. Frá og með 1. janúar 2002 hækki mótframlag ríkisins til lífeyris-sjóða félagsmanna ASÍ, í 8%.
  - b. Frá og með 1. janúar 2003 hækki mótframlag ríkisins til lífeyris-sjóða félagsmanna ASÍ, í 91/2%.
  - c. Frá og með 1. janúar 2004 hækki mótframlag ríkisins til lífeyris-sjóða félagsmanna ASÍ, í 111/2%.
5. Við meðferð á útreikningi mótframlags atvinnurekanda umfram 6% verði farið að reglum II. kafla laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, A-deild lífeyrissjóðsins.

Hvað varðar endurskoðun á lögum um opinbera starfsmenn verður ekki séð að þau þurfi að hafa tefjandi áhrif á það markmið sem sett er fram í yfirlýsingu fjármálaráðherra. Hinsvegar er eðlilegt að ASÍ komi að þeirri endurskoðun með sama hætti og önnur hagsmunasamtök þeirra starfsmanna sem vinna hjá ríkinu.

Jafnframt áttu forseti og varaforseti ASÍ fund með fjármálaráðherra, þar sem enn og aftur var farið yfir hversu langt hann væri tilbúinn að ganga í jöfnun þessara réttinda, því engin ástæða væri til að sitja að þrefi við fulltrúa hans ef enginn vilji væri fyrir breytingum. Niðurstaðan af þeim fundi var á sömu lund á áður, að klára ætti vinnu við skoðun á réttindamuninum, semja um leiðréttingu og haga gildistöku þeirrar niðurstöðu þannig að hún kæmi til framkvæmda á næsta samningstímabili.

Í framhaldi af þessu átti viðræðunefnd ASÍ fund með viðræðunefnd fjármálaráðherra þann 13. maí. Þar lögðu fulltrúar SNR fram svar í formi gagn-tillögu um málsmeðferð.

Tillaga SNR var í fjórum liðum:

1. Veikindaréttur verði færður til samræmis við réttindi SFR frá og með 1. janúar 2003.
2. Slysstryggingar verði færðar til samræmis við réttindi SFR frá og með 1. janúar 2003.
3. Orlofsréttur verði færður til samræmis réttindi SFR og taki gildi 1. maí 2004 m.v. réttindi til orlofs vegna tímabilsins 1. maí 2003 til 30. apríl 2004.
4. Gildistími kjarasamninga verði framlengdur til 30. nóvember 2004 og inn komi almenn 3% launahækkun 1. janúar 2004, sem þó skal lækka um sem nemur kostnaðaráhrifum af lengingu orlofs skv. 3ja lið.

Viðbrögð fulltrúa ASÍ voru þau að með þessu væri fjármálaráðherra í engu að koma til móts við efnislegt innihald yfirlýsingarinnar frá því í desember.

Í 4. lið tillagna fjármálaráðuneytis er lagt til að gildistíma kjarasamninga verði breytt og hann færður til 30. 11. 2004, gegn því að ríkið fallist á að breyta ákvæðum gildandi kjarasamninga um greiðslu launa í veikindatilfellum og ákvæðum um slysatryggingar, sem taki gildi 1. janúar 2003. Einnig að breytt verði ákvæðum um orlofsrétt er taki gildi í maí 2004.

Í tillögu fjármálaráðuneytis er hafnað þrem fyrstu liðum tillagna ASÍ um málsmeðferð, en boðið upp á að leiðrétting komi á árinu 2003 og 2004 gegn tilfærslu á gildistíma kjarasamnings og að það kosti ríkið lítið eða ekkert sbr. 4. lið tillagna þess.

Í engu er svarað tillögu ASÍ um samræmingu lífeyrisréttinda og aðspurðir svöruðu fulltrúar SNR að það mál yrði að taka upp í næstu kjarasamningum og tengjast almennri launakostnaðarumræðu.

Viðræðunefnd ASÍ taldi því ekki ástæðu til þess að eiga frekari fundi með fulltrúum fjármálaráðherra að svo stöddu, þar sem einsýnt væri að engin raunverulegur vilji væri til þess að taka af alvöru á jöfnun þessara réttinda. Forseti ASÍ lagði til við miðstjórn að áður en ályktað yrði um þessa málsniðurstöðu yrði óskað eftir fundi með bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra til þess að fá úr því skorið hvort ekki væri hægt að þoka þessu réttindamáli lengra og var það samþykkt.

Þessi fundur var síðan haldinn eftir sumarleyfi og leiddi ekki til neinnar niðurstöðu og málið því komið í verulegan ágreining. Miðstjórn ASÍ sá ástæðu til þess lýsa vonbrigðum sínum með stöðu þessara mála á fyrsta miðstjórnarfundum eftir sumarleyfi, þann 28. ágúst. Jafnframt voru aðildarfélögin hvött til þess að hefja undirbúning að því að leiða þessi mál til lykta á samræmdum vettvangi í næstu kjarasamningum.

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir miklum vonbrigðum með að ekki skuli hafa fengist niðurstaða í viðræður um samræmingu á réttindum félagar í ASÍ, sem starfa hjá ríkinu, við kjör annarra starfsmanna ríkisins. Með yfirlýsingu fjármálaráðherra um jöfnun réttinda í tengslum við samkomulagið 13. desember og viðræðum við ráðherra í framhaldi af því voru miklar vonir bundnar við að til stæði að samræma lífeyris-, veikinda- og orlofsrétt allra starfsmanna ríkisins. Þessi yfirlýsing var þannig veigamikill þáttur í að ná þeirri breiðu sátt sem náðist með samkomulagi aðila vinnu- markaðar og ríkisstjórnar þann 13. desember. Þessi afstaða stjórnvalda veldur því að félagar í ASÍ munu að óbreyttu þurfa að beita samtakamættinum til að ná þessum sjálfögðu mannréttindum.*

*Miðstjórn ASÍ beinir því til aðildarfélaganna að þau hefji undirbúning að því að þessi mál verði leidd til lykta við gerð næstu kjarasamninga á samræmdum vettvangi félaganna.”*

Í framhaldi af þessum miðstjórnarfundi var ákveðið að boða til fundar formanna allra aðildarfélaganna innan ASÍ, sem gert hafa kjarasamning við fjármálaráðherra og var hann haldinn 11. september. Þar kom fram mikil gagnrýni á aðkomu fjármálaráðherra að málinu og ítrekað að yfirlýsing hans um jöfnun þessara réttinda hefði verið veigamikill þáttur í að ná þeirri breiðu sátt sem náðist um aðgerðirnar í desember. Var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma.

*„Við gerð samkomulags aðila vinnumarkaðarins 13. desember 2001 var lögð fram yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, þar sem fjallað er um jöfnun réttinda félagsmanna ASÍ í starfi hjá ríkinu við réttindi félagsmanna annarra stéttarféлага opinberra starfsmanna.*

*Níu mánuðir eru liðnir frá því að fjármálaráðherra gaf út yfirlýsinguna. Þrátt fyrir fjölda funda ASÍ með embættismönnum og ráðherrum er málið ennþá óleyst.*

*Ljóst er að yfirlýsing Geirs H. Haarde var skýlaus um að niðurstaða fái-ist í málinu. Ennfremur er skýrt að yfirlýsingin var gefin í tengslum við heildarsamkomulag aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga.*

*Þær tillögur sem lagðar voru fram af hálfu ríkisins á fundum með ASÍ gengu allt of skammt til að skapa framtíðarlausn en það orðalag sem var notað í yfirlýsingu fjármálaráðherra.*

*Hér með er því skorað á fjármálaráðherra að standa við yfirlýsinguna frá 13. desember. Því verður ekki trúað að ráðherra í ríkisstjórn Íslands undirriti yfirlýsingu gagnvart heildarsamtökum á vinnumarkaði og telji síðan að hann beri ekki frekari ábyrgð á niðurstöðu málsins.”*

Á fundinum var einnig eindreginn vilji til þess að viðræðunefndin héldi áfram að þrýsta á ríkisstjórnina að fullnusta innihald yfirlýsingarinnar. Samhliða því yrðu aðildarfélögin að hefja umræður og undirbúning að því að koma sameiginlega að næstu kjarasamningum við fjármálaráðherra þar sem þessi mál verði endanlega leidd til lykta.

## **Þjóðhagsstofnun lögð niður**

Á undanförunum árum hefur allri umgjörð efnahagsmála hér á landi verið gerbreytt með opnun hagkerfisins og ört vaxandi alþjóðavæðingu. Samhliða þess-



um breytingum hefur orðið mikil breyting á stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin hefur, með tilfærslu ábyrgðarsviða og breytingum á stofnunum, breytt aðkomu sinni að mótun stefnu sinnar í ríkisfjármálum. Mótun peningamálastefnunnar hefur verið breytt með upptöku hreinna verðbólgu markmiða og sjálfstæði Seðlabanka. Markmiðið með þessum breytingum hefur verið að auka skilvirkni og gegnsæi opinberrar hagstjórnar út frá fyrirfram þekktum og skýrum markmiðum.

Þessar breytingar hafa jafnframt leitt til þess að sífellt fleiri þættir móta forsendur efnahagslegrar þróunar hér á landi. Þannig verður stöðugt flóknara og umfangsmeira að greina uppruna og eðli breytinga á efnahagsskiyrðum. Þessu hafa bæði ríkisstjórn og Seðlabanki mætt með aukinni áherslu á hagskýrslugerð um einstaka þætti hagkerfisins og eflingu og skýrari verkaskiptingu milli þeirra hagdeilda sem þjónusta þessa aðila.

Samfara þessu hafa legið ljóst fyrir um nokkurt skeið þau áform forsætisráðherra að leggja Þjóðhagsstofnun niður og færa verkefni hennar til fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Forseti og framkvæmdastjóri ASÍ höfðu ítrekað vakið máls á því við stjórnvöld allt frá haustinu 2001 að ASÍ hefði miklar áhyggjur af þessum áformum. Í gegnum tíðina hefði ASÍ haft skv. lögum aðgengi að sérfræðingum Þjóðhagsstofnunar varðandi umfjöllun um þjóðhagsspá og efnahagsmál sem verið væri að leggja niður. Á hinn bóginn væri það að mörgu leyti skynsamlegt að efla Hagstofu Íslands með því að fela henni gerð þjóðhagsreikninga.

ASÍ kom fyrst að málinu skömmu áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Það var mat ASÍ að ekki yrði aftur snúið um þau áform að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og því lagði ASÍ áherslu á tvennt í viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Annað hvort hefði ASÍ aðgang að sjálfstæðri stofnun um efnahagsráðgjöf eða að Hagdeild ASÍ yrði eflað til þess að sinna þessu hlutverki gagnvart forystu sambandsins og aðildarfélögum þess. ASÍ gæti ekki byggt sína skoðanamyndun á ráðgjöf fjármálaráðuneytis eða Seðlabanka Íslands. Þessir aðilar væru ákvörðunartökuaðilar um efnahagsstefnuna sem við værum að rökræða og stundum deila við.

Niðurstaða málsins var að fulltrúar stjórnvalda og ASÍ urðu sammála um að þessar miklu breytingar á efnahagsumgjörðinni hefðu gert það að verkum að nauðsynlegt væri að endurskoða forsendur framlaga til ASÍ vegna Hagdeildarinnar. Markmiðið væri að tryggja áframhaldandi uppbyggingu faglegrar þekkingar og yfirsýnar hjá ASÍ á þróun efnahagsmála á forsendum hagsmuna launafólks og treysta með þeim hætti samstarf aðila um að ná sem víðtækastri sátt um mótun efnahagsstefnunnar. Jafnframt voru aðilar sammála

um að færa fjárveitingu til Hagdeildar ASÍ beint undir forsætisráðuneytið, sem fer með stjórn efnahagsmála. Miðað var við að frá þessu yrði gengið með sérstöku samkomulagi milli sambandsins og forsætisráðherra.

## **Verðlagseftirlit ASÍ**

### **Forsagan**

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í mars 2001 var ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að tryggja ASÍ fé, 3,5 milljónir á ári, til að halda uppi verðlagseftirliti á gildistíma núverandi kjarasamninga, eða til næstu þriggja ára. Þessi ákvörðun var tekin í tengslum við störf nefndar ASÍ og SA um forsendur kjarasamninga. Ákveðið var að vísitala neysluverðs mætti ekki vera hærrí en 222,5 stig í mælingunni í maí 2002 til að hið svokallaða „rauða strik“ héldi.

Markmið verðlagseftirlitsins er annarsvegar að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund og hins vegar veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Nauðsynlegt er að efla neytendavitund hér á landi þar sem hún virðist minni en í nágrannalöndum okkar. Ljóst er að með því að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald og halda uppi virku verðlagseftirliti, er unnið að því að bæta kjör launafólks. Stöðugleiki og lágt verð tryggja betri kjör neytenda þar sem verð neyslavöru hefur bein áhrif á kaupmátt. Mælingin í maí 2002 sýndi að „rauða strikið“ hélt og því stóðst verðlagsforsenda kjarasamninga fyrir árið 2002.

Ásdís G. Ragnarsdóttir var ráðin til ASÍ sem verkefnisstjóri frá 17. maí 2001 og var ákveðið að verkefnið heyrði undir hagdeild. Ásdís lét af störfum um miðjan ágúst 2001 og var Ágústa Ýr Þorbergsdóttir ráðin í hennar stað. Sigurður Víðisson kom svo til starfa í febrúar 2002 og voru tveir starfsmenn við verðlagseftirlit fram í miðjan ágúst 2002 þegar Ágústa Ýr lét af störfum.

### **Kannanir**

Þar sem verðlagseftirlitið var nýtt verkefni á hagdeild ASÍ þurfti að móta það frá grunni. Að mörgu þarf að hyggja í þeim efnum. Starf verðlagseftirlitsins skiptist í meginatriðum í þrennt:

- Kannanir - reglubundnar og sértækar
- Úttektir og upplýsingagjöf
- Eftirlit

Til að hægt sé að hafa virkt eftirlit þurfti að mynda tengslanet við marga aðila, opinberar stofnanir, félagasamtök, verslanir og aðra samstarfsaðila. Einnig þurfti að fá og þjálfa fólk í verðtöku í könnunum. Þar hafa aðildarfélög

víða um land lagt sín lóð á vogarskálarnar með því að útvega fólk og veita upplýsingar um verslunarmhverfi á hverjum stað. Samstarf verðlagseftirlitsins og aðildarfélaganna hefur verið með ágætum og stendur til að auka það enn frekar. Það er dýrt að senda her fólks í verðtöku út í fyrirtæki, þannig að reynt hefur verið að nota aðrar leiðir eins og kostur er s.s. netkannanir o.þ.h. Á þessu rúma ári sem verkefnið hefur verið í gangi, hefur áhersla verið lögð á gagnasöfnun um verðlags- og neytendamál bæði innanlands og erlendis, fjöldi kannanna og útekta verið framkvæmd. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skoða matvörumarkaðinn, en einnig hefur sjónum verið beint að ýmsu öðru sem viðkemur pyngju neytenda. Hér á eftir er stiklað á því stærsta sem gert hefur verið.

## Matvara

Fyrir verslunarmannahelgina 2001 var gerð verðkönnun á nokkrum dæmigerðum matvörutegundum sem fólk tekur með sér í fríð.

Verðkönnun á matvöru í netverslunum 14.sept 2001. Skoðað var verð í netverslun Hagkaups á Íslandi og netverslun ISO í Danmörku. Borið var saman verð á 242 vörutegundum í 25 vöruflokkum. Sláandi munur var á mörgum vörum okkur í óhag.

Könnun á mjólkurvörum fyrir jól og eftir áramót 2001 sýndi að allt að 41% verðmunur er á mjólkurvörum á milli verslana á höfuðborgarsvæðinu.

Lausleg verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ stóð fyrir ásamt Morgunblaðinu á verði algengra neysluvara á Íslandi og í nokkrum Evrópusambandslöndum eftir gildistöku evrunnar 1. janúar 2002 sýnir að verð hér á landi er að jafnaði mun hærra en í þeim evru-löndum sem skoðuð voru. Hér á landi var verð kannað í verslunum Hagkaups og Fjarðarkaupa og var lægra verðið í hverju tilviki fyrir sig látið ráða. Aukinheldur var verð kannað í stórmörkuðum í Þessalóníku á Grikklandi, Berlín í Þýskalandi, Amsterdam í Hollandi, Brussel í Belgíu og Lúxemborg.

Verðlagseftirlit ASÍ og Manneldisráð höfðu samstarf um matvörukönnun sem hafði það markmið að bera saman verð á hefðbundinni neyslukörfu fjögurra manna fjölskyldu og verð á sambærilegri hollustukörfu samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs. Fyrri könnunin var framkvæmd þann 15. október 2001. Þar kom m.a. fram að hægt er að lækka matarreikninginn með því að fylgja ráðleggingum um hollustu. Gerð var sambærileg könnun núna í október en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Drykkjarvörukönnun var framkvæmd í apríl og önnur 19. júní 2002 út um allt land. Niðurstaðan var sú að verð á drykkjarvörum í matvöruverslunum

lækkaði í flestum tilvikum lítilsháttar á milli apríl og júní. Drykkjarvörurnar voru vegnar í vörukörfu og kom á daginn að munur á milli verslana var 33% á ódýrustu drykkjarvörufunni og þeirri dýrustu.

## Heilsuvörur

Verðlagseftirlit ASÍ framkvæmdi í samstarfi við Morgunblaðið verðkönnun á heilsuvörum föstudaginn 1. júní 2002. Skoðað var verð í nýu heilsuvöruverslunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Verðmunur á sumum heilsuvörum var mörg hundruð prósent.

Sambærileg könnun var svo gerð 20. júní 2002 og nú bornar saman heilsuvöruverslanir í Reykjavík og London. Niðurstaðan var svipuð og í könnuninni 1. júní þ.e. yfirleitt mun hærra verð á heilsuvörum á Íslandi.

## Grænmeti

4. apríl 2001 ályktaði miðstjórn ASÍ um verð á grænmeti og ávöxtum og í kjölfar þess hófst löng og ströng barátta um að stuðla að því að verð á þessum afurðum yrði lægra. Töluverðar breytingar urðu á grænmetismarkaði við niðurfellingu innflutningstolla á tíu grænmetistegundum í júní 2001.

### Ályktun miðstjórnar ASÍ frá 4. apríl 2001:

*„Alþýðusamband Íslands fordæmir harðlega þá einokunartilburði og hringamyndun sem söluaðilar á grænmeti og ávöxtum hafa stundað undanfarin ár og nú hafa verið dregnir fram í dagsljósið. Fyrir liggur að íslenskt launafólk og neytendur allir hafa orðið að greiða ólöglegt verðsamráð þessara aðila dýru verði um árabíl með alltof háu verði á þessum mikilvægu neysluvörum. Þetta gerist á sama tíma og launafólk hefur útrekað í kjarasamningum fært fórnir til að tryggja stöðugleika í verðlagi og efnahagslíf-inu almennt.*

*Alþýðusamband Íslands bendir á að verðsamráð og okur á ávöxtum og grænmeti til íslenskra neytenda undanfarin ár á sér stað í skjóli ofurtolla íslenskra stjórnvalda á innflutning þessara nauðsynjavara.*

*Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að þeim aðilum sem vinna gegn hagsmunum íslenskra neytenda með ólöglegum hætti sé harðlega refsað. Þá gerir Alþýðusamband Íslands kröfu til þess að kerfi innflutningshafta og ofurtolla á ávexti og grænmeti verði endurskoðað frá grunni með hagsmunum neytenda og framtíðarhag framleiðenda að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að koma að þeirri vinnu til að verja hagsmunum sinna umbjóðenda og markmið þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi aðildarsamtaka þess.*

*Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að Alþýðusamband Íslands gerði frá upphafi **alvarlegar athugasemdir við framkvæmd íslenskra stjórnvalda á GATT samningum** og varaði við því að þar væri fyrst og fremst lögð áhersla á að geta haldið leyfilegum tollum sem allra hæstum og unnið gegn markmiðum GATT með áframhaldandi haftastefnu.*

*Alþýðusamband Íslands mun á næstu vikum og mánuðum fylgjast náið með verðlagi á grænmeti og ávöxtum til íslenskra neytenda og aðgerðum stjórnvalda. Alþýðusamband Íslands áskilur sér allan rétt til að grípa til viðeigandi aðgerða eftir því sem tilefni gefast til“.*

Verðlagseftirlitið framkvæmdi í samráði við Starfshóp um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta á vegum Landbúnaðarráðuneytis þrjár verðkannanir á grænmeti fyrir og eftir tollabreytingar, sem tóku gildi í júní 2001.

Niðurstaða þessara kannana sýndi að verulegar verðlækkanir urðu á þessum grænmetistegundum, en það vakti athygli hversu lengi lækkunin var að koma fram. Það undirstrikar hversu nauðsynlegt er að veita fyrirtækjum aðhald.

Þann 11. febrúar 2002 gaf landbúnaðarráðuneytið út reglugerð um niðurfellingu tolla á völdum grænmetistegundum. Starfshópur um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta gerði tillögur um þær breytingar sem þá tóku gildi. Verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands framkvæmdi þrjár kannanir á þessum tegundum grænmetis í 11 verslunum á höfuðborgarsvæðinu dagana 15. febrúar, 22. febrúar og 1. mars 2002, þ.e. fyrir og eftir afnám tolla á innfluttu grænmeti. Verðtollur var afnuminn af öllum tegundunum 12, en þær eru: kartöflur, blaðlaukur, blómkál og hnappað spergilkál, hvítkál, rauðkál, spergilkál, gulrætur og næpur, gulrófur, rauðrófur, steinselja og sveppir. Magntollur hélst á kartöflum, hvítkáli og sveppum. Allar verslanir sem kannaðar voru hafa lækkað verð á innfluttu grænmeti í kjölfar niðurfellingar tolla.

Samkvæmt útreikningum landbúnaðarráðuneytisins mátti búast við allt að 23% lækkun á innfluttu grænmeti í kjölfar þessarar breytingar á reglugerð. Þegar skoðaðar eru breytingar á meðalverði milli kannana, er lækkunin á bilinu 13% til 33% á milli fyrstu og síðustu könnunar.

Könnun á verði grænmetis og ávaxta í apríl 2002. Verð á grænmeti er lægra nú en í mars, en líklegt er, að skýringin sé árstíðabundnar verðbreytingar.

Könnun á verði grænmetis og ávaxta á öllu landinu þann 19. júní 2002 leiddi í ljós að verð á ávöxtum og grænmeti lækkaði í 12 verslunum af 16 á milli verðkannana í apríl og júní. Sama dag var gerð verðkönnun í einni versl-

un í London og þegar sú verslun er skoðuð með þeim íslensku þá er hún oftast með lægsta verðið.

Grænmetiskönnun var framkvæmd 2. október 2002 í 12 verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Skoðaðar voru 27 grænmetistegundir og reyndist munur á hæsta og lægsta grænmetisverði milli verslana vera í helmingi tilfella meiri en 100%.

## Bakarí

Kannað var verð í 29 bakaríum og verslunum á höfuðborgarsvæðinu og 32 bakaríum og verslunum á landsbyggðinni þann 12. febrúar 2002. Niðurstaðan var sú að á síðastliðnum tæpum tveimur árum hafa brauð í bakaríum bæði lést almennt og hækkað í verði. Brauð voru oftár dýrari í Reykjavík en á landsbyggðinni.

## Lyfjaverslanir

Á tímabilinu hafa verið framkvæmdar tvær viðamiklar verðkannanir á lyfjum, sú fyrri í nóvember 2001 og seinni um miðjan mars 2002. Kannað var verð á 25 lyfseðilskyldum lyfjum og 16 lausasölu lyfjum. Lyfjamarkaðurinn er flókin og erfitt fyrir hinn almenna neytanda að átta sig á því hvar hagstæðast er að versla. Þættir sem gera myndina óljósa frá neytandanum séð eru annars vegar óljósar verðmerkingar á lyfseðilskyldum lyfjum og hins vegar mismunandi þátttaka almannatrygginga í lyfjakostnaði. Kannanirnar sýndu að hlutur sjúklings í lyfjaverði er mjög mismikill milli lyfsala. Einnig er þátttaka almannatrygginga sem hlutfall af heildarverði almennt að lækka og sýndu kannanirnar að sjúklingar tóku þessa hækkun nánast alveg á sig.

## Annað

Leikskólagjöld hjá 40 sveitarfélögum á öllu landinu voru könnuð í janúar 2002 og skoðuð verðbreyting milli ára. Af þessum 40 sveitarfélögum sem skoðuð voru hafa 22 hækkað gjöldin á árinu 2002. Mesti verðmunur á milli sveitarfélaga á almennum leikskólagjöldum er 67%.

Í byrjun júní 2002 var gerð könnun á leikjanámskeiðum og knattspyrnu-skólum hjá íþróttafélögum og sveitarfélögum víðs vegar um landið. Sú könnun sýndi að nokkur hækkun var á þátttökugjaldi milli ára.

Á haustmánuðum 2001 var haldið námskeið um heimilisbókhald fyrir hinn almenna félag.

## Niðurlag

Þetta rúma ár sem verðlagseftirlitið hefur starfað hefur verið viðburðaríkt: Verkefnið hefur farið vel af stað, búið er að móta stefnu í framkvæmd og verklagi varðandi verðkannanir. Rauða strikið hélt, tollar á grænmeti voru lagðir af að stórum hluta og samstarf er að aukast við aðildarfélögin um allt land. Margar hugmyndir eru á borðinu og munu einhverjar þeirra koma til framkvæmda á næstu misserum.



*Barátta verkalýðshreyfingarinnar í gegnum tíðina hefur skilað margvíslegum árangri í kjara- og félagsmálum. Það er aftur á móti ljóst, að það má aldrei slaka á í baráttunni.*

## Félagsmál

### *Atvinnumál*

#### **Vinumálastofnun**

Á vettvangi Vinnumálastofnunar hefur á undanförunum misserum verið unnið að stefnumótun fyrir stofnunina, auk fjölmargra verkefna sem stofnunin er að sinna.

Stærsta verkefni stofnunarinnar snýr að vinnumiðlun og skráningu á atvinnuleysi hér á landi. Til að sinna þessu verkefni hefur hún byggt upp net svæðisvinnumiðlana allt í kringum landið. Þá hefur verið unnið að því að breyta áherslum í starfinu með það að markmiði að draga úr skráningarvinnu og auka ráðgjöf og aðstoð við atvinnulausa.

Stofnunin stóð fyrir könnun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, að frumkvæði Eflingar, stéttarfélags. Helstu niðurstöður voru að langtímaatvinnuleysi væri mest meðal eldra fólks annars vegar, bæði karla og kvenna og hins vegar ungra kvenna, oft með ung börn á framfæri. Fram komu sterk tengsl á milli menntunarstigs og langtímaatvinnuleysis. Þá kom fram að langtímaatvinnuleysi hefur margvísleg neikvæð áhrif á stöðu og líðan fólks.

Langtímaatvinnuleysi ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu hefur farið ört



vaxandi á síðustu misserum og hefur Vinnumálastofnun skilgreint það sem sérstakt forgangsverkefni að vinna gegn þessari þróun.

Vinnumálastofnun hefur með hendi umsýslu með atvinnuleyfum fyrir útlendinga sem hingað koma til starfa. Var á vettvangi stofnunarinnar unnið að stefnumótun og bættri stjórnsýslu varðandi þennan málaflökk. Á fyrri hluta árs var þessi stefnumótun kynnt á almennum fundi sem stofnunin stóð fyrir. Í samræmi við þessa stefnu hefur mjög verið dregið út útgáfu nýrra atvinnuleyfa á árinu 2002, í samræmi við samdrátt í ýmsum greinum og versnandi atvinnuástand.

Þess skal getið, að sú vinna sem lögð var í stefnumótun og úrbætur vegna atvinnuleyfa fyrir útlendinga, var að frumkvæði fulltrúa ASÍ í stjórninni, en áður hafði hann ásamt forseta ASÍ m.a. átt fund með félagsmálaráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins um þessi mál, í kjölfar umræðu um framkvæmd laga um atvinnuréttindi fyrir útlendinga og mála er vörðudu ólöglegan innflutning útlendinga til starfa hér á landi.

## **Virkjana- og stóriðjumál**

Á fundum atvinnuálanefndar ASÍ og miðstjórnar haustið 2001, var ítrekað fjallað um virkjana- og stóriðjumál í samhengi við stöðu og þróun efnahags- og atvinnumála og með tilliti til umhverfismála í víðasta skilningi. Á fundi miðstjórnar ASÍ á Egilsstöðum 7. nóvember 2001, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að forsendur aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á næstu árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna. Til þess að svo megi vera telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að nýta allar auðlindir til lands og sjávar með skynsamlegum hætti. Í samræmi við þessa grundvallarskoðun er mikilvægt að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi.*

*Miðstjórn ASÍ lýsir því stuðningi sínum við áform um byggingu álvers við Reyðarfjörð og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á, að þessi framkvæmd er afar mikilvæg fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjara launafólks bæði á Austurlandi og um land allt.*

*Miðstjórn ASÍ telur, að við mat á umhverfisáhrifum virkjana- og stóriðjukosta sé mikilvægt að fara að lögum og leikreglum sem gilda um slíkt mat. Augljóst er að allir slíkir kostir munu með einum eða öðrum hætti hafa áhrif á náttúrufar, mannlíf og efnahagslíf. Því er afar mikilvægt við undirbúning slíkra framkvæmda að unnið sé með opnum, faglegum og lýðræðislegum hætti að mati á þessum þáttum, þar sem leitast sé við að draga fram*

*sem heildstæðasta mynd af áhrifunum. Aðeins með þeim hætti er hægt að leggja grunn að sem víðtækastri sátt um niðurstöðuna.*

*Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að tekið verði tillit til þensluáhrifa framkvæmdanna á byggingartímanum. Vegna umfangs þessarar fjárfestingar er nokkur hættu á að verðbólga aukist og/eða raungengi hækki sem aftur dregur úr samkeppnishæfni annarra útflutnings- og samkeppnisgreina.*

*Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að samhliða uppbyggingu stóriðju á Austurlandi verði gert ráð fyrir því við skipulagningu virkjanakosta að afkastageta orkuveranna sé 10-15% meiri en bein þörf viðkomandi stóriðju. Þessari viðbótarorku verði ráðstafað á alþjóðlega samkeppnishæfu verði til uppbyggingar atvinnulífsins. Ennfremur er mikilvægt að styrkja stöðir ýmissa þjónustugreina á svæðinu til þess að þær verði í stakk búnar til að mæta aukinni eftirspurn, m.a. með sérstöku átaki í starfs- og endurmenntun. Með þeim hætti er hægt að stuðla að aukinni fjölbreytni í uppbyggingu atvinnulífsins.*

### **Ábyrgðasjóður launa**

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um Ábyrgðasjóð launa. Til grundvallar þessari endurskoðun er álit EFTA dómstólsins í máli Maríu Erlu Sveinbjörnsdóttur, en dómurinn komst að því að gildandi lög uppfylltu ekki skuldbindingar Íslandinga skv. EES samningnum. Í upphafi ákvað stjórn Ábyrgðasjóðsins, sem fékk það verkefni að endurskoða lögina, að láta ekki staðar numið við lagfæringar vegna álits EFTA dómstólsins, heldur gera heildarendurskoðun á gildandi lögum. Stjórnin kynnti félagsmálaráðherra tillögu að nýju frumvarpi vorið 2002.

Af hálfu fulltrúa ASÍ var megináherslan lögð á að treysta og bæta réttindi launafólks og bæta stjórnisýslu sjóðsins.

Þess er vænst að félagsmálaráðherra leggi fram frumvarp til nýrra laga um Ábyrgðasjóðs launa í haustþingi 2002.

### **Jafnréttis- og fjölskyldumál**

Starf Alþýðusambandsins að jafnréttis- og fjölskyldumálum síðustu misseri, hefur einkum falist í því að fylgja eftir og kynna þær breytingar og réttarbætur á þessu sviði sem fengust með nýjum jafnréttislögum og enn frekar lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem samþykkt voru á vorþinginu árið 2000. Þá var unnið að því að efla 8. mars sem vettvang fyrir umræðu um jafnréttismál. Loks má geta þess að Alþýðusamband Íslands styrkti jafnréttisverkefnið „Hið gullna jafnvægi? og tók þátt í lokaferli þess.

### ***Fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttislöggjöf og fjölskylduvæn starfsmannastefna***

Á 39. þingi ASÍ í nóvember 2000 var haldin sérstök málstofa um fæðingar- og foreldraorlofslögin, þar sem lögin og þær réttarbætur sem í þeim felast voru kynnt, auk þess sem sérstaklega var fjallað um þá nýju möguleika sem lögin skapa körlum. Í lok árs 2000 gaf ASÍ síðan út vandað kynningarrit um lögin, ásamt leiðbeiningum um framkvæmd þeirra. Ritinu var svo fylgt eftir með kynningarfundum vítt og breytt um landið, auk þess sem lögin hafa verið kynnt á námskeiðum með trúnaðarmönnum. Þá hefur kynningarrit ASÍ verið uppfært og endurútfengið, m.a. á vef ASÍ.

Í undirbúningnum undir ársfund ASÍ 2001 var ákveðið að fylgja lögnum um fæðingar- og foreldraorlof og kynningunni á þeim eftir með málstofu í tengslum við ársfundinn, þar sem sjónum væri beint að samræmingu atvinnu og fjölskyldulífs og fjölskylduvænni starfsmannastefnu. Fengnir voru fyrirlesarar utan Alþýðusambandsins sem þekkjá þennan málaflokk vel, auk þess sem starfsmaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar var með innlegg á málstofunni. Tilgangurinn var ekki síst að fjalla um og kynna leiðir til að þau réttindi og sá sveigjanleiki sem er að finna í lögnum nýtist launafólki, feðrum og mæðrum, í framkvæmd. Þá var fjallað um það hvað verkalyðshreyfingin getur gert til að stuðla að og styðja við fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Málstofan var ágætlega sótt og sköpuðust lífflegar umræður meðal þátttakenda.

### ***8. mars***

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ ákvað veturinn 2001 til 2002 að kanna áhuga annarra samtaka launafólks o.fl. á samstarfi um að endurvekja 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna, til að varpa kastljósi á stöðu kvenna og jafnréttismálin, hliðstætt því sem gerist víða um heim. Niðurstaðan varð sú að samstarf náðist með ASÍ, BSRB, SÍB, Kvenréttindasambandi Íslands, Reykjavíkurborg og Jafnréttisstofu um sameiginlega yfirlýsingu í tilefni dagsins:

### ***Framlag kvenna gerir gæfumuninn***

## **Ávarp á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2002**

*Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars gefur sérstakt tilefni til að leggja áherslu á framlag kvenna á vinnumarkaði til framþróunar og hagsældar í samfélaginu. Um leið er mikilvægt að benda á kynjamisréttið sem enn viðgengst og árétta kröfuna um launajafnrétti á vinnumarkaði og nauðsynlegar úrbætur á starfsskilyrðum kvenna og launafólks almennt.*

*Aukning þjóðartekna og efnahagslegar framfarir á Íslandi síðustu ára-*

tugi verða ekki skýrð nema með útrás kvenna á vinnumarkaðinn síðustu áratugi og mikilvægu framlagi þeirra á öllum sviðum atvinnulífsins. Hvergi í Evrópu er jafn hátt hlutfall kvenna á vinnumarkaði og hvergi skiptir framlag kvenna jafn miklu fyrir þjóðarhag. Virk þátttaka íslenskra kvenna á vinnumarkaði hefur skipað Íslandi í röð ríkustu þjóða heims. Framlag kvenna á vinnumarkaði er jafnframt forsenda fyrir áframhaldandi sókn og framfarvelferð íslensku þjóðarinnar.

Margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttunni á síðustu árum og áratugum. Mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir samfélagið er óundeilt. Konur hafa sótt fram á stöðugt fleiri sviðum samfélagsins, með aukinni menntun og úti á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir mikilvæga sigra eru mörg mikilvæg verkefni enn óleyst.

Kynbundið launamisrétti er einkenni á íslenskum vinnumarkaði. Konur njóta mun lakari kjara en karlar, þar sem verulegur hluti launamunarins verður eingöngu skýrður með misrétti kynjanna, óháð félagslegum þáttum eins og ólíku vinnuframlagi, mismunandi verðmæti vinnunnar og öðrum ástæðum.

Launamisrétti kynjanna er svartur blettur á íslensku samfélagi sem verður að uppræta. Það er krafa um grundvallarmannréttindi. Jafnréttislögin eru mikilvægt verkfæri í þessari baráttu. Þau setja skýr markmið um launajafnrétti. Þar er jafnframt að finna tæki í baráttunni gegn launamisrétti og kynjamisrétti á vinnumarkaði almenn. Fylgja verður fast eftir skyldu fyrir-tækja til að gera jafnréttisáætlanir og síðan að þeim sé hrint í framkvæmd.

Langur vinnutími og óhóflegt álag er annað einkenni á vinnumarkaði og íslensku samfélagi. Tvöfalt hlutverk og skyldur, á vinnumarkaði og heimili, skapa oft andlegt og líkamlegt álag sem ekki er ásættanlegt. Þar við bætist að rannsóknir sýna að mörg störf á vinnumarkaði sem einkum eru bundin við konur fela í sér sérstaka áhættuþætti varðandi starfsskilyrði og aðbúnað á vinnustað.

Krefjast verður þess að vinnan og starfsumhverfi kvenna jafnt og karla uppfylli kröfur um góðan aðbúnað og vinnuvernd. Einnig verður að vinna að því að samfélagsleg skipulagning vinnunnar, úti á vinnumarkaðnum og inni á heimilunum, taki mið af kröfunni um jafnan rétt og jafna möguleika kynjanna.

Þau skilyrði og umhverfi sem samfélagið býr fjölskyldunni, foreldrum og börnum þeirra, skipta miklu fyrir velferð þeirra og jafnréttisbaráttuna. Fjárhagslegur stuðningur við barnafjölskyldur, öruggt húsnæði, næg og góð dagvistun og heilsdagsskóli eru allt þættir sem skipta miklu fyrir jafnréttisbaráttuna.

*Jafnréttisbaráttan hefur skilað mikilvægum áföngum en það er enn mik-  
ið verk að vinna. Samstaðan mun skila árangri.*

*Baráttukveðjur,*

Þá stóðu framangreindir aðilar fyrir opnum fundum í Reykjavík og á Ak-  
ureyri. Á fundunum var fjallað um þróun launamála kvenna, vinnuáðstæður og  
jafnréttisáætlanir.

Auk þess að halda áfram kynningu og eftirfylgni með fæðingar- og for-  
eldraorlofslögunum og jafnréttislögunum hefur á vettvangi jafnréttis- og fjöl-  
skyldunefndar verið rætt um að standa að frekari kynningu á jafnréttisáætlun-  
um í fyrirtækjum og hvetja til þess að þær verði gerðar.

## **Húsnæðismál**

Á fundi sínum í janúar 2001 ályktaði miðstjórn ASÍ um vaxtahækkunar af húsnæðislánum. Í ályktuninni segir m.a.:

*„Miðstjórn ASÍ mótmælir hardlega þeim vaxtahækkunum af húsnæðis-  
lánum sem ríkisstjórnin lætur nú dynja á almennungi. Aðgerðir hennar í húsnæðismálum á undanförunum árum hafa allar verið illa undirbúnar og húsnæðisvandi láglaunafólks því vaxið hröðum skrefum. Lokun félagslega eignaríbúðakerfisins jók eftirspurn eftir húsnæði á almennum markaði. Aukin eftirspurn kallaði fram verðhækkunir á fasteignamarkaði langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Greiðslubyrði lána vegna íbúðarkaupa hefur hækkað án þess að þeirri hækkun hafi verið mætt með breytingum á vaxta-  
bótum. Lokun félagslega eignaríbúðakerfisins jók einnig eftirspurn eftir leiguhúsnæði á almennum markaði. Aukin eftirspurn og viðvarandi og sívaxandi biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði kölluðu fram hækkunir á húsaleigu langt umfram verðlagshækkunir. Þeim hækkunum hefur ekki verið mætt með hækkun húsaleigubóta. Vaxtahækkun á viðbótarlánum og lánum til byggingar félagslegra leiguíbúða án verulegra og aukinna framlaga til stofnstyrkja og hækkunar húsaleigubóta skerða ráðstöfunartekjur þeirra sem hún snertir og getur náð að éta upp launa- og bótahækkunir þess hóps.“*

Eins og ítarlega er gerð grein fyrir í skýrslu forseta árið 2000 skilaði sér-  
stök nefnd félagsmálaráðherra af sér þann 29. mars 2000 tillögum um breyt-  
ingar á húsnæðiskerfinu og sérstakar aðgerðir til þess að mæta þeim húsnæð-  
isvanda sem sífellt hefur farið vaxandi. Á fundi ASÍ með félagsmálaráðherra í  
byrjun apríl kom fram að ráðuneytið hefði hug á því að gera sérstakt átak í  
byggingu leiguíbúða. Í apríl 2001, í framhaldi þess fundar, samþykkti mið-

stjórn ASÍ eftirfarandi tillögu til félagsmálaráðherra um lausn á bráðum vanda láglaunafólks vegna skorts á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum:

**„I. Stofnstyrkir ríkissjóðs og sveitarfélaga:** Til kaupa eða byggingar á allt að 500 leiguíbúðum á árinu 2001 veiti ríkissjóður stofnstyrki að fjárhæð 1.2 til 3.1 milljarðar til leigufélaga á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka, þ.m.t. húsnæðissamvinnufélaga og lífeyrissjóða, einstaklinga eða fyrirtækja sem kjósa að kaupa, byggja, eiga og reka almennt eða sérhæft leiguhúsnæði. Stofnstyrkir þessir nemi á bilinu 20% til 50% af byggingakostnaði og eignist ríkissjóður eignarhlut í leiguhúsnæðinu til samræmis við stofnframlag sitt. Í sama skyni og með sömu skilmálum, þ.m.t. um eignarhlut, gefi sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eftir öll gjöld af lóðum vegna byggingar allt að 500 leiguíbúða eða leggi til stofnstyrki að jafnvirði lóðagjalda sé keypt húsnæði í stað þess að byggja.

**II. Auknar lánsheimildir:** Heimilt verði að auka lánveitingar til leiguíbúða úr 3.150 milljónum skv. fjárlögum 2001 í allt að 5.7 milljarða. Vextir verði ákveðnir sem næst markaðsvöxtum og sem næst vöxtum af fasteigna-veðbréfum skiptanlegum fyrir húsbúðum.

**III. Húsaleigubætur:** Skattlagningu húsaleigubóta verði hætt án þess að til lækkunar þeirra komi.

**IV. Félagslegir þættir:** Til þess að leysa fyrst úr vanda þeirra sem verst eru settir félagslega og fjárhagslega, njóti þeir forgangs við úthlutun. Ábyrgð og meðvitund leigjenda verði aukin með virku íbúalýðræði.

**V. Áhrif á húsnæðismarkað:** Leitast verði við að lágmarka áhrif þeirra ráðstafana sem lagðar eru til á húsnæðismarkað í landinu. Til nauðsynlegra ráðstafana í því efni verði gripið samhliða.“

Félagsmálaráðherra kynnti á árinu 2001 sérstakt átak til byggingar leiguíbúða, en það er ekki ennþá komið til framkvæmda. Það er hins vegar ljóst að ástandið í húsnæðismálum hefur farið mjög versnandi síðustu mánuði og misseri. Það bitnar einkum á efnalitlu fólki, öryrkjum og öldruðum.

Í greinargerð sem hagdeild ASÍ tók saman í byrjun október 2002 kemur m.a. fram að það að vextir af nýjum lánnum til félagslegs leiguhúsnæðis hækkuðu úr 1% í 3,5% í byrjun árs 2001 veldur að öðru óbreyttu 25,12% hækkun á hámarksleigu skv. viðmiðunarreglum Íbúðalánasjóðs. Þá kemur fram að Félagsbústaðir í Reykjavík hafa reiknað út að nauðsynlegt sé að hækka húsaleigu til að mæta vaxtahækkun Íbúðalánasjóðs. Verði fallist á tillögur Félagsbústaða mundi húsaleiga hjá þeim aðila að jafnaði hækka um 12%, en hækkunin mun koma mjög misjafnlega út. Leiga þeirra sem hafa greitt hlutfallslega lægstu

leiguna m.v. íbúðastærð mun hækka umfram 12%, en þeir sem hafa greitt hlutfallslega hærrí leigu m.v íbúðastærð munu verða fyrir minni hækkun.

## Menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótunarvinnu og þátttöku í fjölmörgum verkefnum, auk þess sem fræðslustofnanir sambandsins, MFA og Tólmstundaskólinn/Mímír standa fyrir öflugri fræðslustarfi. Þannig á Alþýðusambandið aðild að Starfsmenntaráði, MENNT - samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn Leónardó II áætlunarinnar, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi, auk þess að vera tilnefningaraðili í nokkrum starfsgreinaráðum skv. framhaldsskólalögunum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni.

### Málefni Tækniskóla Íslands

Alþýðusamband Íslands hefur í samstarfi við Samtök iðnaðarins og fleiri aðila unnið að því um nokkurra missera skeið, að leita samninga við menntamálaráðuneytið um yfirtöku Tækniskólans, með það að markmiði að þróa hann á háskólastigi um leið og staðinn væri vörður um frumgreinadeild skólans.

Viðræðum við menntamálaráðuneytið lauk í byrjun árs án árangurs. Í tengslum við viðræðulokin gáfu samningsaðilar út yfirlýsingu þar sem þeir lýstu þeirri sameiginlegu skoðun sinni að rétt væri að slíta viðræðunum með formlegum hætti. Þá gaf ASÍ út sérstaka yfirlýsingu þar sem sagði m.a.:

*„Í þeim viðræðum sem átt hafa sér stað um framtíð Tækniskóla Íslands hefur af hálfu ASÍ alltaf verið lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að varðveita ákveðin sérkenni Tækniskólans, um leið og skólinn og starfsemi hans yrði eflað enn frekar til að þjóna þörfum atvinnulífsins og þeirra sem þar starfa. Þessi sérkenni hafa einkum birst í tvennu:*

- *Tækniskólinn hefur laðað að námi fólk sem kemur með fjölbreytta menntun og reynslu úr atvinnulífinu og hann hefur lagt sig sérstaklega eftir að þjóna þörfum þessa hóps. Í þeim efnum hefur frumgreinadeild skólans gegn mikilvægu hlutverki.*
- *Tækniskólinn hefur leitast við að eiga gott samstarf við atvinnulífið og fyrirtækin og lagt sig eftir að mæta þörfum þeirra fyrir starfsmenn með trausta og góða tækni- og rekstarþekkingu.*

*Alþýðusamband Íslands er enn sem fyrr þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hlúa að framangreindum sérkennum um leið og brýna nauðsyn beri til*

*að efla verk- og tæknimenntun á Íslandi og að hún verði að vera í sterkum tengslum við atvinnulífið.*“

### **Vika símenntunar**

Í byrjun árs 2001 barst Alþýðusambandi Íslands ósk frá Verkefnisstjórn um viku símenntunar, þar sem óskað var eftir því við sambandið að það gerðist formlegur aðili að þessu verkefni en vika símenntunar skyldi að þessu sinni fjalla um mikilvægi tölvufærni og upplýsingatækni og tungumálaþekkingar. Miðstjórn ASÍ ákvað að sambandið yrði aðili að Viku símenntunar. Þá var jafnframt samþykkt að leggja fram fjárstyrk til að kosta kynningu á Viku símenntunar.

Árið 2002 var ákveðið að ASÍ mundi enn á ný standa að Viku símenntunar sem haldin var í september sl. Þá fór afhending starfsmenntaverðlaunanna fyrir árið 2002 fram í húsakynnum ASÍ. Svo skemmtilega vildi til að einn verðlaunahafa var MFA.

### **Einkavæðing grunnskóla**

*21. febrúar 2001 sendi miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi ályktun í tilefni af útbóði á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði.*

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur menntamálaráðherra til að veita sveitarfélögum ekki undanþágu frá þeirri meginskyldu sem fram kemur í fyrstu grein grunnskólalaganna, þ.e. að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára.*

*Verkalýðshreyfingin hefur alltaf verið þeirrar skoðunar að grundvallarþjónustu samfélagsins, svo sem heilbrigðiskerfi, velferðarkerfi og menntakerfi eigi að byggja og reka á samfélagslegum grunni.*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur til þess að fallið verði frá áformum um útböð grunnskólakennslu.“*

### **Samstarf aðila vinnumarkaðarins að menntamálum**

Aðilar vinnumarkaðarins hafa átt víðtækt og vaxandi samstarf í menntamálum á undanförunum misserum og árum. Grunnurinn er samstarf um fræðslustofnanir og sjóði starfs- og atvinnugreinanna. Þá eiga heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins víða samstarf um þennan málaflokk. Það gildir um Starfsmenntaráð, MENNT, samstarfsnefnd um starfsnáám á framhaldsskólastigi og Leónardo II áætlunina. Þá fer samstarf aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um menntamál ört vaxandi.

Í framangreindu ljósi ákváðu ASÍ og SA að taka saman skýrslu um sam-



starf aðila vinnumarkaðarins að menntamálum, með það að markmiði eins og segir í inngangi:

1. Að birta yfirlit um sameiginlega þætti og starfsemi félaga og samtaka í atvinnulífinu um menntamál, sérstaklega í samvinnu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.

2. Að gera tillögu um aukna samvinnu atvinnurekenda og launafólks í menntamálum.

Hér er um að ræða yfirlit sem vonast er til að geti orðið handhægt gagn til að nota við frekari uppbyggingu starfsmenntunar hér á landi.

Um framtíðarverkefni aðila vinnumarkaðarins segir í skýrslunni:

„Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa á undanförunum árum lagt áherslu á framgang menntunar, ekki síst starfsmenntunar, bæði innan og utan hins opinbera menntakerfis. Atvinnulífið þarf að geta treyst á öflugt menntakerfi til þess að þróast í takt við kröfur nútímans. Þetta er í samræmi við hraðfara alþjóðavæðingu.

Áherslur aðila vinnumarkaðarins hafa verið mismunandi. Um sum atriði næst illa sátt þar sem hagsmunir eru gagnólkir. Miklu fleiri eru þau atriði sem aðilar standa saman um og / eða gætu náð saman um. Í stuttu máli eru aðilar vinnumarkaðarins sammála um að nýta menntun til að treysta stöðu einstaklinga og fyrirtækja í atvinnulífinu. Aukin menntun og þjálfun einstaklinga leiðir m.a. eftirfarandi af sér:

- Treystir stöðu starfsfólks á vinnumarkaði
- Eykur verðmæti starfsfólks
- Eykur gæði og verðmæti framleiddrar vöru
- Eflir samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og landa

Sameiginlegur skilningur aðila vinnumarkaðarins á mikilvægi menntunar í atvinnulífinu hefur dafnað í skjóli vissunnar um ábata beggja aðila af samstarfi í þessum málaflokki. Ljóst er að samstarfið hefur vaxið hratt og að það er viðamikid. Möguleikar á hagræðingu hér á landi eru því miklir.

Sameiginlegt verkefni aðila vinnumarkaðarins á sviði menntamála ætti að vera eftirfarandi:

- 1) Að tala skýrar einni röddu um sameiginleg hagsmunamál atvinnurekenda og launafólks í menntamálum, bæði gagnvart íslenskum stjórnvöldum og í Evrópusamstarfi.
- 2) Að kanna möguleika á að auka formlegt samstarf félaga og stofnana í atvinnulífinu um sameiginleg markmið. Til greina kemur að sameina félög og samstarf með sameiginleg markmið.

- 3) *Áð nýta sameiginleg tækifæri atvinnurekenda og launafólks í samstarfi atvinnulífs og skóla.*
- 4) *Áð bjóða í auknum mæli þekkingu og þjónustu atvinnulífsins til að leysa af hendi lögbundin verkefni stjórnvalda á sviði menntamála. (Atvinnulífið þjóni stjórnvöldum.)*
- 5) *Áð kanna möguleika á að nýta opinbera skólakerfið til að þjóna menntahagsmunum atvinnulífsins. (Skólar þjóni atvinnulífinu.)*
- 6) *Áð vinna með stjórnvöldum að því að teikna gegnsæja heildarmynd af íslenska menntakerfinu þar sem hlutverk aðila er skilgreint, sátt sé um hugtakanotkun og einfalda framsetningu.*

*Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavina“ þeirra: stjórnvalda, skóla, félaganna og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast. Skrifræðið minnkar.?*

### **Viðræður um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**

Í framhaldi af ársfundi ASÍ í maí 2001 fór fram mikil umræða innan stjórnar MFA um starfsemina og hvaða leiðir væru til þess að efla hana og þá á hvaða sviðum. Ljóst er að verkefni MFA hafa þróast á síðari árum yfir í verkefni sem snúa að starfsmenntun og þá með megin áherslu á þá einstaklinga og hópa sem hafa ekki formlega starfsmenntun fyrir.

Með tilkomu fræðslusjóða fyrir aðildarfélag Starfsgreinasambandsins og verslunarfólks í síðustu kjarasamningum hefur orðið breyting á verkefnum í starfsmenntun hjá MFA. Aukning er á starfsmenntun fyrir ófaglærða á höfuðborgarsvæðinu, en að sama skapi hefur starfsmenntun á landsbyggðinni farið minnkandi.

Til að ná betur utan um þessa starfsemi og efla hana lagði stjórn MFA fram hugmyndir að samstarfi fræðslumiðstöðva í atvinnulífinu undir vinnuheitinu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmiðið var að samhæfa krafta þeirra fræðsluaðila og sjóða, sem verkalýðshreyfingin á aðild að. Megininntak hugmyndanna var að byggja upp nýtt fyrirtæki sem væri þjónustufyrirtæki fyrir allar starfandi fræðslumiðstöðvar aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk fyrirtækisins væri að miðla námskeiðum milli eignaraðila og bjóða uppá námskeið á almennum sviðum, s.s. tungumál, tölvur og, tómsundanám.

Til þess að mynda kjarna í Fræðslumiðstöðinni yrði allt námsframboð á vegum Mímis - Tómskundaskólans og MFA að undanskilinni félagslegri fræðslu lagt inn í Fræðslumiðstöðina.

Hugmyndirnar voru fyrst kynntar fyrir forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar með óformlegum hætti um sumarið og haustið 2001 sem og starfsmönnum og forsvarsmönnum fræðslumiðstöðva sem eru á samningssviði ASÍ. Allstaðar þar sem þessar hugmyndir voru kynntar fengu þær góð viðbrögð og hvatningu aðila um frekari útfærslu svo þær næðu fram að ganga. Í framhaldi af þessari óformlegu kynningu var málið kynnt fyrir forsetum ASÍ, en samkvæmt samþykkt ársfundar ASÍ var forsetum ASÍ og formanni stjórnar MFA falið það verkefni að hafa yfirlýsingu með endurskoðun starfsemi MFA. Forsetar og framkvæmdastjóri ASÍ töldu þessar hugmyndir afar áhugaverðar og falla einkar vel að þeim skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað innan verkalýðshreyfingarinnar á undanförunum árum. Var það niðurstaða forseta og framkvæmdastjóra ASÍ og formanns og framkvæmdastjóra MFA að óskað yrði eftir fundi með forystu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins og þeim kynnt málið með ósk um viðræður um frekari útfærslu.

Þessir fundir með forystu atvinnurekenda áttu sér stað í október og voru undirtektir þeirra einnig mjög jákvæðar, en aðilar voru sammála um að mikilvægt væri að tryggja aðkomu stjórnvalda að málinu, þar sem hluti viðfangs-efna slíkrar stofnunar væri samfélagslegs eðlis.

Á grundvelli þessara viðbragða ákvað stjórn MFA í nóvember 2001 að leggja til sem svaraði þriggja mánaða launum fyrir starfsmann til að vinna að frekari útfærslu þessara hugmynda.

Við frágang á samkomulagi við stjórnvöld í tengslum við frestun á endurskoðun kjarasamninga í desember 2001 lagði ASÍ mikla áherslu á að ríkisstjórnin myndi tryggja fjármagn til reksturs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í kjölfar þess gaf ríkisstjórnin út svohljóðandi yfirlýsingu um eflingu starfsmenntunar:

### ***Yfirlýsing um eflingu starfsfræðslu í atvinnulífinu***

*„Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum.“*

Að baki þessari yfirlýsingu lá einnig fyrirheit um fjármagn frá ríkisvaldinu til að efla og endurskipuleggja starfsmenntun í atvinnulífinu ef ASÍ og SA kæmu sameiginlega að málinu.

Strax í byrjun janúar óskaði ASÍ eftir formlegum viðræðum við atvinnurekendur um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. Jafnframt var

ákveðið að boða til hugarflugsfundar þann 16. janúar, þar sem hverju landsambandi innan ASÍ auk félaga er hafa sjálfstæða fræðslusjóði var boðin þátttaka. Mjög mikil þátttaka var á þessum hugarflugsfundi og mættu fulltrúar frá nánast öllu fræðslustarfi hreyfingarinnar.

Þátttakendum var skipt upp í 5 umræðuhópa og yfir hverjum umræðuhópi var skipaður hópstjóri. Hópstjórar voru Kristján Bragason, SSG, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Eflingu, Finnbjörn A Hermannsson, Trésmíðafélagi Reykjavíkur, Alda Sigurðardóttir, VR, og Niels S. Olgeirsson, Matvís.

Allir hóparnir fengu sömu grunnspurningar til að fara í gegnum og hópstjórum falið að taka saman niðurstöðu af sínum umræðum. Fyrirgreindum hópstjórunum var svo falið, ásamt Hauki Harðarsyni (MFA) Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur (MFA), Gylfa Arnbjörnssyni (ASÍ), Halldóri Grönvold (ASÍ) og Stefáni Ó. Guðmundsyni (RSÍ) að semja sameiginlega niðurstöðu. Markmiðið var að búa til skjal sem hægt væri að nota sem viðuræðugrundvöll ASÍ í viðuræðum við SA um innihald og markmið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Niðurstaða þessarar vinnu var send í rafpósti til allra þátttakenda á hugarflugsfundinum, með beiðni um viðbætur eða leiðréttingu ef einhverjum þátttakenda þætti ástæða til. Jafnframt var þetta kynnt fyrir miðstjórn ASÍ og stjórn MFA. Á miðstjórnarfundi þann 6. febrúar var eftirfarandi samþykkt gerð:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir sig sammála efni tillögu um Samningsmarkmið sem leggja á til grundvallar í viðuræðum við SA um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem efnislega var samþykkt á fundi fulltrúa landssambanda og aðildarfélaga ASÍ 5. febrúar 2002.*

*Jafnframt staðfestir miðstjórn þá málsmeðferð að þeim hópstjórum ásamt fulltrúum frá miðstjórn ASÍ og stjórn MFA sem starfað hafa í stýrihópum, verði falin frekari útfærsla og samningsgerð við SA og aðra aðila.“*

Eftirfarandi störfuðu í stýrihópnum:

Alda Sigurðardóttir	VR
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	Efling
Kristján Bragason	Starfsgreinasambandið
Niels Sigurður Olgeirsson	Matvís
Stefán Ó. Guðmundsson	Rafiðnasambandið
Finnbjörn A. Hermannsson	Samíðn
Hólmgeir Jónsson	Sjómannasamband Íslands
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir	Stjórn MFA
Haukur Harðarson	Stjórn MFA
Gylfi Arnbjörnsson	Miðstjórn ASÍ
Halldór Grönvold	Miðstjórn ASÍ

Starfshópurinn skipaði síðan Finnbjörn Hermannsson, Gylfa Arnbjörns-son, Kristján Bragason og Þórunni Sveinbjörnsdóttur í viðræðunefnd og á fyrsta fundi með fulltrúum frá SA 21. febrúar 2002 var eftirfarandi kynnt sem viðræðugrundvöllur um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

## **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

### **Inngangur**

Í síðustu kjarasamningum á almennum vinnumarkaði lögðu samtök launafólks og atvinnurekenda grunn að nýrri sókn í starfsmenntamálum. Með stofnun fræðslusjóðanna var stigið skref sem miðar að því að auka hæfni starfsfólks og um leið samkeppnishæfni fyrirtækjanna.

Fræðslusjóðirnir bættust við fjölbreytta flóru menntastofnana og tilboða sem í mörgum tilvikum afmarkast við einstakar atvinnugreinar. Þó svo afmörkun af því tagi geti á stundum skerpt sýn og gert nám markvissara, getur hún einnig staðið í vegi fyrir þróun á kennsluháttum og námsefnisgerð.

Í framhaldi af þessum samningum hafa heildarsamtökin mótað sameiginlega framtíðarsýn og stefnu, sem gefin var út í skýrslu samtakanna í maí 2001. Þar koma m.a. fram hugleiðingar um næstu skref í þróun starfsmenntamála, sem höfð hafa verið að leiðarljósi í mótun hugmynda um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Það er því ljóst, að hægt væri að ná enn meiri árangri með því að auka samstarf og samræmingu þeirra aðila sem bjóða upp á starfsmenntun. Á vegum Alþýðusambandsins hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að því að móta stefnu um það með hvaða hætti þessum málum verði enn betur fyrir komið en nú er. Í þeirri vinnu hefur m.a. verið farið yfir stöðuna eins og hún er í dag og þróunin síðasta áratug skoðuð.

### **Fjöldi og menntunarstig á vinnumarkaði**

Á undanförunum árum hefur fjöldi starfandi einstaklinga á vinnumarkaði vaxið umtalsvert. Árið 1997 voru þeir 142.000, en árið 2000 voru þeir orðnir 156.400, næstum 20.000 fleiri en fyrir áratug.

Á sama tíma hefur menntunarsamsetning hópsins breyst. Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem lokið hafa háskólaprófi hefur vaxið jafnt og þétt á tímabilinu. Árið 1991 var þetta hlutfall um 11%, en var komið í 15,3% árið 2000. Fram undir mitt tímabilið, þ.e. til ársins 1995, fækkaði þeim sem einungis höfðu lokið grunnenntun úr 41,9% í 38% og um leið fjölgaði þeim sem lokið höfðu starfs- og framhaldsmenntun (að undanskilinni háskólamenntun), úr 47,1% í 48,7%. Eftir það snerist þessi þróun við, þannig að árið 2000

*höfðu fleiri einungis lokið grunnmenntun (43,5%) en starfs- og framhaldsmenntun (41,2%).*

*Mikill munur er á körlum og konum í þessu sambandi, einkum að því er varðar hlutfall fólks með grunnmenntun annars vegar og starfs- og framhaldsmenntun hins vegar. Stöðugur stígandi var á hlutfalli háskólamenntaðra, bæði meðal karla og kvenna. Árið 1991 var hlutfall háskólamenntaðra karla á vinnumarkaði 12,9%. Það hlutfall var komið í 16,2% áratug síðar. Hlutfall kvenna á vinnumarkaði með háskólapróf var tæp 9% fyrir áratug, en var komið í 14,3% árið 2000.*

*Meðal karla voru 33,7% einungis með grunnmenntun árið 1991. Þeim fór síðan hlutfallslega fækkandi ár frá ári til ársins 1995, þegar hlutfallið var 31,5%. Síðan snerist þróunin við aftur og árið 2000 var hlutfallið komið í 38,8%. Hlutfall þeirra sem höfðu starfs- og framhaldsmenntun var 53,6% árið 1991. Það fór upp í 55% árið 1991, en hefur síðan fallið niður í um 45%. Við upphaf áratugarins voru 51,6% kvenna á vinnumarkaði einvörðungu með grunnmenntun. Hlutfallið fór niður í 44,8% árið 1995, reis síðan í 50% árið 1999 en var 48,9% árið 2000. Af eðlilegum ástæðum varð þróunin þveröfug hvað varðar hlutfall kvenna með starfs- og framhaldsmenntun. Það var 39,4% við upphaf áratugarins, fór upp í 41,9% árið 1996, en var komið niður í 36,8 árið 2000.*

*Að ofansögðu má ráða, að samfara mikilli fjölgun starfandi einstaklinga á vinnumarkaði, hefur dregið úr menntunarstigi. Það er áhyggjuefni og kall- ar á viðbrögð.*

## **Leiðir til úrbóta**

*Meginniðurstaðan af þeirri vinnu sem hefur farið fram innan ASÍ, er að komið verði á vettvangi (hefur hlotið vinnuheitið Fræðslumiðstöð atvinnulífsins), sem beiti sér fyrir öflugri uppbyggingu og þróun menntunar sem taki mið af þörfum atvinnulífsins. Í þessari vinnu hefur sú skoðun verið ríkjandi, að mikilvægt sé að fulltrúar atvinnurekenda og launafólks gegni lykilhlutverki í framtíðaruppbyggingu menntunar í þágu atvinnulífsins. Þetta eru þeir aðilar sem gerst þekkja aðstæður og eiga mestra hagsmuna að gæta.*

*Í þeirri vinnu sem vísað er til, varð niðurstaðan sú að æskilegast væri að heildarsamtök launafólks (ASÍ) og atvinnurekenda (SA) beittu sér sameiginlega fyrir stofnun hlutafélags um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Báðir aðilar væru eigendur, auk starfandi fræðslunefnda. Það er skoðun Alþýðusambandsins, að með þessu gæfist tækifæri til að auka áhrif launafólks og atvinnurekenda á mótun menntunar fyrir atvinnulífið. Jafnframt væri sú símenntun sem fyrir er aukin og efla, unnið væri gegn atvinnuleysi og varan-*

legur hagvöxtur væri efldur og treystur, byggður á almennri þekkingu. Með þessu væri því verið að auka og treysta almenna velferð í samfélaginu.

Alþýðusambandið leggur áherslu á, að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verði mótuð í kringum þá almennu fræðslu sem hefur verið byggð upp á vegum MFA og Mímis/Tómstundaskólans. Þannig væri hægt að hraða uppbyggingunni.

Lögð er höfuðáhersla á að námsframboð taki mið af þörfum einstaklinga, starfshópa, fyrirtækja og starfsgreina og byggi á faglegri greiningu á þekkingarþörf atvinnulífsins.

Á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fari fram skilgreind kjarnastarfsemi, sem byggi á samstarfssamningum við eftirfarandi aðila:

- Starfandi fræðslusjóði á vegum aðila vinnumarkaðarins
- Menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti
- Sveitarfélög
- Rannsóknarstofnanir atvinnulífsins.
- Framhaldsskóla.
- Vinnumiðlanir og Atvinnuleysistryggingasjóð.
- Sjálfstætt starfandi fræðsluaðila sem veita fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði og uppfylla kröfur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um gæði.

Eftirfarandi starfsemi fari fram á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

## **Fræðslusjóðir atvinnulífsins**

Fræðslusjóðir atvinnulífsins geri samstarfssamninga við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um þau verkefni sem sjóðirnir vilja leysa í samstarfi við Fræðslumiðstöðina. Þar getur verið um að ræða verkefni til að þróa námsefni, standa fyrir námskeiðum, allt eftir óskum og þörfum viðkomandi sjóða. Með þessum hætti miðlar hún þekkingu til stærri markhópa.

## **Símenntunarmiðstöð**

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi tvö meginhlutverk á sviði símenntunar:*

*Að vera símenntunarmiðstöð höfuðborgarsvæðisins.*

*Að vera þjónustu- og þróunaraðili fyrir símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni;*

*Jafnframt hafi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samskipti við ríki og sveitarfélög um stefnumörkun í fullorðinsfræðslu.*

*Starfsgreinar* geti sótt á einn stað faglegt og almennt nám sem taki mið af þekkingarþörf þeirra.

*Fyrirtæki* geti leitað eftir greiningu á þekkingarþörf starfsmanna sinna.

*Starfshópar* geti sótt sérhæft nám sem taki mið af þekkingarþörf.

## Greining

Fræðslumiðstöðin geti veitt faglegt mat á þekkingarþörf einstaklinga, starfshópa, fyrirtækja og starfsgreina. Auk þess geti hún veitt sérhæfða starfs- og námsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði.

## Námsframboð til einstaklinga

Námsframboð til einstaklinga miðist við skilgreind markmið sem byggi á þeirri þekkingu sem viðkomandi býr yfir.

Námstilhögun taki mið af þörfum fólks á vinnumarkaði.

Námsframboð miðist við almennt nám, sérhæft nám og starfstengt nám, auk tómsundanáms.

## Námsframboð

Fræðslumiðstöðin á að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

\* Þjóða sérhæfðar námsleiðir fyrir fullorðið fólk í almennu námi og fagnámi. Þannig geti það styrkt stöðu sína á vinnumarkaði og lagt grunn að frekara námi.

- Þróa stjórnunar- og viðskiptamenntun sem taki mið af þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.
- Þróa kennslufni og bjóða upp á nám fyrir erlent starfsfólk til að styrkja stöðu þess í íslensku samfélagi.
- Hafa á boðstólum sérhæft nám fyrir þá sem hafa misst vinnu, sem miðar að því að auka möguleika þeirra á að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.
- Bjóða fræðslu og tómsundanám fyrir eldri borgara og nám til að undirbúa starfslok.
- Bjóða upp á almennt tómsundanám, sem hafi það að markmiði að styrkja og þroska einstaklinga í starfi og hvetja þá til frekara náms.

## Mat á námi

Eftirfarandi verði haft að leiðarljósi við mat á námi:



- *Allt námsframboð verði byggt upp með skýrum markmiðssetningum og innihaldslýsingum.*
- *Atvinnuþátttaka verði metin til eininga í námi.*
- *Þekking sem aflað er með óformlegu námi -og/eða sjálfsnámi verði metin til eininga.*
- *Nám sem boðið er af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, verði metið af atvinnulífinu og/eða menntamálaráðuneytinu.*

Viðræðunefndin hélt fjölda funda með fulltrúum SA um málefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Nokkur ágreiningur varð um hlutverk og markmið félagsins, einkum vegna þess að fulltrúar SA vildu ekki taka þátt í samkeppnisrekstri í námskeiðahaldi. Á tímabili stefndi í formleg slit milli aðila vegna þessa ágreinings en eftir óformlegar viðræður reyndist möguleiki á að ná saman á grundvelli þrískiptingar á þeirri starfsemi sem MFA hefur haft á höndum. Þessi þrískipting á starfsemi MFA tekur mið af eftirfarandi meginbreytingum:

1. Félagsleg fræðsla sem MFA hefur staðið fyrir færðist formlega yfir til skrifstofu ASÍ sem sérstök fræðsludeild ASÍ frá og með 1. júlí s.l. og mun í framtíðinni starfa undir heitinu MFA. Í reynd hóf starfsmaðurinn störf hjá ASÍ í lok ágúst, eftir sumarleyfi. Starfsemin flyst að öllu leyti frá og með 1. janúar 2003. Sá hluti framlags Menningar og fræðslusjóðs ASÍ, sem nemur launum og kostnaði starfsmannsins rennur frá og með 1. júlí 2002 til fræðsludeildar ASÍ og alfarið frá 1. janúar 2003. Markmið þessarar deildar verður að sinna fræðslu fyrir alla talsmenn verkafélags hreyfingarinnar og fellur því afar vel að því skipulagi og verkaskiptingu sem forystumenn hreyfingarinnar hafa ákveðið á undanförunum misserum. Félagsleg fræðsla MFA hefur farið fram í Félagsmálaskóla alþýðu, sem fylgir með í þessum breytingum, þannig að fræðsludeild ASÍ (eða MFA eins og hún mun heita) mun áfram tilnefna fjóra af sjö stjórnarmönnum í Félagsmálaskólann og því ekkert tilefni til breytinga á lögum og reglum um hann. Það sama á við um opinber framlög til skólans, hann mun áfram starfa með svipuðu sniði og áður. Gert er ráð fyrir að eignarhlutur MFA í Grensásvegi 16 A verði eftir í Menningar og fræðslusjóði ASÍ og ráðstafað til þeirra málefna.
2. Sú starfsemi MFA sem lýtur að skipulagningu á innihaldi námskeiða, jafnt almennra námskeiða sem starfsmenntanámskeiða, skipulagningu símenntunartilboða fyrir fyrirtæki og félög og einstaklinga ásamt þarfragreiningu, þróun og ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki verði færð yfir í nýtt fyrirtæki sem ber heitið Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. og verður í helm-

ingseigu ASÍ og SA. Við það er miðað að þessi breyting eigi sér stað á haustmánuðum.

3. Rekstur alls námskeiðahalda á vegum MFA og undirstofnana (m.a. Mímir - Tómskundaskólinn, MFA skólinn, almennt nám og námskeið fyrir atvinnulausa), einkum námskeið sem haldin eru að frumkvæði og ábyrgð MFA, verður fært yfir í nýtt fyrirtæki undir heitinu Mímir ehf. sem yrði alfarið í eigu ASÍ. Mímir mun sérhæfa sig í kennslu í almennu grunnnámi, bæði gagnvart fræðslusjóðum í tengslum við endurmenntunina og sjálfstæðu námsframboði gagnvart fullorðnu fólki með litla grunnmenntun. Gerður verður langtímasamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) um framkvæmd tiltekinna námskeiða sem FA vildi sinna, einkum almennt grunn nám, og fengi Mímir í gegnum slíkan samning hlutdeild í framlagi ríkisins. Þessi starfsemi yrði með ekki ólíku fyrirkomulagi og hjá Mími - Tómskundaskólanum í dag og yrði í sama húsnæði og FA, með þjónustusamningi um almennan rekstur. Fræðsludeild ASÍ mun jafnframt gera samstarfs- og þjónustusamning við Mími ehf. um framkvæmd félagslegu fræðslunnar. Jafnframt hefur verið óskað eftir viðræðum við m.a. Reykjavíkurborg um náð samstarf við Námsflokka Reykjavíkur um framkvæmd fullorðinsfræðslunnar, en takist það verður hægt að gera Mími að símenntunarmiðstöð höfuðborgarsvæðisins.

Þessi málsmeðferð var kynnt fyrir stjórn MFA í júní og lagði stjórnin til við miðstjórn ASÍ að formlegur aðskilnaður á félagslegu fræðslunni frá annarri starfsemi MFA yrði frá og með 1. júlí og var það samþykkt. Jafnframt var forsetum ASÍ og formanni stjórnar MFA falið að undirbúa lagabreytingar fyrir ársfund ASÍ í lok október sem endurspegluðu þessa breytingu. Ástæða fyrir því að nauðsynlegt þótti að flýta þessum aðskilnaði var að hvort sem farið yrði í samstarf við atvinnurekendur eða borgaryfirvöld um rekstur Fræðslumiðstöðvarinnar eða Mímis var ljóst, að þessar breytingar yrðu að eiga sér stað á þessum tímapunkti til þess að freista þess að ná niðurstöðu í málinu.

Fyrir liggur samkomulag við SA um að stofna fyrirtæki sem er í eigu ASÍ og SA sem mun heita Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Hlutverk og markmið þess er skilgreint þannig í samþykktum þess:

*„Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækiferum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna*

samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu. Þessum markmiðum hyggst FA m.a. ná með starfsemi á eftirfarandi sviðum:

- Þarfagreining, ráðgjöf, markmiðssetning og gæðamat.
- Innihaldslýsingar og námsskrár fyrir verkefni, svo og námsefnisgerð og kennslufræðileg aðstoð.
- Þróun aðferða við mat á námsárangri, þ.m.t. mat á óformlegu námi, í samstarfi við menntamálaráðuneytið.
- Samræmd skráning á námi og námsárangri.
- Samræmd vottun á námsframboði í fullorðins- og starfsmenntun.
- Samningar við fræðslufyrirtæki og fræðsluverktaka.
- Samstarfssamningar við fræðslusjóði og símenntunarmiðstöðvar.
- Samráð við hagsmunasamtök innan ASÍ og SA og þjónusta við þau á starfssviði félagsins, svo og við sameiginlegar stofnanir þessara samtaka á sviði fræðslumála.
- Samstarf við stjórnvöld um sameiginleg markmið og umsjón verkefna sem samið verður um.
- Öflun og miðlun upplýsinga um starfssvið félagsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er m.a. ætlað að þjóna öðrum sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA og að leitast við að verða vettvangur þeirra til samráðs og aukins samstarfs og samrekstrar. Við gerð starfsáætlana skal FA hafa samráð við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir að því leyti sem snerta kann starfssvið þeirra.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er ekki ætlað að starfa á samkeppnismarkaði með sjálfstætt framboð á námskeiðahaldi, heldur að gera samninga við starfandi félög og fyrirtæki sem starfa á þessum markaði. Til þess að ná sameiginlegum markmiðum er FA heimilt að gera samstarfssamninga til lengri tíma til að stuðla að stöðugu fræðsluframboði.

Ekki er heimilt að greiða eigendum arð, en allur hagnaður af starfsemi félagsins rennur til almenningsheilla í formi þess að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum á íslenskum vinnumarkaði.

Þessi niðurstaða í viðræðum milli ASÍ og SA um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var kynnt af samningarnefndum ASÍ og SA fyrir stjórn- um og framkvæmdastjórum allra fræðslusjóða sem eru á samningssviði ASÍ og SA auk stjórnar Menntar og Starfsmenntaráðs mánudaginn 23 og þriðju- daginn 24 september 2002. Almennt má segja að viðbrögð hafi verið afar já-

kvæð í heildina litið, þrátt fyrir að fram hafi komið áhyggjur yfir hugsanlegri skörun verkefna gagnvart einstaka aðilum. Eins og fram kemur í fyrrgreindum markmiðskafla samþykktana er gert ráð fyrir að FA hafi samráð við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir ef slík skörun kemur upp.

Í framhaldi af þessum kynningarfundum var málið kynnt fyrir fulltrúum forsætisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins í byrjun október og óskað eftir viðræðum um samstarfssamning um verkefni og fjármögnun. Þessar viðræður eru nú að fara í gang.

## **Starfsmenntaráð**

Á vettvangi Starfsmenntaráðs fór fram mikil stefnumótunarvinna á tímabilinu 1999 til 2000. Niðurstaðan birtist í greinargerð ráðsins „starfsmenntun 2000? og „hlutverk og stefna? Starfsmenntaráðs. Verkefni Starfsmenntaráðs og útlutanir úr Starfsmenntasjóði hafa tekið mið af þessari stefnumótun. Þannig var á árinu 2001 sérstaklega auglýst eftir verkefnum í eftirtöldum flokkum:

- Verkefni er tengjast notkun internetsins í starfsmenntun
- Verkefni er stuðla að auknum gæðum starfsmenntunar
- Starfsmenntun erlends vinnuafns

Úthlutað var tæpum 50 milljónum til 36 verkefna.

Á árinu 2002 var auglýst eftir verkefnum er tengdust starfsmenntun og upplýsingatækni, verkefnum er tengdust gæðum í starfsmenntun með sérstaka áherslu á þjálfun leiðbeinenda og loks var auglýst eftir verkefnum tengdum starfsmenntun fatlaðra.

Úthlutað var tæpum 50 milljónum til 38 verkefna.

## ***MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla***

Mennt hefur á undanförunum misserum tekið að sér margvísleg verkefni fyrir menntayfirvöld og aðra. Þar má nefna Viku símenntunar, Starfsmenntaverðlaunin, Ráðstefnur um upplýsingatækni, Upplýsingaöflun og þjónustu vegna Evrópsku starfsmenntastofnunarinnar og Leónerdo II áætlunarinnar. Stærsta verkefni MENNTar hefur frá upphafi verið upplýsingavefur um námsframboð á Íslandi.

Mennt.is - nýr upplýsingavefur um námsframboð á Íslandi var opnaður í tengslum við Viku símenntunar í september 2002. Á vefnum verður haldið utan um og miðlað samanburðarhæfum upplýsingum um nám og námskeið á framhalds-, háskóla- og endurmenntunarstigi.

Upplýsingavefurinn er gagnabanki sem byggist á alþjóðlegum stöðlum um skráningu námstengdra gagna og er opinn öllum í gegnum Internetið. Vefurinn er einfaldur í notkun og samanburður á námi og námskeiðum auðveldur. Ekk-

ert slíkt kerfi er til í dag og hefur reynsla af sambærilegum kerfum erlendis sýnt að mikil þörf er fyrir þá þjónustu sem það býður upp á. Framboð af námi og námskeiðum af ýmsu tagi er mikið en yfirsýn yfir markaðinn hefur hingað til verið erfið fyrir hinn almenna notanda. Með tilkomu mennt.is er aðgengi almennings að upplýsingum um nám og námskeið auðveldað á sama tíma og skólum og aðstandendum námskeiða er gert kleift að miðla upplýsingum til viðskiptavina á ódýran, einfaldan og markvissan hátt. Gagnagrunnurinn er ætlaður almenningi, skólum, námskeiðshöldurum, fyrirtækjum, stéttarfélagum, símenntunarmiðstöðvum og þeim aðilum sem bjóða upp á nám og/eða leita eftir upplýsingum. Vefurinn er opinn öllum að kostnaðarlausu og er mjög auðveldur í notkun. Allir sem tengjast gagnagrunninum geta nýtt sér þær upplýsingar um nám og námskeið sem þar er að finna.

Aukið framboð á menntun svo og aukinn hraði í þjóðfélaginu kalla á hraðari og öruggari upplýsingar um það sem neytendur leita eftir. Einnig mun auðvelt aðgengi að upplýsingum um framboð af menntun nýtast öllum þeim sem láta sig þessi mál varða.

### ***Menntanefnd ASÍ***

Starf menntanefndar ASÍ hefur endurspeglad það sem einkum hefur verið á dagskrá Alþýðusambandsins í menntamállum á tímabilinu. Þannig fjallaði nefndin ítrekað um málefni Tækniskóla Íslands og síðar málefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og uppstokkun í fræðslumálum á vettvangi ASÍ sem gerð er grein fyrir hér að framan. Þá hafa málefni Starfsmenntaráðs, MENNTAR, samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla, starfsemi starfsgreinaráða verið til umfjöllunar í nefndinni.

Menntanefnd ákvað á fundi sínum í september að skipuleggja sérstakt málþing á vettvangi ASÍ um miðjan nóvember 2002.

## **Vinnuvernd**

Á sviði vinnuverndar hefur starf ASÍ auk hefðbundinna verkefna einkum beinst að endurskoðun á vinnuverndarlögunum og undirbúningi undir framkvæmd nýrra verkefna á sviði vinnuverndar.

### ***Endurskoðun vinnuverndarlaganna***

Nú um nokkurra missera skeið hefur verið unnið að endurskoðun laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Markmið þessarar endurskoðunar hefur einkum verið að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB, mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd

barna og unglunga nr. 94/33/EB, auk þess sem henni er ætlað að stuðla að framkvæmd ákvæða nágildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.

Frumvarp þessa efnis hefur í tvígang verið lagt fyrir Alþingi, veturinn 2000-2001 og síðan aftur veturinn 2001-2002. Í báðum tilfellum hefur ASÍ fagnað framkomnu frumvarpi en jafnframt gert alvarlegar athugasemdir við efni þeirra. Frumvörpin hafa verið um margt sambærileg en þó var sú grundvallarbreyting gerð þegar frumvarpið var lagt fram í seinna skiptið, að búið var að fella út ákvæði 66. gr. nágildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið eins og það var lagt fram veturinn 2001-2002 segir í upphafi:

*„ Alþýðusamband Íslands fagnar því að en á ný hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um br. á lögum nr 46/1980. Ljóst er af efni frumvarpsins að tilgangur þess er þríþættur:*

- 1) Að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB, mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglunga nr. 94/33/EB.*
- 2) Að fella út, a.m.k. í mikilvægum efnisatriðum, ákvæði 66. gr. nágildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.*
- 3) Að gera nokkrar almennar breytingar og lagfæringar á efni nágildandi laga.*

*Hvað varðar fyrsta atriðið er fallist á að uppbygging og efnisatriði frumvarpsins séu í veigamiklum atriðum í samræmi við efni og tilgang framangreindra tilskipana og þær áherslur sem komið hafa fram hjá verkalýðshreyfingunni. Í frumvarpinu er þó í nokkrum mikilvægum tilvikum að finna ákvæði sem eru óásættanleg eða þarfnast lagfæringa og frekari skýringa (sjá nánar bls. 2-6).*

*Hvað varðar annað atriðið, að fella niður 66. gr. nágildandi laga, er um alvarlega og óásættanlega breytingu á núverandi lagaramma og samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar, stjórnvalda vinnuverndarmála, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Verði niðurstaðan sú að þessi breyting gangi eftir mun það fela í sér mikla afturför varðandi þá grundvallar hugsun sem samstaða hefur verið um, að uppbygging og góð framkvæmd á heilsuvernd starfsmanna sé ein helsta forsenda árangursríkrar vinnuverndar (sjá nánar bls. 6-7).*

*Hvað varðar almennar breytingar sem gerðar eru tillögur um er ekki gerðar sérstakar athugasemdir. Alþýðusambandið vekur þó athygli á þeirri stefnubreytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og varðar það að draga*

úr valdsviði og ábyrgð stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og flytja yfir til ráðherra, sbr. gr. 3, 8, 9 og 12. Með þessu er um leið verið að draga verulega úr ábyrgð og möguleikum aðila vinnumarkaðarins varðandi framkvæmd og eftirlit með framkvæmd vinnuverndar hér á landi. Í því samhengi hlýtur sú spurning að vakna hvort hér sé um meðvitaða stefnu að ræða.

Loks skal bent á að Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað hvatt til þess að endurskoðun laganna yrði notuð til að gera tímabærar úrbætur varðandi einelti á vinnustöðum, þ.m.t. kynferðisleg áreiti.

Það er einkar mikilvægt að frumvarpið fái vandaða umfjöllun svo að þær breytingar sem gerðar verða á nágildandi lögum leiði til nauðsynlegra úrbóta á lögunum og framkvæmd þeirra og dragi um leið úr þeirri óvissu sem komið hefur upp varðandi ýmsa þætti almennu tilskipunar ESB um vinnuvernd og vinnutímatilskipunarinnar og lögleiðingar þeirra hér á landi. Þá er löngu orðið tímabært að heilsuvernd starfsmanna komi til framkvæmda hér á landi með viðunandi hætti og því nauðsynlegt að breyta frumvarpinu hvað það atriði varðar. Öllum er þessum þáttum, sem og vörnum gegn einelti á vinnustað, ætlað að bæta heilbrigði launafólks og öryggi á vinnustað og auka með þeim hætti almenna vinnuvernd og lífsgæði starfsmanna.?

Framangreind afstaða ASÍ var áréttuð í bréfi til félagsmálanefndar Alþingi 6. apríl 2002 og á fundi í nefndinni þar sem fulltrúi ASÍ mætti. Þar sagði m.a.:

„Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að sátt náist um meginefni þeirra breytinga sem gerðar verða á vinnuverndarlögunum og vill leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Þetta er einkar mikilvægt í ljósi þess að góð framkvæmd vinnuverndar og heilsuvernd starfsmanna á vinnustöðum byggir öðru fremur á sátt og samstarfi þeirra aðila sem málið varðar; þ.e. samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er með öllu óásættanlegt og getur því ekki skapað slíka sátt. Í þessu sambandi er vert að minnast þess að lagasetning um vinnuvernd hér á landi og reglusetning á grundvelli hennar hefur frá upphafi byggt á nánu samráði og góðu samstarfi framangreindra aðila. Mikilvægt er að svo verði áfram.“

Niðurstaðan var sú að ekki náðist að afgreiða málið fyrir þinglok vorið 2002 og má ekki síst rekja það til andstöðu Alþýðusambandsins. ASÍ hefur hins vegar ítrekað lagt áherslu á að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á vinnuverndarlögunum og lagt sig fram um að ná niðurstöðu sem sátt getur náðst um.

### ***Reglugerð um réttindi þungaðra kvenna***

Í tengslum við ný lög um fæðingar- og foreldraorlof var reglugerð um vinnuvernd þungaðra kvenna endurskoðuð. Alþýðusambandið kynnti efni þeirrar reglugerðar sérstaklega í kynningarriti um lögin og á upplýsingar- og kynningarfundum um efni þeirra. Ljóst er að reglugerðin hefur þegar haft verulegar réttarbætur í för með sér fyrir fjölda þungaðra kvenna og ætla verður að svo verði enn frekar í framtíðinni eftir því sem þekking á reglugerðinni og efni hennar verður meiri.

### ***Vinnuverndarvísar og undirbúningur undir áhættumat á vinnustöðum***

Á vettvangi ASÍ hefur nokkuð verið fjallað um undirbúning undir reglur og leiðbeiningar sem taka ber upp varðandi áhættumat í fyrirtækjum. Þar hefur m.a. verið fjallað um drög að „vinnuumhverfisvísium“ fyrir einstakar starfs- og atvinnugreinar sem unnir hafa verið á vettvangi Vinnueftirlitsins. Vinnuumhverfisvísirnir eru hugsaðir sem leiðbeiningar/gátlistar fyrir eftirlitsmenn VER varðandi úttekt á vinnuáðstæðum í fyrirtækjum í viðkomandi greinum. En um leið geta þeir og eiga að vera mikilvægt tæki fyrir eigendur/stjórnendur fyrirtækja og starfsmenn við mat og innra eftirlit á vinnustöðunum sjálfum, hvað varðar vinnuumhverfi og vinnuvernd í fyrirtækjunum. Nú þegar, liggja fyrir drög að vinnuumhverfisvísium fyrir 10 tegundir vinnustaða, starfs- og atvinnugreinar.

Þess má vænta að þessi mál verði frekar á dagskrá þegar ný vinnuverndarlög liggja fyrir.

## **Framkvæmd EES-samningsins**

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamstarfinu og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur orðið stöðugt mikilvægari þáttur í starfsemi. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast ekki síst í þeim þætti starfsins sem snýr að gildistöku tilskipana og reglna ESB á sviði félags- og vinnuarkáðsmála. Það er enda ljóst að reglur á íslenskum vinnuarkáði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem að var stefnt með EES samningnum og hefur að mati ASÍ falið í sér mikilvægar réttarbætur fyrir íslenskt launafólk.

### ***Samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ um gildistöku Evrópureglna og framkvæmd***

Á fundi miðstjórnar ASÍ þann 5. desember 2001 voru samþykkt drög að samstarfssamningi aðildarfélaga ASÍ um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa al-



menn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins. Mikill meirihluti allra aðildarfélaga ASÍ, sem hafa innan sinna raða allan þorra félagsmanna aðildarfélaga ASÍ, hefur þegar undirritað samninginn af sinni hálfu en hann hljóðar svo:

## **SAMSTARFSSAMNINGUR**

*aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins*

### *1. gr.*

*Samningur þessi er gerður samkvæmt 14. gr. sbr. 9. gr. laga ASÍ um samstarfssamning aðildarfélaga ASÍ. Aðild að samningnum eiga aðildarfélög innan ASÍ.*

### *2. gr.*

*Þegar fram koma nýjar reglur á sviði vinnuréttar á grundvelli EES-samningsins (Evrópureglur) sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif, skal miðstjórn ASÍ senda aðildarfélögunum greinargerð um efni málsins og tillögur um málsmeðferð. Aðildarfélögin skulu hafa tækifæri til að koma með ábendingar og athugasemdir innan hóflegs tíma.*

### *3. gr.*

*Miðstjórn ASÍ hefur umboð samkvæmt samningi þessum til að ganga til samninga við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld um gildistöku Evrópureglna og gera slíka skuldbindandi samninga fyrir aðildarfélög Alþýðusambands Íslands, náist samkomulag milli aðila.*

### *4. gr.*

*Miðstjórn ASÍ getur ákveðið að boða til samráðsfundar með aðilum samnings þessa ef nauðsyn ber til. Miðstjórn skal boða slíkan fund ef þess er krafist af aðildarfélögum sem hafa innan sinna raða a.m.k. 20% félagsmanna ASÍ eða að kröfu einstakra landssambanda vegna aðildarfélaga sinna.*

### *5. gr.*

*Samningur þessi gildir til 1.1 2004 og endurnýjast sjálfkrafa til 3 ára í senn sé honum ekki sagt upp með a.m.k. 3 mánaða fresti áður en hann rennur út hverju sinni. Miðstjórn ASÍ skal hafa frumkvæði að boðun fundar þeg-*

*ar kemur að endurnýjun samningsins. Skal til hans boðað þegar a.m.k. 6 mánuðir eru til endurnýjunar og ekki síðar en þegar a.m.k. 4 mánuðir eru til endurnýjunar hans.“*

Þann 19. júní 2002 gerði miðstjórn ASÍ á grundvelli þessa samstarfssamnings eftirfarandi samþykkt um málsmeðferð og framkvæmd:

## **Skipun og starf samninganefnda vegna Evrópureglna**

*Á grundvelli „samstarfssamnings aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins?, hér eftir nefndur samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ um Evrópureglur, gerir miðstjórn ASÍ eftirfarandi samþykkt um málsmeðferð.*

### **I. Samningar og tilskipanir á Evrópuvísu**

#### *1. gr.*

*Þegar ákveðið hefur verið á grundvelli 139. gr. stofnsamnings ESB að hefja samningaviðræður milli heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á Evrópuvísu um tiltekna þætti á sviði vinnuréttar, skal slík ákvörðun kynnt miðstjórn ASÍ.*

*Miðstjórn ASÍ tekur þá eftirtaldar ákvarðanir:*

*Skipar fulltrúa ASÍ í samninganefnd ásamt varamanni, sem jafnframt á sæti í samninganefnd ETUC um viðkomandi viðfangsefni.*

*Óskar tilnefningar frá sérhverju landssambandi innan ASÍ á fulltrúa ásamt varamanni í samninganefnd ASÍ um viðkomandi málefni.*

#### *2. gr.*

*Samninganefnd ASÍ er hverju sinni skipuð fulltrúum landssambanda innan ASÍ ásamt fulltrúa skipuðum af miðstjórn, sbr. 1. gr. Fulltrúi miðstjórnar er jafnframt formaður nefndarinnar. Samninganefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum og ákveður nánari tilhögun starfsins.*

*Fulltrúi ASÍ í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES-samninginn skal að jafnaði eiga sæti í samninganefndinni.*

#### *3. gr.*

*Samninganefnd ASÍ skal á meðan á samningaviðræðum á Evrópuvísu stendur vera samningamanni ASÍ til ráðgjafar og skal hann gera henni jafn-  
öldum grein fyrir framgangi mála og stöðu samningaviðræðnanna.*

*Samningamaður ASÍ gerir einnig miðstjórn ASÍ grein fyrir stöðu samningamála og starfi samninganefndar ASÍ meðan á samningum stendur. Sama gildir um Alþjóðanefnd ASÍ og Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd ASÍ.*

*Náist samningur á Evrópuvísu skal samninganefnd ASÍ leggja málið fyrir miðstjórn ASÍ með greinargerð um efni málsins og tillögu um afgreiðslu miðstjórnar á samningnum gagnvart Evrópusamtökum verkalýðsfélaga (ETUC).*

*4. gr.*

*Pegar fram kemur ný regla á sviði vinnuréttar á grundvelli EES samningsins, án undangenginna samninga aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu sbr. 1. gr., skipar miðstjórn ASÍ samninganefnd með sama hætti og kveðið er á um í 1. og 2. gr.*

*Samninganefnd ASÍ skal byrja á að vinna greinargerð til miðstjórnar ASÍ um efni málsins.*

## **II. Gildistaka og framkvæmd Evrópureglna hér á landi**

*5. gr.*

*Samninganefnd ASÍ sbr. 3. eða 4. gr. skal gera tillögu til miðstjórnar ASÍ um málsmeðferð við gildistöku viðkomandi Evrópureglu hér á landi.*

*Að loknu samráði sbr. 2. gr. samstarfssamnings aðildarfélaga ASÍ um Evrópureglur veitir miðstjórn ASÍ viðkomandi samninganefnd umboð til viðuræðna við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld, eftir því sem við á, um gildistöku hér á landi.*

*6. gr.*

*Samninganefnd ASÍ gerir miðstjórn ASÍ reglulega grein fyrir gangi viðuræðna og stöðu mála og leggur fyrir miðstjórn álitaeftir því sem ástæður eru til.*

*Að loknum viðuræðum um gildistöku Evrópureglu skal samninganefnd ASÍ leggja fyrir miðstjórn greinargerð um málið og tillögu um afgreiðslu miðstjórnar.*

*7. gr.*

*Miðstjórn ASÍ tekur ákvörðun skv. 3. gr. samstarfssamnings aðildarfélaga ASÍ um Evrópureglur á grundvelli greinargerðar og tillagna samninganefndar ASÍ, með hliðsjón af 4. gr. samstarfssamningsins.*

8. gr.

*Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd ASÍ skal fylgjast með framkvæmd Evrópureglu eftir að hún hefur verið gildistekin hér á landi. Nefndin skal jafnframt miðla upplýsingum til miðstjórnar ASÍ og Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) eftir því sem við á og þörf krefur.“*

Á grundvelli þessa samkomulags hefur miðstjórn ASÍ óskað eftir því við landssamböndin innan ASÍ að þau tilnefni fulltrúa í 7 samninganefndir um Evrópureglur sem eru í deigluinni eða þegar hefur verið ákveðið að gildistaka hér á landi. Þessar samninganefndir eru vegna:

Tilskipunar um hlutastörf

Tilskipunar um tímabundnar ráðningar

Tilskipunar um Evrópufélagið og aðild starfsmanna

Tilskipunar um upplýsingar og samráð

Evrópsks kjarasamnings um fjarvinnu

Tilskipunar í undirbúningi um útleigða starfsmenn

Reglur/tilskipun í undirbúningi um persónuvernd starfsmanna

### ***Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES***

Á vettvangi nefndarinnar er fylgst með nýjum reglum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu og undirbúningi undir gildistöku þeirra hér á landi.

Síðustu misseri hefur nefndin einkum fjallað um gildistöku tilskipunar um aðilaskipti að fyrirtækjum, tilskipun um útsenda starfsmenn, tilskipun um hlutastörf, tilskipun um tímabundna ráðningarsamninga, ákvörðun um stofnun samráðsnefndar starfsgreina, tilskipun um jafnræði án tillits til kynþáttar og ætternis, rammatilskipun um jafna meðhöndlun á vinnumarkaði og í starfi sem ætlað er að verja hagsmuni minnihlutahópa á vinnumarkaði, tilskipun um breytingar á gildissviði vinnutímatilskipunarinnar og endanlega lögleiðingu hennar og rammatilskipunar um vinnuvernd með breytingu á vinnuverndarlögunum. Þá var í nefndinni gerð grein fyrir stöðu mála varðandi kjarasamninga á Evrópuvísu um réttindi fjarvinnustarfsmanna. Nánar verður vikið að þessum málum hér á eftir.

Í maímánuði 2001 áttu fulltrúar í samráðsnefndinni, ásamt fulltrúum úr Ráðgjafarnefnd EFTA, fund með starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem fjallað var um starfsemi ESA og framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi, á sviði félags- og vinnumarkaðsmála. Fram kom á fundinum, að rekstur samningsins hefur í öllum aðalatriðum gengið eins og til var stofnað í þessum málaflokki. Þá kom jafnframt fram vilji Eftirlitsstofnunarinnar og aðila vinnumarkaðarins til að eiga reglulega skoð-

anaskipti og gefa aðilum vinnumarkaðarins hér á landi tækifæri til að koma at-  
hugasemdum sínum og ábendingum á framfæri við stofnunina á sameiginleg-  
um fundum þessarar aðila.

30. maí 2001 hélt félagsmálaráðuneytið upplýsinga- og umræðufund um  
atvinnustefnuna á Evrópuvísu. Samráð var haft við fulltrúa ASÍ við undirbún-  
ing ráðstefnunnar og var hann með innlegg á fundinum.

### ***Vinnutímatilskipunin og rammatilskipun um vinnuvernd -staða og fram- kvæmd***

Allt frá því að samningar aðila vinnumarkaðarins um gildistöku vinnutímatil-  
skipunarinnar í lok árs 1996 og byrjun árs 1997 hefur Alþýðusambandið lagt  
áherslu á að gildistakan yrði styrkt með lögleiðingu meginreglna tilskipunar-  
innar. Þá hefur ASÍ lagt áherslu á að við lögleiðingu meginreglnanna yrði tek-  
ið tillit til útvíkkunar gildissviðs tilskipunarinnar sem samþykkt hefur verið á  
vettvangi Evrópusambandsins og taka á gildi hér á landi. Í annan stað hefur  
ASÍ lagt áherslu á að meginreglur rammatilskipunar um vinnuvernd, varðandi  
áhættumat á vinnustöðum, verði fellt inn í vinnuverndarlögin. Þá hefur Al-  
þýðusambandið lagt áherslu á að tækifærið verði notað til að styrkja ákvæði  
vinnuverndarlaganna er snúa að einelti og kynferðislegu áreiti á vinnustöðum.

Það er skemmst frá því að segja að frumvarp um breytingar á vinnuvernd-  
arlögunum var lagt fram á Alþingi veturinn 2000 til 2001 sem náði ekki fram  
að ganga. Annað og breytt frumvarp um sama efni var lagt fram á þinginu  
2000 til 2001. Það frumvarp stoppaði í meðförum Alþingis, ekki síst vegna  
mikillar andstöðu Alþýðusambandsins.

ASÍ gagnrýndi fjölmarga þætti frumvarpsins. Því var mótmælt að skyldur  
atvinnurekenda til að gera samning um heilsuvernd starfsmanna voru felldar  
niður skv. seinna frumvarpinu. Bent var á nauðsyn þess að frumvarpið yrði  
lagfært í nokkrum mikilvægum atriðum. Þá benti ASÍ á að ekki væri tekið til-  
lit til útvíkkunar tilskipunarinnar í frumvarpinu. Nánar er fjallað um þennan  
þátt undir kaflanum um vinnuvernd.

Fulltrúi ASÍ hefur starfað í samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins hjá ríki  
og sveitarfélögum um framkvæmd vinnutímasamningsins. Nokkur álitamál  
hafa komið til úrskurðar í nefndinni. Þá gaf nefndin út leiðbeiningar um fram-  
kvæmd vinnutímasamningsins gangvart ríki og sveitarfélögum og starfsmön-  
num þeirra í febrúar 2001. Leiðbeiningar voru sendar öllum aðildarfélögum  
ASÍ.

### ***Tilskipun um útsenda starfsmenn***

Tilskipunin, sem ætlað er að skýra og treysta réttarstöðu starfsmanna sem eru

sendir af fyrirtæki sem þeir starfa hjá tímabundið til annarra landa, átti að taka gildi hér á landi fyrir lok árs 1999.

Drög að frumvarpi um gildistöku tilskipunarinnar höfðu lengi verið í vinnslu og kom ASÍ að málinu á öllum stigum málsins. Frumvarp var síðan lagt fram á þingi veturinn 2000. Í umsögn ASÍ um frumvarpið var það gagnrýnt. Þar sagði m.a.

*„Þá aðferðafræði sem lagt er til að beitt verði við gildistöku tilskipunar 96/71/EB og birtist í því frumvarpi sem til umsagnar er, má draga í efa. Því má með gildum rökum halda fram að öfugt sé að farið og jafnframt að langt sé farið yfir skammt.*

*Frumvarpið má túlka þannig að það geti takmarkað með almennum hætti réttindi útsendra starfsmanna sem skv. gildandi lögum njóta í grundvallaratriðum sömu réttinda og aðrir starfsmenn inni þeir störf sín af hendi hér á landi.*

*Það er meginregla hér á landi að umsamin laun og önnur starfskjör launafólks skv. kjarasamningum eru lágmarkskjör sem einstakir launamenn geta ekki samið sig frá. Þetta birtist í l.gr. l. 55/1980 eins og alkunna er. Löggin gilda um allt launafólk sem starfar á Íslandi, hvort heldur launagreiðandi er íslenskur eða erlendur, hvort heldur hann hefur staðfestu á Íslandi, á EES-svæðinu eða annarsstaðar.“*

Umsögninni fylgdi síðan heildstæð tillaga um lögleiðingu tilskipunarinnar.

Ný lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001 voru samþykkt frá Alþingi í maí 2001.

### ***Starfsmenn erlendra útleigufyrirtækja***

Ýmis vandamál hafa komið upp varðandi framkvæmd laga nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Lög þessi eru byggð á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og tóku gildi hér á landi 26. maí 2001. Lög þessi mæla m.a. fyrir um að þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands skuli lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, gilda um starfskjör hans, án tillits til erlendra löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis.

Það mál sem hér um ræðir varðar portúgalskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu á starfsmönnum til annarra fyrirtækja m.a. í öðrum löndum. Hafa

a.m.k. tvö málmíðnaðarfyrirtæki hér á landi leigt til sín starfsmenn frá þessu fyrirtæki síðan haustið 2000. Að mati ASÍ og Samiðnar hafa þessir starfsmenn ekki fengið greidd laun fyrir störf sín hér á landi, í samræmi við framangreind lög og þau starfskjör sem gilda í starfsgreininni. Þá liggur fyrir að skattar hafa ekki verið greiddir af launum þeirra hér á landi, ekki hefur verið tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins um veru þeirra, auk þess sem engar upplýsingar eru um hvaða starfsréttindi þessir menn hafa. EES-samningurinn heimilar þau viðskipti sem hér um ræðir, en grundvallaratriði er að lög séu virt og jafnrétti ríki.

ASÍ hefur ásamt fulltrúum Samiðnar átt frumkvæði að því að taka mál þetta upp við hlutaðeigandi stjórnvöld. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum Vinnuálastofnunar, félagsmálaráðuneytis, Skattrannsóknastrjóra og Samtaka iðnaðarins. Þá er ráðgerður fundur með dómsmálaráðuneyti vegna nýrra laga um útlendinga sem taka gildi um næstu áramót. Þó að umræddir starfsmenn dvelji hér alla jafna skamma hríð hverju sinni, er rétt og eðlilegt að líta á þetta mál sem hluta af stærra viðfangsefni sem er staða erlends vinnuafis á íslenskum vinnumarkaði. ASÍ væntir þess að hlutaðeigandi stjórnvöld muni bregðast við ábendingum ASÍ og grípi til viðeigandi aðgerða, þ.m.t. lagabreytinga eða setningu reglugerða ef nauðsyn krefur.

### ***Tilskipun um aðilaskipti af fyrirtækjum***

Tilskipuninni er ætlað að treysta enn frekar fyrri tilskipun sama efnis, stöðu starfsmanna við aðilaskipti af fyrirtækjum. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að starfsmenn haldi réttindum sínum við breytingar á eignarhaldi eða rekstarformi fyrirtækja og koma m.a. í veg fyrir að fyrirtæki skjóti sér undan skyldum sínum með því að skipta um kennitölu.

Árið 2000 hófst vinna í félagsmálaráðuneytinu að frumvarpi til laga um breytingar á núgildandi lögum um aðilaskipti og setti Alþýðusambandið fram fjölmargar tillögur og ábendingar um efni þeirra. Frumvarp var síðan lagt fyrir Alþingi veturinn 2001 til 2002.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið sagði m.a.:

*„Alþýðusambandið fagnar framkomu frumvarpsins og þeim réttarbótum sem því er ætlað að tryggja launafólki. Um leið telur ASÍ nauðsynlegt að koma á framfæri nokkrum ábendingum um það sem betur má fara og tiltaka nauðsynlegar lagfæringar á frumvarpinu til að tryggja fullnægjandi lögleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Tvennt er hér öðru mikilvægara eins og gerð er nánari grein fyrir hér á eftir. Annars vegar tryggir 6. gr. frumvarpsins launafólki ekki með fullnægjandi hætti þá vernd sem tilskipunin gerir ráð*

*fyrir. Hins vegar eru viðurlaga og skaðabótaákvæði frumvarpsins ófullnægjandi, þar sem þau tryggja ekki þau réttindi starfsmanna og varnaðaráhrif gagnvart atvinnurekendum, framseljendum og framsalshöfum, sem tilskipunin mælir fyrir um.?*

Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Ekki var við afgreiðslu málsins tekið tillit til ábendinga og athugasemda í umsögn ASÍ við frumvarpið.

### ***Tilskipanir um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og með tímabundnar ráðningar og fleira***

Tilskipanirnar um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og með tímabundnar ráðningar, eru báðar byggðar á kjarasamningum sem gerðir eru á milli Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda. Markmið þessara tilskipana er að treysta réttarstöðu launafólks sem býr við framangreind ráðningarform. Tilskipunin um hlutastörf átti að taka gildi í byrjun árs 2000 og tilskipunin um tímabundnar ráðningar í síðasta lagi á árinu 2001.

Mikið hefur verið fjallað um efni og gildistöku þessarar tilskipana hér á landi, bæði á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins um EES og í viðræðum aðila vinnumarkaðarins. Á árinu 2000 óskaði félagsmálaráðuneytið eftir því að aðilar vinnumarkaðarins könnuðu möguleika á að semja um gildistöku tilskipunar nr. 97/81/ESB um rammisamninginn um hlutastörf og tilskipun 1999/70/ESB um tímabundna ráðningarsamninga. Alþýðusambandið brást við með því að senda Samtökum atvinnulífsins bréf 18. júlí á síðasta ári, þar sem ASÍ kynnti hugmyndir sínar um það hvernig aðilar vinnumarkaðarins gætu nálgast viðfangsefnið. Þar sagði m.a.:

*„Á grundvelli þessa og með vísan til viðeigandi tilskipana leggur ASÍ til að samtökin nálgist erindi ráðuneytisins um lágmarksbreytingar á l. 55/1980 og eftir atvikum ef samningar takast verði gerður sérstakur kjarasamningur um nánar tilgreinda þætti. Jafnframt leggur ASÍ til að samhliða muni tilskipanir 91/533/EB um skriflega staðfestingu ráðningar og 96/71/EB um útsenda starfsmenn hljóta sömu meðferð“*

Bréfið í heild er birt í skýrslu forseta fyrir árið 2000.

Það er skemmt frá því að segja að SA hafnaði alfarið þessari leið og sama gerði félagsmálaráðuneytið. ASÍ skilaði þá til baka umboði til að semja um tilskipanirnar tvær, en vegna eindreginna óska félagsmálaráðuneytisins voru aft-



ur teknar upp samningaviðræður við Samtök atvinnulífsins. Viðræður hafa staðið með hléum allt til þessa dags, án árangurs.

Í viðræðunum við SA hefur komið fram djúpstæður ágreiningur um markmið og leiðir til að innleiða tilskipunina um tímabundnar ráðningar. Að mati ASÍ eru miklar brotalamir varðandi framkvæmd tímabundinna ráðningarsamninga í dag, þar sem fyrirtæki og stofnanir misnota þetta ráðningarform til að reyna að skjóta sér undan skyldum sínum samkvæmt lögum og kjarasamningum. En tilskipuninni er einmitt ætlað að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Á móti hefur SA sem minnst viljað gera úr vandanum og leitast við að tryggja að áhrif tilskipunarinnar yrðu sem minnst á íslenskum vinnumarkaði.

Tilskipunin um hlutavinnustarfsfólk fellur hins vegar betur að framkvæmd á íslenskum vinnumarkaði og því ætti fátt að vera til fyrirstöðu með að semja um gildistöku hennar. Í því ljósi lagði ASÍ til við SA í lok septembermánaðar 2002, að látið verði reyna á til hins ítrasta hvort ekki náist samningar um efni hennar og þá án tengingar við tilskipunina um tímabundnar ráðningar.

### ***Jafnréttistilskipanir utan gildissviðs EES ?***

Alþýðusambandið hefur um nokkurt skeið óskað eftir því að tekinn verði af allur vafi um stöðu tveggja tilskipana sem samþykktar voru á vettvangi ESB á árinu 2000 og báðum er ætlað að treysta stöðu minnihlutahópa á vinnumarkaði. Hér er átt við tilskipun um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernis og rammatilskipun um jafna meðhöndlun á vinnumarkaði og í starfi. Báðar byggja þessar tilskipanir á 13. grein Amsterdamsáttmálans en ekki er að finna sambærilegt ákvæði í EES samningnum. Það er því flest sem bendir til þess að þessar tilskipanir verði ekki viðurkenndar sem hluti af EES samningnum og íslensk stjórnvöld því ekki skuldbundin til að innleiða þær hér á landi.

### ***Í deiglunni***

Almennur rammi fyrir upplýsingu og samráð við starfsmenn í Evrópu (tilskipun 2002/14/EC)

11. mars 2002 var gefin út ný tilskipun um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Í meira en áratug hefur Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) unnið að því að sett verði löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins sem tryggir rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs um stöðu og framtíðaráform fyrirtækisins sem þeir starfa hjá.

Á undanförunum árum hefur náðst nokkur árangur á þessu sviði með ákvæðum í tilskipunum á Evrópuvísu um hópuppsagnir, rétt starfsmanna vegna aðilaskipta að fyrirtækjum og skyldur fjölþjóðlegra fyrirtækja gagnvart

starfsmönnum sínum, sem allar hafa tekið gildi hér á landi. Í júní 2001 náðist síðan samkomulag meðal leiðtoga aðildarríkja ESB um að settar verði almennar reglur á Evrópuvísu um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Þetta samkomulag fór síðan í umfjöllun á Evrópuþinginu. Að lokum fór málið í samráðsferli á milli ráðs ESB og þingsins sem endaði með sameiginlegri niðurstöðu sem nú er orðin að tilskipun.

Sú niðurstaða sem nú hefur fengist er mikilvægur áfangi í baráttu Evrópusambands verkalýðsfélaga fyrir löggjöf um almenn grundvallarréttindi launafólks á vinnumarkaði. Þá er mikilvægt að hafa í huga að aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu var fyrir nokkru boðið að semja um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs, en samtök atvinnurekenda höfnuðu því alfarið og hafa barist af hörku gegn allri lagasetningu á þessu sviði. Þau hafa nú orðið undir, þrátt fyrir stuðning ríkisstjórna Bretlands og Ítalíu.

Tilskipunin mun koma til framkvæmda hér á landi á næstu árum á grundvelli sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Engar almennar reglur gilda hér á landi í dag um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs, af hálfu þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá, ef frá er talin lögleiðing tilskipunarinnar um Evrópsku samstarfsráðin (í fjölbjóðlegum fyrirtækjum). Af þeirri ástæðu má ætla að tilskipunin muni hafa víðtækari áhrif hér til að treysta réttarstöðu starfsmanna en víðast hvar annars staðar í Evrópu.

Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru eftirfarandi:

Í aðfaraorðum er m.a. bent á að þær reglur sem nú gilda á Evrópuvettvangi og í einstökum aðildarríkjum ESB tryggi ekki með fullnægjandi hætti að launafólk fái nauðsynlegar upplýsingar um helstu þætti í rekstri fyrirtækjanna sem það starfar hjá og framtíðaráform, né heldur sé kveðið á um skyldur atvinnurekenda til að eiga samráð við starfsmenn sína áður en lykilkvarðanir eru teknar í fyrirtækinu sem varða starfsmennina og hagsmuni þeirra.

Tilgangur tilskipunarinnar er að skapa almennan ramma um upplýsingar til og samráð við launafólk í fyrirtækjum innan Evrópusambandsins.

Rétturinn til upplýsinga og samráðs skal ná til starfsmanna í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri eða starfsstöðva með 20 starfsmenn eða fleiri, skv. frekari ákvörðun einstakra aðildarríkja.

Rétturinn til upplýsinga og samráðs skal ná til;

- upplýsinga um stöðu og væntanlega þróun í starfsemi fyrirtækis og fjárhagsstöðu þess
- upplýsinga og samráðs um stöðu, meginlínur og líklega þróun varðandi starfsmannahald og atvinnu í fyrirtækinu og þær aðgerðir sem kunna að vera í deigluinni á því sviði, einkum og sér í lagi ef hætta er á samdrætti í vinnu, og

- upplýsinga og samráðs um ákvarðanir sem leitt geta til breytinga á vinnuskipulagi eða ráðningarkjörum starfsmanna.

Lögð er áhersla á að upplýsingar af hálfu atvinnurekenda verði gefnar með nægilegum fyrirvara og þannig að fulltrúar starfsmanna geti metið þær. Einnig eru sett fram ákveðin skilyrði sem atvinnurekendur verða að uppfylla þegar haft er samráð við starfsmenn og fulltrúa þeirra. Lögð er áhersla á gæði þeirra upplýsinga sem fulltrúum starfsmanna eru veittar og möguleika fulltrúa starfsmanna til að meta og bregðast við þeim. Þá er áréttað að markmiðið með samráðsferlinu er að gefa fulltrúum starfsmanna tækifæri til að koma með sínar athugasemdir og ábendingar og leita samstöðu milli starfsmanna og atvinnurekanda um þær aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar og þær ákvarðanir sem teknar eru.

Einstökum ríkjum er gefið mikið svigrúm varðandi innleiðingu tilskipunarinnar en áhersla er lögð á að samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins á hverjum stað um nánari útfærslu og framkvæmd.

Þá er sú skylda lögð á aðildarríkin að þau geri viðeigandi ráðstafanir ef efni tilskipunarinnar er ekki fullnægt af atvinnurekanda eða fulltrúa starfsmanna. Þau skulu einkum tryggja að fyrir hendi séu fullnægjandi stjórnsýsluleg og réttarfarsleg úrræði til að tryggja að þær skyldur sem tilskipunin felur í sér séu uppfylltar.

Loks er kveðið á um gildistöku tilskipunarinnar. Þar kemur fram að hún eigi að taka gildi við birtingu í stjórnartíðindum ESB. Jafnframt er aðildarríkjum þar sem ekki hafa verið til staðar almennar skuldbindandi reglur um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs, gefinn aðlögunartími til að koma tilskipuninni að fullu í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að tilskipunin komi til framkvæmda í áföngum, þar sem byrjað er á stærstu fyrirtækjunum en að hún verði að fullu komin í framkvæmd í síðasta lagi í mars 2008.

### ***Tillaga að tilskipun um starfskilyrði útleigðra starfsmanna***

Í mars sl. kynnti framkvæmastjórn ESB tillögu sína að tilskipun um réttindi útleigðra starfsmanna, en samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um þetta efni runnu út í sandinn í febrúar á síðasta ári. Tillagan er nú til umfjöllunar hjá aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og einnig hjá Evrópuþinginu.

Ekki liggur fyrir hvenær vænta má tilskipunar um þetta efni, en það gæti orðið fyrir árslok 2002.

### ***Vernd persónuupplýsinga um starfsmenn***

Á vettvangi ESB er nú hafið samráð á milli framkvæmdastjórnar ESB og aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um vernd persónuupplýsinga um starfsmenn.

Af hálfu framkvæmdastjórnar ESB liggja til grundvallar samráðinu sérfræðingaskýrslur sem teknar hafa verið saman um efnið. Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hefur lýst því yfir fyrir sitt leyti að mikilvægt sé að settar verði almennar reglur/tilskipun á Evrópuvísu sem varði sérstaklega persónuvernd launamanna, til viðbótar almennum tilskipunum sem þegar hafa verið settar um persónuvernd af hálfu ESB. ETUC nefnir m.a. eftirfarandi atriði sem reglurnar eigi að ná til:

- Ábyrgð atvinnurekenda
- Réttur launafólks og fulltrúa þess
- Að reglurnar nái bæði til almenna- og opinbera vinnumarkaðarins
- Takmarkanir varðandi líftæknirannsóknir
- Takmarkanir varðandi áfengis- og eiturlyfjapróf
- Meðferð sjúkraskráa/upplýsinga
- Vernd varðandi atvinnuumsóknir
- Meðferð og innihald starfsmannaskráa
- Söfnun og meðferð upplýsinga um starfsmenn sem byggja á eftirliti í gegnum upplýsingatækni af ýmsu tagi, þ.m.t. hlutir eins og tölvupóstur.

Ekkert verður á þessu stigi fullyrt um það hvort eða hvenær Evrópusamningar eða tilskipun um málið sér dagsins ljós. Ljóst er að það á nokkuð langt í land.

### ***Samfélagsábyrgð fyrirtækja***

Í júlí á síðasta ári gaf framkvæmdastjórn ESB út „Grænbók? um Samfélagsstefnu fyrirtækja (Corporate Social responsibility). „Grænbókin? er hugsuð sem innlegg í umræðu á Evrópuvísu um stöðu fyrirtækja í félagslegu samhengi og með tilliti til umhverfismála í víðasta skilningi. Í inngangi „Grænbókarinnar? segir að samfélagsstefna fyrirtækja sé í grunninn óþvinguð ákvörðun fyrirtækja um að leggja sitt af mörkum fyrir betra samfélagi og bættu umhverfi. Fram kemur að Samfélagsstefnan komi skýrast fram gagnvart starfsmönnum fyrirtækjanna og meira almennt gagnvart öðrum þeim sem hafa hagsmuna að gæta af starfsemi fyrirtækisins. Grundvallaratriðið er að fyrirtækin eru hluti af samfélagsheild og að þeim ber að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi sínu og þeim sem hjá þeim starfa. Þá er bent á að samfélagsstefna fyrirtækja geti haft mikla þýðingu við að hrinda í framkvæmd markmiðum ESB sem sett voru fram í Lissabon árið 2000 um að ESB verði samkeppnishæfasta og framsæknasta þekkingardrífna hagkerfið árið 2010 sem megnar að skapa sjálfbæran efnahagslegan vöxt, fleiri og betri störf og meiri félagslegan jöfnuð og einsleitni.

### **Stækkun EES og sameiginlegi vinnumarkaðurinn**

Seinni hluta árs 2001 var á vettvangi miðstjórnar ASÍ og í alþjóðanefnd fjallað um stækkun EES svæðisins með sérstöku tilliti til sameiginlega vinnumarkaðarins. Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundum þessara aðila 21. nóvember 2001.

*„Viðræður standa nú sem hæst á milli Evrópusambandsins og 12 ríkja fyrrum Austur-Evrópu og Miðjarðarhafseyja vegna umsókna þeirra um aðild að Evrópusambandinu. Nú er reiknað með því að viðræðum við allt að 10 þessara ríkja ljúki fyrir lok árs 2002 og að þau fái aðild að Evrópusambandinu fyrir lok árs 2004.*

*Samhliða viðræðum ESB við umsóknarríkin er hafinn undirbúningur undir það að þessi ríki fái aðild að evrópska efnahagssvæðinu frá sama tíma. Viðræður eiga sér nú stað milli EFTA-EES ríkjanna um afstöðu þeirra til stækkunarinnar og þar með frjálsrar farar launafólks í tengslum við aðild allt að 10 nýrra aðildarríkja. Samhliða er í gangi umræða innan EFTA ríkjanna um afstöðu þeirra hvers fyrir sig og á milli aðildarríkja og hagsmunasamtaka á EFTA-vísu og á vettvangi Evrópusambandsins.*

*EFTA ríkin hafa fyrr á þessu ári lýst því almenna viðhorfi sínu að ekki ætti að vera þörf fyrir sérstakan aðlögunarfrest vegna stækkunar vinnumarkaðarins á evrópska efnahagssvæðinu með aðild nýrra ríkja. Jafnframt hefur utanríkisráðherra Íslands lýst því yfir að íslensk stjórnvöld muni ekki taka endanlega afstöðu til þessa máls fyrr en að loknu samráði við samtök launafólks og aðra aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Alþýðusambandið fagnar því að hafa fengið tækifæri til að skiptast á upplýsingum og eiga skoðanaskipti við fulltrúa stjórnvalda um þetta efni nú um nokkurt skeið. Þá leggur ASÍ ríka áherslu á að áfram verði haft þétt samráð við sambandið um afstöðu íslenskra stjórnvalda til stækkunar vinnumarkaðarins, undirbúnings hennar og framkvæmdarinnar, þegar þar að kemur.*

*Alþýðusamband Íslands styður stækkun evrópska efnahagssvæðisins og væntir þess að hún muni leiða til hagsældar, friðsamlegrar sambúðar, aukinna mannréttinda og lýðræðis í Evrópu.*

*Samhliða aðild nýrra ríkja að evrópska efnahagssvæðinu munu þau verða hluti af sameiginlegum vinnumarkaði svæðisins. Þegar þessara ríkja munu öðlast rétt til að leita eftir vinnu og taka upp störf hvar sem er á svæðinu og sama gildir um íbúa þeirrar ríkja sem fyrir eru.*

*Fyrir liggur að sameiginlega vinnumarkaðinum mun fylgja aukinn hreyfinguleiki launafólks, ekki síst frá nýjum aðildarríkjum til þeirra sem fyrir eru. Ekki er þó gert ráð fyrir að það muni leiða til meiriháttar flutninga á milli*

landa eða röskunar á vinnumarkaði í núverandi aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Þá er litið framhjá mögulegri þörf á tímabundinni aðlögun í ákveðnum starfsgreinum á takmörkuðu svæðum á landamærum Þýskalands og Austurríkis og nýrra aðildarríkja.

Í ljósi þess sem að framan segir telur Alþýðusamband Íslands ekki þörf á að Ísland geri almennan fyrirvara við stækkun vinnumarkaðarins eða fari fram á sérstakar tímabundnar undanþágur eða aðlögunarfresti vegna nýrra aðildarríkja.

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld hefji þegar nauðsynlegan undirbúning hér á landi undir stækkun vinnumarkaðarins á evrópska efnahagssvæðinu. Nauðsynlegt er að efla mjög þjónustu og aðstoð við þá útlendinga sem koma hingað til lands til lengri eða skemmri tíma og koma inn á íslenskan vinnumarkað. Þetta gildir ekki síst um margháttada upplýsingagjöf, fræðslu um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og aðstoð varðandi íslenskunám. Þá er bráðnauðsynlegt að auka til muna samstarf og samhæfingu í íslenskri stjórnsýslu og samstarf við aðila vinnumarkaðarins hvað varðar málefni útlendinga á vinnumarkaði og fjölskyldna þeirra. Hér er um löngu tímabær verkefni að ræða sem verða enn áleitnari og mikilvægari með stækkun EES. Einnig áréttar ASÍ að þeir útlendingar sem koma til starfa á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem þeir koma frá aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins eða annars staðar frá, eigi rétt samkvæmt lögum og kjarasamningum og skuli njóta að öðru leyti þeirra kjara sem hér gilda.

Alþýðusamband Íslands telur einnig rétt að íslensk stjórnvöld geri þann fyrirvara varðandi frjálsa för launafólks að ef ástæða er til að ætla verulega röskun á íslenskum vinnumarkaði í tengslum við tilkomu nýrra aðildarríkja á evrópska efnahagssvæðinu, áskilji íslensk stjórnvöld sér rétt til að grípa til öryggisráðstafana í samræmi við þá almennu aðlögunarfresti sem Evrópusambandið hefur ákveðið og hljóta jafnframt að gilda fyrir öll núverandi aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins. Þar til viðbótar er síðan sá almenni fyrirvari sem Ísland gerði með yfirlýsingu sinni um beitingu öryggisráðstafana um frjálsa för fólks og sem fylgir EES samningnum þegar hann var undirritaður á sínum tíma, en þar segir:

„Vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis lýsir Ísland þeirri túlkun sinni að það geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana ef af framkvæmd samningsins leiðir einkum:

- alvarleg röskun jafnvægis á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinist að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum;

- *alvarlega röskun jafnvægis á fasteignamarkaði.*“

*Að mati Alþýðusambands Íslands mun góð framkvæmd stækkunar EES gagnvart íslenskum vinnumarkaði og sátt um framkvæmdina, öðru fremur ráðast af því hvernig staðið verður að málum hér á landi gagnvart því launafólki sem hingað kemur til lengri eða skemmri tíma og fjölskyldum þess. ASÍ lýsir sig reiðubúð til samstarfs við stjórnvöld um framkvæmd þessara þátta og leggur áherslu á að haft verði víðtækt samstarf við sambandið í þeim efnum.?*

### ***Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins***

Samkvæmt 2.gr. 1. 47/1993 starfar þriggja manna nefnd félagsmálaráðuneytisins, ASÍ og SA til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Til hennar má vísa ágreiningi um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1612/68 séu haldin. Nefndin skal leitast við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla. Samkvæmt þessum sömu lögum er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd eftirlitsins. Ekkert mál barst nefndinni vegna meintra brota á l. 47/1993.

Að kröfu ASÍ var nefndin hins vegar kölluð saman vegna réttarstöðu portúgalskra starfsmanna portúgalsks fyrirtækis sem hingað höfðu verið leigðir á grundvelli laga 54/2001. Fyrir því máli er gerð grein í kaflanum „**Starfsmenn erlendra útleigufyrirtækja**“ hér að framan. Samkvæmt beinum ákvæðum laga 47/1993 sbr. lög 54/2001 heyrir ágreiningur um réttarstöðu starfsmanna erlendra útleigufyrirtækja ekki undir nefndina. Aðilar voru þó ásattir um að taka málið til skoðunar í samvinnu við Vinnumálastofnun. Í störfum nefndarinnar að þessu máli kom í ljós, að verulega skortir á skýrar heimildir stjórnvalda til þess að bregðast við brotum á framangreindum lögum, auk þess sem nauðsynlegt er að mismunandi stofnanir ríkisins geti átt samstarf um eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd þeirra. Í nefndinni voru sett fram þau sjónarmið ASÍ að nauðsynlegt væri að Vinnumálastofnun fengi heimildir til þess að stöðva starfsemi fyrirtækja hér á landi sem gerast brotleg við lög. Jafnframt var ítrekað bent á að nauðsynlegt sé að sett verði reglugerð um starfsemi nefndarinnar og það eftirlit sem henni er ætlað að sinna.

## Málefni útlendinga

### *Nefnd um atvinnuréttindi útlendinga - ný lög*

Lögmaður ASÍ átti sæti í nefnd félagsmálaráðherra um endurskoðun laga nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga. Í síðustu skýrslu forseta er gerð grein fyrir þeirri stefnu sem ASÍ lagði til grundvallar í nefndarstarfinu. Nefndin var sett á laggirnar 12.11 1999 og fundaði 15 sinnum. Upphaflega var reynt að fá stjórnvöld til þess að fella allan málaflokkinn undir eitt ráðuneyti þannig að stjórnsýsla yrði betri. Dómsmálaráðuneytið var ekki tilbúið til þess og lagði nú nýlega fram nýtt frumvarp um útlendinga sem í sumu er í andstöðu við lögina um atvinnuréttindi útlendinga sbr. m.a. umsögn ASÍ um það frumvarp. Vinna nefndarinnar varð því þyngri en ella. Segja má að verulegur hluti þeirra tillagna sem ASÍ setti fram hafi verið samþykktar. Á skýrri heildarstefnu stjórnvalda í málefnum útlendinga bólaði þó ekki. Ný lög voru síðan samþykkt fyrir þinglok í vor. Þar er byggt á því að forsenda dvalarleyfis verði áfram að jafnaði atvinnuleyfi og skv. drögum að nýjum lögum um atvinnuréttindi útlendinga verður áfram byggt á þeirri meginreglu að atvinnuleyfi séu ekki veitt nema „kunnáttumenn“ verði ekki fengnir innanlands. Með lögum er leitast við að skýra framkvæmdina og reynt að löggera þær reglur sem raunverulega hafa gilt m.a. til þess að koma í veg fyrir misnotkun leyfanna. Það á t.d. við um fjölskyldusameiningu sem hingað til hefur oftast en ekki verið gerð í gegnum Aupair - kerfið og viðkomandi síðan látinn daga uppi hér á landi. Það á einnig við um námsmannaleyfin o.fl. Hart var sótt að umsagnarrétti verkalýðsfélaganna, en á fundi með félagsmálaráðherra þann 5.4 2001 staðfesti hann að við honum yrði ekki haggð. Nýtt ákvæði kom inn í lögina um upplýsingar og fræðslustarf þar sem lagt er upp með samstarf verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda. Þann þátt á eftir að þróa áfram. Markverðastur árangur ASÍ í þessu nefndarstarfi var að ná inn ákvæði í lögina þar sem mælt er fyrir um skyldu atvinnurekenda til þess að kaupa sjúkratryggingar fyrir erlent vinnuafli sitt þannig að það njóti sambærilegra réttinda og almannatryggingar veita á þeim tíma sem líður þar til það öðlast full réttindi innan almannatryggingakerfisins eða í 6 mánuði. Í þessu felst mikil réttarbót. Af öðrum nýmælum er helst að geta um sérstaka samstarfsnefnd sem félagsmálaráðherra skal skipa og sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samstarfsnefndin skal kölluð saman vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa og þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.



### ***Nefnd um aðstæður útlendinga og dvalarleyfi***

ASÍ á jafnframt sæti í nefnd félagsmálaráðherra sem falið var að kanna aðstæður útlendinga hér á landi. Nefndin hefur haldið 6 fundi. Nefndin hefur miðað vinnu sína við að skoða fyrirbyggjandi gögn og safna þeim saman, fremur en að gangast fyrir sjálfstæðri upplýsingaöflun. Spurningar sem leitast hefur verið við að finna svör við eru m.a:

- Frá hvaða löndum koma útlendingar?
- Af hverju koma þeir hingað?
- Hvar búsettir á landinu?
- Hve margir?
- Kynjahlutfall
- Er munur á aðstöðu kynja?
- Aldur?
- Atvinnuþátttaka
- Hve mörg veitt atvinnuleyfi?
- Hve margir stunda nám?
- Hafa orðið breytingar á undanförunum árum?
- Hvaða þjónustu fá þeir og hvar þarf að bæta úr?
- Hvaða áhrif hafa þeir á samfélagið?
- Hvert er viðhorf Íslendinga til útlendinga?
- Hvaða áhrif hafa þeir á vinnumarkaðinn?
- Hvernig er staðið að íslenskukennslu?
- Hvernig er staða útlendinga á Íslandi samanborið við stöðu útlendinga annars staðar?
- Hver er staða flóttamanna hér á landi, samanborið við aðra útlendinga?
- Menntun útlendinga sem koma til landsins?
- Hvernig er túlkþjónusta háttað, hvað er lögbundið?

Nefndin hefur í sjálfu sér ekki gert mikið annað enþá en að safna upplýsingum, frá ráðuneytum, hagstofu, útlendingaeftirliti, sveitarfélögum og fleira. Engin úrvinnsla þeirra er farin í gang og þaðan af síður mótun tillagna í mál efnum útlendinga. ASÍ skilaði af sér gögnum o.fl. í upphafi árs 2002. Önnur skil hafa ekki verið gerð og hefur fundum nefndarinnar ítrekað verið frestað eftir það.

### ***Starfsmenn næturklúbba og mansal***

Í þeim tilvikum þar sem útlent vinnuafli á ekki sjálfsgöða aðild að sérstöku stéttarfélagi hefur ASÍ veitt umsagnir vegna útgáfu atvinnuleyfa. Það átti við

um erlenda dansara sem hingað hafa komið til starfa á næturklúbbum. ASÍ mótaði sér þá vinnureglu í þegar þessa atvinnuleyfisumsóknir komu inn á borð ASÍ haustið 2000, að krefjast sannana um greidd laun, keyptar tryggingar og skil á iðgjöldum. Ljóst er að þessi krafa kom nokkurri reglu á meðferð þessarar mála.

Strax í upphafi kom fram óvissa um eðli þeirra starfa sem þessir erlendu starfsmenn voru látnir sinna á grundvelli útgefna atvinnuleyfa. Umræða um það efni jókst í byrjun árs 2001, m.a. vegna kæra og ábendinga sem fram komu. Þetta varð til þess að Alþýðusamband Íslands tilkynnti félagsmálaráðuneytinu með bréfi í mars 2001 að það sæi sér ekki fært að veita umsagnir um þessi atvinnuleyfi. Afstaða og rök Alþýðusambandsins vöktu mikla athygli og áttu þátt í að breyta mjög allri umræðu um kjör, starfsaðstæður og lífsskilyrði þessara starfsmanna. Í bréfi ASÍ sagði m.a.:

*„Það er skoðun Alþýðusambandsins að stjórnvöld og löggjafinn verði að svara því afdráttarlaust hvort m.a. sú starfsemi sem fram fer í lokuðum klefum, þar sem viðkomandi starfsmaður er nakinn með einum viðskiptavini, fellur undir atvinnuleyfaskýlt starf dansara eða hvort um er að ræða kynlífsþjónustu af einhverju tagi.“*

Þá varaði Alþýðusambandið við alþjóðlegri verslun með fólk, einkum konur og börn til kynlífsiðnaðar á Vesturlöndum. Loks voru skyldur ASÍ gagnvart öllum konum á vinnumarkaði ítrekaðar og í bréfinu segir m.a.:

*„ASÍ stendur því bæði vörð um virðingu og réttindi þeirra erlendu dansara sem hingað koma, kvenna almennt og ekki síst þeirra ungu stúlkna sem eru að hefja þátttöku á vinnumarkaðnum. Íslenskum stjórnvöldum ber að verja sömu hagsmuni og því vaknar sú spurning hvort einhverjar rannsóknir séu fyrirhugaðar á því hvaða áhrif skipulögð og viðurkennd atvinnustarfsemi, þar sem seldur er aðgangur að líkama kvenna, hefur á viðhorf til kvenna og þar af leiðandi stöðu þeirra á vinnumarkaði. Útbreiðsla starfsemi af þessu tagi kann að hafa áhrif á sjálfsmynd hópa kvenna og þau viðhorf og það viðmót sem viðkomandi mæta.“*

### ***Nefnd um mansal***

Félagsmálaráðherra skipaði vorið 2002 vinnuhóp fulltrúa stjórnvalda og félagasamtaka til að undirbúa íslenskt átak gegn verslun með konur. Um er að ræða lið í átaki sem Norræna ráðherranefndin ákvað að standa að og nær það til Norðurlandanna allra og Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Lit-

háen. Af hálfu ASÍ var Halldór Grönvold skipaður í vinnuhópinn.

Hópurinn setti sér í upphafi að afla upplýsinga um stöðu mála og með hvaða hætti hin Norðurlöndin ætluðu að taka á viðfangsefninu. Í starfi hópsins hefur komið fram að innflutningur á konum til að dansa nektardans á næturklúbbum er talinn helsti áhættuþátturinn varðandi verslun með konur, en einnig innflutningur á konum til að starfa við heimilishjálp. Þá kom í ljós að lítið eða ekkert upplýsingaflæði og samstarf hefur verið á milli opinberra aðila og annarra sem málið varðar. Fram hefur komið að með því að koma á slíku samstarfi og miðlun upplýsinga væri hægt að stuðla að betra eftirliti með því að konur verði ekki fórnarlömb mansals. Slíkt væri mikilvægt fyrsta skrefið í baráttunni.

Þá hefur vinnuhópurinn lagt til að farið verði í kynningarherferð til að vekja athygli og umræðu um mansal og hvernig megi sporna við verslun með konur. Herferðin mun standa yfir veturinn 2002 til 2003 og miðar að tvennu:

Að kynna hvað felst í verslun með konur. Í því felst að gera almenningi grein fyrir hvað felst almennt í verslun með fólk. Gera þarf grein fyrir í hverju verslun með konur felist og að verslun með konur sé ekki það sama og vændi en tenging sé á milli verslunar með konur og kynlífsiðnaðarins.

Að ná fram viðhorfsbreytingu hjá almenningi til kvenna sem verslunarvöru.

Í þjóðfélagi nútímans hefur kynlífsvæðingin fært til mörkin milli þess eðlilega og þess óeðlilega. Klámblöð sitja í hillum ritfangaverslana, bensínstöðva og fleiri staða og ekkert tiltökumál þykir lengur að hálfberir kvenmannslíkamar prýði forsiður glanstímarita, sem eru fyrir allra augum í stórmörkuðum. Á nektardansstöðum er hægt að kaupa aðgang að konum og í gegnum bæklinga og internetið má hreinlega kaupa konur. Því má segja að konur séu almennt orðinn söluvara. Það er þessi ímynd og viðhorf til konunnar sem verslunarvöru sem þarf að berjast gegn.

Loks hefur komið fram í starfi vinnuhópsins að nauðsynlegt sé að skoða hvort þörf er á að breyta löggjöf þannig að verslun með fólk verði sérgreint brot í hegningarlögum.



*Mikill fjöldi fólks sótti vel heppnaða ráðstefnu ASÍ um Evrópumálin og hagsmuni launafólks.*

## Erlend samskipti

Erlend samskipti Alþýðusambandsins voru með hliðstæðum hætti á tímabilinu og áður. Alþýðusambandið er virkur þátttakandi í starfi Norræna verkalýðsambandsins (NFS), Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC), Ráðgjafarnefnd EFTA, samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum innan VN og á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO). Þá er ASÍ aðili að samstarfi Norrænu alþýðusambandanna og jafnaðarmanna í SAMAK, ráðgjafarnefnd verkalýðshreyfingarinnar innan OECD, TUAC og Alþjóðasamtökum frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU).

## NFS

Fulltrúar ASÍ hafa sótt fundi í stjórn og framkvæmdastjórn Norræna verkalýðssambandsins á tímabilinu. Hefðbundin verkefni NFS fela í sér upplýsingamiðlun, samráð og skoðanaskipti um þróun á sviði efnahags-, atvinnu og félagsmála á Norrænum vettvangi. Þá var m.a. ákveðið að setja á stofn norræna vinnumarkaðsnefnd NFS sem fylgjast á með þróuninni á Norðurlöndum með sérstakri áherslu á sameiginlega Norræna vinnumarkaðinn, efnahagsmál, atvinnuáhrif og velferðarmál. Nefndin á m.a. að undirbúa frumkvæði af ýmsu

tagi gagnvart norrænu ráðherranefndinni. Stöðugt stærri þáttur í starfi NFS snýr að Evrópusamvinnunni og stöðu Norðurlandanna í því samhengi.

Þá hafa fulltrúar ASÍ sótt fundi Evrópunefndar NFS í tengslum við framkvæmdastjórnarfundu ETUC, þar sem fjallað hefur verið um viðfangsefni fundanna.

## **NFJS - Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum**

Árleg ráðstefna lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum árið 2001 var haldin í Reykjavík 25-26.8 2001. ASÍ og BSRB stóðu saman að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, en fram til þessa hafa einungis lögfræðingar ASÍ tekið þátt í þessu samstarfi. Á dagskrá ráðstefnunnar voru tvö efni. Annars vegar réttarstaða starfsmanna við einkavæðingu opinberra fyrirtækja en málshefjandi þar var Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB. Hins vegar var fjallað um réttarstöðu starfsmanna og verkalyðshreyfingar við opinber útboð á þjónustu ríkis og sveitarfélaga með sérstaka áherslu á drög að breyttri tilskipun ESB og ILO-samþykkt nr. 94. Málshefjandi þar var Dan Holke, aðallögfræðingur sameiginlegrar lögfræðipjónustu LO og TCO í Svíþjóð. Að loknum inngangserindum var farið yfir stöðuna í hverju ríki fyrir sig, skipst á upplýsingum, gögnum og reynslu.

Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, var fulltrúi ASÍ þessari ráðstefnu í Stokkhólmi dagana 23. - 24. ágúst 2002. Viðfangsefni þess fundar var umfjöllun um reglur sem eru bundnar í lög og/eða kjarasamninga og banna mismunun fólks eftir kynferði þeirra, þjóðernisuppruna, trúarskoðunum, andlegri/líkamlegri fötlun, litarhætti, aldri, kynhneigð og stöðu að öðru leyti. Að því er varðar vinnumarkaðinn, þá er markmið slíkra reglna m.a. að tryggja að einstaklingar sem tilheyra slíkum „hópum“ njóti lögbundinna og kjarasamningsbundinna réttinda til jafns við aðra og að koma í veg fyrir eða a.m.k. að fækka þeim tilvikum þar sem fólki sem tilheyrir ákveðnum þjóðafélagshópum sé mismunað, að því er varðar ráðningar í störf, launakjör, framgang í starfi, uppsagnir, eða þeir verði fyrir áreitni o.s.frv. Fulltrúarnir gerðu grein fyrir þeim reglum sem gilda í hverju ríki um sig og loks voru þessi mál rædd í ljósi tveggja nýlegra tilskipana frá Evrópusambandinu nr. 2000/43/EB og 2000/78/EB. Ýmsum skriflegum gögnum var dreift, þ.m.t. löggjöf einstakra ríkja á þessu sviði. Af öðrum málum sem rædd voru á þessu þingi má nefna niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu frá því í júní 2002 í máli OFS (Oljearbeidernes Fellessammenslutning) gegn norska ríkinu. Í sem stystu máli varðaði þetta mál setningu bráðabirgðalaga á kjarasamningsviðræður milli OFS og annarra stéttarfélaganna innan olúgeirans í Noregi og samtaka vinnuveitanda NHO og OLF

voríð 1994. Viðræður aðila höfðu siglt í strand, verkfall var skollið á, milli-ganga ríkissáttasemjara bar ekki árangur og ákvað ríkisstjórnin að ágreiningur aðila skyldur leystur af gerðardómi (e. compulsory arbitration). Norska ríkið greip til þessarar íhlutunar þegar verkfallið hafði staðið yfir í 36 klukkustund-ir. Rök ríkistjórnarinnar fyrir þessari ákvörðun voru þau helst, að átök aðila myndu hafa í för mér sér algera stöðvun olíuframleiðslu í Noregi og tap að verðmæti 2,5 milljarða NOK á viku og samsvarandi halla í viðskiptum við út-lönd. Skatttekjur myndu dragast saman um 1 milljarð NOK á viku og beinar olíutekjur um 800 milljónir NOK á viku. Kæra OFS til Mannréttindadómstóls-ins var byggð á því að bráðabirgðalögin færu í bága við félagafrelsisákvæði 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvæði þessu er kveðið á um rétt manna til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Skal þessi réttur ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða al-mannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða sið-gæði manna eða réttindum og frelsi. Mannréttindadómstóllinn komst að þeir-ri niðurstöðu að aðgerðir norska stjórnvalda hefðu ekki falið í sér brot á fram-angreindu ákvæði. Leit dómstóllinn svo á að OFS hefði áður en bráðabirgða-lögin tóku gildi haft svigrúm til að beita réttindum sínum sem nytu verndar samkvæmt norskum lögum, þ.á. m. réttarins til að ganga til viðræðna við hlut-adeigandi samtök vinnuveitanda um kaup og kjör félagsmanna. Dómstóllinn féllst á það mat norskra stjórnvalda að miklar líkur hefðu verið á því að verk-fallið yrði langvinnt og því hefðu aðgerðir stjórnvalda, að teknu tilliti til hags-muna norsks efnahagslífs, verið réttætánlegar. Dómstóllinn lagði hins vegar sérstaka áherslu á að ekki mætti túlka niðurstöðu hans á þann veg að sú aðferð sem stjórnvöld beittu í þeim tilgangi að binda endi á löglega boðað verkfall, yrði í öllum tilvikum álitin viðeigandi í tilvikum þegar einungis efnahagsleg-ar ástæður væru fyrir hendi. Að mati dómstólsins yrði að líta svo á að mjög sérstakar kringumstæður hefðu verið fyrir hendi í þessu tiltekna máli er vörð-uðu orkugeirann. Stöðvun þessarar starfsemi hefði haft í för með sér tafarlaus-ar og mjög neikvæðar afleiðingar fyrir alþjóðlega orkudreifingu og kæmi nið-ur á efnahag annarra ríkja, sérstaklega í Evrópu, auk þess sem verulegt tjón á mannvirkjum tengdum þessari framleiðslu annars vegar og umhverfinu hins vegar hefði verið fyrrisjáanlegt ef framleiðslan hefði legið niðri um langan tíma. Fulltrúi SAK í Finnlandi gagnrýndi þessa málsmeðferð og taldi að OFS hefði mátt vita fyrirfram að Mannréttindadómstóllinn myndi komast að fram-angreindri niðurstöðu. Það hefði því betur verið heima setið en af stað farið þar

sem hin þrönga túlkun dómstólsins myndi valda ákveðnum vandamálum í samskiptum stéttarfélaganna við stjórnvöld heima fyrir. Þessari gagnrýni var svarað á þann veg að þó að málið hefði tapast mætti lesa úr forsendum dómsins skýra vísbendingu um að stjórnvöld gætu ekki einungis vísað til efnahagslegra áhrifa innan sinna landamæra þegar gripið væri til lagasetningar á löglega boðuð verkföll. Greinilegt væri að meira þyrfti til að koma svo að stjórnvöld gætu með lögmætum hætti haft afskipti af kjaradeilum á almennum vinnumarkaði.

## ETUC

Fulltrúar ASÍ hafa sótt fundi framkvæmdastjórnar ETUC, sem haldnir eru fjórum sinnum á ári. Á fundum Framkvæmdastjórnarinnar síðustu misseri hefur einkum verið fjallað um stöðu og þróun efnahags-, atvinnu- og félagsmála í Evrópu, stækkun Evrópusambandsins og stefnu ESB eins og hún birtist í starfi framkvæmdastjórnar ESB, Evrópuþingsins og leiðtogaáráðs ESB. Einnig er fjallað um samskiptin við Evrópusamtök atvinnurekenda, áherslur ETUC í þeim samskiptum og árangurinn af starfinu.

Ákveðið hefur verið að næsta þing ETUC verði haldið í Prag í lok maí árið 2003.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: <http://www.etuc.org>.

## Samningar á Evrópuvísu um réttarstöðu útleigðra starfsmanna

Í júní 2000 hófust í Brussel samningaviðræður á milli samtaka launafólks (ETUC) og atvinnurekenda (UNICE/CEEP) á Evrópuvettvangi um tímabundin störf á vegum ráðningarfyrirtækja (Temporary Agency Work).

Um var að ræða 3. lotu samninga framangreindra aðila um það sem kallað hefur verið „óhefðbundin“ störf eða ráðningarsamband, en þegar hafa náðst samningar um hlutastörf og tímabundna ráðningarsamninga, sem gerðir hafa verið bindandi fyrir öll aðildarríki EES og taka eiga gildi hér á landi á næstu vikum og misserum.

Viðræðurnar komu í framhaldi af samráði framkvæmdastjórnar ESB og aðila vinnumarkaðarins í Evrópu og byggja á ákvæðum 138. og 139. gr. Rómarsáttmálans um möguleika aðila vinnumarkaðarins til að semja um reglur á vinnumarkaði í Evrópu.

Viðfangsefni samninganna var form á ráðningarsambandi sem hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum víða í Evrópu og um heim allan, en er ennþá lítið þekkt hér á landi. Um er að ræða þríhliða samband launamanns sem ráðinn er hjá ráðningarfyrirtæki/vinnumiðlun, sem síðan leigir starfsmanninn áfram til þriðja aðila (notkunarfyrirtækis) til tímabundinna starfa. Ljóst er að það

form á ráðningarsambandi sem hér um ræðir getur skapað og skapar margvísleg álitafni og óvissu varðandi réttarstöðu launamannsins, gagnvart ráðningarfyrtækinu (sem ræður hann) annars vegar og notkunarfyrtækinu (þar sem hann starfar) hins vegar. Þetta gildir hvað varðar launin sjálf og margskonar réttindi önnur, eins og lífeyrisréttindi, ýmis réttindi sem tengjast starfsaldri, rétti til endur- og eftirmenntunar og rétti og möguleikum til virkrar þátttöku í starfi stéttarfélaga á viðkomandi vinnustað.

Í lok febrúar 2001 slitnaði upp úr viðræðunum um réttarstöðu starfsmanna ráðningarfyrtækja. Jafnframt var ákveðið að óska eftir framlengingu á þeim tíma sem framkvæmdastjórn ESB hafði gefið til viðræðnanna. Tilgangurinn með því að fá frest var að samninganefndir ETUC og UNICE/CEEP gætu ráðfært sig við forystu samtaka sinna og gengið úr skugga um að það sé sátt um störf þeirra. Þetta breytti engu og samningsaðilar skiluðu inn samningsumboði sínu.

Af hálfu samtaka launafólks (ETUC) kom skýrt fram að slitnað hafi upp úr viðræðunum vegna stífní atvinnurekenda og að þeir hefðu aldrei ætlað sér að semja um málið. Þá óskaði ETUC formlega eftir því að Evrópusambandið samþykki tilskipun um málið. Í mars sl. kynnti framkvæmastjórn ESB tillögu sína að tilskipun um réttindi útleigðra starfsmanna. Tillagan er nú til umfjöllunar hjá aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og einnig hjá Evrópuþinginu.

## **Evrópskur kjarasamningur um fjarvinnu**

Á árinu 2001 bauð framkvæmdastjórn Evrópusambandsins aðilum vinnumarkaðarins í Evrópu að leita samninga um réttarstöðu fjarvinnustarfsmanna. Evrópusamtök verkalýðsfélaga (ETUC) settu á laggirnar samninganefnd haustið 2001 og skipaði miðstjórn ASÍ, Magnús M. Norðdahl, deildarstjóra lögfræðideildar í hana. Fyrsti samningafundur aðila var haldinn 12. október 2001 í Brussel. Alls urðu samningafundir 9 talsins, að jafnaði þrjú dagar í senn. Samningar náðust loks 23. maí 2002 og var samningurinn undirritaður formlega 16. júlí. Samningurinn byggir á 139. grein Rómarsáttmálans.

### ***Samningur um fjarvinnu***

#### **1. Almenn ákvæði**

*Í samræmi við evrópsku atvinnumálastefnuna bauð evrópska Ráðið (Ráð ESB) aðilum vinnumarkaðarins að semja um nútímavæðingu skipulagningar vinnunnar, þar með talið sveigjanlegt vinnufyrirkomulag, með það að markmiði að gera fyrirtækin framleiðin og samkeppnishæf og ná nauðsynlegu jafnvægi á milli sveigjanleika og öryggis.*



*Frankvæmdastjórn ESB bauð aðilum vinnumarkaðarins, við annað stig samráðs við aðila vinnumarkaðarins um nútímavæðingu og bætt starfsskilyrði, að hefja viðræður um fjarvinnu. Þann 20. september 2001 tilkynntu ETUC (Evrópusamband verkalýðsfélaga) (og samstarfsnefnd EURO-CADRES/CEC (samtök stjórnunarstarfsmanna á Evrópuvísu) UNICE/UEAPME (Evrópusamtök iðn- og atvinnurekenda og Evrópusamtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja) og CEEP (Evrópusamtök fyrirtækja í opinberri eigu) ákvörðun sína um að hefja viðræður sem miðuðu að samningi sem samningsaðilar fullgiltu sjálfir í aðildarríkjunum (ESB) og í löndum evrópska efnahagssvæðisins. Með þessu óskuðu þau eftir að leggja sitt af mörkum við að undirbúa yfirfærsluna í þekkingargrundvallað hagkerfi og samfélag eins og samþykkt var af Ráðinu í Lissabon.*

*Fjarvinna nær til fjölbreytts og vaxandi umfangs aðstæðna og framkvæmdar. Af þeirri ástæðu hafa aðilar vinnumarkaðarins valið skilgreiningu á fjarvinnu sem getur tekið til mismunandi tegunda af reglulegri fjarvinnu.*

*Aðilar vinnumarkaðarins sjá fjarvinnu bæði sem leið fyrir fyrirtæki og opinberar þjónustustofnanir til að nútímavæða skipulag vinnunnar, og sem aðferð fyrir launafólk til að samræma atvinnuþátttöku og samfélagslíf og gefa þeim meira sjálfræði við að framkvæma verkefni sín. Vilji Evrópa fá sem mest út úr upplýsingasamfélaginu verður að hvetja til þessarar nýju tegundar af skipulagningu vinnunnar með þeim hætti að sveigjanleiki og öryggi fylgist að og að gæði starfa aukist og að möguleikar fatlaðs fólks á vinnumarkaði séu bættir.*

*Þessi óþvingaði samningur hefur að markmiði að setja almennan ramma á Evrópuvísu sem gildistekinn verði af aðilum hans í samræmi við verklagsreglur í einstökum ríkjum og sérstakrar venju aðila vinnumarkaðarins. Samningsaðilarnir bjóða einnig aðildarsamtökunum í umsóknarríkjunum að gildistaka þennan samning.*

*Gildistaka þessa samnings er ekki gild forsenda til að draga úr almennri vernd sem launafólk býr við á sviði þessa samnings. Þegar samningurinn er gildistekinn skulu samningsaðilar forðast að setja óþarfa kvaðir á lítil- og meðalstór fyrirtæki.*

*Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera, á viðeigandi sviði, þ.m.t. á Evrópuvísu, samninga sem staðfesta og/eða bæta við þennan samning á þann hátt að tekið sé tillit til sérstakra þarfa viðkomandi aðila vinnumarkaðarins.*

## **2. Skilgreining og gildissvið**

*Fjarvinna er skipulag og/eða framkvæmd vinnu á grundvelli ráðningar-*

samnings / ráðningarsambands, þar sem notið er upplýsingatækni og þar sem vinna, sem einnig væri hægt að inna af hendi í starfsstöð atvinnurekanda, er innt reglulega af hendi utan þeirrar starfsstöðvar.

Samkomulag þetta tekur til fjarvinnustarfsmanna. Fjarvinnustarfsmaður er sá sem vinnur fjarvinnu eins og hún er skilgreind hér að ofan.

### 3. Óþvingað val

Fjarvinna er óþvingað val viðkomandi launamanns og atvinnurekanda. Fjarvinna getur verið hluti upphaflegrar starfslýsingar eða hafa komist á sem óþvingað fyrirkomulag síðar.

Í báðum tilvikum ber atvinnurekanda að gefa fjarvinnustarfsmanni skriflega allar viðeigandi upplýsingar eins og mælt er fyrir um í tilskipun 91/533/EB, þar á meðal upplýsingar um viðeigandi kjarasamninga, lýsingu þeirrar vinnu sem framkvæma skal o.fl. Sérstada fjarvinnu krefst að jafnaði skriflegra viðbótarupplýsinga um atriði eins og hvaða deild í fyrirtæki atvinnurekanda fjarvinnustarfsmaður er tengdur/tilheyir, hver hans/hennar næsti yfirmaður sé eða aðrir sem hann eða hún getur snúið sér til með spurningar er varða starfið eða persónuleg mál, aðferð við skýrslugjöf o.fl.

Sé fjarvinna ekki hluti upphaflegrar starfslýsingar og atvinnurekandi býður upp á fjarvinnu, þá getur launamaður tekið því tilboði eða hafnað. Láti launamaður uppi vilja til þess að taka upp fjarvinnu, þá getur atvinnurekandi orðið við eða hafnað þeirri ósk.

Þar sem upptaka fjarvinnu sem slík breytir aðeins vinnuáðferð, þá hefur hún engin áhrif á stöðu fjarvinnustarfsmannsins sem launamanns. Höfnun starfsmanns á tilboði um fjarvinnu, réttlætir sem slík ekki uppsögn eða breytingar á ráðningarkjörum hans og aðstæðum.

Sé fjarvinna ekki hluti upphaflegrar starfslýsingar er ákvörðun um að snúa aftur til fyrra starfs afturkallanleg með einstaklingsbundnum samningi eða kjarasamningi. Afturhvarf getur þýtt að horfið sé til starfs í starfsstöð atvinnurekanda skv. ósk launamanns eða atvinnurekanda. Nánari útfærslu þessa réttar skal gera í einstaklingsbundnum samningi og/eða kjarasamningi.

### 4. Starfskjör

Hvað varðar starfskjör skulu fjarvinnustarfmenn njóta réttinda sem launafólki eru tryggð í viðeigandi löggjöf og kjarasamningum með sama hætti og sambærilegir starfsmenn í starfsstöð atvinnurekanda. Til þess hins vegar að taka tillit til sérstöðu fjarvinnu kann að vera nauðsynlegt að gera viðbótar kjara- og/eða einstaklingsbundna samninga.

## **5. Verndun gagna**

*Atvinnurekandi ber ábyrgð á því að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir; sérstaklega hvað varðar hugbúnað, til þess að tryggja vernd þeirra gagna sem fjarvinnustarfsmaðurinn notar og vinnur með í starfi sínu.*

*Atvinnurekandi upplýsir fjarvinnustarfsmann um þær lagareglur sem skipta máli og reglur fyrirtækisins varðandi verndun gagna.*

*Það er á ábyrgð fjarvinnustarfsmannsins að fara eftir þessum reglum.*

*Atvinnurekandi upplýsir fjarvinnustarfsmann sérstaklega um:*

*allar takmarkanir á notkun upplýsingatæknibúnaðar eða verkfæra eins og internetsins,*

*viðurlög ef ekki er eftir þeim farið.*

## **6. Vernd einkalífs**

*Atvinnurekandi virðir einkalíf fjarvinnustarfsmanns.*

*Sé komið fyrir einhverskonar eftirlitsbúnaði þá skal þess gætt að hann sé í samræmi þá hagsmuni sem hlutægt á að vernda og honum komið fyrir í samræmi við tilskipun 90/270 um skjávinnu.*

## **7. Búnaður**

*Öll atriði er varða búnað, ábyrgð og kostnað skal skilgreina áður en fjarvinna hefst.*

*Meginreglan er sú, að atvinnurekanda ber að útvega, tengja og halda við þeim búnaði sem nauðsynlegur er við reglulega fjarvinnu nema fjarvinnustarfsmaður noti sinn eigin búnað.*

*Sé fjarvinna unnin reglulega, bætir eða greiðir atvinnurekandi beinan kostnað sem stafar af vinnunni, sérstaklega hvað varðar kostnað við samskipti.*

*Atvinnurekandi sér fjarvinnustarfsmanni fyrir viðeigandi möguleikum á tæknilegri aðstoð.*

*Í samræmi við landslög og kjarasamninga ber atvinnurekandi ábyrgð á kostnaði vegna búnaðar og gagna sem fjarvinnustarfsmaður notar ef hann glatast eða skemmist.*

*Fjarvinnustarfsmaður fer vel með þann búnað sem honum er séð fyrir og safnar hvorki eða dreifir ólöglegu efni um internetið.*

## **8. Aðbúnaður og hollustuhættir**

*Atvinnurekandi ber ábyrgð á heilsuvernd og öryggi fjarvinnustarfsmanns vegna vinnunnar í samræmi við tilskipun 89/391 og aðrar afleiddar tilskipanir, innlenda löggjöf og kjarasamninga.*

*Atvinnurekandi upplýsir fjarvinnustarfsmann um stefnu fyrirtækisins í aðbúnaðar- og hollustuháttamálum, sérstaklega hvað varðar skjávinnu. Fjarvinnustarfsmaður fer með réttum hætti eftir þessari stefnu.*

*Til þess að staðfesta það að farið sé að viðeigandi ákvæðum um aðbúnað og hollustuhætti hefur atvinnurekandi, trúnaðarmenn og/eða viðeigandi yfirvöld aðgang að þeim stað þar sem fjarvinna er framkvæmd, með þeim takmörkum sem landslög og kjarasamningar geyma. Vinni fjarvinnustarfsmaður á heimili sínu er slíkur aðgangur háður fyrirfram tilkynningu og samþykki hans/hennar. Fjarvinnustarfsmaður getur og óskað eftir eftirlitsheimsókn.*

## **9. Skipulag vinnunnar**

*Innan ramma viðeigandi löggjafar, kjarasamninga og reglna fyrirtækisins skipuleggur fjarvinnustarfsmaður sjálfur vinnutíma sinn.*

*Vinnuálag og kröfur til fjarvinnustarfsmanns eru þær sömu og gerðar eru til sambærilegra starfsmanna í starfsstöð atvinnurekanda.*

*Atvinnurekandi tryggir að gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að fjarvinnustarfsmaður einangrist frá samfélagi við aðra starfsmenn í fyrirtækinu með því t.d. að gefa honum tækifæri til þess að hitta vinnufélaga með reglulegum hætti og eiga aðgang að þeim upplýsingum sem fyrirtækið veitir.*

## **10. Þjálfun**

*Fjarvinnustarfmenn eiga sama aðgang að þjálfun og möguleikum til starfsframa eins og sambærilegir starfsmenn í starfsstöð atvinnurekanda og skulu háðir sömu stefnu hvað varðar ábatakerfi og þessir starfsmenn.*

*Fjarvinnustarfmenn hljóta viðeigandi þjálfun á þann búnað sem þeir hafa til ráðstöfunar og um sérkenni þessa vinnuskipulags. Yfirmaður fjarvinnustarfsmanns og beinir starfsfélagar hans geta jafnframt þurft þjálfun vegna þessarar vinnu og stjórnunar á henni.*

## **11. Kjarasamningsbundin réttindi ( sameiginleg réttindi )**

*Fjarvinnustarfmenn njóta sömu réttinda og starfsmenn í starfsstöð atvinnurekanda. Engar hömlur eru lagðar á samskipti hans við trúnaðarmenn.*

*Þeir hafa sömu aðstöðu til þess að taka þátt í og taka kjöri í þeim stofnunum sem koma fram fyrir hönd starfsmanna. Fjarvinnustarfmenn eru tald- ir með þegar reiknuð eru lágörk vegna stofnunar stofnana (ráða) sem koma fram fyrir hönd starfsmanna eins og mælt er fyrir um í lands- eða Evr- ópurétti, kjarasamningum eða venju. Sú stofnun sem starfsmaðurinn tengist*

til þess að hann geti notið sameiginlegra (kjarasamningsbundinna) réttinda sinna skal tilgreina í upphafi.

Trúnaðarmenn skulu upplýstir og við þá haft samráð þegar fjarvinna er tekin upp, allt í samræmi við lands- eða Evrópurétt, kjarasamninga og venju.

## **12. Gildistaka og eftirfylgni**

Í samræmi við 139. gr. samningsins skal gildistaka þennan Evrópska rammasamning af aðildarsamtökum UNICE/UEAPME, CEEP og ETUC (og samstarfsnefndar EUROCADRES/CEC) í samræmi við reglur og venjur aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

Gildistöku verði hrint í framkvæmd innan þriggja ára frá undirritun þessa samnings.

Aðildarsamtökin skulu skila skýrslu um gildistöku þessa samnings til sérstaks „ad hoc“ hóps sem aðilar þessa samnings koma á laggirnar á ábyrgð félagslegu viðræðunefndarinnar (social dialogue committee). Þessi „ad hoc“ hópur mun ganga frá sameiginlegri skýrslu um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til gildistöku. Þessi skýrsla skal unnin innan fjögurra ára frá undirritun þessa samnings.

Ef spurningar vakna um efni þessa samnings, geta aðildarsamtök sameiginlega eða í sitt hvoru lagi beint fyrirspurnum til aðila þessa samnings.

Aðilar samningsins skulu endurmeta samninginn að liðnum fimm árum frá undirritun hans komi fram ósk um slíkt frá einum samningsaðilanna. „

Samningurinn var samþykktur í miðstjórn ASÍ 19. júní 2002. Fyrir liggur að hrinda honum í framkvæmd hér á landi með kjarasamningi. Í samræmi við samþykktar málsmeðferðarreglur hefur verið óskað eftir tilnefningum í samninganefnd sem hafi það verkefni að hrinda samningi þessum í framkvæmd hér á landi í samræmi við ákvæði hans.

## **Vinnumarkaðsnefnd ETUC**

Á vettvangi nefndarinnar var áfram unnið að upplýsingaöflun og úrvinnslu varðandi stöðu og þróun samskipta á vinnumarkaði í einstökum ríkjum Evrópu og á Evrópuvísu. Þá hefur nefndin verið að vinna að mótun samevrópskrar nálgunar við kjarasamningagerð. Einnig hefur nefndin fjallað um sveigjanleg launakerfi, einkenni þeirra, kosti og galla.

## **Yfirlýsing aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um símenntun**

Þann 28. febrúar 2002 var undirrituð sameiginleg yfirlýsing aðila vinnu-

markaðarins á Evrópuvísu um símenntun. Yfirlýsingin var lögð fyrir Ráðherraráð ESB á fundi hennar í Barcelona um miðjan mars sl.

Í yfirlýsingunni er lögð sérstök áhersla á að símenntun sé sameiginlegt viðfangsefni atvinnurekenda og launafólks og samtaka þeirra. Aðilarnir benda sérstaklega á fjögur viðfangsefni sem njóta eiga forgangs:

1. Greining á þörfum fyrir færni og hæfni og framtíðarvæntingar
2. Viðurkenning og mat á færni og hæfni
3. Upplýsingar, stuðningur og leiðsögn
4. Úrræði

Þótt yfirlýsingin feli ekki í sér bindandi skuldbindingar hafa aðilar hennar lýst yfir því að þeir vænti þess að hún hafi raunverulega þýðingu fyrir þróun símenntunar út frá þeim markmiðum sem sett hafa verið í þeim efnum á Evrópuvísu. Þá lýsa aðilar yfirlýsingarinnar því yfir að þeir muni beita sér fyrir því að efni hennar hafi áhrif á viðeigandi sviðum innan hvers aðildarríkis fyrir sig. Þá munu þeir árlega leggja sameiginlega mat á stöðu mála og hvernig tekist hefur til í aðildarríkjunum. Þá munu þeir að nokkrum árum liðnum leggja almennt mat á það hvernig til hefur tekist.

Yfirlýsingin ætti að geta gagnast umræðu um símenntun hér á landi og samstarfi aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði.

## **Yfirlýsing framkvæmdarstjórnar ESB um aukið hlutverk aðila vinnumarkaðarins í Evrópuþróuninni**

26. júní sl. sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér yfirlýsingu sem fjallar um mikilvægi þess að aðilum vinnumarkaðarins verði falið aukið hlutverk, réttindi og skyldur við að þróa áfram vinnumarkaðinn á Evrópuvísu. Í yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar er m.a. vísað til mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins verði virkari við og fái aukna hlutdeild í að fylgja eftir markmiðum atvinnustefnunnar. Lagt er til að í tengslum við umfjöllun ráðs ESB um framkvæmd og árangurinn af atvinnustefnunni verði haldnir samráðsfundir ráðsins og aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

## **NETLEX**

Lögfræðingur ASÍ sótti ráðstefnu lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC í Vilnius 30.11 til 2.12 2000. Í fyrsta hluta ráðstefnunnar var farið yfir reynsluna af tilskipuninni um hópuþsagnir og hvort taka þyrfti hana upp til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Tvennt stóð upp úr, þ.e. hvað átt væri við þegar tilskipunin segir að taka skuli upp viðræður við fulltrúa starfsmanna „svo fljótt sem auðið er“ með það fyrir augum að ná „samkomulagi“ (5. gr. laga 63/2000). Hvað hið fyrra varðar liggur ekki fyrir túlkun á því við hvað sé nákvæmlega átt og

þarfnast það skýrara innihalds og því verður vart náð öðruvísi en með breytingum á viðeigandi tilskipun. Einnig var fjallað um það hvers konar samningur „samkomulag“ það er sem fulltrúar starfsmanna eiga að ná við atvinnurekanda sem íhugar hópuppsögn og hvort um sé að ræða ígildi kjarasamnings, en franskir dómstólar hafa staðfest að hópuppsögn geti verið ólöglegt, sé slíkt samkomulag bersýnilega efnislítið og lítils virði. Bæði þessi mál eru flókin, því samráð og samkomulag búa ekki til störf í stað þeirra sem hverfa og spurning hvort ná megi betri árangri með samfelldu streymi upplýsinga sem haft geti áhrif á fjölda starfa og réttindi launafólks og greiðari aðgang fulltrúa starfsmanna að upplýsingum eins og t.d. að tilkynningum til samkeppnisyfirvalda og verðbréfamarkaða o.fl.

Í öðrum hluta ráðstefnunnar var fjallað um áreitni, mismunun og einelti á vinnustöðum. Í þeim erindum sem voru flutt, var annarsveggar reynt að skilgreina hvað í ofangreindu felist, jafnframt því sem farið var yfir þau hugsanlegu lagalegu úrræði sem þolendum og/eða verkalýðsfélögunum standa til boða. Það er spurning hvort þörf sé á sérstakri tilskipun um þessi mál, en bein ákvæði í lögum og úrræði eru fá. Helst er að leita í vinnuverndarlöggjöf, hegningarlögum og almennum reglum vinnuréttarins. Ljóst þó að sönnunaraðstaðan verður áfram erfið.

Í þriðja hluta var fjallað um félagsleg grundvallarréttindi í ESB og sameiginlegar kærur vegna brota á Félagsmálasáttmála Evrópu og í þeim fjórða um gráa svæðið milli launafólks og sjálfstæðra atvinnurekenda. Þar kom fram, að um er að ræða sameiginlegt og vaxandi vandmál sem vex með aukinni fjölbreytni samninga og auknum sveigjanleika á vinnumarkaði. Í könnun ítalskra félagsfræðinga sem kynnt var kom fram að sá hópur sem velur „gráa“ stöðu á vinnumarkaði hafi sérstaka hugmyndafræði sem ráði þessu vali, meðan einnig komi fram gögn um að atvinnurekendur geri beinlínis kröfu um að viðkomandi sé í stöðu „verktaka“ en ekki „launamanns“. Ennfremur kom fram, að eindregin andstaða verklýðshreyfingarinnar hafi á stundum hrakið þennan hóp burt í stað þess að ná utan um hann, en gerð var grein fyrir reynslu Hollendinga af hinu gagnstæða.

Í fimmta og síðasta hluta ráðstefnunnar var fjallað um það hvernig ríkjum A-Evrópu og þeim ríkjum öðrum sem eru í biðröðinni að ESB, hefur gengið að gildistaka hinar ýmsu tilskipanir um réttindi launafólks, vinnuvernd o.fl. Þær upplýsingar sem fram komu og þær umræður sem áttu sér stað, settu allt efni síðustu daga þar á undan í nokkuð sérstakt ljós, enda aðstæður launafólks á þessum svæðum mjög ólíkar aðstæðum innan ríkja ESB.

NETLEX hittist síðan að nýju í nóvember 2001 en vegna anna var ekki hægt að sækja þann fund.

## Ráðgjafarnefnd EFTA

Fulltrúi ASÍ sótti nokkra fundi í ráðgjafarnefnd EFTA á tímabilinu. Á vettvangi Ráðgjafarnefndarinnar hefur m.a verið unnið að umsögnum um ýmis viðfangsefni Evrópusamstarfsins, auk þess sem Ráðgjafarnefndin hefur fjallað um Evrópuþróunina og stöðu EES samningsins sérstaklega. Þá hefur Ráðgjafarnefndin fjallað um samskipti og samninga EFTA við ríki utan Evrópu.

Ráðgjafarnefndin hefur m.a. ályktað sérstaklega um innri markaðinn í Evrópu, norrænu víddina í Evrópusamvinnunni, stækkun EES, Eftirfylgni EFTA með Lissabon ferlinu, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og samskipti EFTA við ríki utan Evrópu. Þá hefur Ráðgjafarnefndin, í samstarfi við Efnahags- og félagsmálanefnd, ályktað um Félagsmálastefnu ESB, um stækkun Evrópusambandsins og EES, upplýsingasamfélagið og góða stjórnýslu og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Samþykktir Ráðgjafarnefnda EFTA og EES má nálgast á vef EFTA: <http://secretariat.efta.int/EFTAConsult/>.

## Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO)

### *Svæðaráðstefna 12-15. 12 2000*

Fulltrúi ASÍ sótti 6. svæðaráðstefnu ILO um málefni vinnumarkaðarins í Evrópu, dagana 12 - 15. 12 2000. Fyrir ráðstefnunni lágu tvær skýrslur. Annars vegar „Hnattvæðing Evrópu - Sómasamleg störf í upplýsingasamfélaginu“ og hins vegar „Sómasamleg störf í Evrópu og Mið Asíu - Skýrsla um starfsemi ILO 1995-2000.“

Í þeirri fyrri kemur fram að framrás upplýsingatækninnar (UST) verði ekki snúíð við, en bilinu milli þeirra sem hafa þekkingu og þeirra sem hafa hana ekki sé hins vegar hægt að snúa við. Þar varði aukin menntun og menntunarúrræði mestu, því skortur á störfum við hæfi leiði til fólksflutninga til þeirra svæða þar sem slík störf er að finna og hins vegar leiðir UST til þess að störf-in séu færð þangað sem hæft vinnuafli er að finna. Þess vegna þurfi að samræma þjálfun og fjárfestingu, þannig að því fylgi félagslega og efnahagslega traust skipulag á vinnumarkaði í Evrópu. Í UST felist einnig möguleikar til þess að auka þátttöku þeirra sem nú eru útilokaðir frá þátttöku í efnahagslífinu og samfélaginu almennt. Til dæmis standa aldraðir ekki einungis frammi fyrir því að glata hæfni, heldur almennt frammi fyrir því að einangrast. Erfitt er fyrir konur með fjölskylduábyrgð að samræma hana við atvinnuþátttöku og hreyfihamlaðir einstaklingar standa einnig frammi fyrir útilokun. Hvaða ráðstöfunum er sérstaklega hægt að beina að þessum hópum til þess að tryggja þeim virkari þátttöku í samfélaginu? Af hálfu bæði atvinnurekenda og launafólks kom fram að ILO þurfi að leggja sig fram um að aðstoða samtök launa-



fólks og atvinnurekenda við að notfæra sér þau tækifæri sem UST býður þeim uppá og tryggja einnig á hverjum tíma að þessi samtök hafi í raun umboð til þess að taka þátt í „Félagslegu viðræðunum“.

Seinni skýrslan fjallar um „Sómasamleg störf í Evrópu og Mið Asíu og um starfsemi ILO 1995-2000.“ Í fyrri hluta hennar er farið yfir þróunina í Evrópu og Mið-Asíu. Hvað varðar Vestur Evrópu er m.a. farið yfir þann árangur sem náðst hefur í baráttunni gegn atvinnuleysi, sérstaklega í minni ríkjunum, meðan atvinnuleysi er ennþá mikið í stærri ríkjunum. Einnig er fjallað um fjölgun starfa í þjónustu og um leið óhefðbundin vinnuréttarsambönd (ráðningarsambönd), stöðu kvenna, félagslegu viðræðurnar, félagslega vernd og vaxandi útgjöld til heilbrigðismála. Í þessum kafla er einnig farið yfir stöðuna í ríkjum Austur-Evrópu og Mið-Asíu með svipuðum hætti þó áherslan liggja edli máls samkvæmt öllu fremur á þeim stórfelldu verkefnum og erfiðleikum sem fylgja uppbyggingu þessara ríkja, fólksflotta og atvinnuleysi. Í seinni hluta skýrslunnar er farið yfir verkefni ILO og framkvæmd þeirra í einstökum löndum. Farið er yfir tengslin við Evrópusambandið og starf þess að sömu verkefnum, vinnumarkaðsstefnuna, stöðu félagsmála, félagslegu viðræðurnar og þríhliða-viðræðurnar og stöðu viðurkenningar á grundvallarréttindum verkalýðshreyfingarinnar. Í umræðunum kom fram, að þrátt fyrir að fjölmörg þessara ríkja hafi staðfest hinar aðskiljanlegu samþykktir og sett lög, þá sé ennþá langt í land með að raunveruleg staða sé í samræmi við það sem samþykkt eða staðfest hefur verið. Við undirbúning og í umræðum kom það fram af hálfu launafólks, að meginverkefnið sé að koma í veg fyrir að ILO leggi aðaláhersluna á grundvallarsamþykktirnar eingöngu og að áherslan komi einnig á aðrar samþykktir, sérstaklega með tilliti til þess að sá árangur sem náðst hefur í þróaðri hluta Evrópu glattist ekki við flutning starfa til A-Evrópu og Mið-Asíu, nokkuð sem ekki verður komið í veg fyrir í efnahagslífi heimsins í dag. Í umræðum kom einnig fram að atvinnurekendur virðast telja sig hafa óeiginlegt neitunarvald um staðfestingu aðskiljanlegra samþykktar sem samþykktar hafa verið með meirihluta atkvæða á þingum ILO.

## **Þing ILO 2001**

89. þing ILO var sett þriðjudaginn 5. júní 2001. en undirbúningsfundur var haldinn þann 4. júní. Magnús M. Norðdahl deildarstjóri lögfræðideildar sat þingjð af hálfu ASÍ

Á dagskrá þingsins voru, auk fastra liða, önnur umræða um drög að samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði og fyrsta umræða um sérstakt átak til örvunar samvinnufélaga og loks almenn umræða um félagslegt öryggi. Til hinna föstu liða heyrir auk ýmissa fjárhags- og stjórnumarliða, skýrsla sér-

fræðinganeftir ILO um framkvæmd ILO samþykktu í einstökum aðildarríkjum. Í henni er m.a. farið yfir skýrslu Íslands um framkvæmd á ILO samþykkt nr. 100 um launajafnrétti. Umsögnin er jákvæð, en fram kemur að óskað hefuri verið eftir nánari upplýsingum um framkvæmd nýrra jafnréttislaganna.

### ***Aðbúnaður og hollustuhættir í landbúnaði***

Á þinginu var samþykkt tillaga að samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði. Grundvallaratriðum þessarar samþykktar svipar um margt til þeirrar löggjafar sem við þekkjum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, en er þó öll einfaldari í sniðum. Hún geymir almennar grundvallarreglur um vinnuvernd, réttindi og skyldur launafólks í landbúnaði og eftirlitskerfi. Þessi samþykkt mun bæta réttarstöðu launafólks í þróunarlöndunum til mikilla muna og hafa víðtæk áhrif þar þegar haft er í huga að 49% alls mannskyns vinna við landbúnað. Þar af eru 96.5% utan Evrópu og Bandaríkjanna.

### ***Átak til eflingar samvinnufélaga***

Hvað samvinnufélögin varðar var lagt til að gerð yrðu sérstök fyriræli um þau, en ekki sjálfstæð samþykkt. Þetta verkefni er mjög áhugavert. Samvinnufélagasamtökin voru ein sterkasta stöðin í þróun íslensks atvinnu- og menningarlífs fyrir og eftir lýðveldisstofnunina og ekki annars að vænta en það geti unnið sama gagn í þróunarríkjunum og hér á sínum tíma. Í þessum efnum búa Íslendingar að langri reynslu og ekki annars að vænta en að við getum deilt henni. Fyrirliggjandi drög voru afgreidd til síðari umræðu á 90 þingi ILO 2002.

### ***Félagslegt öryggi ( velferð og almannatryggingar )***

Jafnframt því að fjalla um samvinnufélög og aðbúnað og hollustuhætti í landbúnaði fór fram almenn umræða um félagslegt öryggi og velferð. Allir virtust á eitt sáttir um að markmið velferðarkerfisins væri ekki einungis að tryggja það að fólk lifi af, heldur einnig og ekki síður að tryggja öllum þátttöku í samfélaginu og getu til að varðveita virðingu sína sem manneskjur. Nokkur átök voru um einn þátt sérstaklega, þ.e. hvort dregin verður upp tiltölulega skýr mynd af þriggja stöða kerfi eins og við þekkjum (almannatryggingar, lífeyris-sjóðir með aðildarskyldu og frjáls tryggingakaup) og eins hvaða orðalag verður haft á heimildum til þess að fela einkaaðilum veigamikla þætti í hinu félagslega öryggiskerfi. Niðurstaðan varð sú, að þessi skýra mynd er í raun ekki dregin, en áhersla lögð á lykilhlutverk hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins, auk þess sem fjallað er um grundvallaratriði eins og lágmarkun kostnaðar, jafnrétti kynjanna o.fl. Þessi umræða var þáttur í sérstöku átaki til þess að

fá aðildarríki ILO til að staðfesta þær sjö ILO-samþykktir sem fjalla um félagslegt öryggi. Íslendingar hafa ekki staðfest nema eina þeirra og það ekki nema að hluta, en það er samþykkt nr. 102 um lágmarksvernd. Þessi umræða markar einnig upphaf að hugsanlegri endurskoðun gildandi ILO-samþykkt á næstu árum. Sumir telja velferðarkerfið kosta allt of mikið og að vöxtur þess minnki hagvöxt og tefji efnahagslega þróun. Aðrir benda á að með vaxandi atvinnuleysi, annarskonar öryggi í atvinnu, m.a. vegna launaverktöku og vegna hækkandi meðalaldurs, sé þörfin fyrir traust velferðarkerfi meiri en nokkru sinni. Vandamálin eru hins vegar mörg. Mikill þrýstingur er á velferðarkerfið um allan heim, auk þess sem minnkandi efnahagslegt sjálfstæði þjóðríkjanna vegna alþjóðavæðingarinnar hefur skapað nýjar ógnir sem takast verður á við í víðtæku alþjóðlegu samstarfi. Gert er ráð fyrir að þessi umræða fari fram á vettvangi ILO á árunum 2004 og 2005. Allt eru þetta atriði sem við könnumst við úr þeirri umræðu sem ASÍ hefur sett af stað. Ein þeirra niðurstaðna sem vöktu sérstaka athygli, var að sérfræðingar ILO telja að velferðarkerfið eigi að taka til sem allra flestra innan sérhvers samfélags. Velferðarkerfið sé ekki annað en dreifing áhættu. Eftir því sem fleiri dreifi áhættunni með sér, því betri verði tryggingin fyrir alla. Sem sagt ekki bara velferðarkerfi fyrir hina verst settu. Niðurstaða sérfræðinganna er sú að sé í grundvallatriðum byggt á sér-tækum kerfum sem beint sé að litlum hópum eða ef fyrst og fremst sé byggt á einstaklingsbundinni söfnun og tryggingakaupum aukist félagslegt öryggi og bilið milli hinna ríku og fátæku vaxi. Hvað Ísland varðar er ljóst að framlög atvinnurekenda til velferðarkerfisins eru ekki að sliga íslenskt atvinnulíf eða að skaða samkeppnisstöðu þess. Langt frá því. Vinnuafskostnaður atvinnurekenda (brúttólaunakostnaður að viðbættum skyldubundnum framlögum til velferðarkerfisins af greiddum launum) er vel undir meðallagi á Íslandi samanborið við önnur aðildarríki ILO. Hlutur atvinnurekenda er með því lægsta sem gerist, meðan tekjuskattshlutinn er í hærri kantinum. Þessi kostnaður á Íslandi er svipaður í heildina og gerist á Nýja-Sjálandi, í Kóreu, Grikklandi og Tyrklandi. Þessi samanburður segir hins vegar ekkert, eða a.m.k. lítið um stöðu íslenska velferðarkerfisins sem býr að öflugum söfnunarlífeyrissjóðum.

### ***Ofbeldi gagnvart Kólumbískri verkalýðshreyfingu***

Um árabíl hafa þing ILO fjallað um bein og óbein brot stjórnvalda í Kólumbía á grundvallarsamþykktum stofnunarinnar og alþjóðlegum mannréttindum. Það var einnig gert á 89. þinginu. Á tímabilinu 1991 til 2000 voru 1557 talsmenn Kólumbískra verkalýðsfélaga myrtir, þar af 308 kjörnir leiðtogar. Um það bil helmingur þessara manndrápa áttu sér stað á tímabilinu 1996 til 2000. Á þessum sama tíma hurfu 60, 143 sættu ólögmætu varðhaldi og 72 var rænt. Á síð-

ustu 3 árum fengu 1670 talsmenn verkalýðsfélaga líflátshótanir og 14 sprengjuárásir voru gerðar á skrifstofur verkalýðsfélaga. 72% þolenda þessara brota eru starfsmenn hins opinbera, kennarar, starfsmenn sveitarfélaga, heilbrigðisstarfsfólk og starfsfólk innar réttarkerfisins. Sérstök rannsóknarnefnd ILO hefur heimsótt landið og skilað stofnuninni skýrslu og stefnt er að því að styrkja starfsemi stofnunarinnar í landinu. Á þinginu fögnuðu stjórnvöld öllum afskiptum ILO og alþjóðasamfélagsins af þeim ógnum sem steðja að Kólumbískri verkalýðshreyfingu og um þetta má heita órofa stuðningur allra þeirra ríkisstjórna sem aðild eiga að stofnuninni, atvinnurekenda og launafólks.

### ***Sérstakur fundur um málefni Burma***

Boðað var til sérstaks fundar um málefni Burma í nefnd Alþjóðavinnuálagingsins um framkvæmd samþykktar stofnunarinnar. Fjallað var um brot stjórnvalda á samþykkt ILO nr. 29 um bann við nauðungarvinnu. Fram kom að nauðungarvinna í þágu hins opinbera og hersins er ennþá mjög útbreidd, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli ILO. Þessi nauðungarvinna kemur í rauninni í veg fyrir að almennigur geti ráðið sig í fasta vinnu og kemur þannig einnig í veg fyrir að launafólk geti unnið sómasamlega fyrir sér og sínum.

### ***Kærumál***

Að venju fjallaði þingið um kærur á hendur einstökum ríkjum. Um brot eftirtalinnna ríkja var fjallað: Indlands, Súdans, Chile, Úganda, Burma, Djibouti, Eþíópíu, Guatemala, Hvíta Rússlands, Japans, Venezuela, Swazilands, Pakistans, Panama, Kólumbíu, Úkraínu, Spánar, Costa Rica, Perú, Íran, Afganistan, Portúgal, Kenya, Sameinuðu Arabísku Furstadæmanna og Tyrklands.

### ***Þing ILO 2002***

Magnús M. Norðdahl deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ sótti þingið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar Síðustu daga þingsins sat Kristján Bragason, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands í hans stað.

Auk venjulegra þingstarfa starfaði þingið í 4 aðalnefndum. Vegna þess að einungis einn fulltrúi verkafólks frá Íslandi sat þingið, var ekki unnt að fylgjast nema með hluta af störfum allra nefnda.

Undanfarin ár hefur fulltrúi okkar starfað í nefnd þingsins um framkvæmd ILO samþykktar. Þar er fjallað um brot aðildarþjóðanna á hinum ýmsu ILO samþykktum, en þó sérstaklega á grundvallarsamþykktum. Ekki var á þessu þingi fjallað um kæru ASÍ á hendur íslenskum stjórnvöldum, vegna brota á samþykktum 87 og 98 með lagasetningu á kjaradeilu sjómanna. Þess er hins vegar getið í þingskjölum að slík kæra liggi fyrir, en jafnframt að hún sé í

vinnslu og komi til meðferðar síðar. Eftir að hafa starfað í þessari nefnd á síðasta þingi ákvað fulltrúi ASÍ að setjast með fullum atkvæðisrétti í þá nefnd þingsins sem tekur við og fjallar um væntanlegar ályktanir. Jafnframt störfuðu nefndir um eflingu samvinnufélaga, en Kristján Bragason fylgdist með þeirri umræðu, um vinnuslys og atvinnusjúkdóma og loks nefnd um óformlega hagkerfið.

### *Ályktanir*

Fyrir ályktunarnefndinni lágu við upphaf nefndarstarfa 12 drög að ályktunum. Að lokum var fjallað um eina er varðaði styrkingu þríhliða samstarfsins. Meginefni hennar er í sjálfu sér einfalt og fjallar alfarið um mikilvægi þríhliðasamstarfsins sem samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, bæði innan ILO og heima fyrir. Jafnframt var nokkuð fjallað um styrkingu ILO sem stofnunar og aukna þjónustu við samtök verkafólks og atvinnurekenda. Í umræðum skipuðu atvinnurekendur sér í lið með verkalýðshópnum, þegar fjallað var um ábyrgð stjórnvalda gagnvart atvinnulífnum, en leituðu allra leiða til þess að draga úr sínum eigin skyldum gagnvart verkafólki og stjórnvöldum. Þar sem ljóst varð, í annarri viku þingsins, að ekki myndi takast að hefja umræðu um málefni Palestínu, áttu fulltrúar verkafólks frumkvæði að samstarfi við atvinnurekendur um sameiginlega ályktun um málið. Það tókst og hefur ekki náðst áður samstaða um ályktun með eins ákveðnu orðalagi og þar er að finna.

### *Nefnd um framkvæmd ILO-samþykkt*

Ekki reyndist unnt að sitja fundi nefndarinnar nema að litlu leyti eins og fyrr segir. Í skýrslu sérfræðinganeftdar ILO er Íslands getið. Annars vegar fyrir að hafa ekki staðið skil á skýrslum á réttum tíma og hins vegar er sagt frá kæru ASÍ á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna laganna á sjómenn. Það mál kom hins vegar ekki til umræðu þar sem gagnaöflun var ekki lokið. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda ávarpaði nefndina og afsakaði þær tafir sem orðið höfðu. Engar sérstakar skýringar voru þó gefnar en skilum lofað fljótlega.

Þau ríki sem tekin voru til sérstakrar umræðu í nefndinni að þessu sinni voru eftirfarandi: Hvíta Rússland, Kólumbía, Eþíópía, Guatemala, Swasíland og Venesúela.

Samþykkt 98 um réttinn til sameiginlegrar kjarasamningsgerðar: Costa Rica, FíjÍ eyjar, Japan, Zimbabve, Fílabeinsströndin, Þýskaland, Míritanía, Myanmar (Búrma), Súdan, Moldavía, Pakistan, Bandaríkin, Paragvæ, Perú, Qatar, Tyrkland, Sameinuðu Arabísku furstadæmin og Úrúgvæ.

### ***Nefnd um skráningu og tilkynningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og um skrá yfir atvinnusjúkdóma***

Fyrir þinginu lágu tvær skýrslur sem framkvæmdastjóri ILO hafði látið undirbúa. Í þessum skýrslum er að finna ítarlega umfjöllun og rannsóknir á þessu sviði, en jafnframt tillögu að nýjum inngangi að samþykkt 155 og tillögu að nýjum tilmælum, þar sem tilgreindur er listi yfir viðurkennda atvinnusjúkdóma. Fram kom í kynningu, að 2 milljónir verkafólks látast í vinnuslysum ár hvert, sem er nánast tvöföldun frá árinu 1990. Verkefni nefndarinnar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að setja nýjar reglur um skráningu og tilkynningar, sem yrði nýr inngangur að samþykkt 155. Í öðru lagi að endurnýja þann lista sem er að finna í samþykkt 121 og loks í þriðja lagi að finna aðferð til þess að halda við og leiðrétta slíka lista. A þinginu tókst síðan að samþykkja nýjan inngang og ný tilmæli.

### ***Nefnd um eflingu samvinnufélaga***

Fyrir nefndinni lá skýrsla frá fyrra ári sem hafði verið samþykkt af þinginu. Markmiðið var því að fínþússa textann og samþykkja hann sem tillögu til aðildarþjóða (recommendation). Þessi tillaga á að koma í staðinn fyrir eldri tillögu nr. 127 frá 1966 sem gildi eingöngu fyrir þróunarlönd. Í fyrra hafði komið fram töluverður ágreiningur á milli atvinnurekenda og launafólks sérstaklega um hvaða samþykktir ættu að vera hluti af tillögnum, skilgreiningu á hugtakinu samvinnufélag og sértækar aðgerðir fyrir samvinnufélög. Þessi umræða tók sig upp aftur og var talsverð umræða um orðalag og einstakar greinar. Launafólk náði miklum árangri í sínu starfi og náði fram flestum sínum áherslum, enda stutt af flestum ríkistjórnnum. Markmið tillögunnar er að fá viðurkenningu á samvinnufélögum sem félagsformi og skapa leiðbeinandi tillögur og regluverk fyrir slík félög, sem gerir þeim auðveldara að starfa. Í dag starfa um 180 milljónir manna í samvinnufélögum í heiminum og til að mynda er fimmta hvert fyrirtæki í Þýskalandi hluti af samvinnufélagi. Eðli samvinnufélaga gerir það að verkum að þau geta virkað sem mótvægi gegn neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar og frjálshyggju. Samvinnufélög hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft og geta þannig stuðlað að auknu lýðræði, styrkt stöðu launafólks, auknið jafnrétti, starfsmöguleika og réttindi. Þau geta einnig hjálpað til við að minnka bilið á milli þeirra ríku og fátæku.

### ***Nefnd um óformlega hagkerfið (Informal Economy)***

Fyrir nefndinni lá skýrsla frá skrifstofu ILO um óformlega hagkerfið, en samkvæmt henni er sjötta hvert nýtt starf sem verður til í heiminum í dag innan þess. T.d. falla um 80% af öllum störfum í Afríku í þennan flokk. Óformlega

hagkerfið stækkar sífellt, en innan þess er launafólk óvarið og án allra réttinda. Ástæður stækkunar þessa hagkerfis eru m.a. léleg löggjöf, stjórnsýsluvandamál og aukin fátækt. Mikil umræða fór fram um málið og niðurstaða nefndarinnar var ályktun þar sem lögð var áhersla á að reyna að ná tökum á þessu fyrirbæri með því að framfylgja samþykktum og tillögum ILO, sérstaklega í þeim ríkjum þar sem vandamálið væri stærst.

### ***Norræna ILO samstarfið***

Að venju sótti fulltrúi ASÍ samráðsfundi fulltrúa norrænu verkalýðshreyfingarinnar innan ILO og einn slíkur var haldinn hér á landi. Þessir fundir eru haldnir að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári og skiptast norrænu löndin á að halda þá. Á þeim er farið yfir fundargerðir funda í stjórn ILO þar sem norræna hreyfingin á einn fulltrúa, dagskrá næsta fundar rædd auk þess hin árlegu þing ILO eru undirbúin, skipt niður verkum o.s.frv. Á tímabilinu var lögð loka hönd á aðra norrænu skýrsluna um fullgildingu ILO-samþykta á norðurlöndunum og hefur henni verið dreift.

### **SAMAK**

Fulltrúar ASÍ sóttu ársfundi SAMAK bæði í mars 2001 og janúar 2002. Á ársfundinum 2001 var m.a. fjallað um stöðu mannréttindamála og afstöðu norrænu verkalýðshreyfingarinnar. Einnig var gerð grein fyrir vinnu á vettvangi SAMAK að framtíðarsýn um velferðarmál. Áfram er unnið að stefnumótun SAMAK í þessum málaflokki. Á ársfundinum í janúar 2002 var fjallað um alþjóðavæðinguna og mikilvægi þess að standa vörð um réttindi launafólks. Einnig var fjallað um aukna einstaklingshyggju og mikilvægi markvissrar vinnu og umræðu til að viðhalda samhjálp og félagslegum sjónarmiðum. SAMAK hefur á árinu gefið út tvær skýrslur um þessi málefni, sjá <http://www.samak.info> um nánari upplýsingar.

### **Starf alþjóðanefndar ASÍ**

Á 39. þingi ASÍ í nóvember 2000 kom fram mjög ákveðinn vilji til þess að Alþýðusambandið hefði forystu í umræðunni um Evrópusamstarfið í félags- og vinnumarkaðsmálum og stuðlaði að því að spurningin um aðild að ESB og skilgreining á samningsmarkmiðum komist fyrir alvöru á dagskrá hér á landi.

Í ljósi ályktunar ASÍ þingsins stóð alþjóðanefnd ASÍ fyrir upplýsingafundum innan ASÍ þar sem fjallað var sérstaklega um þróun og stöðu félags- og vinnumarkaðsmálanna í Evrópusamstarfinu. Þá hafði fulltrúi ASÍ framsögu á fundi félagsmálaráðuneytisins um atvinnumálastefnu ESB og stöðu Íslands í því sambandi.

Haustið 2001 skipulagði ASÍ kynnisför til Brussel þar sem EFTA, stofnanir ESB og Evrópusamtök launafólks voru heimsóttar og fjallað um stöðu og framtíð Evrópusamvinnunnar. Alls tóku 26 fulltrúar aðildarfélaga ASÍ þátt í kynnisferðinni.

Þá skipulagði alþjóðanefnd ASÍ ráðstefnu um „Evrópusamvinnuna og hagsmuni launafólks? í september 2002. Þar var fjallað um stöðu og þróun Evrópusamvinnunnar bæði úr frá sjónarhorni Íslendinga og Evrópusambandsins. Þá var fjallað um Evrópusamvinnuna og atvinnumálin, Evrópusamvinnuna, Evruna og íslenskt atvinnulíf og Evrópusamvinnuna, félagsmálin og íslenskt launafólk. Loks var fjallað um stöðu EES samningsins. Framsögumenn voru Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, Gerard Sabathil, sendiherra ESB, Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbankans, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, Martin Eyjólfsson, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu og Árni Páll Árnason, hld. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og vel heppnuð.

Í framhaldi af ákvörðun miðstjórnar ASÍ vorið 2002 um að Evrópusamvinnan yrði annað helsta viðfangsefni ársfundar ASÍ árið 2002, hefur Evrópu-nefndin unnið að uppleggi fyrir umræðuna á fundinum.

## **Framtíð Vest Norden samstarfsins**

Í framhaldi af umræðum í miðstjórn hafði ASÍ frumkvæði að því að kalla saman útvíkkaða stjórn VN þann 29. september, til þess að ræða framtíð samstarfsverkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Aðdragandi þessa máls var að miðstjórn ASÍ hafði skrifað þeim samtökum, sem að þessu samstarfi hafa komið, bréf haustið 2000 um nauðsyn þess að sest yrði niður og framtíðin rædd.

Það hefur verið skoðun ASÍ að mikilvægt sé að halda samstarfi við systur-samtök okkar á Grænlandi og Færeyjum, með gagnkvæmum skiptum á upplýsingum og reynslu. Segja má að ASÍ beri ákveðna félagspólítíksa ábyrgð á því að halda þessu samstarfi áfram, og var það niðurstaða miðstjórnar í júní s.l. að fela forseta, ásamt formönnum SGS og SSÍ að koma slíkum fundi á.

Í samþykkt miðstjórnar ASÍ frá því í júní lagði ASÍ fram eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

- *Vest-Norræna samstarfið verði sett í gang að nýju og stefnt að stjórnarfundum á næsta hausti, þar sem framhald starfsins verði mótað og því settur almennur rammi hvað varðar efni og umfang.*
- *Af hálfu ASÍ verður uppleggið sem hér segir:*
- *Helsta viðfangsefni V-N samstarfsins verði, eins og áður, umhverfismál-*



*in á norður-Atlandshafi. Markmiðið er að safna og miðla upplýsingum milli aðildarsamtakanna um þessi efni og hafa sameiginlega áhrif á þá þætti sem varða hagsmuni launafólks á svæðinu sérstaklega.*

- *Áhersla verður lögð á að halda kostnaði við rekstur í miklu hófi og að skattgreiðslur vegna samstarfsins verði þær sömu og á árinu 1999.*
- *ASÍ axli praktíska vinnu vegna V-N samstarfsins.*

Færeyingar lýstu ánægju sinni með að ASÍ hefði tekið frumkvæði að því að kalla þennan fund saman, því þeir teldu afar mikilvægt að halda þessu samstarfi áfram. Óli Jacobsen velti þó vöngum yfir því hvort ástæða væri til þess að afmarka þetta samstarf við umhverfismál í Norður Atlantshafi eins og fram kom í tillögu ASÍ, því það væru fjölmörg önnur atriði sem hann hefði áhuga á að við myndum vinna saman að. Hann fagnaði því einnig að ASÍ væri reiðubúið að taka að sér vinnu fyrir VN, en benti jafnframt á að hann hefði lagt til á síðasta ársfundi VN að einn af starfsmönnum ASÍ yrði ráðinn einn dag í viku (20% stöðugildi) til þess að sinna VN málum og að það yrði greitt af VN. Fulltrúar ASÍ gerðu grein fyrir því að sú tillaga sem lögð hefði verið fram um vinnu af hálfu ASÍ snerist um undirbúning funda og praktísk atriði vegna þeirra, ekki sem stöðugildi. Það væri einfaldlega ekki stuðningur við það í hjá ASÍ að ráða starfsmann sem myndi sinna „einhverjum“ verkefnum. Varðandi ábendingu Óla um að ekki væri nauðsynlegt að afmarka samstarfið við umhverfismál, þá kom upp það sjónarmið að vafalaust væri meginverkefnið að kynnast innbyrðis þannig að forystumenn gætu haft beinan aðgang hver að öðrum þegar á reyndi, t.d. í verkföllum.

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að breyta samstarfinu í þá veru, að haldnir yrðu ársfundir einu sinni á ári, sem færðust milli landa og yrðu haldnir þar sem ódýrast væri að vera með tilliti til ferða og uppihalds. Þetta á sérstaklega við um Grænland og var Jess gerð grein fyrir þessu. Ákveðið var að VN myndi greiða fyrir 3 fulltrúa frá Grænlandi og Færeyjum og 4 fulltrúa frá Íslandi. Hægt yrði að bjóða fleiri fulltrúum að sitja fundi, en það yrði þá á kostnað hvers sambands fyrir sig. Jafnframt var um það rætt að það land sem héldi fundina hefði heimild til þess að bjóða 6-8 fulltrúum úr hreyfingunni á viðkomandi stað til þess að útvíkka þann hóp verkalýðsforingja sem kynntist á þessum fundum. Ákveðið var að takmarka samstarfið ekki við umhverfismál, heldur fjalla um þau mál sem brenna á þessum samtökum hverju sinni, svo sem starfið á norrænum og evrópskum vettvangi. Samhliða þessu yrðu „stjórnarfundir“ aflagðir og ekki yrði lagt upp með að endurtaka ráðstefnuhaldið frá 2000 aftur.

## Þróunaraðstoð

Á 39. þingi ASÍ var samþykkt ályktun um að verkalýðshreyfingin ætti að láta einhvað til sín taka í þróunarstarfi og -aðstoð líkt og systursamtök okkar á Norðurlöndunum og Evrópu. Eftir að hafa skoðað hvaða valkosti ASÍ stæði frammi fyrir var haft samband við ÞSSÍ til þess að kanna hvort ASÍ gæti með einhverjum hætti tengst því starfi sem Íslendingar væru að öðru leyti að sinna í þessum málum. Eftir fundahöld með fulltrúum ÞSSÍ lögðu þeir til að fulltrúi ASÍ færi með í árlega ferð framkvæmdastjóra og formanns stjórnar ÞSSÍ til þeirra landa sem stofnunin starfar í, til þess að kanna aðstæður og leggja sjálfstætt mat á hugsanlega aðkomu ASÍ að þeirra starfi. Framkvæmdastjóri ASÍ fór í þessa ferð og var það hans mat að sú nálgun sem hefur verið beitt af hálfu ÞSSÍ sé hárrétt. Kallað er eftir frumkvæði heimamanna að því að skilgreina hvar aðstoðin komi að mestum notum, þeir bera hitann og þungann af starfinu, en hlutverk ÞSSÍ er að aðstoða með tækniþekkingu og fjármagn. Heimamenn undirgangast með beinum samningum ábyrgð á verkefnum og skuldbinda sig jafnframt að fjármagna þau áfram þegar okkar hlutverki lýkur. Með þessari aðferðafræði eru meiri líkur á því að aðstoðin skilji eftir þekkingu og reynslu sem gagnist heimamönnum þegar að því kemur að ÞSSÍ dragi sig í hlé.

Í framhaldi af þessu ákvað miðstjórn eftirfarandi vinnulag við aðkomu ASÍ að þróunaraðstoðinni.

Gerður verði rammasamningur milli ASÍ og ÞSSÍ þar sem kveðið yrði á um það hvernig þessir aðilar ætli að vinna saman. Markmið þessa samnings væri, fyrir utan almenna yfirlýsingu um náð samstarf um þróunaraðstoð, að skilgreina hvernig umfjöllun um einstaka verkefni verði háttáð. Ekki verður kveðið á um beinar fjárhagslegar skuldbindingar í þessum samningi, slíkt yrði ákveðið í tengslum við einstök verkefni. Mikilvægt væri að hafa ákvæði í slíkum rammasamningi sem opnar farveg fyrir beina þátttöku aðildarsamtaka ASÍ að þessu samstarfi í eigin nafni. Vinnulag gæti t.d. verið:

1. Stjórn ÞSSÍ gerir tillögur til ASÍ um einstök afmörkuð verkefni fyrir næsta starfsár.
2. Alþjóðanefnd gerir tillögu til miðstjórnar um tiltekið verkefni og kynnir jafnframt aðildarsamtökum ASÍ tillögur ÞSSÍ.
3. Gerður verður sérstakur samningur um hvert verkefni um sig, þar sem fram koma réttindi og skyldur hvors samstarfsaðila um sig, tímallengd verkefnisins, verkefnisskil og uppgjör, ásamt tímasetningu á greiðslum. Ef um langvarandi verkefni er að ræða þarf að kveða á um áfangaskil í tengslum við greiðsludreifingu. Hvor aðili um sig tilnefni tengiliði sem fylgi verkefninu eftir.
4. Ef einstök aðildarsamtök hafa áhuga á að koma beint að einstökum

verkefnum, verður gerður samningur milli ÞSSÍ og viðkomandi samtaka með sama hætti.

Ákveðið var að kynna og undirrita samstarfssamning ASÍ og ÞSSÍ á ársfundi ASÍ og kynna jafnframt fyrstu verkefni sem ráðist verði í.



*Góðir gestir heimsóttu Alþýðusambandið þegar það opnaði í nýjum húsakynnum í Sæ-túninu. Hér sjást þau Guðríður Elíasdóttir, fyrrum verkalýðsforingi úr Hafnarfirði og Snorri Jónsson, fyrrverandi forseti ASÍ.*

## Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd kom saman til 13 funda frá 39. þingi ASÍ til ársfundar 2002. Á sama tíma kom Skipulags- og starfsháttanefnd saman til 12 funda. Frá 39. þingi og fram að ársfundi 2002 bárust laganefnd ASÍ til umsagnar 52 laga-breytingar aðildarféлага. Öllum var lokið með umsögn og síðan staðfestingu miðstjórnar. Á tímabilinu var í báðum nefndum fjallað um réttarstöðu féлага með beina aðild og ágreiningu vegna skörunar samningssviða.

Í byrjun janúar 2002 var lögð fram í miðstjórn ASÍ greinargerð um réttar-stöðu stéttarféлага með beina aðild að ASÍ. Í henni segir:

*„Það er niðurstaða mín, að öll þau félög sem áttu aðild að ASÍ fyrir gild-istöku nýrra laga missi ekki sjálfkrafa eftir gildistöku þeirra aðild að sam-bandinu. Hins vegar sé jafnljóst að þau geti ekki án breytinga á stöðu sinni átt áframhaldandi aðild að ASÍ. Vegna gildistöku nýrra laga þarf miðstjórn ASÍ að taka upp viðræður við stjórnir allra féлага með beina aðild sem ekki geta talist uppfylla skilyrði um að vera landsfélög. Markmið þeirra við-ræðna verði að fá stjórnir félaganna til þess að grípa til nauðsynlegra ráð-stafana sem tryggt geti félaginu eða félagsmönnum þess áframhaldandi að-*

*ild að ASÍ eða félögum innan þess. Leiði þær viðræður ekki til niðurstöðu þess miðstjórn ASÍ að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og er m.a. heimilt að láta fara fram bindandi allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu við annað félag eða aðild að landssambandi.“*

Varaforseti ASÍ og formaður Starfsgreinasambandsins heimsótti ásamt deildarstjóra lögfræðideildar ASÍ öll félög á Vestfjörðum sem áttu beina aðild að ASÍ, en uppfylltu ekki kröfur laga ASÍ. Öll þessi félög hafa nú komið aðildarmálum sínum í lag.

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir kaus að fara aðra leið og efnt var til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Atkvæðagreiðslan fór fram skv. reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur. Atkvæði voru talin þann 22.2 2002 og féllu þannig að 97.1% (32 atkv.) höfnuðu því að Bsf. sækti um aðild að landssambandi, 2.9% (1 atkv.) voru því hlynt, 96.97% (31 atkv.) töldu að Bsf. Sleipnir ætti ekki að segja sig úr ASÍ og 3.3% (2 atkv.) voru á móti. Í greinargerð Skipulags- og starfsháttanefndar til miðstjórnar, að fenginni þessari niðurstöðu sagði:

*„Bsf. Sleipnir uppfyllir ekki skilyrði fyrir því að geta átt áframhaldandi aðild að ASÍ þar sem félagið er hvorki landsfélag eða með aðild að landsambandi innan ASÍ. Miðstjórn heimilaði Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ að beita 11. gr. laga sambandsins og freista þess að koma aðild félagsins í fullnægjandi horf. Skýr niðurstaða hefur nú fengist um vilja félagsmanna Bsf. Sleipnis. Lengra verður ekki komist með mál þetta.“*

Miðstjórn fjallaði um þessa niðurstöðu á fundi sínum þann 6. mars 2002. Af því tilefni var eftirfarandi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

*„Miðstjórn ASÍ heimilaði Skipulags- og starfsháttanefnd sambandsins að beita 11. gr. laga sambandsins til þess að freista þess að koma aðild Bsf. Sleipnis í lögmeitt horf. Félagsmenn völdu þann kost að fella sig ekki við lög og skipulag ASÍ og segja sig þannig frá sambandinu. Þar sem Bsf. Sleipnir uppfyllir ekki skilyrði til þess að geta átt áframhaldandi aðild að ASÍ þar sem félagið er hvorki landsfélag eða með aðild að landssambandi innan ASÍ og þar sem tilraunir til þess að fá úr þessu bætt hafa ekki borið árangur, telur miðstjórn ASÍ rétt að framfylgja vilja félagsmanna Bsf. Sleipnis og telur því félagið ekki lengur til aðildarfélaga ASÍ.“*

Á fundi laganeftar þann 11.9 2001 voru lög og lagabreytingar 15 aðild-

arfélaga ASÍ staðfest. 10 þeirra höfðu verið til meðferðar allt aftur til ársins 1994. Afgreiðslan fór fram m.a. á grundvelli eftirfarandi samþykktar laganeftar frá 22.8 2001:

*„Nefndarmenn voru sammála um að nefndinni bæri að gefa umsögn til miðstjórnar um einstök lög þannig að gerð væri tillaga um staðfestingu breytinga, alveg eða að hluta. Þeir voru jafnframt sammála um, að í þeim tilvikum þar sem lög bæru með sér að samningssvið félags gæti skarast við samningssvið annars aðildarfélags sambandsins myndi laganeftar vekja athygli miðstjórnar á því í umsögn sinni.“*

Tillögur laganeftar voru samþykktar í miðstjórn ASÍ. Þar með lauk þeim ágreiningi sem staðið hafði um lög og aðildarskilyrði að ASÍ, þar með talið ágreiningi um aðild Félags íslenskra símamanna.

## **Aðildarfélög ASÍ sameinast**

Þróunin innan Alþýðusambands Íslands síðasta áratuginn einkennist af viðtækum sameiningum aðildarfélaga og stofnun stærri og öflugri eininga. Frá árinu 1992 hefur aðildarfélögum ASÍ fækkað úr 174 í 89. Á sama tíma hefur fullgildum félagsmönnum í aðildarfélögum ASÍ fjölgað umtalsvert, eða úr 65.112 í 76.244 árið 2002. Ljóst er að sameiningarferlinu er langt í frá lokið og má reikna með að fjöldi aðildarfélaga til viðbótar sameinist á næstu mánuðum og misserum.

Með sameiningum og auknu samstarfi eru stéttarfélögin að bregðast við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði, þróun atvinnulífsins og auknum kröfum félagsmannanna um bættu þjónustu og öflugri málsvara. Þá er ljóst að bættar samgöngur og ný upplýsingatækni hafa ýtt undir þessa þróun um leið og þessar breytingar skapa ný skilyrði í starfi stéttarfélaganna sem þau eru að nýta sér í stöðugt vaxandi mæli.

## **Gerjunin mest meðal almennra verkalyðsfélaga**

Þegar sameining og samruni aðildarfélaga ASÍ eru skoðuð nánar, kemur í ljós að mest hefur verið að gerast meðal almennu verkalyðsfélaganna undanfarin ár. Á síðustu 10 árum hefur þessum félögum fækkað úr 70 í 37, eða um rétt tæplega helming. Hér kemur ýmislegt til.

Í fyrsta lagi heyrna nú kynskiptu verkalyðsfélögin sögunni til. Í annan stað hafa almenn félög verkafólks og félög verkafólks í iðnaði og matvæla- og veitingarekstri verið að sameinast á síðustu árum. Í þriðja lagi hafa orðið straumhvörf varðandi félagsaðild að ASÍ á allra síðustu árum, með hrinu sameininga

almennra verkalýðsfélaga á landfræðilega vísu. Þetta á við um alla landshluta, en róttækastar hafa breytingarnar verið á Austurlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Suðurlandi, þar sem segja má að alveg nýtt landslag hafi orðið til hvað varðar aðildarfélög ASÍ. Þá er ekki meðtalin sameining félaganna fimm í Reykjavík og stofnun Eflingar - stéttarfélags sem áður er getið. Þar varð til mjög stórt og öflugt félag og má ætla að vel heppnuð sameining þessara félaga hafi orðið með öðru til að hvetja fleiri til slíkra verka.

Árið 1992 voru félög verkafólks skipulögð innan þriggja landssambanda, Verkamannasambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks og Þjónustusambands Íslands, auk þess sem 14 þeirra áttu beina aðild að ASÍ. Árið 2002 eru öll almennu verkalýðsfélögin með aðild að Starfsgreinasambandi Íslands sem stofnað var 13. október árið 2000. Þessi breyting endurspeglar samrunaþróunina síðustu árin, en á sama tíma varð aðdragandi og stofnun SGS til að ýta enn frekar undir þessa þróun.

### ***Iðnaðarmenn fara ólíkar leiðir***

Félög iðnaðarmanna innan Alþýðusambands Íslands eru nú skipulögð í þremur landssamböndum, Samiðn, sambandi iðnfélaga, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Matvís. Þá eiga nokkur iðnaðarmannafélög og félög sérhæfðra starfsmanna á landsvísu beina aðild að ASÍ.

Ef litið er til þróunarinnar meðal félaga iðnaðarmanna á síðustu árum má greina sömu samrunaþróun og hjá almennu verkalýðsfélögunum, en jafnframt hafa þau að sumu leyti valið að fara aðrar leiðir að sama marki.

Árið 1993 sameinuðust Málm- og skipasmiðasamband Íslands og Samband byggingamanna í Samiðn. Í framhaldinu fækkaði deildum innan sambandsins með því að formleg deildaskipting sameiginlegra félaga, í deildir byggingamanna og málmíðnaðarmanna, var felld niður. Árið 1992 voru félög málmíðnaðar- og byggingamanna 26 og félög og deildir alls 42. Í september 2002 eru aðildarfélög Samiðnar 18 og félög og deildir 24. Á tímabilinu hafa sveinar í hársnyrtið gengið til liðs við Samiðn.

Meðal Rafiðnaðarmanna hefur félögum fjölgað um tvö á tímabilinu, úr 8 í 10. Árið 1992 varð Félag nema í rafiðnaði aðili að RSÍ og árið 1999 gekk Félag íslenskra símamanna í Rafiðnaðarsambandið. Árið 1993 var félag tækni-fólks í rafiðnaði stofnað. Þá hefur Félag rafveituvirkja sameinast Félagi ísl. rafvirkja.

Matvís var stofnað árið 1996 af 5 félögum sveina og nema í matvæla- og veitingageiranum, en sveinafélögin höfðu áður verið hluti af Þjónustusambandi Íslands. Engin breyting hefur orðið á fjölda þessara félaga frá þeim tíma.

Þegar þróunin meðal samtaka iðnaðarmanna er skoðuð, mætti ætla að litl-

ar sem engar breytingar hafi átt sér stað þegar þróunin innan Samiðnar er frá talin. Slíkt er hins vegar mikil einföldun. Samtök rafiðnaðarmanna völdu á sínum tíma að fara nokkuð aðra leið varðandi skipulag og samstarf en almennt gilti innan Alþýðusambandsins. Segja má að þótt RSÍ samanstandi af 10 fullgildum stéttarfélögum, þá hafa þau valið sér að eiga mun nánara samstarf um marga þætti starfseminnar en almennt gildir með félög innan ASÍ.

Í ljósi þess sem að framan segir má með ýmsum rökum halda því fram að samrunaþróunin hjá rafiðnaðarmönnum og Matvís sé þegar lengra komið en hjá öðrum hópum innan ASÍ.

Þá má geta þess að eftirtalin aðildarfélög Samiðnar hafa ákveðið að fram fari allsherjaratkvæðagreiðsla á meðal félagsmanna þeirra um sameiningu þeirra. Þessi félög eru Trésmiðafélag Reykjavíkur, Bíliðnaðeflagið/Félag blikksmiða, Félag garðyrkjumanna, Málarafélag Reykjavíkur, Félag byggingamanna, Hafnarfirði og Sunniðn.

### ***Málefni verslunar- og skrifstofufólks í deiglunni***

Félögum skrifstofu- og verslunarfólks sem öll eiga aðild að Landssambandi ísl. verzlunarmanna -LÍV - hefur fækkað úr 17 í 12 frá árinu 1992. Þetta hefur gerst með sameiningu og stækkun félaga, auk þess sem verslunarmannafélög hafa gengið til liðs við almenn verkalýðsfélög og stofnað deildir innan þeirra.

Vænta má frekari sameiningu verslunarmannafélaga á næstu misserum og árum.

### ***Litlar breytingar hjá félögum sjómanna***

Aðildarfélögum sjómanna hefur fækkað úr 10 í 8 á síðasta áratug. Engin ný félög hafa verið stofnuð. Eitt var lagt niður fyrir nokkrum árum og annað gekk úr ASÍ. Þá var eitt félaganna lagt niður á fyrri hluta tímabilsins og annað, félag vélstjóra í Grindavík, gekk úr Sjómannasambandinu og þar með ASÍ. Á sama tíma hefur félögum að meðtöldum deildum fækkað úr 42 í 29 á sama tímabili.

Þrátt fyrir að litlar breytingar hafi orðið varðandi skipulag sjómannafélaganna er ekki þar með sagt að ekki hafi verið mikil umræða um þessi mál á vettvangi sjómannasamtakanna, þar sem m.a. hafa komið fram hugmyndir um að sameina þau í eitt öflugt landsfélag undirmanna á fiski - og kaupskipum.

### ***Nýir hópar til samstarfs og aðrir farnir***

Ekki er hægt að ljúka þessari samantekt um sameiningar og breytingar á þeirri liðssveit sem stendur að baki Alþýðusambands Íslands, án þess að geta þeir-



ra hópa launafólks sem komið hafa til samstarfs á liðnum áratug og þeirra sem valið hafa að fara aðrar leiðir.

Stærsti einstaki hópur nýrra aðildarféлага innan ASÍ er Félag íslenskra símamanna, sem gekk til samstarfs við Rafiðnaðarsambandið árið 1999 og fékk aðild að Alþýðusambandi Íslands árið 2001. Þá hafa aðildarfélög Alþýðusambandsins leitast við að endurskilgreina samningssvið sín og fá til liðs við sig nýja hópa á vinnumarkaði, sem orðið hafa til með breytingum á atvinnuháttum og nýsköpun í atvinnulífinu. Dæmi um þetta er Félag tæknifólks í raf- iðnaði og aukin félagsaðild háskólamenntaðra hópa að aðildarfélögum ASÍ, einkum féлага verslunar- og skrifstofufólks.

Stærsti einstaki hópurinn sem yfirgefið hefur ASÍ eru félög vörubifreiðastjóra sem áttu aðild að Landssambandi vörubifreiðastjóra sem gekk úr ASÍ árið 1995. Aðildarfélög þess voru 31 árið 1992, en félagmennirnir ekki nema 560. Aðild féлага vörubifreiðastjóra að ASÍ var lengi umdeild og má fullyrða að eingöngu væri spurning um það hvenær leiðir mundu skilja.

Auk þeirra féлага sem að framan greinir hafa fjögur félög gengið úr ASÍ á tímabilinu, tvö félög vélstjóra, Flugvirkjafélag Íslands og bifreiðastjórafélagið Sleipnir, en til samans höfðu þessi félög færri en 400 félagsmenn innan sinna raða.

Loks má geta þess að á aðalfundi Félags bókagerðarmanna vorið 2002 var samþykkt að stjórn félagsins undirbúi umræðu og atkvæðagreiðslu um mögulega aðild FBM að Alþýðusambandi Íslands.

### ***Sameiningar og samstarf - tímanna tákni***

Sameining stéttarféлага og aukið samstarf á vettvangi Alþýðusambandsins síðasta áratuginn endurspeglar öðru fremur frumkvæði verkalýðsfélaganna og vilja þeirra til að takast á við nýja tíma og breyttar aðstæður með virkum hætti.

Helsti aflvaki sameiningar og aukins samstarfs stéttarfélaganna er skilningur forystumanna þeirra og almennra félagsmanna á mikilvægi þess að efla starfsemi þeirra og þjónustu. Félagmenn geta gengið að daglegri þjónustu félaganna vísri þegar á þarf að halda, hvort sem verið er að tala um almenna upplýsingagjöf um vinnumarkaðinn og ýmis réttindamál, túlkun kjarasamninga og aðstoð í samskiptum við atvinnurekendur og aðra sem máli skipta þegar sækja þarf rétt sinn. Sama gildir um þjónustu sjúkrasjóða, orlofsmálin og nú síðast í vaxandi mæli upplýsingar og aðstoð varðandi endur- og eftirmenntunartækifæri af ýmsum toga. Margt fleira mætti nefna hér sem varðar starf verkalýðsfélaganna með breytingum á vinnumarkaði og auknu hlutverki verkalýðshreyfingarinnar í samfélaginu.

Til að geta veitt þá þjónustu sem sjálfsögð er, þurfa stéttarfélagin að hafa

góða starfsaðstöðu, tæki og búnað og starfsmenn sem hafa þekkingu og reynslu til að takast á við fjölbreytt úrlausnarefni. Slík eining kallar á umtalsverðar tekjur til að standa undir kostnaði við starfsemina. Slíkar tekjur fást með því að fjölga í þeim hópi sem greiðir félagsgjöld til félagsins.

Bættar samgöngur og þróun upplýsingatækninnar síðasta áratuginn hafa síðan auðveldað sameiningu félaga og gefið möguleika á stórbættri þjónustu við félagsmenn. Þannig skiptir litlu hvar einstaklingar eru staddir þegar samskipti eru höfð í gegnum síma eða með tölvum. Þá eru þeir möguleikar sem internetið býður uppá til að auka og bæta þjónustu við félagsmenn enn sem komið er aðeins nýttir að litlum hluta.

Breytingar á atvinnuháttum og starfsemi fyrirtækja kalla einnig á sameiningu og aukið samstarf stéttarféлага. Ný störf verða til og önnur breytast með þeim afleiðingum að fyrri uppskiptingu launafólks í hópa verður marklaus eða þvælist jafnvel fyrir eðlilegri þróun í samstarfi launafólks. Stóraukin áhersla á rétt og möguleika launafólks til að sækja sér endur- og eftirmenntun endurspeglar þær breytingar sem hafa átt sér stað á atvinnuháttum. Stéttarfélögin og heildarsamtök þeirra verða að takast á við þessar breytingar og nýta þau tækifæri sem þær skapa félagsmönnum til að efla sig í starfi og treysta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Samhliða kalla breytingar í atvinnulífinu á virkari aðstoð stéttarfélaganna við samningagerð í einstökum fyrirtækjum og aðstoð við félagsmenn, þar sem ný launakerfi hafa vaxið upp við hliðina á, eða á grunni fastlaunakerfa.

Félagar stéttarfélaganna og margir fleiri ætlast til þess að félögin séu virkur og mótandi aðila varðandi þróun í þeim samfélögum þar sem þau eru starfandi og beiti sér fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Það gildir ekki aðeins um kjaramálin í þröngum skilningi, heldur einnig atvinnumálin, uppbyggingu velferðarþjónustunnar og þróun samfélagsins almennt. Þetta sést vel þegar litið er allt í kringum landið. Einnig er ljóst að sameining sveitarféлага síðustu árin hefur víða verið hvati fyrir sameiningu stéttarféлага, þótt margt fleira hafi komið til.

Að lokum skal bent á að ákvarðanir sem teknar hafa verið innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfur, á vettvangi landssambandanna og heildarsamtakanna, hafa knúið á um sameiningu og aukið samstarf stéttarfélaganna. Hér nægir að nefna tvennt. Með nýjum lögum ASÍ sem samþykkt voru á þingi sambandsins í nóvember 2000, var félögum með beina aðild að sambandinu gert að ganga í landssambönd eða sameinast félögum innan landssambanda. Það sem þó skipti örugglega mun meira í þessum efnum er sú sameiningarbylgja sem hófst meðal almennu verkalýðsfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á seinni hluta síðasta áratugar og leiddi síðan til sameiningar landssambandanna þriggja, Verka-

mannasambands Íslands, Landssambands iðnverkfólks og Þjónustusambandsins Íslands. Þar voru gefin fordæmi sem mörg félög ákváðu að fylgja.

## **Breytingar á aðild að Alpýðusambandi Íslands frá árinu 2000**

### **2000**

**Iðja, félag verksmiðjufólks sameinast Eflingu - Stéttarfélagi** 4. desember 1999 og tók sameiningin gildi 1. janúar 2000.

**Verkalýðs- og sjómannafélag Stöðvarfjarðar, Verkalýðsfélag Breiðdælinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs og Verkalýðsfélagið Jökull, Höfn** sameinast í **Vökul, stéttarfélag** sem stofnað var haustið 1999 og tók til starfa 1. janúar 2000

**Verkalýðsfélagið Þór, Selfossi og Verkalýðsfélagið Báran, Eyrabakka** sameinast í **Bárúna Þór**.

**Verslunarmannafélag Árnassýslu og Verslunarmannafélag Rangárvallarsýslu** sameinast í **Verslunarmannafélag Suðurlands**.

**Verkamannasamband Íslands, Landssamband iðnverkfólks og Þjónustusamband Íslands** sameinuðust 13. nóvember 2000 í **Starfsgreinasamband Íslands**.

### **2001**

**Verkalýðsfélag Vopnafjarðar, Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar, Verkalýðsfélagið Fram, Seyðisfirði, Verkalýðsfélag Norðfirðinga, Neskaupsstað, Verkalýðsfélagið Árvakur, Eskifirði Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar** sameinuðust í **Afl, starfsgreinafélag Austurlands** sem tók til starfa í byrjun árs 2001.

**Verkalýðsfélag Vestmannaeyja og Verkakvennafélagið Snót** sameinuðust í **Drifanda, stéttarfélag** og tók sameiningin gildi 1. janúar 2001.

**Verkalýðsfélagið Fram, Sauðárkróki og Verkakvennafélagið Aldan, Sauðárkróki** sameinuðust í **Ölduna, stéttarfélag** og tók sameiningin gildi 1. janúar 2001.

**Sveinafélag járníðnaðarmanna í S-Þingeyjasýslu og Byggingamannafélagið Árvakur** sameinuðust í **Þingiðn**, sem hóf starfsemi í byrjun árs.

### **2002**

**Verkalýðsfélagið Baldur, Ísafirði, Verkalýðsfélagið Skjöldur, Flateyri, Verkalýðsfélagið Brynja, Þingeyri, Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, Verkalýðs og sjómannafélag Álftfirðinga, Súðavík og Verkalýðsfélag**

**Hólmavíkur** sameinuðust í **Verkalýðsfélag Vestfirðinga** sem tók til starfa í upphafi árs. Þá bættust eftirfarandi félög í hópinn á formlegum stofnfundi félagsins í september 2002: **Verkalýðsfélag Patreksfjarðar, Sveinafélag byggingamanna, Ísafirði og Verslunarmannafélag Ísafjarðar.**

**Verkalýðsfélagið Samherji, V-Skaftafellssýslu, Verkalýðsfélagið Víkingur, Vík í Mýrdal og Verkalýðsfélagið Rangæingur** sameinuðust í **Verkalýðsfélag Suðurlands.**

Vorið 2002 gengu **Iðnsveinafélag Fjóttsdalshéraðs og Málm- og skipasmíðafélag Norðfjarðar í Afl, starfsgreinafélag Austurlands.**

Með þeim breytingum sem orðið hafa á aðildarfélögum ASÍ, nú síðast í september árið 2002, eru aðildarfélög ASÍ 89 að tölu.



*Á skrifstofu Sjómannasambandsins er allt þrautskipulagt. Hér sjást þeir Hólmgeir og Sævar vera að koma sér fyrir á nýrri skrifstofu, þar sem þeir eru í nánu sambýli við Alþýðusambandið. Ekki er að sjá annað en þeir séu sæmlega sáttrir.*

## **Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ**

Starfsemi skrifstofu ASÍ hefur frá árinu 1997 byggst á starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af miðstjórn ASÍ. Í starfs- og fjárhagsáætlunum fyrir árin 2001 og 2002 voru eins og áður lagðar línur fyrir starfsemi skrifstofunnar og henni markaður fjárhagsrammi.

Hvað varðar starfsemina á skrifstofu Alþýðusambandsins þá markaðist hún einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er nánar um í þessari skýrslu. En að auki komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsmanna þess, einkum er varðar túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög- og hagfræðileg úrlausnarefni af ýmsu tagi. Þá er margháttuð upplýsingagjöf mikill og vaxandi þáttur í starfsemi skrifstofu ASÍ. Um þann þátt er fjallað sérstaklega hér á eftir.

### **Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2002**

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 28. maí 2001 sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þorsteins-son, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Guðmundur Rúnar Árnason, ritstjóri og upplýsingafulltrúi, Guðveig Elísdóttir, ræstítæknir, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór G. Björnsson, varaforseti,

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmála-deildar, Hjördís Kristinsdóttir, bókari, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, Magnús Norðdal, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Rannveig Einarsdóttir, fræðslufulltrúi, Sif Ólafsdóttir fulltrúi og Sigurður Víðisson, verkefnisstjóri.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ síðustu misseri.

Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ, Arnar Guðmundsson, upplýsinga-fulltrúi og Ásdís G. Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri, létu af störfum árið 2001. Á árinu 2002 hafa Bolli B. Thoroddsen, hagræðingur, Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, verkefnisstjóri, og Þórunn Birgisdóttir, bókari látið af störfum.

Í byrjun árs 2001 var ákveðið að efna til sérstaks verkefnis sem ætlað er að koma fram með tillögur um leiðir til að bæta skipulag og árangur skrifstofu ASÍ. Markmiðið var að skilgreina betur áherslur og verkefni skrifstofunnar og þá jafnframt verkefni og ábyrgð starfsmanna á einstökum fagsviðum, samræma starfsemi, verkaskiptingu og samstarf við aðrar stofnanir verkalýðshreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að skoða frekara samstarf og samvinnu á milli skrifstofu ASÍ og MFA í þessu starfi. Ákveðið var að eiga samstarf við KPMG Ráðgjöf um vinnslu verkefnisins, aðstoð og ráðgjöf. Á ársfundi Alþýðusambands Íslands 2001 var síðan samþykkt ný reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ sem samanstendur af skipuriti fyrir skrifstofu ASÍ ásamt greinargerð um meginlínur skipulagsins.

## **Skipulag á skrifstofu ASÍ**

Á 39. þingi Alþýðusambands Íslands í nóvember 2000 voru samþykkt nýtt skipulag og lög fyrir ASÍ. Samkvæmt ákvæði 20. gr. nýrra laga ASÍ ber ársfundi að samþykkja reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ.

Ljóst er að ný lög og skipulag fyrir Alþýðusambandið kalla á skoðun á skipulagi, starfsemi og starfsháttum á skrifstofu ASÍ, með það að markmiði að tryggja sem best samhengi á milli nýs skipulags sambandsins og starfsemi á skrifstofu þess. Þá er mikilvægt að skipulag og starfshættir skrifstofu ASÍ takið mið af þeim kröfum sem gera verður til hennar og möguleikum heildarsamtaka launafólks til að hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu og hagsmuni launafólks.

## **Útgáfu- og kynningarmál ASÍ**

Á tímabilinu hefur áfram verið unnið að kynningar- og útgáfumálum í anda þeirrar stefnu sem áður hefur verið mörkuð, þ.e. að draga úr útgáfutíðni Vinn-

unnar, en leggja í staðinn meiri áherslu á annars konar útgáfu, ekki síst raf-ræna. Því til viðbótar hefur upplýsingafulltrúi unnið að söfnun upplýsinga um ímynd og stöðu Alþýðusambandsins í þjóðfélaginu. Ennfremur hefur verið unnið að margháttaðri ráðgjöf og aðstoð við aðila í hreyfingunni, um söfnun og miðlun upplýsinga. Í maí árið 2002 var hleypt af stokkunum nýjum vef Alþýðusambandsins, eftir langt og umfangsmikið undirbúningsferli.

Talsverð vinna var lögð í að endurskilgreina upplýsingahlutverk og -starf Alþýðusambandsins. Með bréfi til aðildarfélaga var m.a. leitað eftir því að koma þessum málum í fastari skorður, hvað varðar áskrift og auglýsingar. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Áfram hefur verið unnið eftir þeirri stefnu að birta jafnóðum á vefnum fréttir úr starfi hreyfingarinnar á vefnum. Vefur ASÍ hefur unnið sér sess sem uppspretta fréttu í almennum fréttamiðlum.

Vinnan kom út 6 sinnum árið 2001, en hefur komið út einu sinni árið 2002. Fyrirhugað er að gefa út annað tölublað á árinu. Þetta er í samræmi við markaða stefnu um að gefa út 2 tölublöð á ári. Útlit og efnistöð hafa verið stokkuð upp og gerbreytt. Það er í samræmi við þá vinnu sem verið hefur í gangi undanfarin misseri varðandi endurskilgreiningu á fréttamiðlun Alþýðusambandsins, þ.e. að Vinnan sé ekki lengur fréttamiðill, heldur tímarit. Vefurinn hafi tekið við fréttamiðluninni að mestu leyti.

Farið var af stað með nýjan miðil - Fréttaskvettu - á fyrri hluta ársins. Hún er send í tölvupósti til aðildarfélaga og þeirra stjórnar- og trúnaðarmanna sem hafa gefið skrifstofunni netfang. Nokkur tölublöð hafa komið út það sem af er. Auk þessa hafa verið gefin út af og til prentuð og fjölfölduð rit um afmörkuð viðfangsefni.

Sívaðandi hluti af starfinu hefur falist í margháttaðri þjónustu og ráðgjöf við landssambönd og aðildarfélög innan ASÍ. Hún hefur meðal annars snúist um ráðgjöf við útgáfu, kynningarmál og gerð launa- og viðhorfskannana.

### ***ASÍ vefurinn***

Nýr vefur Alþýðusambandsins hefur lengi verið í undirbúningi. Honum var síðan hleypt af stokkunum í maí sl. Viðbrögð við hinum nýja vef hafa verið afar góð. Um er að ræða gagnagrunnsvef. Vefurinn hefur á tímabilinu verið drjúgur við að koma málum í umræðu, jafnt innan hreyfingarinnar sem hjá fjölmiðlum. Allt efnið á vefnum er unnið af starfsfólki Alþýðusambandsins.

Vefurinn er hugsaður sem fréttu- og upplýsingavefur og sem eðlilegur fyrsti viðkomustaður fyrir þá sem fara á internetið í leit að upplýsingum um málefni sem snerta verkalyðshreyfinguna og réttinda- og kjaramál launafólks. Forsíðan er í senn fréttasíða með nýjustu fréttum um það sem efst er á baugi

hverju sinni og gátt að þeim vefhlutum sem ASÍ vefurinn er byggður á. Þeir eru:

- Forsíða. Þar er að finna nýjustu fréttir af því sem er efst á baugi hverju sinni.
- Á vinnumarkaði.. Þar eru upplýsingar um störf og stefnu Alþýðusambandsins og þau verkefni sem deildir skrifstofunnar vinna að, hver fyrir sig. Jafnframt er hugsunin sú, að þar geti launamaður leitað sér upplýsinga um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Fréttavefur Vinnunnar. Þar er að finna ýmiss konar fréttir sem eiga einkum erindi til félaga í verkalýðshreyfingunni, án þess að vera beinlínis þess eðlis að þær séu settar á aðalsíðu vefjarins. Reglulega er farið yfir heimasíður aðildarfélaga, lífeyrissjóða, héraðsfréttablaða, erlendra verkalýðssamtaka og fleiri aðila og sagt frá því á fréttavef Vinnunnar sem talið er eiga erindi við íslenskt launafólk. Á fréttavefnum er að finna nýjasta tölublað Vinnunnar á hverjum tíma, ýmisskonar útgáfufni á pdf-formi og efnisflokkad greinasafn.
- ASÍ. Þar er gátt að veraldarvefnum þar sem búið er að taka saman tilvísanir í gagnlegar heimasíður heima og erlendis. Á þessum vefhluta er að finna þau aðildarfélög og sambönd ASÍ sem hafa komið sér upp heimasíðum, lista yfir önnur innlend félög og stofnanir sem tengjast vinnumarkaðsmálum eða geta reynst gagnleg fyrir launafólk. Loks er á þessum vefhluta að finna ítarlegan lista yfir tengingar við hina alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og stofnanir sem tengjast henni.

Unnið er að undirbúningi umfangsmikils sérvefjar um vinnuréttarmál. Efnislegur grunnur Vinnuréttarvefjarins eru bækur Láru V. Júlíusdóttur um vinnurétt, en samið hefur verið við Láru um rétt til að nota bækurnar í þessu skyni.

### ***Vinnan - tímarit ASÍ***

Tekin hefur verið ákvörðun um að Vinnan komi út tvisvar á ári, í tímaritsformi. Þar verði ekki reynt að segja fréttir, heldur birta þar ítarlegar greinar um áhuga-verð viðfangsefni. Útliti blaðsins hefur verið umbylt með þessa breyttu sýn að leiðarljósi. Hugmyndin er að Vinnan komi út fyrir fyrsta maí og í desember. Breytingin hefur mælst vel fyrir.

### ***Aðrar útgáfur***

Upplýsingafulltrúi hefur séð um að gefa út upplýsingarit um afmörkuð viðfangsefni og hafa nú þegar nokkur slík komið út. Því til viðbótar hefur upplýs-



ingafulltrúi umsjón með útgáfu á öðru efni, svo sem útgáfu á upplýsingariti um fæðingar- og foreldraorlof, „Velferð fyrir alla“, auk skýrslu forseta.

Á árinu 2002 var hafin útgáfa á „rafrænu fréttabréfi“, s.k. fréttakvettu, þar sem sagðar eru fréttir af því helsta sem er að gerast á vettvangi miðstjórnar. Nokkur tölublöð hafa komið út og er áformað að auka tíðni þessarar útgáfu.

### ***Gagnavinnsla og ráðgjöf***

Verkefni upplýsingafulltrúa hafa í auknum mæli snúist um margháttaða ráðgjöf við aðildarfélög og sambönd varðandi kynningarmál, úrvinnslu og framsetningu gagna. Þar má nefna ráðgjöf við textagerð, framsetningu á prentuðu útgáfuefni og ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd launa- og viðhorfakannana. Ennfremur hefur upplýsingafulltrúi veitt margháttaða aðstoð vegna þinga og funda félaga og sambanda.

Talsverð vinna hefur verið lögð í að skoða og bæta ímynd Alþýðusambandsins. Í því sambandi hefur verið farið í auglýsingaherferðir og reglulega eru gerðar mælingar á viðhorfum til Alþýðusambandsins. Þessi vinna - og almennt betra félagslegt ástand innan hreyfingarinnar - hafa skilað þeim árangri að ímynd Alþýðusambandsins mælist nú mun sterkari en fyrir nokkrum miss-erum.


### ***Ýmis verkefni***

Upplýsingafulltrúi vinnur náið með öðrum sviðum Alþýðusambandsins að einstökum málum og framsetningu þeirra, auk áður nefndrar þjónustu við einstök félög og landssambönd.

## **Húsnæðismál ASÍ**

Í byrjun árs 2001 veitti miðstjórn ASÍ forseta ASÍ heimild til að vinna að húsnæðismálum Alþýðusambandsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir með það að markmiði að fasteignir ASÍ að Grensásvegi 16 og 16A yrðu seldar og að byggt eða keypt nýtt húsnæði fyrir starfsemi Alþýðusambandsins. Á grundvelli samþykktar miðstjórnar fór fram ítarleg könnun á þeim kostum sem stóðu til boða varðandi byggingu eða kaup á nýju húsnæði fyrir starfsemi ASÍ. Jafnframt var landssamböndum innan ASÍ boðið til samstarfs um húsnæðismálin.

Niðurstaðan var sú að ASÍ, í samstarfi við Starfsgreinasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands, festi kaup á 1. hæðinni að Sætúni 1 og flutti ASÍ starfsemi sína í nýtt húsnæði í apríl 2002, ásamt Starfsgreinasambandinu og Sjómannasambandinu.



## Ferðanefnd stéttarfélaganna

Starf vegna Ferðanefndar stéttarfélaganna hefur verið í höndum ferðanefndar ASÍ og skrifstofu sambandsins. Eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum hafa miklar breytingar orðið á ferðamarkaðnum síðustu árin og starfsumhverfi ferðanefndarinnar, nú síðast með gjaldþroti Samvinnuferða-Landsýnar, en S-L hafði lengi verið helsti samstarfsaðili og þjónað Ferðanefnd stéttarfélaganna. Þá hafi fjölmörg stéttarfélög ákveðið að fara sínar eigin leiðir í þessum málum, m.a. með beinum samningum við einstaka ferðaþjónustuaðila. Slíkir samningar hafa byggt á fjárhagslegum skuldbindingum sem Ferðanefnd stéttarfélaganna hefur ekki umboð til að gera. Það var niðurstaða Ferðanefndarinnar að draga úr starfsemi sinni um áramótin 2001 til 2002 og einbeita sér að því að viðhalda samningnum við Flugfélag Íslands um stéttarfélagsfargjöld og afla tilboða vegna bílaleigubíla og hótulgistingar innanlands.

Ljóst er að framtíð Ferðanefndar stéttarfélaganna og samstarf aðildarféлага innan ASÍ á þessu sviði verður til umfjöllunar og endurskoðunar á næstu mánuðum.



*Alþýðusambandið hefur gefið umsögn um mikinn fjölda lagafrumvarpa á tímabilinu. T.d. hefur mikið verið fjallað um frumvarp um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.*

## **Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur**

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 90. mál***

*1. nóvember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 90. mál. ( Ranglega sagt þingsályktun.)

Frumvarpinu er aðallega ætlað að skýra og skerpa upplýsingaskyldu lánveitanda. ASÍ er sammála meginefni þess og leggur til að það verði samþykkt.

Í 2.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd upplýsingaskyldu. Á miklu veltur að vel takist til við setningu hennar og ekki síður mikilvægt að samtökum eins og ASÍ og Neytendasamtökunum gefist tækifæri til þess að gefa umsögn um hana áður en til birtingar kemur.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, 264. mál***

*5. nóvember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt 264 mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum. Meginbreytingin lýtur að meðferð söluhagnaðar á hlutabréfum.

Aðrar helstu breytingar á skattalögum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru:

- Kveðið er skýrar á um kæruleiðir vegna ágreinings um fyrirframgreiddar barna- og vaxtabætur.
- Sveigjanleiki vegna álagningar er aukinn í kjölfar aukinna skila á raf-rænu formi.
- Heimilt verði skattstjóra að eigin frumkvæði eða að beiðni skattaðila að endurupptaka skattframtöl allt að 6 ár aftur í tímann þegar skattaframkvæmd hefur verið breytt með dómi hjá yfirkattaneftnd eða dómstólum.
- Skattleysismörk barna og sjómannaafsláttur skuli hækka í takt við hækkun á persónuafslætti í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í vor.
- Áætlað kaupverð hlutabréfa sem skráð eru í kauphöll miðist við meðalverð undangenginna 10 skráningadaga en ekki gangverð á kaupdegi til að milda hugsanlegar sveiflur á markaðsverði hlutabréfa.
- Tekin af öll tvímæli um það fyrir hve mikla upphæð gera má kaupréttarsamninga fyrir árlega. Upphæðin sem gera má slíka samninga fyrir er 600 þúsund og verður ekki hægt að safna upp slíkum heimildum milli ára verði frumvarpið að lögum. Rétt er að halda því til haga í þessu sambandi að ASÍ telur að tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti eigi að skattleggja eins og launatekjur með 38,37% skatthlutfalli en ekki 10% eins og fjármagnstekjur.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við aðra þætti frumvarpsins en þá sem lúta að breytingu á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa.

Alþýðusamband Íslands er hlynnt því að afnema frestun á skattlagningu söluhagnaðar, enda hefur það ekki haft tilætluð áhrif á fjárfestingar innanlands og jafnvel haft í för með sér að hluti af söluhagnaði kemur aldrei til skattlagningar hér á landi. Alþýðusamband Íslands telur þó nauðsynlegt að þessi breyting nái einnig til lögaðila, en ekki einungis til einstaklinga, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Alþýðusamband Íslands er andvíggt því að mismunað sé í skattlagningu eftir uppruna tekna. Alþýðusambandið leggst því alfarið gegn því að allur söluhagnaður sé skattlagður með 10% skatthlutfalli en ekki 38,37% eins og launatekjur.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 199. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, 196. mál***

22. nóvember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar tvö frumvörp; frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995 (199. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt (196. mál). Þar sem ekki er hægt að fjalla um annað frumvarpið án þess að taka afstöðu til hins er hér gefin sameiginleg umsög um bæði frumvörpin.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga** byggir á tillögum nefndar sem skipuð var af félagsmálaráðherra 2. júní 1999 til að endurskoða ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga sem skilaði niðurstöðum nýverið.

Því miður hefur Alþýðusamband Íslands ekki enn séð skýrslu nefndarinnar í heild sinni heldur einungis samantekt á niðurstöðum nefndarinnar. Þar af leiðandi hefur Alþýðusambandinu ekki gefist færi á að meta hvort tekjuáætl-  
anir sem fjallað er um séu raunhæfar eða ekki.

Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að sátt sé um tekjuskippingu milli ríkis og sveitarfélaga og hafði vænst þess að það yrði niðurstaðan af vinnu þessarar nefndar. Miðað við yfirlýsingar aðila og framkomin sérálit virðist sem það hafi ekki tekist.

Í 1. grein er lagt til að framvegis verði stofn til álagningar fasteignaskatts fasteignamat þeirra. Markmiðið er að stofn fasteignaskatts endurspegli betur raunverulegt verðmæti fasteigna. Gera má ráð fyrir að þessi breyting hafi fyrst og fremst áhrif til lækkunar hjá fasteignaeigendum á landsbyggðinni en íbúar höfuðborgarsvæðisins og þeir landsbyggðarbúar sem ekki eiga fasteignir verði jafnsettir hvað þetta varðar. Til að jafna tekjutap sveitarfélaga af þessari breytingu er í 4. grein lagt til að framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækki um 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs og gera forsendur frumvarpsins ráð fyrir því að þannig verði sveitarfélögin jafnsett varðandi tekjur af fasteignasköttum.

Alþýðusamband Íslands er hlynnt því að álagning fasteignaskatts miðist við fasteignamat og einnig því að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum upp tekjutap vegna breytingarinnar með hækkun framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þar sem tekjustaða sveitarfélaga þoli annars ekki breytingu á stofni fasteignaskatts.

Í 5. grein er lagt til að hækka hámarksheimild til útsvarsálagningar í tveimur áföngum um 0,99%, úr 12,04% í 13,03%.

**Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt** er lagt til að skatthlutfall tekjuskatts lækki um 0,33% eða sem nemur þriðjungi hækkunar hámarksheimildar útsvars.

Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að tekjustaða sveitarfélaga sé bætt. Til þess eru fleiri leiðir færar en sú sem lögð er til í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Miðað við núverandi fjárhagsstöðu flestra sveitarfélaga má gera ráð fyrir að fleiri sveitarfélög en færri nýti sér nýja hámarksheimild. Fari svo, hafa þessar tvær breytingar samanlagðar í för með sér skattahækkun fyrir íbúa höfðborgarsvæðisins og þá landsbyggðarbúa sem ekki eiga fasteignir eða lækkun á fasteignaskatti vegur ekki upp hækkun á tekjuskatti. Horfur varðandi þróun kaupmáttar heimilanna eru ekki bjartar. Fari fram sem horfir munu verðbólga og vaxtahækkunar éta upp umsamdar launahækkunar næsta árs. Í ljósi þessa telur Alþýðusamband Íslands að ríkisstjórnin verði að axla sína ábyrgð og lækka tekjuskatt að fullu í samræmi við hækkun hámarksheimildar útsvars til að koma í veg fyrir enn frekari kaupmáttarrýrnun heimilanna.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, 122. mál***

*29. nóvember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, 122. mál.

Atvinnulýðræði framkvæmt með þeim hætti sem lagt er til hefur ekki hlotið mikla umræðu innan Alþýðusambands Íslands og ætla má að skiptar skoðanir séu á því hvort æskilegt sé að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í stjórnnum hlutafélaga.

Frumvarpið er bundið við hlutafélög og tekur ekki til annarra félagsforma um rekstur eða opinbera þjónustu. Ef stjórnvöld hyggjast þróa atvinnulýðræði í einhverri mynd hér á landi, er nauðsynlegt að slíkar reglur taki til allra fyrirtækja og stofnana, óháð eignarhaldi eða formi reksturs.

Alþýðusamband Íslands hefur tekið þátt í að móta drög að tilskipun um upplýsingar og samráð sem gilda á innan Evrópusambandsins og sem taka mun einnig til Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli samningsins um EES. Sú tilskipun mun taka til allra „fyrirtækja“ hvort heldur um er að ræða einkafyrirtæki eða opinber, hvort heldur þau séu starfrækt með hagnaðarvon í huga eða ekki svo fremi sem þau taki þátt í efnahagslegri starfsemi eins og þessi hugtök hafa verið túlkð af EFTA-dómstólnum og Evrópudómstólnum. Í drögum þessum er ekki gert ráð fyrir setu starfsmanna í stjórnnum, en hins vegar lagðar ríkar skyldur á rekstraraðila um upplýsingar og samráð, auk þess sem

kveðið er á um viðurlög ef ekki er eftir farið. Til frekari skýringar fylgja fyrrgreind drög að tilskipun.

ASÍ hvetur mjög eindregið til þess, að Alþingi hefji nú þegar undirbúning að lagasetningu í takt við þær línur sem lagðar eru í fyrrgreindum drögum að tilskipun.

### ***Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 160. mál***

*6. desember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 160. mál.

Frumvarp þetta er lagt fram að nýju á þessu þingi með lítilsháttar breytingum. Þær breytingar eru til bóta. Frumvarpinu í heild sinni er ætlað að tryggja réttarstöðu ábyrgðarmanna og skilgreina réttindi og skyldur þeirra, lánveitanda og skuldara. Í frumvarpinu felst mikilsverð réttarbót og hvetur ASÍ til þess að það verði samþykkt.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á réttindum sjúklinga, 170. mál***

*6. desember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, 170. mál.

Bið eftir nauðsynlegum lækniáðgerðum er þeim einstaklingum sem í hlut eiga og samfélaginu í heild til tjóns. Frumvarpið gerir annars vegar ráð fyrir háþörfun á biðtíma sem horfir til mikilla bóta og hins því, að viðkomandi læknir gefi skýringar á biðinni. Um hið síðara má hafa nokkrar efasemdir. Það er á könnu ríkisstjórnar og Alþingis að sjá til þess á hverjum tíma að nægilegu fjármagni sé veitt til heilbrigðismála og viðkomandi sjúkrahúss, heilbrigðisstofnunar og heilbrigðisráðherra að sjá til þess að því fé sé varið þannig að bið eftir nauðsynlegum lækniáðgerðum valdi hvorki einstaklingum eða samfélagi tjóni. Á viðkomandi lækni verður því varla lagt að gefa réttar og fullnægjandi skýringar á biðinni.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, 201. mál***

*6. desember 2000 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, 201. mál.

Þær breytingar sem lagðar eru til voru við undirbúning málsins kynntar fyrir ASÍ og óskað samráðs um þær. Þá voru einnig kynntar aðrar hugmyndir

sem ætlað var að ná sama árangri. ASÍ mælti þá með því að farin yrði sú leið sem nú er lagt til að farin verði við breytingar á 67.gr. laganna og styður því framkomið frumvarp.

***Frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, 284. mál***

*15. janúar 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál og frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, 284 mál.

Það hefur verið og er skoðun ASÍ að taka þurfi til heildarendurskoðunar öll lög um málefni útlendinga. Þessum málaflokki hefur verið deilt milli þriggja ráðuneyta og nokkurra undirstofnana þeirra. Reynt hefur verið að efna til samráðs þeirra í milli en því er virðist með takmörkuðum árangri.

Undanfarið ár hefur ASÍ tekið þátt í störfum tveggja nefnda á vegum félagsmálaráðuneytisins. Annars vegar um aðstæður útlendinga hér á landi og hins vegar um atvinnu- og atvinnurekstrarleyfi. Á sama tíma vann dómsmálaráðuneytið að endurskoðun laga um útlendinga, þeirra sem nú eru til umsagnar. Ekkert samráð var haft milli þessara aðila. Nefnd um endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga beindi þeim tilmælum til ráðherra að sameinast yrði um heildarendurskoðun á öllum lögum sem málaflokkinn varða en því var hafnað af hálfu dómsmálaráðherra.

Í störfum þeirra nefnda sem ASÍ hefur átt aðild að, hefur ítrekað komið í ljós að mikil brotalöm er í meðferð stjórnvalda á málefnum útlendinga. Það á við um komu þeirra til landsins og þau skilyrði sem uppfylla þarf við landtöku. Það á við um atvinnuþátttöku þeirra, tryggingar og velferð á vinnumarkaði þ.m.t. félagsleg undirboð sem ekki einasta skapa hluta þessa hóps verri kjör en íslensku launafólki en skekkir jafnframt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það á einnig og ekki síður við um samfélagslega aðlögun útlendinga sem hér koma til lengri dvalar eða ílendast í kjölfar tímabundinna atvinnuleyfa.

Það er skoðun ASÍ að samræma þurfi aðkomu stjórnvalda að þessum málaflokki, annað hvort með því að fella hann alfarið undir eitt ráðuneyti eða undir sameiginlega undirstofnun þeirra. ASÍ beinir því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis að allur þessi málaflokkur verði hafður undir þegar endurskoðun laga á sér stað og að lagt verði í samræmda heildarendurskoðun allra þeirra laga sem við eiga. Markmið þeirrar endurskoðunar verði að tryggja þeim útlendingum sem hingað leita til atvinnuþátttöku eða dvalar um lengri eða skemmri tíma sómasamlega réttarstöðu sem á hverjum tíma sé í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.



Sá vandi sem við er að glíma og innbyrðis ósamræmi í löggjöf og stjórn-sýslu í málefnum útlendinga endurspeglast m.a. með eftirfarandi hætti. Samkvæmt 5.gr. 1. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga er óheimilt að veita útlendingi atvinnuleyfi nema honum hafi fyrst verið veitt dvalarleyfi. Samkvæmt 11.gr. frumvarps til laga um útlendinga þarf útlendingur sem hyggst ráða sig til vinnu hér á landi að sýna fram á að hann geti framfært sig, hafi sjúkratryggingu o.fl. og skv. 9.gr. getur hann ekki fengið dvalarleyfi nema hafa jafnframt atvinnuleyfi sem bannað er að veita honum nema hann hafi dvalarleyfi skv. 5.gr. 1. 133/1994. Lög frá Alþingi Íslendinga er ekki hægt að afgreiða með þessum hætti.

ASÍ ítrekar því þá skoðun sína að taka þurfi til samræmdrar heildarendurskoðunar öll lög um málefni útlendinga og bæði skýra og styrkja stjórn-sýslu í þessum mikilvæga málaflokki. Athugasemdir eru því ekki gerðar við einstakar lagagreinar, umfram það sem fram kemur hér að framan.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál***

*6. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál.

ASÍ styður það megin sjónarmið frumvarpsins, að tryggja betur en nú er gert réttarstöðu erlendra maka Íslendinga. ASÍ telur þó að leitast verði við að koma í veg fyrir misnotkun þeirra ákvæða sem undanþiggja erlenda maka frá kröfum um atvinnuleyfi.

ASÍ á fulltrúa í nefnd félagsmálaráðherra um heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Gera má ráð fyrir að nefndin ljúki störfum innan tíðar. Þar er gert ráð fyrir breytingum í þá veru sem frumvarpið fjallar um, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á lögum um útlendinga. Meðan heildarendurskoðun á þeim lögum sem um útlendinga og atvinnuréttindi þeirra fjalla stendur yfir, telur ASÍ óráðlegt að leggjast í einangraðar breytingar á gildandi lögum.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, 521. mál***

*22. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, 521. mál.

Frumvarpið felur í sér heimild til þess að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. ASÍ hefur ekki almenna afstöðu með eða á móti einkavæðingu fjármálafyrirtækja í eigu ríkissjóðs. Hins vegar

leggur ASÍ áherslu á, að sala á eignum ríkissjóðs eigi sér stað þannig að hagsmunum þeirra starfsmanna sem í hlut eiga sé ekki raskað, að sala eigi sér stað við kjöraðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar, að tryggt sé á hverjum tíma að eignir ríkissjóðs séu seldar fullu verði og að sala sé framkvæmd þannig að gætt sé jafnræðis- og samkeppnisreglna í hvívetna.

### ***Þingsályktunartillaga um tólf ára samfelld grunnám***

*26. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktun um tólf ára samfelld grunnám.

Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess hafa um langt skeið lagt mikla og vaxandi áherslu á mikilvægi góðrar grunn- og símenntunar fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt. Á 39. þingi sambandsins í nóvember á síðasta ári var þessi stefna árettuð, þar sem fjallað er um áherslur og helstu verkefni Alþýðusambandsins. Þar segir m.a.:

*„Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga - fyrirtæki og samfélagið - þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.*

*Bætt menntun hefur að markmiði að veita einstaklingnum lífsfyllingu, efla sjálfstæði hans, auðvelda honum að takast á við viðfangsefni hins daglega lífs og að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og þróun þess.*

*Samtök launafólks hafa á undanförunum árum lagt sífellt meiri áherslu á menntamál og vinna útfrá því að menntun er ævistarf - gerð er krafa um endurnýjun og viðhald þekkingar - símenntun ..... Verkalýðshreyfingin vill að litið sé á menntakerfið í heild þar sem áhersla er lögð á að tryggja öllum tækifæri til menntunar. Því verður að byggja upp öflugt og lifandi grunnmenntakerfi fyrir alla, þar sem ungt fólk hefur tækifæri til að búa sig undir líf og starf. Fullorðið fólk, sem sækir formlegt nám, þarf að fá reynslu og hæfni metna til styttingar á námi. Áhersla skal lögð á að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu. Um leið verður að tryggja fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn rétt og aðstæður til að sækja endur- og eftirmenntun til að styrkja sig í starfi eða auðvelda því að skipta um starf. Lögð skal áhersla á að fólki á vinnumarkaði standi til boða náms- og starfsráðgjöf.“*

Af framansögðu má vera ljóst að Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að efla grunnmenntunina í landinu og treysta þannig þann grunn sem

ungt fólk hefur til að takast á við frekari menntun og þátttöku á vinnumarkaði, um leið og réttur og möguleikar einstaklinga til símenntunar - menntunar alla ævina - verði tryggðir. Til að ná markmiðinu um öflugri grunnmenntun fyrir alla, þarf að tryggja fjölbreyttara námsframboð á framhaldsskólastigi og greiða möguleika ungmenna til að nýta sér þá kosti sem í boði eru.

Í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar er lagt til að menntamálaráðherra „hefji nú þegar undirbúning þess að tryggja um land allt framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs.“ Þá er lagt til að náminu ljúki formlega með námsgráðu. Framangreind tillaga er í góðu samræmi við þá stefnu sem Alþýðusambandið hefur áður kynnt um þetta efni.

Á árinu 1993 lögðu Alþýðusamband Íslands og Menningar- og fræðslusamband alþýðu til ítarlega umsögn um áfangaskýrslu um menntastefnu á vegum menntamálaráðuneytisins. Þar var m.a. lagt til að dregið yrði úr þeim skilum sem eru á milli náms í grunnskóla og á framhaldsskólastigi. Þá var lagt til að nám á framhaldsskólastigi yrði skipt upp í tvö þrep og að fyrri áfanganum, tveggja ára námi, yrði lokið með framhaldsskólaprófi. Lögð var rík áhersla á að í þessum fyrri áfanga yrði mun meiri gaumur gefinn að verkmenntun og listgreinum en nú er.

Þingsályktunartillagan um tólf ára samfellt grunnnám er í meginatriðum í ágætu samræmi við stefnu og áherslur Alþýðusambands Íslands og MFA í menntamálum eins og hér hefur verið rakið. Þá er efni hennar í ágætu samræmi við þær áherslur sem settar hafa verið fram í umræðu um menntamál í því samstarfi sem á sér stað um þessi efni á Evrópuvísu.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnnám verði samþykkt. Jafnframt leggur Alþýðusambandið áherslu á að verkalýðshreyfingunni verði sköpuð skilyrði til að koma að framkvæmd málsins með virkum hætti.

### ***Þingsályktunartillaga um útbóðsstefnu ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði*** *27. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktun um útbóðsstefnu ríkisins til eflingar íslenskum iðnaði.

Alþýðusamband Íslands styður efni framangreindrar þingsályktunartillögu og leggur ríka áherslu á að efni hennar verði þegar hrint í framkvæmd.

Alþýðusamband Íslands telur efni þingsályktunartillögunnar fyllilega tímabært. Hér nægir að nefna nýlegt dæmi sem er útboð vegna viðgerða á tveim varðskipum Landhelgisgæslunnar og ákvörðun Ríkiskaupa í því máli.

Alþýðusambandi Íslands tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að

gera eigi þá sjálfsgöðu og eðlilegu kröfu til íslenskra stjórnvalda að þau standi við þær skuldbindingar sem þau hafa tekið á sig með aðild að alþjóðasamningum og stofnunum af ýmsu tagi.

Alþýðusamband Íslands áréttar jafnframt að það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að litið sé til hagsmuna íslensks iðnaðar þegar um er að ræða útboðslýsingar og innkaup fyrir ríki og ríkisstofnanir. Þetta þarf alls ekki að brjóta í bága við skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi eins og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á. Framangreint dæmi um ákvörðun Ríkiskaupa í tengslum við viðgerðina á varðskipunum er gott dæmi um þörf á ákveðinni útboðsstefnu stjórnvalda þar sem tekið er eðlilegt og sjálfsagt tillit til hagsmuna íslenskra fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Í því dæmi hefur verið bent á með óhrekjanlegum rökum að ekki einvörðungu voru hagsmunir íslensks skipasmíðaiðnaðar og starfsmanna hans fyrir borð bornir, heldur felur niðurstaðan í sér að íslenska ríkið er beinlínis að tapa fjármunum á þeirri ákvörðun sem þar var tekin. Mikilvægt er að slík mistök hendi ekki aftur.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, 50. mál***

*29. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, 50. mál.

ASÍ styður samþykkt frumvarpsins og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með því. Mikilvægt er að þau mistök sem gerð voru við síðustu breytingar á skaðabótalögum verði leiðrétt.

Starfsgreinasamband Íslands, Rafiðnaðarsamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Samiðn, Efling - stéttarfélag, Hlíf í Hafnarfirði, Félag bókagerðarmanna, Stéttarfélag verkfræðinga, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verslunarmannafélag Húsavíkur og Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, svo einhver þau stéttarfélög séu nefnd sem haft hafa samband við ASÍ, hafa lýst eindregnum stuðningi sínum við samþykkt frumvarpsins.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga, 460. mál***

*30. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga, 460. mál.

Frumvarpinu er aðallega ætlað að skýra réttarstöðu þeirra sem átt hafa í afleiðingum slysa eða sjúkdóma en náð fullri heilsu við kaup váttrygginga. ASÍ er sammála efni frumvarpsins og hvetur til þess að það verði samþykkt.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 209. mál***

*30. mars 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 209. mál.

Hlutverk stéttarféлага, hvort heldur í hlut eiga félög opinberra starfsmanna eða stéttarfélög á almennum vinnumarkaði, er hagsmunagæsla fyrir allt launafólk í landinu, óháð aðild hvers og eins. Þannig eru þau kjör sem samið er um í kjarasamningum lágmarkskjör sem óheimilt er að semja sig frá nema þeir samningar feli í sér betri kjör. Eðlilegt er og rétt að allt launafólk standi sameiginlega undir þeim kostnaði sem sameiginlegri hagsmunagæslu fylgir. Samkvæmt íslenskum dómum felst ekki í þessari skyldu brot á stjórnarskrá eða sáttmálum um mannréttindi sbr. m.a. dóm Félagsdóms í málinu nr. 4/1998.

Það er álit ASÍ að það skipulag sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði í þessum efnum hafi orðið íslensku launafólki og íslensku samfélagi til farsældar og hvetur Alþingi til þess að veita frumvarpi þessu ekki brautargengi.

***Þingsályktun um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, 512. mál***

*18. apríl 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði, 512. mál.

Tillaga þessi byggir í öllum aðalatriðum á niðurstöðum nefndar félagsmálaráðherra um leigumarkað og leiguíbúðir sem skilaði tillögum af sér í mars 2000. Í a. og b. lið hennar er þó gert ráð fyrir því að stjórnvöld geti valið milli þess að því er virðist að veita lán með niðurgreiddum vöxtum eða óafturkræfa stofnstyrki. Alþýðusamband Ísland studdi þá tillögu fyrrgreindrar nefndar að horfið skyldi frá því að veita lán með niðurgreiddum vöxtum og að beita skyldi stofnstyrkjum þess í stað.

Undanfarin ár hefur þörf fyrir leiguhúsnæði farið stöðugt vaxandi. Til þess liggja fjölmargar ástæður sem m.a. eru tilgreindar í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Alþýðusamband Íslands skilaði félagsmálanefnd Alþingis þann 25. mars 1998 ítarlegri umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál. Í greinargerð með því frumvarpi var það sagt m.a.: Auka öryggi í húsnæðismálum; Auka möguleika til að eignast eða leigja á viðráðanlegum kjörum; Tryggja rétt þeirra sem þurfa félagslega aðstoð til öflunar húsnæðis; Skapa einfaldara kerfi sem þjónaði betur tekjulágu fólki og öldruðum; Skapa kerfi sem væri ódýrara í rekstri. ASÍ benti þá á, að í frumvarpinu væru engin þau verkfæri sem nota mætti til þess að ná þessum markmiðum enda hefur ekkert

þeirra náðst. ASÍ varaði jafnframt alvarlega við þeim vanhugsuðu og ómarkvissu breytingum sem fyrrgreint frumvarp fól í sér og sem nú hafa leitt til þess ásamt öðru að neyðarástand hefur skapast á húsnæðismarkaði.

Til þess að mæta því ástandi sem nú varir er nauðsynlegt að gera sérstakt átak. Óhjákvæmilega mun slíkt átak eins og allar aðrar stórtækar aðgerðir, hafa áhrif á húsnæðismarkaðinn almennt. Nauðsynlegt er að gripið verði til annarra aðgerða samhliða, til þess að lágmarka þau áhrif eins og hægt er. Jafnframt verði þegar í stað sett af stað vinna við að móta til langrar framtíðar öruggt, félagslega vinsamlegt og varanlegt húsnæðiskerfi, en félagsmálaráðherrar þriggja síðustu ríkisstjórna hafa hver með sínu lagi truflað eðlilega þróun í þá átt.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum***

*20. apríl 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um br. á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Umsögn ASÍ um frumvarpið fylgir hér á eftir.

### **Almennar athugasemdir**

Alþýðusamband Íslands fagnar því að lagt hafi verið fram á Alþingi frumvarp til laga um br. á lögum nr. 46/1980 sem ætlað er að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB, mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga nr. 94/33/EB, auk þess sem frumvarpinu er ætlað að stuðla að framkvæmd ákvæða núgildandi laga um heilsuvernd starfsmanna.

Mikilvægt er að frumvarpið fái vandaða umfjöllun svo að þær breytingar sem gerðar verða á núgildandi lögum leiði til nauðsynlegra úrbóta á lögunum og framkvæmd þeirra og dragi um leið úr þeirri réttaróvissu sem komið hefur upp varðandi ýmsa þætti almennu vinnuverndartilskipunarinnar og vinnutímatilskipunarinnar og lögleiðingar þeirra hér á landi. Þá er löngu orðið tímabært að heilsuvernd starfsmanna komi til framkvæmda hér á landi með viðunandi hætti. Öllum er þessum efnisþáttum ætlað að bæta heilbrigði launafólks og öryggi á vinnustað og auka með þeim hætti almenna vinnuvernd.

Hvað varðar uppbyggingu og efnisatriði frumvarpsins verður að telja að það sé í veigamiklum atriðum í samræmi við efni og tilgang framangreindra tilskipana og þær áherslur sem komið hafa fram hjá verkalýðshreyfingunni. Í frumvarpinu er þó í nokkrum mikilvægum tilvikum að finna ákvæði sem eru með öllu óásættanleg eða þarfnast lagfæringa og frekari skýringa.

Hér á eftir er að finna athugasemdir og ábendingar varðandi einstakar greinar frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir.

## **Athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar**

### **2. grein**

Mikilvægt er að ákvæðum þessarar greinar verði sem fyrst hrundið í framkvæmd, enda um mikilvæga forsendu fyrir öfluglu og árangursríku vinnuverndarstarfi innan fyrirtækjanna að ræða.

Hér ber að leggja sérstaka áherslu á að Vinnueftirlitið setji sem fyrst viðeigandi reglur um framkvæmd áhættumatsins. Slíkar reglur eru forsenda þess að hættumat verði framkvæmt með fullnægjandi hætti.

### **3. grein**

Hér er um löngu tímabæra lagfæringu á núgildandi lögum að ræða sem á að taka af allan vafa um stöðu nema og lærlinga gagnvart öryggis- og aðbúnaðarmálum á vinnustað og ábyrgð atvinnurekenda.

### **4. grein**

Sú viðbót sem hér er lögð til við a-lið 38. greinar laganna er til uppfyllingar ákvæðum 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Viðbótin gengur hins vegar mun skemur en tilskipunin, sem nefnir bein úrræði sem nota má til að ná markmiðum hennar en þar segir m.a. að markmiðið sé að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrirfram ákveðnum hraða, og eftir því um hvaða störf sé að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, „sérstaklega hvað varðar hlé í vinnutíma“.

Lagt er til að framangreindu efni 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar verði bætt við efni 38. greinar laganna.

### **5. grein**

Í þessari grein er að finna tilraun til að lögleiða meginefni hvíldar- og vinnutímaákvæða vinnutímatilskipunarinnar. Ýmislegt hefur tekist vel við frumvarpssmíðina en annað miður eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

#### **a. (52. gr. A)**

Í greininni eru skilgreind lykilhugtök sem notuð eru í frumvarpinu, m.a. vinnutími og hvíldartími. Umræddar skilgreiningar eru að efni til fengnar úr samningum aðila vinnumarkaðarins um skipulag vinnutíma. Mikilvægt er að hafa í huga að við gerð þeirra samninga var skilgreiningin á vinnutíma sett fram til

leiðbeiningar um það hvernig túlka ætti ákvæði samninganna um hámarks-vinnutíma. Sama gildir um skilgreininguna á hvíldartíma.

Við frekari skoðun hefur komið í ljós að skilgreiningar á vinnutíma og hvíldartíma ganga ekki eins og þær standa nú. Ástæðan er sú óvissa og erfið-leikar í framkvæmd ákvæðisins um daglegan hvíldartíma, þ.e. 11 klst. sam-felldu lágmarkshvíldina. Tökum dæmi sem skýrir hvað hér er átt við:

*Starfsmaður vinnur venjubundinn vinnudag á mánudegi frá kl. 8:00 til 17:00 og síðan yfirvinnu áfram til kl. 20:00. Að lokinni vinnu er starfsmað-ur sendur frá vinnustað sínum í Reykjavík til bæjar úti á landi til að sinna tilteknu verkefni. Hann leggur af stað kl. 22:00 og er kominn á staðinn kl. 06:00 um nóttina. Starfsmaðurinn hefur vinnu við verkefnið kl. 07:30 að morgni þriðjudags og vinnur að því til kl. 22:00. Að því búnu fer starfsmað-ur til baka til Reykjavíkur og er kominn kl. 06:00. Starfsmaður er mættur til vinnu við reglubundið upphaf vinnudags á miðvikudegi kl. 8:00 að kröfu vinnuveitanda.*

*Samkvæmt núverandi orðalagi frumvarpsins og skýringum í greinargerð telst starfsmaðurinn hafa fengið fullnægjandi hvíld báða dagana.*

Ljóst er á dæminu hér að framan að skilgreiningin á hvíldartíma eins og hún stendur í frumvarpinu stenst ekki og gæti í reynd leitt til niðurstöðu sem er andstæð markmiðum vinnutímatilskipunarinnar um daglega hvíld og væri í reynd mikil afturför frá ákvæði núverandi laga um daglega lágmarkshvíld. Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga að það er fullkomlega andstætt tilgangi og markmiðum vinnutímatilskipunarinnar og brýtur gegn megintilgangi hennar að nota lögleiðingu hennar sem rökstuðning fyrir því að draga úr eða skerða réttindi sem launafólk þegar nýtur skv. innlendri löggjöf og stjórnvaldsfyrir-mælum. Skal í þessu sambandi vísað til 3. tl. 18 gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir m.a.: „....., skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast rétt-mætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem laun-þegar njóta.“

Huga má sér fjölmörg önnur dæmi þar sem skilgreiningin í frumvarpinu á hvíldartíma leiðir til óásættanlegrar niðurstöðu í hreinni andstöðu við þau markmið sem lögunum er ætlað að ná. Vandinn er sá að ekki stenst að tengja skilgreininguna á hvíldartíma beint skilgreiningunni á vinnutíma, eins og hún er sett fram í frumvarpinu.

Einfaldast virðist að fara þá leið að breyta skilgreiningunni á hvíldartíma þannig að hugtakið fái sjálfstæða þýðingu. Skilgreiningin gæti hljómað eitt-hvað í þessa veru:



*„Hvildartími: Samfelldur tími þar sem starfsmaður nýtur hvíldar frá störfum og starfsskyldum.*

**b. (52.gr. B)**

Í greininni er fjallað um þá hópa sem undanþegnir eru gildissviði IX. kafla laganna eða hluta hans.

Í tölulið 1. er fjallað um þá sem starfa við flutninga á vegum (sbr. reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. einnig reglugerð ESB nr. 3820/85/EBE). Sú lausn sem lögð er til í frumvarpinu mætir að hluta til þeirri gagnrýni sem ASÍ hefur sett fram á fyrri frumvarpsdrög um þetta efni. Tekin eru af öll tvímæli um að ökumenn eigi rétt á sama daglega hvíldartíma og vikulega hvíldartíma og annað launafólk sem fellur undir ákvæði IX. kafla laganna. Þó skal bent á að engin rök eru til þess að taka frá ökumönnum sem hér um ræðir rétt til heilbrigðismats og viðeigandi aðgerða, þar sem við á, sbr. tillögu að nýrri 57. gr.

Þá er rétt að benda á að með frumvarpinu eru ekki sett ákvæði um hámarksvinnutíma ökumanna, sbr. ákvæði nýrrar 55. greinar, með sama hætti og gildir um launafólk almennt. Fyrir þessari niðurstöðu eru ekki færð nein rök í frumvarpinu önnur en þau að þess þurfi ekki að sinni vegna lögleiðingar vinnutímatilskipunarinnar. Um leið er viðurkennt að það þurfi að gera í síðasta lagi fyrir 1. ágúst 2003 sbr. tilskipun 2000/34/EB.

Lagt er til að öll ákvæði nýrra 53. til 58. greina laganna verði einnig látin gilda um ökumenn sem falla undir reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, enda ljóst að þeir þarfnast ekki síður þeirrar verndar sem þessar greinar kveða á um.

Í 2. tölulið er fjallað um lækna sem undanþegnir eru gildissviði kaflans að hluta. Ljóst er að sú upptalning er mun víðtækari en vinnutímatilskipunin heimilar. Þá skal bent á að hér er í reynd verið að leggja til að lögleiðing vinnutímatilskipunarinnar verði notuð til að draga úr eða skerða réttindi sem launafólk þegar nýtur skv. innlendra löggjöf og stjórnvaldsfyrirmælum. Loks skal bent á að vísað er í frumvarpinu til reglna sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, en þar er verið að gefa stjórnvöldum löggjafarvald, sem geta haft hagsmuni af því að undanskilja sem stærstan hóp lækna gildissviði þeirra greina IX. kafla laganna sem um ræðir.

Með 3. tölulið eru æstu stjórnendur og þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ skilgreiningin á frávikum frá almennum ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar of rúm í ljósi þess hvernig hópurinn „þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir“ er skilgreindur í skýringum með frumvarpinu.

Í 4. tölulið er fjallað um sérstakar aðstæður sem valdi því að starfsmenn séu undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ gengið of langt í að heimila frávik frá reglum laganna og þörf á að skilgreina mun betur og þregra hvaða aðstæður hér getur verið um að ræða.

**c. (53. gr. A)**

Þess er krafist að seinni setning 4. málsgreinar verði felld burt, þar sem segir: „Ef því verður ekki af hlutlægum ástæðum komið við skal starfsmaður þess í stað fá viðeigandi vernd.“ Engin rök eru fyrir þessar tillögu enda vandséð að hlutlægar ástæður komi í veg fyrir að hægt sé að veita starfsmanni samsvarandi hvíld síðar. Í greinargerð með fyrri drögum af frumvarpinu var bent á dæmi sem áttu að styðja nauðsyn þessarar setningar. Nefnd voru dæmi um það, þegar vinnunni er skipt upp yfir daginn, þannig að 11 klst. hvíld er ekki samfelld. Einnig voru nefnd dæmi um vinnu þegar starfsmenn eru búsettir fjarri vinnustað. Hvorugt þessara dæma rökstyður þörf fyrir umrætt frávik, enda hafa þau nú verið felld út án þess að nokkuð nýtt komi inn í staðinn.

Hins vegar skal bent á að standi setningin inni er í reynd verið að opna á það að hvíld starfsmanna sé skert verulega og ítrekað án þess að þeir fái samsvarandi hvíld í staðinn og með því er verið að grafa alvarlega undan megin markmiðinu um 11 klst. samfellda hvíld á sólarhring. Þá er engin tilraun gerð til að skýra, hvorki í frumvarpinu eða skýringum, hvað átt er við með „viðeigandi vernd“. Slíkt getur ljóslega alls ekki gengið. Lagt er til að framangreind setning verði tekin út úr texta frumvarpsins.

Loks skal bent á að búið er að taka út úr greininni miðað við fyrri frumvarpsdrög þá leiðbeiningu, að stefna skuli að því að daglegi hvíldartíminn sé veittur strax að lokinni vinnulotu sé þess kostur. Hér var um að ræða leiðbeiningu í anda þeirra markmiða sem frumvarpinu var ætlað að ná en ekki fortakslausa skyldu. Því eru engin rök til að fella þessa leiðbeiningu burt. Lagt er til að bætt verði við nýrri setningu í 4. málsgrein svohljóðandi:

„Stefnt skal að því að veita hvíldina strax að lokinni vinnulotu verði því við komið“.

**d. (53. gr. B)**

Í greininni er fjallað um rétt launafólks til hvíldar standi vinna þess lengur en 6 klst.

Hér er verið að lögfesta ákvæði 3. gr. tilskipunar nr. 93/104/EBE um hvíldarhlé. Í tilskipuninni sjálfri er ekki tiltekið hversu langt hvíldarhléið skuli vera. Þar segir hins vegar að útfærsla þess, þ.m.t. tímalengd og skilyrði, skuli ákvörðuð með samningum eða, ef slíkt er ekki gert, með löggjöf.

Í frumvarpinu er ekki gerð nein tillaga um lágmarks lengd hvíldarhlésins. Þessi nálgun er með öllu óásættanleg enda gefur hún færi á því að snúið sé út úr markmiði greinarinnar, auk þess sem þessi nálgun stenst engan veginn efni tilskipunarinnar um lágmarksvernd fyrir allt launafólk sem þarf að vera til staðar gildi ekki samningar um efnið eða þeim er sagt upp.

Í þeim samningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um framkvæmd vinnutímatilskipunarinnar varð niðurstaðan sú að kveða á um að minnsta kosti eitt 15 mínútna hvíldarhlé. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að þetta viðmið verði bundið í lög. Á bak við þá skoðun eru þau skýru vinnuverndarsjónarmið, að sérhverjum launamanni sé nauðsyn að fá að minnsta kost eitt hvíldarhlé sem sé ekki skemmra en 15 mínútur til að getað slakað á frá vinnu, hvort heldur er vegna líkamlegs og/eða andlegs álags. Jafnframt skal bent á að aðilar vinnumarkaðarins hafa við túlkun á þessu samningsákvæði sýnt eðlilegan sveigjanleika sem leiðir að meginmarkmiðinu um vinnuvernd. Þannig hefur verið talið að starfsmenn við ýmiss konar vélgæslu og eftirlitsstörf, þar sem ekki er um stöðugt álag eða verkefni að ræða, njóti þeirrar verndar sem þetta ákvæði miðar að.

#### *e. (54. gr.)*

Hér er fjallað um vikulegan frídag. Í 2. mgr. er fjallað um mögulega frestun vikulegs frídags. Þar segir m.a. að starfsmaður skuli fá samsvarandi hvíldartíma síðar „... og að jafnaði innan 14 daga.“

Það er krafa Alþýðusambands Íslands að þessi setningarhluti „að jafnaði“ verði felldur út enda hvoru tveggja óskiljanlegur og í andstöðu við ákvæði 16. gr. vinnutímatilskipunarinnar, eins og hann stendur hér.

Setningarhlutinn er óskiljanlegur og í reynd merkingarleysa, þar sem engin tilraun er gerð til að takmarka þessa fráviksheimild. Þetta þýðir í raun að heimilt gæti orðið að láta starfsmenn vinna án vikulegs frídags mánuðum saman.

Í 16. gr. vinnutímatilskipunarinnar segir:

„Aðildarríkin geta sett ákvæði um:

1. vegna beitingar 5. gr. (vikulegur hvíldartími), viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 14 daga.“

Loks skal bent á að í núgildandi lögum er ekki um að ræða sambærilega fráviksheimild og því væri samþykkt frumvarpsins að þessu leyti óbreyttu hrein afturför frá þeirri vernd sem launafólk nýtur skv. núgildandi lögum. Slíkt væri í andstöðu við ákvæði vinnutímatilskipunarinnar með vísan til 3. tl. 18 gr. hennar, þar sem segir m.a.: „....., skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki

*teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.“*

**f. (55. gr.)**

Í greininni er fjallað um vikulegan hámarksvinnutíma. Sú lausn sem hér hefur verið fundin á erfiðu úrlausnarefni er í aðalatriðum vel ásættanleg. Þó skal benda á að rétt er að setja nýja setningu aftast í 5. mgr. „*Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum, veikindaförföll og lög- eða sammingsbundið fæðingarorlof skulu ekki talin með við meðaltalsútreikninga. Þá skal sá tími sem starfsmaður er í launuðu starfsnámi teljast til vinnutíma.“*

**7. gr.**

Í þessari grein er samkvæmt skýringum með frumvarpinu verið að leitast við að gera nógildandi ákvæði laganna um heilsuvernd starfsmanna virkari, enda viðurkennt að þrátt fyrir að meira en 20 ár séu liðin frá setningu þeirra hefur framkvæmd laganna hvað varðar heilsuvernd starfsmanna verið með öllu óásættanleg. Þá er í skýringum með frumvarpinu getið um tillögur nefndar á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins í þessum efnum og sagt að byggt sé á þeim „*að nokkru leyti“*.

Hér er farið mjög frjálsglega með staðreyndir og sú nálgun sem valin er verður ekki skilin öðruvísi en sem óeðlileg undanlátssemi við sjónarmið sem samtök atvinnurekenda hafa sett fram í þessum efnum á seinni stigum. Sjónarmið sem ganga þvert gegn samkomulagi sem náðst hafði milli aðila vinnu- markaðarins í stjórn VER og virðast hafa þann tilgang einan að tefja enn frekar fyrir því að heilsuvernd starfsmanna þróist með eðlilegum hætti á íslenskum vinnumarkaði.

Megininntakið í þeirri breytingu sem orðið hefur frá því samkomulagi sem gert var á vettvangi stjórnar VER til efnis 7. greinar frumvarpsins eins og það er nú er tvíþætt. Annars vegar er búið að bæta inn ákvæðum sem ganga út á að heilsuvernd starfsmanna geti verið veitt innan fyrirtækis og virðast þá ekki gilda neinar reglur um það hvaða skilyrði þessi heilsuvernd og þeir aðilar sem hana veita þurfi að uppfylla. Ekki er í greininni sjálfri eða skýringum með henni gerð nokkur tilraun til að skýra þetta ákvæði eða rökstyðja með viðhlítandi hætti. Ekki verður annað séð en að verið sé að opna á þann möguleika að fyrirtæki ráði til sín sérstaka trúnaðarlækna eða aðra trúnaðarmenn til að framkvæma heilsuverndina og þá á forsendum fyrirtækjanna sjálfra og í fullri andstöðu við það sem segir um annað ákvæði í sömu grein þar sem í skýringum er talað um að mikilvægt sé „*að leyfi Vinnueftirlitsins byggist á þeim forsendum að starfsemi þjónustuaðilanna sé sjálfstæð gagnvart starfsmönnum og*

*stjórnendum og að þeir fari með upplýsingar í samræmi við reglur um meðferð trúnaðarskjala“.*

Þá er nú gert ráð fyrir að fyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri séu undanþegin skyldunni til að gera skriflegan samning um heilsuvernd starfsmanna eða skriflega áætlun um framkvæmd hennar. Að vísu er vitnað til þess að ef um sérstaklega áhættusöm störf sé að ræða eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skuli liggja fyrir áhættumat eða áætlun um framkvæmd heilsuverndar. Engin rök eru færð fyrir því af hverju starfsmenn þessara fyrirtækja eiga almennt að njóta lakari réttinda eða verndar en aðrir launamenn, þegar kemur að vinnuvernd og öryggi, enda slík rök ekki til.

Það er krafa Alþýðusambands Íslands að fallið verði frá þeim fyrirætlunum sem er að finna í 7. grein frumvarpsins. Þess í stað verði tillögur þær sem unnar voru á vettvangi Vinnueftirlitsins um heilsuvernd starfsmanna og fullt samkomulag náðist um, felldar inni í frumvarpið, áður en það verður að lögum. Verði það ekki gert áskilur ASÍ sér allan rétt til að fara með málið lengra og leita álits til þess bærra aðila á ákvæðum þessarar greinar sem og annarra greina frumvarpsins.

## **Vernd næturvinnustarfsmanna**

Mikilvægt að taka á efni 10. gr. vinnutímatilskipunarinnar með einhverjum hætti, þar sem fjallað er um öryggismál vegna næturvinnu. Ekki verður betur séð en að bæta verði inn í frumvarpið nýju ákvæði sem tekur á þessu atriði sérstaklega.

## **Að lokum**

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu efnisatriði þess frumvarps hér er til umsagnar.

Að lokum skal áréttað að margt heyrir til bóta með frumvarpinu varðandi framkvæmd vinnuverndarmála hér á landi. Um leið skal einnig áréttað að nokkrir hnökror eru á frumvarpinu og einstaka efnisatriðum þess. Sumir kunna að virðast minni háttar, meðan aðrir eru ljóslega stóralvarlegir. Þetta á ekki síst við um það sem snýr að heilsuvernd starfsmanna og framkvæmd hennar eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Í óbreyttri mynd er um að ræða mikla afturför frá núgildandi lögum. Nokkuð sem er með öllu óásætlanlegt.

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að úr verði bætt og treystir því að hnökror verði sniðnir af frumvarpinu í meðförum Alþingis og þannig tryggt að breytingarnar skili þeim úrbótum í vinnuverndarmálum launafólks sem nauðsynlegar eru.

***Þingsályktunartillaga um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 46. mál***

20. apríl 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 46. mál.

ASÍ styður eindregið efni þessarar tillögu og hvetur til samþykktar hennar.

***Frumvarp um útsenda starfsmenn, 573. mál***

24. apríl 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um útsenda starfsmenn, 573. mál.

Þá aðferðafræði þá sem lagt er til að beitt verði við gildistöku tilskipunar 96/71/EB og birtist í því frumvarpi sem til umsagnar er, má draga í efa. Því má með gildum rökum halda fram að öfugt sé að farið og jafnframt að langt sé farið yfir skammt.

Frumvarpið má túlka þannig að það geti takmarkað með almennum hætti réttindi útsendra starfsmanna sem skv. gildandi lögum njóta í grundvallaratriðum sömu réttinda og aðrir starfsmenn inni þeir störf sín af hendi hér á landi.

Það er meginregla hér á landi að umsamin laun og önnur starfskjör launafólks skv. kjarasamningum eru lágmarkskjör sem einstakir launamenn geta ekki samið sig frá. Þetta birtist í 1.gr. l. 55/1980 eins og alkunna er. Lögin gilda um allt launafólk sem starfar á Íslandi, hvort heldur launagreiðandi er íslenskur eða erlendur, hvort heldur hann hefur staðfestu á Íslandi, á EES-svæðinu eða annarsstaðar.

Þessi meginregla er í samræmi við 12. tl. inngangs að tilskipuninni þar sem segir: „Lög bandalagsins útiloka ekki að aðildarríki beiti löggjöf sinni eða kjarasamningum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert, gagnvart hverjum þeim sem er ráðinn til starfa, jafnvel þótt ráðningin sé tímabundin, á yfirráðasvæði þeirra þótt vinnuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki. Lög bandalagsins banna aðildarríkjum ekki að tryggja með viðeigandi hætti að farið sé að þessum reglum.“ Nákvæmlega þennan rétt hefur Ísland nýtt sér með því að hafa hér í gildi 1.gr. l. 55/1980. Fyrirmæli í lögum sem taka til heilbrigðis, öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum, vernd þungaðra kvenna, kvenna með börn á brjósti og þeirra sem nýlega hafa alið börn, vinnuvernd barna og unglinga, jafnrétti kynja, orlof o.fl. gilda á íslenskum vinnumarkaði óháð því hver framkvæmir vinnuna, borgar launin etc.

Í inngangi tilskipunarinnar kemur jafnframt fram að tilgangur hennar er að tryggja kjarna lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem þeir vinnuveitendur sem senda starfsmenn sína út þurfa að fara eftir í gistilandinu ( tl.13 ) sjá 3.gr.

tilsk. Tryggja ber jafnframt harðan kjarna skilgreindra verndarreglna sem gildi óháð útsendingartímanum ( tl. 14 ). Allt þetta er uppfyllt í íslenskum lögum. Nauðsyn ber þó engu að síður til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess annars vegar að hrinda í framkvæmd 4.gr. tilskipunarinnar um upplýsingasamstarf hvað varðar tilnefningu samskipta aðila og hlutverk hans og ekki síður hvað varðar aðgengilegar upplýsingar um ráðningarskilmála og atvinnuskilyrði skv. 3.gr. tilsk. eftir því sem við á.

Athygli er einnig vakin á 5. gr. tilsk. þar sem gert er ráð fyrir ráðstöfunum stjórnvalda sem ætlað verði að tryggja starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra viðundandi málsmeðferð til fullnustu á skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni. Ákvæðinu er bæði beint að gistiríkinu og upprunaríkinu. Að jafnaði er um skamma dvöl starfsmanna að ræða hverju sinni og ljóst að hefðbundin dómstólaleið hentar að jafnaði illa þegar þörf er skjótrar málsferðar til fullnustu skuldbindinga. Ef fylgja á eftir ákvæðum tilskipunarinnar, er nauðsynlegt að haft sé virkt eftirlit með kjörum og aðstæðum þeirra starfsmanna sem hingað eru sendir og ekki síður með þeim íslensku starfsmönnum sem sendir eru af íslenskum aðilum til tímabundinna starfa í öðrum EES löndum. Virkt eftirlit, skýrar leikreglur og aðgengilegar upplýsingar leika lykilhlutverk til þess að fækka eða koma í veg fyrir vandamál sem risið geta og þarfnast skjótrar úrlausnar.

Það er skoðun ASÍ að það verkefni sem íslensk stjórnvöld hafi vegna tilskipunar 96/71/EB sé því ekki að setja lög um réttindi útsendra starfsmanna sérstaklega, heldur hitt að uppfylla þær kröfur sem tilskipunin gerir um tilslakanir frá þeim reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, skilgreina nokkur þau atriði sem tilskipunin kveður á um og tryggja réttindi starfsmanna fyrirtækja með staðfestu hér á landi sem sendir eru til starfa erlendis.

Með framanritað í huga er lagt til að frumvarpinu verði breytt nokkuð auk þess sem gerð er tillaga um refsíákvæði til samræmis við 5.gr. tilskipunarinnar.

Tillaga ASÍ er efnislega þessi en henni hefur áður verið komið á framfæri við félagsmálaráðuneytið þá er frumvarpið var í smíðum:

#### 1. gr.

*Þegar fyrirtæki með staðfestu utan Íslands en á EES-svæðinu sendir til starfa hér á landi í átta daga eða skemur starfsmann sem venjulega innir af hendi starf sitt á yfirráðasvæði annars EES-ríkis en Íslands er heimilt, sbr. tilskipun 96/71/ES að víkja frá ákvæðum laga, stjórnisýslufyrirmæla og kjarasamninga um lágmarkslaun ásamt yfirvinnukaupi og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári.*

2. gr.

Ákvæði 1. gr. á við ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og framkvæmd er af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum viðkomandi fyrirtækis.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. á ekki við þegar um byggingastarfsemi er að ræða sem felur í sér byggingu, viðgerðir, lagfæringar, breytingar eða niðurrif bygginga, einkum gröft, jarðvegsvinnu, eiginlega byggingavinnu, samsetningu og sundurtekt staðladra eininga, innréttingu eða uppsetningu, breytingar, endurnýjun, viðgerð, sundurtekt, niðurrif, viðhald, lagfæringu, málningarvinnu, hreinsun og umbætur.

4. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns skv. ráðningarsamningi eða löggjöf í því EES-ríki þar sem hann innir venjulega af hendi starf sitt.

5. gr.

Reikna skal lengd útsendingartímabils skv. 1. gr. á grundvelli eins árs viðmiðunartíma frá upphafi útsendingartímabilsins. Við slíka útreikninga skal taka tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar útsendur starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

6. gr.

Þegar fyrirtæki með staðfestu hér á landi sem í tengslum við veitingu þjónustu sendir starfsmann sinn tímabundið til annars aðildarríkis samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal hann tryggja að starfsmaðurinn njóti þeirra starfskjara sem kveðið er á um í löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis samkvæmt tilskipun 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við fyrirtækið eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf hér á landi.

7. gr.

Útsendur starfsmaður getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara.



8. gr.

Vegna framkvæmdar laga þessara skal Vinnueftirlit ríkisins veita upplýsingar um skyldur fyrirtækja samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vinnumálastofnun skal veita upplýsingar um lögbundin starfskjör; eftir atvikum að höfðu samráði við Jafnréttisstofu. Stjórnvöld skulu að öðru leyti vísa fyrirspurnum um laun og starfskjör hér á landi samkvæmt kjarasamningum til samtaka aðila vinnumarkaðarins, eftir því sem við getur átt.

Vinnumálastofnun fer með samskipti vegna framkvæmdar laga þessara við þar til bærar stofnanir í öðrum EES-ríkjum.

9. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, upplýsingasamstarf, veitingu upplýsinga, samskipti, málsskot og eftirlit vegna framkvæmdar þeirra sbr. m.a. ákvæði 4 og 5. gr. tilskipunar 96/71/EB.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing sé ákveðin í þeim sérlögum sem við geta átt hverju sinni.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af tilskipun nr. 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, öðlast þegar gildi.

**Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál**

24. apríl 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál.

Alþýðusamband Íslands tók þátt í störfum þeirrar nefndar sem frumvarp þetta samdi og stendur heilshugar að þeirri niðurstöðu sem þar fékkst og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, með þeim réttarbótum sem þar er að finna.

Í upphafi þess nefndarstarfs sem frumvarpið samdi lagði ASÍ fram mótaða stefnu í þessum málaflokki og margt úr henni náði fram að ganga í störfum nefndarinnar. Þar lagði Alþýðusamband Íslands m.a. áherslu á, að við endurskoðun laganna yrði litið til þeirrar reynslu, sem fengist hefði af framkvæmd

eldri laga. Af þeirri reynslu mætti m.a. draga þann lærdóm, að nauðsynlegt er að bæta og lagfæra framkvæmd laganna og koma í lög nauðsynlegum stjórn-tækjum þannig að forðast mætti þau mistök, sem átt hefðu sér stað við fyrri framkvæmd. Taka þyrfti til gagn Gerrar endurskoðunar verklag fyrir og við útgáfu atvinnuleyfa. Koma þyrfti á fót hlutlægum úrskurðaraðila, sem tekið gæti á ágreiningi vegna útgáfu leyfa og ágreiningi, sem upp kæmi meðan á notkun leyfanna stendur og leyst úr honum með skjótum hætti. ASÍ telur, að það sé sameiginlegt hagsmunamál aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, að vel og tryggilega sé staðið að útgáfu atvinnuleyfa og öllu eftirliti með framkvæmd laganna. Þannig verði kjaralegir hagsmunir launafólks best varðir um leið og komið er í veg fyrir, að staða íslenskra fyrirtækja í samkeppni um verklegar framkvæmdir verði önnur og verri en þeirra, sem hingað sækja með erlent vinnuafli.

Þótt stefna ASÍ hafi í meginatriðum náð fram að ganga vill sambandið engu að síður halda henni til haga og kynna fyrir félagsmálanefnd Alþingis. Meginatriði í stefnu ASÍ eru eftirfarandi:

## **Skýr stefna stjórnvalda**

*Stjórnvöld hafi á hverjum tíma skýra stefnu varðandi útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga þar sem fram komi hvaða viðmiðum skuli fylgt og hvernig skuli standa að allri framkvæmd. Grunnurinn að slíkri framkvæmd verði lagður í löggjöf um atvinnuréttindi útlendinga.*

*Stefna stjórnvalda verði áfram grundvölluð á því í meginatriðum, að útgáfa atvinnuleyfa ráðist af því, að ekki sé nægur og hæfur mannaflí fyrir í landinu. Tryggt verði, að þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út hafi ekki áhrif á þau kjör, sem eru til staðar hvað þá að þau séu notuð til að skerða þau. Með þeim hætti verða kjör íslensks verkafólks og mannréttindi þeirra útlendinga sem hingað koma til starfa best tryggð.*

## **Skýrar reglur um framkvæmd**

*Skýrar reglur gildi um alla framkvæmd við útgáfu atvinnuleyfa og þar verði gætt hagsmuna þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði hvað varðar atvinnuöguleika, atvinnuöryggi, kjör og önnur réttindi. Innflutningur útlends vinnuafls verði þannig ekki til að skerða atvinnuöguleika þeirra sem fyrir eru, leiði til félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði eða skekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í beinni samkeppni við erlend fyrirtæki, sem hingað sækja í verk.*

## Umsagnarréttur verkalýðshreyfingarinnar

ASÍ leggur mikla áherslu á, að verkalýðshreyfingin hafi umsagnarrétt um einstakar beiðnir um útgáfu atvinnuleyfa. Þessi umsagnarréttur hefur ekki hindrað framkvæmd laganna og almennt stuðlað að betri framkvæmd þeirra. Á það er jafnframt bent, að einungis er um að ræða umsagnarrétt meðan endanlegt ákvörðunarvald er í höndum stjórnvalda. Umsögn verkalýðshreyfingarinnar er unnin stjórnvöldum að kostnaðarlausu auk þess sem að einstök verkalýðsfélög og sambönd búa yfir mikilvægri þekkingu á aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni. Verkalýðsfélögin hafa beina og milliliðalausa þekkingu um t.d. skil iðgjalda, réttarbrot á starfsmönnum, hvort viðkomandi hafi losað sig við útlent launafólk úr starfi nýverið og sé nú að sækja um fyrir nýjan hóp o.s.frv. Mikið er leitað til félaganna af þessum hópi og þeim veitt þjónusta, sem aftur skilar bæði þekkingu og reynslu, sem ekki er til staðar hjá hinu opinbera. Jafnframt búa félögin oft að góðri þekkingu á verkefnastöðu fyrirtækjanna. Hvaða verkefnum sé að ljúka, hver séu að hefjast og hvort fyrirtækið hefur verið að segja upp starfsmönnum undanfarid. Jafnframt þekkja þau oft betur til þess en Vinnuámalastofnun og önnur stjórnvöld hvort á hverjum tíma sé til hæfur mannskapur með tilskilda menntun og/eda réttindi og sem er til reiðu sé verkefnum til að dreifa. Ekki síður hafi verkalýðsfélögin glögggt yfirlit um hver séu hin raunverulegu kjör sinna félagsmanna.

## Félagsleg undirboð - skökk samkeppnisaðstaða

Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um það, að atvinnuleyfisveiting vegna ráðningar útlendra starfsmanna, hvort heldur er til íslenskra fyrirtækja eða erlendra, byggi á því að greidd séu sömu laun og áskilin sömu réttindi og gilda raunverulega í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein hér á landi. Tryggt verði í framkvæmd, að þeir njóti sömu kjara og allra réttinda og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði og verði þannig gert mögulegt að lifa með fullri reisn meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi.

Ekki er ásætlanlegt, að í ráðningarsamningum sé miðað við og vitnað til þeirra lágmarkskjara, sem kunna að gilda og láta þar við sitja. Slíkt getur leitt af sér tvennt sem hvort tveggja er óviðunandi. Annars vegar félagsleg undirboð þar sem útlent vinnuafl á lágmarkskjörum væri notað til að þrýsta niður kjörum og réttindum, sem í gildi eru á vinnumarkaðinum og hins vegar, að þau fyrirtæki, sem bjóða kjör í samræmi við það sem gildir raunverulega í viðkomandi grein hefðu veikari samkeppnisstöðu en þau fyrirtæki, sem flyttu inn útlent vinnuafl á lágmarkskjörum.

Líta ber einnig til þeirrar staðreyndar, að stór verk eru í meira mæli en

áður brotin upp í smærri verk. Þannig hafa litlum og meðalstórum íslenskum fyrirtækjum gefist tækifæri, sem ekki buðust áður til þess að bjóða í verk og verkhluta við stórframkvæmdir. Þessi fyrirtæki eru í beinni samkeppni við erlend fyrirtæki og útlent vinnuafn. Þau hafa mikla hagsmuni af því, að íslensk stjórnvöld standi þannig að málum að þau fyrirtæki, sem hér fá atvinnurekstrarleyfi og þau sem nota við verklegar framkvæmdir útlent vinnuafn sé í hvívetna gert skylt að starfa undir sömu skilyrðum og íslensk fyrirtæki. Þetta á m.a. við skyldur gagnvart launafólki og stjórnvöldum hvað varðar launakjör, aðbúnað, skatta og aðrar skyldur.

## Ólögleg vinnumiðlun og fjárplógsstarfsemi

Spornað verði við ólögmati og leytnilegri atvinnumiðlun, sem felst í því, að einstaklingar hér á landi eða erlendis gera útlendinga, sem hér koma til starfa að féþúfu. Mikilvægt er, að með þessu sé fylgst og gripið í taumana eftir því sem tilefni gefast til.

Skilyrðislaust ber að hafna atvinnuleyfisumsóknum sé rökstuddur grunur um að þær stafi úr slíkri starfsemi og jafnframt, að þeir aðilar verði kærðir, sem uppvisir verða að því að stunda slíka starfsemi.

## Upplýsinga- og fræðslustarf

Þeim útlendingum, sem koma til starfa hér á landi verði kynnt íslenskt samfélag og þær reglur og réttindi, sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Skipaður verði sérstakur samstarfshópur með fulltrúum þeirra opinberu stofnana, sem að málefnum útlendinga koma, verkalyðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda og annarra sem málið varðar t.d. Miðstöð nýbúa, samtök nýbúa og samtök sveitarfélaga. Hópurinn hafi það verkefni, að fjalla sérstaklega um og vinna að því að auka og bæta upplýsingastreymi til útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Bæði með því að vinna efni og tryggja, að því sé miðlað til þeirra aðila, sem því er ætlað. Þá verði fjallað um hvernig megi samræma og bæta þjónustu við útlendinga, sem leita eftir upplýsingum og aðstoð af ýmsu tagi.

## Gerð og efni ráðningarsamninga

ASÍ telur að ráðningarsamningsform það, sem nú er í notkun þarfnist endurskoðunar. Markmiðið með ráðningarsamningum verði, að þar sé fjallað með skýrum hætti um mikilvægustu þætti ráðningarinnar og réttarstöðu samningsaðila. Þetta á m.a. við um launakjör, vinnutíma og ráðningartíma, ferðakostnað, húsnæði og upphald og þess gætt, að ákvæði þessi séu sannanlega í samræmi við ákvæði íslenskra laga og kjarasamninga.

Ráðningarsamningarnir séu undirritaðir af báðum málsaðilum, atvinnurekanda og launamanni og samningurinn útbúinn með þeim hætti, að útlendingurinn hafi m.a. tungumálaforsendur til að skilja efni samningsins.

Hvað varðar eftirlit með ráðningarsamningunum er nauðsynlegt að gerðar verði kröfur um skýra og skilmerkilega útfyllingu þeirra. Jafnframt verður að gera kröfu til þess að skyldur atvinnurekanda varðandi heimflutning starfsmanns, óháð því með hvaða hætti ráðningunni líkur séu afdráttarlausar. Sama gildir hvað varðar skyldur atvinnurekanda til að greiða starfsmanni umsamin laun meðan á ráðningu stendur. Þannig verði fyrirbyggt að atvinnurekandi flytji inn starfsfólk, sem verði nokkurra tekna til framfærslu um lengri eða skemmri tíma vegna t.d. vinnslustöðvunar í fiskvinnslufyrirtækjum eða annarra álíkra ástæðna.

*Sjúkratryggingar - ferðakostnaður - tryggingafé*

ASÍ telur að tryggja verði, að atvinnurekendur beri ábyrgð á ferðakostnaði þeirra útlendinga, sem þeir ráða hér til vinnu. Jafnframt verði gert að skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfa, að auk annarra lög- og samningsbundinna trygginga, sjúkratryggi atvinnurekendur starfsmenn sína þar til þeir öðlast rétt til sjúkratrygginga hér á landi.

Í þessu sambandi má benda á þá aðferð, sem stjórnvöld í Evrópu hafa rætt um að taka upp og sem m.a. var kynnt á þingi Evrópusambands byggingamanna 4-5. nóvember 1999. Þar kom m.a. fram, að sum ríki eru farin að ræða um að taka upp „snjallkort“ sem atvinnurekendum verði gert skylt að láta launamenn hafa. Á þessi kort á að skrá öll laun og launatengd gjöld viðkomandi launamanns. Í Belgíu er búið að taka upp svona kort í byggingaiðnaðinum fyrir alla erlenda farandverkamenn. Atvinnurekanda er gert skylt að panta svona kort áður en hann ræður útlendan launamann. Það er gert til þess að tryggja, að öll réttindi launamannsins séu í gildi. Ekki síðar en á fyrsta starfsdegi launamanns verður atvinnurekandinn síðan að greiða tryggingargjald (um 50 þúsund kr. fyrir hvern byrjaðan mánuð), sem ætlað er að standa til tryggingar útgjöldum samfélagsins vegna launamannsins, standi atvinnurekandinn ekki við skyldur sínar. Séu allar skyldur efndar er tryggingin endurgreidd.

## **Réttarstaða skiptinema og maka sem þegar hafa fengið dvalarleyfi**

Hvað varðar réttarstöðu skiptinema og maka einstaklinga sem njóta útlendisréttar telur ASÍ að eðlilegt sé að horfa til sérstöðu þessa hóps en leggur áherslu á að þær undanþágur sem gera þarf verði vel skilgreindar í lög-

um þannig að undanþáguheimildir verði ekki notaðar til þess að komast fram hjá öðrum ákvæðum laganna.

*Kæruleiðir og eftirlit*

ASÍ telur að brýna nauðsyn beri til þess að inn í lög um atvinnuréttindi útlendinga verði felldar kærueimildir. Mörg þeirra verka sem erlend fyrirtæki með útlent vinnuafli koma að hér á landi hafa stuttan verktíma. Komi upp ágreiningur um aðbúnað launafólks, kjör þess o.fl. líkt og kom upp fyrr á þessu ári (1999) er með öllu óviðunandi að ekki sé hægt að bregðast við með skjótum hætti.

ASÍ telur rétt að sett verði á fót úrskurðarnefnd með aðild aðila vinnu- markaðarins og stjórnvalda. Þangað megi skjóta hverjum þeim ágreiningi sem rísa kann um túlkun og framkvæmd atvinnurekstrarleyfanna og atvinnuleyfanna, kjör hins útlenda vinnuafils, aðbúnað þess o.fl. og meint brot gegn skyldum atvinnurekanda gagnvart stjórnvöldum. Um verði að ræða skjót- virka lausn þar sem með úrskurði megi m.a. fella úr gildi útgefin leyfi, stöð- va notkun þeirra og gera kröfur um tafarlaugar úrbætur.

**Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingar, 566. mál, frumvarp til laga um opinber innkaup, 670. mál og frumvarp til laga um opinberar framkvæmdir, 671. mál**

4. maí 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar eftirfarandi frumvörp til laga:

- frumvarp til laga um vexti og verðtryggingar, 566. mál
- frumvarp til laga um opinber innkaup, 670. mál
- frumvarp til laga um opinberar framkvæmdir 671. mál.

Vegna miskilnings barst umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar um 566. mál Alþýðusambandi Íslands ekki fyrr en 3 maí. Þó hin frumvörpin hafi borist fyrr telur ASÍ þess ekki kost að leggja mat á áhrif og afleiðingar svo víðtækra frumvarpa á þeim tíma sem gefinn er til að vinna umsögnina.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleira, mál nr. 181 og frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur, mál nr. 195**

8. maí 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleira, mál nr. 181 og frumvarp til laga um húsaleigubætur, breytingar á ýmsum lagaákvæðum, mál nr. 195.

Frumvörpum þessum er ætlað undanþiggja húsaleigubætur frá skattskyldu og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi. ASÍ hefur áður gefið umsögn um málefni þetta þá er það hefur verið fyrir á fyrri þingum og er afstaða þess óbreytt. Hvatt til þess að skattlagning húsaleigubóta verði afnumin. Athygli er vakin á því, að frá því fyrst var gerð tillaga um breytingar á lögum í þessa átt og allt frá því lög um húnæðismál voru endurskoðuð og félagslega húnæðiskerfinu breytt á árinu 1998, hefur húnæðisvandi almennings farið hratt vaxandi. Ekki síst vandi þeirra sem ekki geta keypt á almennum markaði, hvorki með eða án viðbótarlána og þeirra sem ekki ráða lengur við að greiða markaðsleigu fyrir íbúðarhúsnæði. ASÍ hefur margoft bent á þann vanda sem fyrirsjáanlegur var og sem hlaðist hefur upp undanfarin ár. ASÍ hefur gert tillögur til félagsmálaráðuneytisins um lausn vandans og tekið þátt í störfum ágætrar nefndar um leigumarkað og leiguhúsnæði sem skilaði af sér mótuðum tillögum til félagsmálaráðherra í mars 2000. Á vandanum hefur þó ekki verið tekið og er brýnt að Alþingi grípi hér inn. Afnáam skattlagningar á húsleigubætur er eitt skref í þá átt en meira þarf til.

***Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklinga í atvinnurekstri og fleira, mál nr. 114***

*7. nóvember 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt o.fl. skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklinga í atvinnurekstri o.fl.

Í frumvarpinu er að finna breytingar á eftirfarandi lögum:

*lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt*

*lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga*

*lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald*

*lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda*

*lögum nr. 144/1994 um ársreikninga*

*lögum nr 145/1994 um bókhald.*

**Vegið að kjörum almenns launafólks og skattlagning færð af eignum og fjármagni yfir á laun og vinnu**

Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett fram er í raun þríþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að

lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni.

Alþýðusambandið vill vekja athygli á að ef svigrúm hefur skapast til skattalækkana þá hefur það svigrúm orðið til við það að skattleysismörk hafa ekki hækkað í takt við laun á undanförunum árum þó að þau hafi hækkað í takt við umsamin laun eftir að ríkisstjórnin féllst á þá kröfu ASÍ við gerð kjarasamninga 2000. Eins og Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á, er samhengi milli þróunar skattleysismarka og tekna ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga. Þegar tekjur einstaklinga aukast um 10%, skattleysismörk hækka um 10%, hækka tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga um 10%. Ef tekjur einstaklinga aukast meira en skattleysismörk, hækka tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga um meira en tekjur einstaklinga.

Þetta sést m.a. á tölum um skattbyrði einstaklinga, mælt sem hlutfall af landsframleiðslu eins og fram kemur í töflunni hér á eftir. Þetta er þrátt fyrir það að tekjuskattshlutfallið hafi verið að lækka.

Ár	Tekjuskattar einstaklinga se hlutfall af vergri landsframleiðslu
1990	8,2%
1996	10,4%
1997	10,5%
1998	12,0%
1999	12,7%

Heimild: OECD Revenue Statistics 1965-2000. OECD 2001, bls 68.

ASÍ hefur einnig gagnrýnt að dregið sé úr skattlagningu á eignum og fjármagni án þess að endurskoðun sé gerð á skattlagningu fjármagnstekna. Það skal áréttað að Alþýðusambandið hefur ekki lýst andstöðu sinni við það að lækka eða jafnvel afnema eignarskatta og stimpilgjöld af heimilum og fyrirtækjum í áföngum. Alþýðusambandið telur hins vegar eðlilegt að slík endurskoðun, slík kerfisbreyting, sé skoðuð út frá því markmiði að það sé afrakstur eignanna, hvort sem það er leiga, vextir eða arður, sem verði skattlagður, en ekki eignin sem slík. Ef ríkisstjórnin hefði t.d. mætt áætluðu tekjutapi að hluta til eða öllu leyti með hækkun fjármagnstekjuskatts hefði yfirbragð þessara aðgerða verið allt annað og betra. Slík skattkerfisbreyting hefði stuðlað að því að jafna samkeppnisstöðu mismunandi eignarforma á fjármálamarkaði og einkennt af innbyrðis jafnvægi af kostum og göllum. Áhrif slíkrar breytingar á



fjármálamarkaðinn hefði verið mun markvissari, án þess að efnt væri til deilna um grundvallarhagsmuni.

Í fyrsta lagi beinist gagnrýni Alþýðusambandsins að því, að með hækkun tryggingargjaldsins um 15% (eða 0,77 prósentustig), er launakostnaður fyrirtækjanna í landinu hækkaður, án þess að það skili sér í bættum kjörum launafólks. Þar með er verið að þrengja að því svigrúmi sem verkalýðshreyfingin hefur til þess að semja um bætt kjör launafólks. Um slíka breytingu hlýtur að verða grundvallarágreiðingur og er hún lítt til þess fallin að stuðla að sátt á vinnumarkaði.


Í öðru lagi beinist gagnrýni Alþýðusambandsins að því að ekki sé gert ráð fyrir neinum skattalækkunum fyrir almenning í landinu, sem situr uppi með verðlags- og kaupmáttaráhrifin af hækkun tryggingargjaldsins. Að vísu er komið til móts við kröfu verkalýðshreyfingarinnar um afnám skattlagningar húsaleigubóta, en með 18% hækkun frítekjumarka hátekjuskatts, sem innan við 7% skattgreiðenda greiðir, og engri hækkun skattleysismarka, sem 25% eru undir, er augljóslega verið að bæta kaupmátt hátekjufólks mun meira á kostnað almennings.

Rétt er að svara því strax, að með boðaðri lækkun tekjuskatts um 0,33 prósentustig, átti að ganga til baka sú hækkun sem varð á tekjusköttum almennings um síðustu áramót. Um þetta samdi verkalýðshreyfingin við ríkisstjórnina við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001. Það kemur fyrirhuguðum skattkerfisbreytingum nú því ekkert við. Jafnframt má geta þess, að ríkisstjórnin ætlar samhliða þessu að heimila sveitarfélögunum að hækka útsvar um sama hlutfall, þannig að lítið ef nokkuð kemur til með að standa eftir.

Í þriðja lagi hefur Alþýðusambandið gagnrýnt að þessar aðgerðir muni leiða til samdráttar í stað eflingar atvinnulífsins. Ástæðan er einföld. Skattur á launaútgjöld fyrirtækja hefur nákvæmlega sömu áhrif og launahækkunin sjálf, kostnaður fyrirtækjanna hækkar. Vandinn er hins vegar sá, að í stað þess að fyrirtækin geti mætt þessari kostnaðarhækkun með aukinni veltu vegna tekjuáhrifa launahækkana, verða þau að búa sig undir það gagnstæða. Því er ávallt rík tilhneiging hjá stjórnendum að velta slíkum skattahækkunum beint út í verðlagið. Það leiðir til þess að kaupmáttur almennings minnkar. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja hjálpar hér lítið, því minnkandi tekjur fyrirtækjanna hafa miklu umfangsmeiri áhrif á fjárfestingaákvarðanir heldur en tekjuskattur af væntum afrakstri. Það er t.d. engin tilviljun að fjármálamarkaður verðleggi langtímaverðmæti fyrirtækja út frá rekstrarhagnaði fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) en ekki hagnaði eftir skatta!

## Mikilvægt að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja

Alþýðusambandið tekur undir það sjónarmið að búa verði að íslensku atvinnulífi með þeim hætti, að það geti staðist æ harðnandi alþjóðlega samkeppni á öllum sviðum. En eins og fram kemur á hjálagðri mynd, sem fengin er að láni



frá fjármálaráðuneytinu og sýnir tekjuskattshlutfall fyrirtækja innan OECD 2001, er ekki með nokkru móti hægt að halda því fram að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sé hætta búin vegna álagningar tekjuskatta á fyrirtæki.

Með lækkingu tekjuskatts fyrirtækja verður tekjuskattshlutfall íslenskra fyrirtækja langt undir því sem gerist innan OECD og vill ASÍ vekja athygli á því að slík samkeppni er afar umdeild á alþjóðavettvangi.

## Tekjuskattar fyrirtækja innan OECD 2001

Eins og fram kemur á myndinni eru tekjuskattar á fyrirtæki á Íslandi með þeim lægstu innan OECD og því varla þar sem skórinn kreppir að. Það er aðeins eitt land sem hægt hefur verið að benda á að hafi tilfinnanlega lægri skatta en við og það er Írland.

Í rökstuðningi ríkisstjórnarinnar hefur verið sett jafnaðarmerki á milli þessara staðreyndar og að hagvöxtur á Írlandi hefur verið mjög mikill á síðustu árum (reyndar áður en skattar voru lækkaðir þar). Það hentar í pólitískri umræðu um málið. Staðreyndin er hins vegar sú, að Írland hefur á undanförunum árum fengið milljarða í beina styrki frá Evrópusambandinu til niðurgreiðslu á stofnkostnaði nýrra fyrirtækja vegna mikils atvinnuleysis. Það sama á við um fyrrum Austur Þýskaland og önnur jaðarsvæði í Evrópu. Þessir styrkir, sem

geta numið á bilinu 15-45% af öllum stofnkostnaði nýrra fyrirtækja, hafa einfaldlega miklu meiri áhrif á staðsetningu nýrra iðn- og tæknifyrirtækja heldur en tekjuskatturinn.

Hér á landi eru hins vegar ekki veittir slíkir styrkir og með því hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að minnka möguleika Íslands í allri nýfjárfestingu í þessum greinum. Alþýðusambandið hefur bent á að hafi stjórnvöld áhuga á að jafna samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs til þess að örva nýsköpun og hagvöxt, væri nær að líta á þessa þætti frekar en almenna lækkun tekjuskatta fyrirtækja, sem engin vissa er fyrir að skili sér með þeim hætti sem látið er í veðri vaka.

## **Tekjutap ríkissjóðs vegna skattalækkanna**

Mestur hluti tekjutaps ríkissjóðs vegna skattalækkanna kemur fram árið 2003. Árið 2002 lækka tekjurnar vegna afnáms skattlagningar húsaleigubóta, hækkunar viðmiðunarmarka í hátekjuskatti og 0,33% lækkunar á skatthlutfalli einstaklinga, sem ASÍ var lofað við endurskoðun kjarasamninga í mars sl. Í kostnaðarmati sínu nú reiknar ríkisstjórnin með kostnaði vegna þessarar breytingar. Ennfremur reiknar hún með því að tekjutap vegna hækkunar fríeignamarka í eignaskatti um 20%, hafi í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð. Fram kemur að markmiðið með þessum breytingum er að koma í veg fyrir að hækkun á fasteignamati hafi í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þegar fyrir lá hve mikil hækkun var á fasteignamati í sumar lýsti fjármálaráðherra því yfir að ekki stæði til að það hefði í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Það er því ekki raunhæft að reikna tekjutap þeirra vegna.

Ríkisstjórnin áætlar að þessar breytingar hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði um 7,1 milljörðum lægri þegar allar breytingarnar eru fram komnar (2003.1) Þar sem ríkisstjórnin gefur sér að skattalækkun á fyrirtæki skili meiri tekjum þegar fram í sækir, eða sem nemur um 3,5 milljörðum, áætlar hún að nettótekjutap ríkissjóðs af skattalækkununum verði einungis 3,6 milljarðar.

Ríkisstjórnin rökstyður þessar væntingar um auknar tekjur með því að benda á að þegar skattar á fyrirtæki voru lækkaðir fyrir miðbik síðasta áratugar, þá hafi tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja aukist en ekki minnkað. Virðist sem ríkisstjórnin hafi gleymt bakgrunninum.

Tekjuaukninguna má þó fyrst og fremst rekja til áhrifa þeirra kjarasamninga sem gerðir voru 1993. Þar færði launafólk miklar fórnir en lagði með því grundvöll að bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem var upphafið að þeim mikla hagvexti sem verið hefur hér síðan þá og hafði í för með sér að tekjur af tekjusköttum fyrirtækja jókst. Einnig jukust tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja vegna breikkunar á skattstofni (undanþágum var fækkað). Ekki er í til-

lögum ríkisstjórnarinnar að finna nánari útlistun á því hvernig eða hvenær þessir 3,5 milljarðar gætu skilað sér í ríkiskassann.

## Mat hagdeildar ASÍ á tekjutapi og tekjuauka ríkissjóðs vegna boðaðra skattabreytinga

	Tekjutap / tekjuauki
<b>Einstaklingar:</b>	
Eignarskattar einstaklinga lækka úr 1,2% í 0,6% (árslok 2002)	- 2 milljarðar
Niðurfelling Þjóðarbókhöðuskatts (árslok 2002)	- 400 milljónir
Skattlagning húsaleigubóta afnumin (2002)	- 150 milljónir
Frítækjumörk hátekjuskatts hækkuðu um 15% (vegna tekna 2001) <sup>2</sup>	- 600 milljónir
<b>Tekjutap vegna lækkunar skatta á einstaklinga</b>	<b>3.150 milljarðar</b>
<b>Fyrirtæki:</b>	
Eignarskattar fyrirtækja lækka úr 1,2% í 0,6% (árslok 2002)	- 1,1 milljarður
Niðurfelling Þjóðarbókhöðuskatts (árslok 2002)	- 400 milljónir
Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%	- 2,7 milljarðar
<b>Tekjutap vegna lækkunar skatta á fyrirtæki</b>	<b>4,2 milljarðar</b>
<b>Tekjutap brúttó</b>	<b>7.350 milljarðar</b>
Tryggingagjald hækkar úr 5,23% í 6% - um 0,77%	+3,5 milljarðar <sup>3</sup>
<b>Tekjutap nettó</b>	<b>3.850 milljarðar</b>

Til að setja þessar stærðir í samhengi hefur hagdeild ASÍ metið tekjutap ríkissjóðs við ýmsar breytingar á skattlagningu almennings svo sem lækkun almennu tekjuskattpróscentunnar, hækkun persónuafsláttar og/eða skattleysismarka.

## Dæmi um tekjutap ríkissjóðs vegna breytinga á skatthlutfalli, persónuafslætti og skattleysismörkum<sup>4</sup>

	<b>Tekjutap ríkissjóðs</b>
Skattleysismörk hækkuð um 1.000 kr. úr 65.132 kr. í 66.132 kr. með hækkun persónuafsláttar úr 25.245 kr. í 25.632 kr. Eða um 387 kr.	800 milljónir
Persónuafsláttur hækkaður um 1.000 kr. og þar með skattleysismörk úr 65.132 kr. í 67.712 kr. eða um 2.580 kr.	2,1 milljarðar
Skattprósentan <sup>5</sup> lækkuð um 1%, og skattleysismörkum haldið óbreyttum (en persónuafsláttur lækkaður úr 25.245 kr. í 24.594 kr. eða um 651 kr.	1,8 milljarðar
Skattprósentan lækkuð um 1%, og persónuafslætti haldið óbreyttum (en skattleysismörk hækka úr 65.132 kr. í 66.856 kr. eða um 1.724 kr.	3,2 milljarðar

Útreikningar hagdeildar ASÍ byggja á skattalíkani ASÍ og tekjum árið 2000

Það er mat Alþýðusambands Íslands að staða ríkissjóðs næstu árin geti orðið þannig að tekjutap eins og hér er lagt upp með geti veikt verulega afkomu hans. ASÍ hefur því verulegar áhyggjur af því að veik afkoma gæti bitnað á launafólki með hækkun skatta, raunlækkun bóta eða aukinni gjaldtöku í velferðarkerfinu.

ASÍ hefur einnig svipaðar áhyggjur af afkomu sveitarfélaga því að ljóst er að þessi breyting mun einnig veikja stöðu þeirra, fyrst og fremst með hækkun tryggingargjaldsins en einnig geta tekjur sveitarfélaga af útsvari dregist saman ef rekstur einstaklinga fer í meira mæli fram í gegnum einstaklingshlutafélög og tilfærsla verður þar á tekjum úr launum í hagnað.

## Lækkun tekjuskatthlutfalls um 0,33% og afnám skattlagningar húsaleigubóta

Alþýðusamband Íslands fagnar því að gamalt baráttumál sambandsins, skattlagning húsaleigubóta, sé loksins í höfn. Þetta er eina breytingin í þessu frumvarpi sem snertir almennt launafólk ef undan er skilin 0,33% lækkun á tekjuskattshlutfallinu (úr 26,08% í 25,75%<sup>6</sup>) en á hana hafði ríkisstjórnin þegar fallist að kröfu ASÍ við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001.

Það er þó ekki víst að skattshlutfallið lækki sem þessu nemur alls staðar á landinu, því um næstu áramót fá sveitarfélögin heimild til að hækka hámarksútsvarið um 0,33%. Einhver sveitarfélög hafa lýst því yfir að þau hyggest ekki notfæra sér þessa heimild, m.a. Reykjavík.

Ríkisstjórnin áætlar að tekjutap vegna lækkunar tekjuskattshlutfallsins um 0,33% sé um 1.200 milljónir, en að mati hagdeildar ASÍ er líklegt að um ofmat sé að ræða, þar sem mat hagdeildarinnar er að áætlun fjárlaga um tekjur af tekjuskatti einstaklinga fyrir árið 2002 sé ofmetin.

## Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%

Áætlað er að tekjuskattur fyrirtækja skili 6 milljörðum á næsta ári. Tekjutap ríkissjóðs af þessari skattalækkun verður ekki fyrr en á árinu 2003 þar sem skatturinn er eftirágreiddur. Ef við gefum okkur sömu tekjur árið 2003 og gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir 2002, yrði um að ræða tekjuskerðingu upp á 2,4 milljarða. Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir heldur meira tekjutapi, eða 2,7 milljörðum.

Jafnframt gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist um 3,5 milljarða (ótímasett), vegna skattalækkana á fyrirtæki. Rökin eru þau, að skattalækkunin skili sér í meiri umsvifum í atvinnulífinu og að fyrirtæki reyni ekki í sama mæli að koma sér hjá að greiða tekjuskatt með því að koma sér í skuld.

Varðandi þá tilvísun er tvennt sem gleymst hefur að taka fram samtímis (það þarf að lesa smáa letrið líka). Í fyrsta lagi var skattstofninn breikkaður og það eitt og sér - allt annað óbreytt - skilar meiri tekjum. Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sagði á ráðstefnu um skattaumhverfi á Íslandi á vegum viðskiptafræðinema 26. september 2001:

*„Í þessu skyni voru tekjuskattar á fyrirtæki lækkaðir umtalsvert á árinu 1993, eða úr 45% í 33% og höfðu þá lækkað um þriðjung frá árinu 1991.*

*Um leið voru felldar niður margvíslegar undanþágur sem þá voru í gildi (smáa letrið = skattstofninn breikkaður. Innskot mitt RS)“*

Ekki verður séð að boðaðar breytingar hafi í för með sér breikkun á skattstofni tekjuskatts fyrirtækja.

Í öðru lagi var íslenska hagkerfið að sigla inn í skeið þess mikla hagvaxtar sem hér hefur ríkt að undaförnu, þegar þessi breyting átti sér stað. Honum hefur auðvitað fylgt mikil aukning á hagnaði fyrirtækja. Varhugavert er að gefa sér að svo verði á næstu árum, þar sem líklegra er að næsta/ú ár verði hér lítill hagvöxtur.

Miðað við rekstrarstöðu fyrirtækja í landinu nú má segja að almennt virðist sem fjármála- og tryggingafyrirtæki fyrst og fremst muni njóta góðs af lækkun tekjuskatts. Skýrist þar fyrst og fremst af því að þau eiga fæst hver uppsafnað skattalegt tap og hafa skilað hagnaði síðustu ár. Hins vegar er ljóst að fyrirtæki í sjávarútvegi eiga mörg hver verulegt uppsafnað tap og munu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskatts á næstu misserum.

Varðandi lækkun á tekjuskatti fyrirtækja hefur Alþýðusambandið bent á að hægt sé að ná meiri árangri í að efla atvinnulíf með því að veita stofnstyrki til fyrirtækja en með almennri aðgerð eins lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja.

Leiða má að því líkur að lækkun á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja á sama tíma og tryggingargjald er hækkað, geti aukið heildarskattlagningu á fyrirtæk-in í landinu vegna áhrifa afnáms verðbólgu-eikningsskila. Breytingarnar eru heldur ekki hlutlausar, þar sem ljóst er að hækkan tryggingargjalds getur komið verulega illa við ný fyrirtæki sem ekki eru enn farin að skila hagnaði.

## **Yfirlýsing um einkarekstri í einkahlutafélag og reiknað endurgjald**

Lagt er til að einstaklingur í atvinnurekstri geti stofnað einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins. Samkvæmt frumvarpinu á yfirlýsingu ekki að hafa í för með sér skattskyldar tekjur, hvorki fyrir eigandann né félagið. Eignir og skuldir eru færðar yfir á bókfærðu verði og því má segja að með umræddri breytingu frestist skattlagning þess hagnaðar sem myndast við yfirlýsninguna, þar til hlutir eiganda einkahlutafélagsins, sem hann fékk sem gagngjald fyrir rekstur sinn, verða seldir.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir að eðlilegt þyki að einstaklingum sem stundað hafa rekstur í eigin nafni verði heimilt að umbreyta rekstrarforminu og færa reksturinn yfir í einkahlutafélag, án þess að til skattskyldu stofnist, enda sé í raun ekki um yfirlýsingu eigna að ræða heldur fyrst og fremst umbreyting á rekstrarformi.

Í frumvarpinu eru tilgreind skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo þessi yfirfærsla geti átt sér stað. Skilyrðin eru þau að í raun þurfi um samskonar starfsemi að vera að ræða í einkahlutafélaginu eins og í einkarekstrinum, þ.e. tilgangur starfseminnar þarf að vera sá sami.

Í 57. gr. C er að finna ákvæði sem takmarkar ábyrgð þess sem gerir þessa formbreytingu. Þetta ákvæði er öðru vísi en t.d. gildir við samruna hlutafélaga en eins og þegar sameignarfélagi er breytt í hlutafélag eða einkahlutafélag, en þetta er ákvæðið um að þótt einkahlutafélagið taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum þá ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans.

Stofnverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í stofnefnahagsreikningi. Ekki er gerð nein krafa um eignarhald á hlutunum í einkahlutafélaginu og þannig geta menn í raun þegar eftir formbreytinguna selt hluta sína og verða þá skattlagðir samkvæmt 3. mgr. 67. gr., það er með 10% skatti.

Þegar ákvæði frumvarpsins í heild eru skoðuð þá virðist flest mæla með því fyrir einstaklinga í rekstri notfæri sér þennan möguleika á formbreytingu rekstrarins, ekki síst í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að hagnaður einkahlutafélaga verði skattlagður 18% í stað 30% áður en arður eða söluhagnaður eiganda þeirra verði áfram skattlagður með 10%, þ.e. virkur skattur þeirra verður einungis 26,2% á sama tíma og skattur af tekjum einstaklinga er 38,76% eða 45%. Um leið eru menn að takmarka ábyrgð sína frá fyrri rekstri.

Þessi leið yrði auðvitað sérstaklega heppileg fyrir þá sem eru í einkarekstri þar sem um dulin verðmæti er að ræða í rekstrinum, s.s. óbókfærðar aflaheimildir eða viðskiptavild.

Ljóst er að töluvert hagræði hefur verið til þessa af því að breyta rekstri úr einkarekstri í einkahlutafélag þar sem í einkahlutafélagi er hægt hafa greidd laun eigenda sem lægst og ná fjármagninu úr félaginu eftir öðrum leiðum. Til dæmis með því að greiða arð sem skattlagður er, eða með því að félagið greiði einkaútgjöld viðkomandi. Fjöldi einkahlutafélaga hefur aukist undanfarin ár. Stór hluti þessara einkahlutafélaga virðist í raun oft vera gamli einstaklingsreksturinn í breyttu formi og hafa komið fram hjá skattstofum landsins ýmis skattaleg vandamál samhliða þessum breytingum.

Þetta hagræði ykist verulega ef þessi breyting yrði að lögum samhliða lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja úr 30% í 18%. Ein leið til að slá á fjölgun einkahlutafélaga er að skoða fækkun þeirra aðila sem telja fram reiknuð laun. Samkvæmt rannsókn Þjóðhagsstofnunar<sup>7</sup> fækkaði þeim sem telja fram



reiknuð laun um 2,8% á landinu öllu og um 4,1% á höfuðborgarsvæðinu á milli árána 1999 og 2000.

Stofnun einkahlutafélags er bæði ódýr og auðveld. Kostnaður við að stofna einkahlutafélag er einungis kr. 84.980. Þá er áhættan lítil í mörgum þessara mála þar sem þau eru þess eðlis að álagsbeiting er oft felld niður hjá yfirskaðanefnd. Áhættan er því oft engin önnur en að þurfa að borga þann skatt sem aðilinn átti hvort sem er að borga. Þannig að það er allt að vinna með því að taka þátt í leiknum.

Í ljósi hins mikla ávinnings eigenda einkahlutafélaga af breytingum í einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélagaförmið má búast við mjög mikilli aukningu á fjölda einkahlutafélaga og sömuleiðis vandamála sem snerta launagreiðslur til eigenda. Erfitt er að eiga við þessi vandamál þar sem skattyfirvöld verða þá að fara út í þá vinnu að véfengja vinnumagn eigenda í ljósi umfangs og eðlis starfseminnar, fjölda annarra starfsmanna o.s.frv. Má ætla að við þetta mat halli verulega á skattyfirvöld varðandi sönnunarbryði. Öll rannsókn og úrvinnsla mála verður mun flóknari í einstaklingshlutafélagi. Fleiri aðilar munu þurfa að koma að málum sem áður voru tiltölulega einföld. Auðveldara verður að þæfa málin fram og aftur með því að einn aðili málsins svarar ekki á öllum stigum og erfiðara verður fyrir skattayfirvöld að fóta sig á sífellt stífari formkröfum.

Alþýðusamband Íslands er algjörlega mótfallið þessum breytingum, nema að tryggt sé að komið sé í veg fyrir skattsvik vegna slíks rekstrar. ASÍ telur nauðsynlegt að herða og skýra öll ákvæði sem snúa að einstaklingshlutafélagi og reiknuðu endurgjaldi almennt og sérstaklega ef lögfesta á þessa breytingu. Jafnframt verður að endurskoða upphæð fjármagnstekjuskatts í sambandi við einstaklingshlutafélög ef tekjuskattshlutfall fyrirtækja verður lækkað úr 30% í 18%. Með því að lækka tekjuskatt fyrirtækja en hækka ekki fjármagnstekjuskatt er verið að auka mismun í skattlagningu eftir uppruna tekna. ASÍ er því algjörlega mótfallið. Jafnframt telur ASÍ nauðsynlegt ef þessi breyting á að verða að lögum að sett verði það skilyrði við umbreytingu einstaklingsrekstrar yfir í hlutafélag að viðkomandi selji ekki eignir eða félagið í 5 ár.

Rétt er að geta þess að í frumvarpinu er lagt til að skýrð verði ákvæði laganna um reiknað endurgjald. Þeim breytingum er ekki hvað síst ætlaður sá tilgangur að tryggja að einstaklingar sem notfæra sér heimildir 57. gr. C misfari ekki með það og reyni að greiða sér óeðlilega lág laun í gegnum hlutafélagið með það í huga að taka sem mest af hagnaðinum út í formi arðs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerð sé orðalagsbreyting á 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (tskl.), sem fjallar um svokallað reiknað endurgjald (reiknuð laun). Í raun er ekki um efnislega breytingu að

ræða, heldur er verið að skýra þetta ákvæði betur og styrkja orðalag þess og tengist vafalaust ofanefndri breytingu varðandi heimildir einstaklinga í rekstri að færa reksturinn yfir í einkahlutafélag. Talað er um að ákvæðið um reiknað endurgjald eigi líka við um einstaklinga sem vinna við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Með þessu á að reyna að koma í veg fyrir að aðilar sem eru í framangreindum tengslum við þann rekstraraðila sem þeir fá laun hjá, ákvarði sér laun langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila.

Einnig er reynt að skerpa á orðalagi varðandi upphæð reiknaðs endurgjalds og fjallað um heimildir skattstjóra til að hækka reiknuð laun þeirra sem ekki hafa reiknað sér nægjanlega há laun fram að þessu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 59. gr. um þetta verði mun ítarlegri og skýrari en áður var og kveðið þar á um ýmsar forsendur sem ákvörðun skattstjóra skal byggja á og forsendur skattmatsreglna ríkisskattstjóra um þetta efni (var áður í staðgreiðslulögum en er nú fært yfir í tskl.). Í raun er þó ekki verið að gera efnisbreytingar á þessum reglum og ekki gert ráð fyrir því að forsendur skattmats ríkisskattstjóra breytist. Ríkisskattstjóri skal setja árlega við upphaf tekjuárs reglur um lágmark reiknaðs endurgjalds. „Við ákvörðun lágmarks reiknaðs endurgjalds skal höfð hliðsjón af kjarasamningum og raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.“. Alþýðusambandið fagnar því að reynt sé að skerpa á ákvæðum um reiknað endurgjald, en bendir jafnframt á að laun geta t.d. verið mismunandi eftir því hve margar klukkustundir eru unnar af viðkomandi. Sönnunarbyrðin er eins og áður sagði skattayfirvalda; erfið og tímafrek.

## Lækkun skatthlutfalls aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

Frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun skatthlutfalls tiltekinna aðila sem hafa eftirfarandi tekjur hér á landi (afdráttarskatti):

- Þeir sem fá greitt frá íslenskum aðilum laun fyrir störf.
- Þeir sem fá greitt fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi.
- Þeir sem hafa tekjur af hlutabréfum, stofnbrefum eða öðru álíka (þetta nær þó ekki til einstaklinga með takmarkaða skattskyldu hér á landi sem hafa arðstekjur eða söluhagnaðartekjur, en þeir skulu greiða skatt í samræmi við 3. mgr. 67. gr. þ.e. 10%).

Skatthlutfall framangreindra aðila verður nú 15% í stað 20% áður. Þeir sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, án fastra launa en njóta

afraksturs starfseminnar, eiga nú að greiða 10% skatt í stað 13% áður.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að verið sé að breyta skatthlutfalli lögaðila en eins og kemur fram að ofan, er einnig verið að lækka skatthlutfalla aðila með takmarkaða skattskyldu sem eru að fá greitt laun frá íslenskum aðilum.

Alþýðusamband Íslands er andvígt lækkun á tekjuskattshlutfalli aðila með takmarkaða skattskyldu þegar ekki er gerð sambærileg breyting á tekjuskatti launafólks á Íslandi.

## Fríeignarmörk í eignarskatti og sérstökum eignarskatti einstaklinga hækka

Fríeignarmörk í eignarskatti og sérstökum eignarskatti einstaklinga hækka um 20% vegna eigna í árslok 2001, til þess að koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta á næsta ári.

Þessi hækkun á að tryggja að tekjur ríkissjóðs aukist ekki vegna hækkunar fasteignamats. Þetta miðast við meðaltal og því er ljóst að þessi breyting tryggir ekki að eignarskattar hækki ekki á einhverjum heimilum, vegna hækkunar fasteignamats.

Alþýðusamband Ísland fagnar því að ekki stendur til að auka skattlagningu vegna breytingar á fasteignamati, en bendir jafnframt á að þrátt fyrir þessa breytingu getur orðið um raunhækkun að ræða í einhverjum tilfellum.

## Tryggingagjald hækkað um 0,77%

Tryggingagjald er nú í einu gjaldstigi, 5,23%. Það er staðgreiðsluskýlt og hið sama fyrir öll greidd laun. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum. Þar bætist við sérstök trygging.

---

Almennt tryggingagjald	3,99%
Atvinnutryggingagjald	1,15%
Gjald í Ábyrgðarsjóð launa v/ gjaldþrota	0,04%
Markaðsgjald	
Samtals til staðgreiðslu	5,23%
Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
Samtals af launum sjómanna	5,88%

---

Tillaga ríkisstjórnarinnar felur í sér að tryggingagjald hækki um 0,77% og yrði þá 6%. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að tryggingagjald skili um 22,5 milljörðum. Hvert prósentustig skilar því um 4,3 milljörð-

um. Tekjuauki ríkissjóðs vegna hækkunar tryggingagjalds ætti að skila 3,3 milljörðum í ríkissjóð árið 2003, miðað við áætlaðar tekjur næsta árs. Ríkisstjórnin áætlar að þessi hækkun skili 2,5 milljörðum og miðar þá einungis við hlut annarra atvinnurekenda en ríkissjóðs.

Eins og fram kom hér að framan, telur Alþýðusambandið að með þessu sé verið að hækka launakostnað fyrirtækja án þess að það skili sér í bættem kjörum launafólks. Með þessu er ríkissjóður að þrengja að því svigrúmi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa til að semja um bætt kjör launafólks.

Jafnframt hefur ASÍ bent á, að áhrif hækkunar tryggingagjalds á vísitölu neysliverðs séu þau sömu og ef um launahækkun til launafólks væri að ræða. Með þessari breytingu yrði því kaupmáttur launafólks skertur.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn því að þessi breyting verði að lögum.

## Frítækjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga (hátekjuskatti) hækka um 18%

Tekjumörk hátekjuskatts fyrir tekjur árið 2001 eiga að hækka um 15%. Fyrir tekjur á árinu 2002 hækka þau aftur og þá um 3%. Sérstakur hátekjuskattur er framlengdur um 1 ár, t.o.m 2002.

Frítækjumörk hátekjuskatts fyrir og eftir breytingu 2001

	Einstaklingur	Sambýlisfólk
Tekjur árið 2000	279.992	599.983
Tekjur árið 2001	322.083	644.167
Tekjur árið 2002	331.667	663.333

Taflan hér að framan sýnir tekjumörk hátekjuskatts fyrir einstaklinga og sambýlisfólk.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2002, er áætlað að hátekjuskattur skili 1.200 milljónum í ríkissjóð. Tekjutap vegna þessarar breytingar er áætlað 600 milljónir<sup>8</sup>.

Einn liður í fjármögnun ríkissjóðs til að bæta upp tekjutap sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds 1993, var að taka upp tímabundinn (til tveggja ára) sérstakan tekjuskatt (hátekjuskatt) sem var þá 5%.

Álagningin var framlengd 1995 og viðmiðunarmörk tekna samtímis hækkuð. Það sama gerðist 1996.

Árið 1997 var samþykkt á Alþingi að hækka skattinn úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998. Jafnframt hækkuðu viðmiðunarmörkin. Þetta ákvæði átti að gilda fram til ársins 2001.

Nú stendur til að framlengja þennan skatt um eitt ár t.o.m. 2002. Jafnframt leggur ríkisstjórnin til að tekjumörk í hátekjuskatti hækki um 15% fyrir tekjur á árinu 2001 og 3% fyrir tekjur á árinu 2002.

Í eftirfarandi töflum sést þróun tekjumarka hátekjuskatts, skattleysismarka og skatthlutfalla. Hækkun tekjumarka hátekjuskatts er mun meiri en hækkun skattleysismarka fyrir einstaklinga og hjón, sem bæði hafa tekjur yfir skattleysismörkum. Hækkun skattleysismarka hjóna þar sem einungis annað hefur tekjur kemst næst hækkun hátekjumarkanna og stafar það af því að persónuafsláttur er að verða í meira mæli millifæranlegur milli hjóna.

## Skattleysismörk

	Bæði hjóna				Bæði hjóna		Milli
	Einstak Lingur	annað ekki með tekjur	Skatt prósenta	Einstak lingur	hjóna	færanlegur	%
1993	57.447	103.405	41,43				80%
1994	57.193	102.947	41,84	-0,4%	-0,4%		80%
1995	59.310	106.758	41,93	3,7%	3,7%		80%
1996	60.332	108.598	41,94	1,7%	1,7%		80%
1997	58.524	105.342	40,84	-3,0%	-3,0%		80%
1998	59.867	107.760	39,02	2,3%	2,3%		80%
1999	60.848	109.526	38,34	1,6%	1,6%		80%
2000	63.488	117.454	38,37	4,3%	7,2%		85%
2001	65.794	125.009	38,76	3,6%	6,4%		90%
2002	67.768	132.148		3,0%	5,7%		95%

## Hátekjuskattur og viðmiðunarmörk hans

	Einstaklingur	Bæði hjóna	%	Breyting hátekjumarka milli ára	Milli færanlegur
1993	203.340	406.680	5	100%	
1994	207.840	415.680	5	2,2%	100%
1995	233.820	467.640	5	12,5%	100%
1996	233.820	467.640	5	0,0%	100%
1997	233.820	467.640	5	0,0%	100%
1998	266.500	533.000	7	14,0%	100%
1999	273.163	546.325	7	2,5%	100%
2000	279.992	559.983	7	2,5%	100%
2001	322.083	644.167	7	15,0%	100%
2002	331.667	663.333	7	3,0%	100%

## Hækkun tekjumarka hátekjuskatts og skattleysismarka<sup>9</sup>

	Tekjumörk hátekjuskatts	Skattleysismörk einstaklingur	Skattleysismörk annað hjóna hefur ekki tekjur
Hækkun frá 1993 - 2002	63,1%	18,0%	27,8%
Hækkun frá 1997 - 2002	41,8%	15,8%	25,4%
Hækkun frá 1998 - 2002	24,5%	13,2%	22,6%

Því hefur verið haldið fram að hátekjuskatturinn sé í raun bara skattur á meðaltekjur. Það er tvennt sem villir mönnum sýn hvað þetta varðar. Annars vegar virðast margir ekki átta sig á því að þegar hátekjuskattur er reiknaður fyrir fólk í sambúð, þá eru tekjur beggja aðila lagðar saman og það sem er yfir tvöföldum hátekjumörkunum (2 \* 280 þús. á mánuði fyrir tekjur á árinu 2000) er skattlagt með hátekjuskattspróscentunni 7% aukalega.

## Meðalatvinnutekjur eftir kyni og hjúskaparstétt framteljenda 2000

Þeir sem hafa atvinnutekjur bæði árin

	Á ári	Á mánuði
Konur	1.475	122.917
Karlar	2.647	220.583
Giftar konur	1.577	131.417
Kvæntir karlar	3.381	281.750
Hjón / sambýlisfólk saman	4.553	379.417
Einhleypir	1.566	130.500
Einstæðir foreldrar	1.633	136.083
Barnlausir	1.559	129.917
Allir	2.055	171.250
Fjöldi	116.199	116.199

Heimid: Þjóðhagsstofnun frétt nr.12/2001 bls 4

Hins vegar virðast þeir sem þetta staðhæfa ekki hafa nægilega innsýn í tekjur í þjóðfélaginu öllu. Sé t.d. heftum Kjararannsóknarnefndar flett, kemur í ljós að þeir hópar sem ná upp og yfir hátekjuskattstekjumörkin í launum eru ekki fjölmennir. Það sama á við þegar tekjur úr skattframtölum eru skoðaðar eins og kemur fram í töflunni hér að framan.

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan eru meðaltekjur langt undir tekjumörkum hátekjuskatts. Þetta á jafnvel við þegar meðaltekjur tekjuhæsta hópsins, kvæntra karla, eru skoðaðar. Enda er ekki fjölmennur hópur skattgreiðenda að greiða hátekjuskatt eins og kemur fram næstu töflu.

# Tekjuskattsstofn og skattgreiðendur við álagningu 2001 (tekjur 2000)

Fjöldi	Ógiftir fram- teljendur	Hjón	Ein- hleypir	Einstæðir foreldrar	Karlar	Konur	Giftir karlar	Giftar konur	Ógiftir karlar	Ógiftar Konur	Allir
Heildarfjöldi	98.347	57.897	88.848	9.499	106.575	107.566	57.891	57.903	48.684	49.663	214.141
Undir skattleysismörkum <sup>1)</sup>	25.546	677	24.227	1.319	15.108	31.006	3.665	16.903	11.443	14.103	46.114
Greiddendur tekjuskatts <sup>2)</sup>	53.948	50.447	47.540	6.408	77.315	53.852	48.006	29.213	29.309	24.639	131.167
Greiddendur tekjuskatts og/eda útsvars	72.605	55.015	64.432	8.173	90.502	76.124	53.376	40.645	37.126	35.479	166.626
Greiddendur hátekjuskatts <sup>3)</sup>	6.491	6.826	5.929	562	11.349	3.237	6.412	1.683	4.937	1.554	14.586
Greiddendur tekjuskatta eftir bætur <sup>4)</sup>	67.742	52.761	63.241	4.501	88.467	68.135	51.906	36.954	36.561	31.181	156.602
<b>% af heildarfjölda</b>											
Undir skattleysismörkum <sup>1)</sup>	25,98	1,17	27,27	13,89	14,18	28,83	6,33	29,19	23,50	28,40	21,53
Greiddendur tekjuskatts <sup>2)</sup>	54,85	87,13	53,51	67,46	72,55	50,06	82,92	50,45	60,20	49,61	61,25
Greiddendur tekjuskatts og/eda útsvars	73,83	95,02	72,52	86,04	84,92	70,77	92,20	70,19	76,26	71,44	77,81
Greiddendur hátekjuskatts <sup>3)</sup>	<b>6,60</b>	<b>11,79</b>	<b>6,67</b>	<b>5,92</b>	<b>10,65</b>	<b>3,01</b>	<b>11,08</b>	<b>2,91</b>	<b>10,14</b>	<b>3,13</b>	<b>6,81</b>
Greiddendur tekjuskatta eftir bætur <sup>4)</sup>	68,88	91,13	71,18	47,38	83,01	63,34	89,66	63,82	75,10	62,79	73,13

*Heimild: Þjóðhagsstofnun*

## Skýringar:

Þeir sem eru með handreiknaða álagningu eru ekki meðtaldir skattleysismörk ekki tekjuskatt eða útsvar.

1) Skattleysismörk (tekjuskattur og útsvar skv. staðgreiðslu) v/álagningar 2001 voru 761.861 kr., 63.488 kr. á mánuði.

Vegna sjómannafláttar, innborgunar á húsnæðissparnaðarreikning, millifærslu persónuafsláttar hjá hjónum

og mismunandi hundraðshlutfalls útsvars eftir sveitarfélögum greiða

margr sem eru með hærri tekjur en ofangreind skattleysismörk ekki tekjuskatt eða útsvar.  
2) Einungis tekjuskattur til ríkissjóð, 26,41% við álagningu 2001.  
3) Viðmiðunarmörk fyrir hátekjuskatt voru 3.359.899 kr. hjá einhleypingi og 6.719.798 kr. hjá hjónum.  
4) Tekjuskattur + útsvar + hátekjuskattur - vaxtabætur - barnabætur.



Þegar tölur um greiðendur hátekjuskatts vegna tekna árið 2000 eru skoðaðar, kemur í ljós að tæplega 7% tekjuskattsgreiðenda greiða hátekjuskatt eða um 14 þúsund af þeim 214 þúsund sem gefa upp tekjur til skatts. Ef einungis eru skoðaðir þeir sem greiða tekjuskatt nettó, þ.e. greiða tekjuskatt umfram bætur, þá eru þeir 156.600. Hlutfall þeirra sem greiða hátekjuskatt, reiknað af þeim hópi, er 9,3%. Einungis um 3% kvenna greiða hátekjuskatt og aðeins 2,9% gifta kvenna. Um 10,7% karla greiða hátekjuskatt og af giftum körlum greiða um 11% hátekjuskatt. Fjölmennasti hópurinn sem greiðir hátekjuskatt eru í hópnun hjón eða 11,8%.

Af þessum tölum má ljóst vera að mikill minnihluti greiðir hátekjuskatt. Með þessari breytingu er því verið að setja 600 milljónir til að lækka sérstaklega skatt hjá minna en 10% þjóðarinnar. Með hækkun viðmiðunarmarka lækkar skattur þeirra sem hafa tekjur yfir 320 þúsund kr. á mánuði í ár um 3.000 kr. á mánuði eða um 35 þúsund krónur á ári og á næsta ári um 3.600 krónur á mánuði eða um 43 þúsund á ári.

Fyrir 600 milljónir hefði mátt hækka skattleysismörkin um 800 krónur á mánuði, úr 65.132 kr í 65.932 kr. Hækkun skattleysismarka lækkar vissulega skattbyrði allra sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum en lækkar þó hlutfallslega mest skattbyrði þeirra tekjulægstu. Hækkun skattleysismarka um 800 krónur hefur í för með sér að allir sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum greiða 310 króna lægri skatt á mánuð.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að skattleysismörk í hátekjuskatti séu hækkuð eins og lagt er til í frumvarpinu og telur að almenn aðgerð eins og t.d. hækkun skattleysismarka eða lækkun almennu tekjuskattsprósentsunnar sé betur fallin til tekjujöfnunar.

## **Breyting á fjárhæðum vaxtabóta og hlutabréfrádráttar**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjárhæðir í B-lið 69. gr. um vaxtabætur og 78. gr. varðandi hámark frádráttar vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna verði hækkaðar um 3,0% 1. janúar 2002 (álagning 2003) og 2,25% 1. janúar 2003 (álagning 2004) í samræmi við breytingar sem ákveðnar hafa verið á barnabótum og persónuafslætti.

Alþýðusambandið fagnar því að viðmiðunarmörk og upphæðir vaxtabóta fylgi umsaminni launaþróun.

Varðandi hækkun viðmiðunarmarka hátekjuskatts, hámark frádráttar vegna hlutabréfaeignar og vaxtabóta, vill Alþýðusambandið jafnframt benda á það misræmi sem er á hækkun upphæða bóta og viðmiðunarmarka í skattkerfinu. Alþýðusambandið hefur þurft að sækja allar hækkanir á skattleysismörkum og barnabótum í samningum við ríkisstjórnina við gerð kjarasamninga, á meðan

ákvarðanir um jafnvel verulega hækkun á öðrum stærðum eru gerðar án þess að horft sé til mikilvægis þeirra, hvort hækkunin sé í samræmi við breytingar á öðum stærðum í skattkerfinu eða hvort viðkomandi breyting eigi að hafa forgang fram yfir aðrar breytingar.

Rétt er þó að vekja athygli Alþingis á því að við gerð kjarasamninga 2000 samþykkti ríkisstjórnin að hækka upphæð skattleysismarka um umsamda launaþróun á samningstímanum. Í samræmi við það lögfesti Alþingi að hækka skattleysismörk um 2,75% í upphafi árs 2003 en ekki 2,25% eins og nú er gert ráð fyrir varðandi viðmiðunarmörk vaxtabóta og skattaafsláttar.

## Verðbólguleiðrétting og verðbólguþreikningsskil afnumin

Hér er á ferðinni tillögur sem leiða af sér breytingu á fjölmörgum ákvæðum laganna.

### Um verðbólguleiðréttingu

*Í greinargerð með frumvarpinu segir um áhrif verðbólguleiðréttinga: (grein 53):*

*„ ... Miðað við gildandi reglur hefur verðbólguleiðrétting þau áhrif að frádráttur vegna vaxtakostnaðar verður alla jafna lægri en ella þar sem á móti kemur tekjufærsla í samræmi við skuldir rekstrarins. Á móti kemur að vaxtatekjur eru einnig alla jafna lægri vegna gjaldfærslu verðbólguleiðréttinga í samræmi við peningaverðseignir. Með afnámi verðbreytingarfærslunnar sem hér er lagt til er því verið að skattleggja nafnverðsvaxtekjur að fullu, þ.m.t. gengishagnað, en til frádráttar kemur að fullu allur fjármagnskostnaður, þ.m.t. gengistap, á árinu þrátt fyrir að gengishagnaður og gengistap komi ekki til greiðslu fyrr en með greiðslu afborgana á næstu árum.“*

### Um verðbólguþreikningsskil

Í 25. gr. laga um ársreikninga er heimilað að taka tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Í frumvarpinu er lagt til að greinin verði felld brott og þar með verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum.

Í 30. gr. laga nr 145/1994 er heimilað að taka tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Þetta ákvæði er felld út í samræmi við vilja frumvarpshöfunda til að falla frá verðbólguleiðréttingum.

Verðbólguþreikningsskil eru íslensku útgáfa að svokölluðum staðalverðsreikningsskilum. Markmið staðalverðsreikningsskila er að sýna allar tölur rekstrar- og efnahagsreiknings á sama verðlagi. Þar sem hagnaður er mældur sem mismunur á eigin fé í upphafi og lok rekstartímabils er eigið fé í upphafi tímabils fært til sama verðlags og eigið fé í árslok. Í íslensku verðbólguþreikn-

ingsskilunum eru tölur í efnahagsreikningi sýndar á verðlagi í lok tímabils en tölur í rekstrarreikningi eru ekki leiðréttar nema niðurstöðutalan, sem er sýnd á meðalverðlagi. Hagnaðartalan sem fengin er á sama hátt og þegar gert er upp samkvæmt staðalverðsreikningsskilum er síðan færð frá verðlagi í lok tímabils til meðalverlags. Til að einfalda málið verulega má segja að með því að hverfa frá verðleiðréttingum verði hagnaður skattlagður á nafnverði en ekki raunverði.

Afnám verðbólguleiðréttinga og verðbólguveikningsskila munu eflaust stuðla að því að auðveldara verður að útskýra fyrir erlendum fjárfestum stöðu á rekstri fyrirtækja. Þetta á aðallega við um fjármálaforfyrirtækin, sem almennt lækka afkomu sína með gjaldfærslu verðbreytinga. Gagnvart framleiðslufyrirtækjum á þetta síður við, en erlendir fjárfestar kunna vel að meta gildi þess að afskriftarstofn fjárfestinga í framleiðslutækjum sé verðtryggður og dragi þannig úr skattbyrði iðnfyrirtækja. Þetta hafa hins vegar verið þyngstu rökinn fyrir þessari breytingu sem sett eru fram í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 1998 og skilaði af sér í júní í ár setja fram í þessu sambandi. Spurning er hins vegar hvort þessi rök séu nægilega þung til að þessi breyting sé gerð.

Íslensku verðbólguveikningsskilin hafa verið þróuð fyrir íslenskar aðstæður og „þykja fræðilega rökrétt og ná því markmiði að sýna afkomu og efnahag fyrirtækja á raunverðlagi. ... Með verðleiðréttingum skattskilum er verið að leitast við að skattleggja raunhagnað fyrirtækjanna. Án verðleiðréttinga í skattskilum verður afkoman smátt og smátt sýnd betri eða verri en hún er í raun og veru...<sup>10</sup>

Um miðbik síðasta áratugar tókst að ná niður verðbólgunni og vonandi tekst það aftur á næstu misserum. En eins og staðan hefur verið undanfarin misseri og eins og hún er nú, er verðbólga veruleg og því má ætla að afnám verðbólguveikningsskila hafi í för með sér verulegan tekjuauka fyrir ríkissjóð, þó ekki komi það fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hún gerir ekki ráð fyrir að þessi breyting hafi í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

Breytingarnar hafa bein áhrif á tekjuskattsstofn fyrirtækja þar sem þær koma til með að hafa bókhaldsleg áhrif á afkomu þeirra. Ljóst er að áhrif breytinganna á skattgreiðslur verða mismunandi eftir fyrirtækjum. Einnig gæti breytingin haft áhrif á hegðun fyrirtækja, t.d. varðandi fjárfestingar þeirra.

Vert er að benda á að enn verður hægt að gjaldfæra gengistap á einu bretti en ekki lengur hægt að beita verðbólguleiðréttingu á innlend lán. Með því er verið að setja erlend lán í forgang fram yfir innlent lánsfé.

Afstaða ASÍ til þessarar breytingar, lækkunar tekjuskatts fyrirtækja og hækkun tryggingagjalds mótast að verulegu leyti af þeim mismun sem þessi

aðgerð hefur á atvinnugreinarnar og heildaryfirbragði boðaðra skattkerfisbreytinga. ASÍ styður markmið aðgerðanna, þ.e. að efla íslenskt atvinnulíf þannig að því verði gert kleift að vinna sig í gegnum tímabundnar þrengingar. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18%, afnám verðbólguþrengingsskila, þrenging afskriftarreglna og hækkun tryggingargjalds, vinnur að mati ASÍ algjörlega á móti þessu markmiði. Þetta á sérstaklega við um framleiðslu- og útflutningsgreinarnar sem eru einmitt þær greinar sem mikilvægt er að efla í núverandi stöðu.

## **Lækkun eignarskatta og lækkun stimpilgjalds**

Í frumvarpinu er lagt til að eignarskattar einstaklinga lækki úr 1,2% í 0,6% miðað við árslok 2002 og að sérstakur eignarskattur einstaklinga (Þjóðarþóklöðuskattur) fellur niður miðað við árslok 2002. Einnig er lagt til að eignarskattur fyrirtækja lækki á sama hátt og eignarskattar einstaklinga úr 1,2% í 0,6% miðað við árslok 2002.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að lækka á stimpilgjald. Ljóst er að stimpilgjald er fyrst og fremst skattur á einstaklinga og minni fyrirtæki. Ekki liggur enn fyrir hve mikið það verður lækkað og hvernig það verður útfært og áskilur ASÍ sér rétt að taka afstöðu til hinnar endalegu útfærslu þegar hún liggur fyrir.

Eins og fram kom hér að framan, hefur Alþýðusambandið ekki lýst andstöðu við það að lækka eða jafnvel afnema eignarskatta og stimpilgjöld af heimilum og fyrirtækjum í áföngum. Alþýðusambandið telur hins vegar eðlilegt að slík endurskoðun, slík kerfisbreyting, sé skoðuð út frá því markmiði að það sé afrakstur eignanna, hvort sem það er leiga, vextir eða arður, sem verði skattlagður en ekki eignin sem slík.

## **Endurútgáfa laga nr. 75 um tekjuskatt og eignarskatt**

Í frumvarpinu er að finna heimild til að gefa út að nýju þá stagaþættu brók sem lögin um tekju- og eignarskatt eru nú orðin eftir þær 66 breytingar sem gerðar hafa verið á þeim eftir að þau voru sett 1981. Endurútgáfa er löngu tímabær og ber að fagna.

### ***Frumvarp til laga um pósthjónustu***

*26. nóvember 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um pósthjónustu. Umsögn ASÍ um frumvarpið fylgir hér á eftir.

## Almenn umsögn

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á uppbyggingu og þróun pósthjónustu hér á landi, m.a. með hlutafélagavæðingu og einkarekstri, að sett verði almenn löggjöf sem tryggi „virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu“.

Frumvarpi um pósthjónustu sem nú liggur fyrir Alþingi er m.a. ætlað að tryggja framangreind markmið. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að lögleiða með fullnægjandi hætti tilskipun ESB 97/67/EB um rétt íbúa til alþjónustu og tiltekinna gæða í pósthjónustu.

### ***Þingsályktunartillaga um tryggingaskilmála vátryggingarfélaga, 59. mál***

*26. nóvember 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um tryggingaskilmála vátryggingarfélaga, 59. mál. Umsögn ASÍ um þingsályktunartillöguna fylgir hér á eftir.

#### Almenn umsögn

Alþýðusamband Íslands fagnar fram kominni þingsályktun um tryggingarskilmála vátryggingarfélaga og lítur svo á að hún verði mikilvæga vernd fyrir íslenska neytendur. Tekið er undir með þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með þingsályktuninni þar sem segir m.a.:

*„Aðstaða hins almenna tryggingartaka er veik gagnvart tryggingafélögum. Mjög erfitt er fyrir hann að fá ákvæðum í stöðluðum tryggingarskilmálum breytt þótt hann hafi athugasemdir við þau og því stendur hann oft í þeim sporum að gangast undir tryggingarskilmála eða verða af tryggingaverndinni ella. Staða tryggingartaka er sérlega slæm að þessu leyti þegar um skyldutryggingar er að ræða því að þá er honum skylt að kaupa tryggingu þó svo að hann kunnir að vera ósáttur við þá tryggingarskilmála sem bjóðast. Samkeppni milli tryggingafélaga virðist ekki nægja til að réttur manna sé tryggður að þessu leyti.*

*Í tilvikum þar sem einn aðilinn ber höfuð og herðar yfir annan vegna stærðar sinnar og sérfræðikunnáttu eru skyldur löggjafans mun meiri en almennt gerist til að tryggja að ákveðið jafnvægi og jafnræði ríki í viðskiptum milli aðila. Í þessu felst í raun kjarni nútímaneytendaverndar. Aðstaða tryggingafélaganna gagnvart tryggingartaka er í flestum tilvikum með þessum annmarka og því nauðsynlegt að löggjafinn tryggi sanngjarnt viðskiptaumhverfi.*

*Það er álit flutningsmanna að tryggja þurfi með skýrari hætti en nú er gert í lögum hverjar skyldur tryggingafélaganna eru og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.*

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartilagan verði samþykkt.

***Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 204. mál***

*12. desember 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusamband Íslands tók þátt í störfum þeirrar nefndar sem frumvarp þetta samdi og stendur heilshugar að þeirri niðurstöðu sem þar fékkst. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það kom fyrst fram á síðasta þingi. Þær breytingar sem gerðar hafa verið eru til bóta og hvetur ASÍ til þess að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, með þeim réttarbótum sem þar er að finna.

ASÍ gaf ítarlega umsögn um frumvarpið þá er það kom síðast fram. Vísað er í hana hér. (sjá umsögn frá 24. apríl 2001, um 624. mál)

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, 36. mál***

*12. desember 2001 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, 36.mál.

Alþýðusamband Ísland hefur stutt upptöku víðtækra húsaleigubóta samhliða öðrum og nauðsynlegum breytingum á húsnæðislögum. Í því frumvarpi sem að ofan getur er lagt til að bótaréttur nái einnig til tímabundinna leigusamninga um húsnæði í eigu Félags einstæðra foreldra. ASÍ telur að lagabreyting þessi sé til bóta enda ekki efnisleg rök til þess að mismuna milli fjölskyldna og samninga gerðra um sambærilegt húsnæði.

***Frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, 315. mál***

*15. febrúar 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, 315. mál

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt sem flestar lúta að framkvæmd laganna.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en fagnar því að til stendur að hraða afgreiðsluferli vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis.

***Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 359. mál***  
*20. febrúar 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 359. mál

Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum fimm lagabálka;

- lögum um almannatryggingar
- lögum um félagslega aðstoð
- lögum um málefni aldraðra
- ögum um heilbrigðisþjónustu
- sóttvarnalögum.

Samkvæmt framsögu heilbrigðisráðherra er ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið feli í sér aukna gjaldtöku.

Í frumvarpinu er lagt til að ýmsar verklagsreglur verði festar í lög og/eða skýrðar og telur ASÍ þær vera til bóta.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis og athugasemdir ríkisendurskoðunar við vinnulag Tryggingastofnunar. Lagt er til að tekjuhugtak laga um almannatryggingar verði samræmt og notað verði tekjuhugtak skattalaga við útreikninga bóta. Einnig er lagt til að tekjugrundvöllur bótaútreiknings sé endurskoðaður með vélrænni samkeyrslu og lokauppgjör fari fram einu sinni á ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Tryggingastofnun fái heimild til að afla upplýsinga frá skattayfirvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum um tekjur lífeyrisþega.

Jafnframt er Tryggingastofnun ríkisins gert skylt að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Þá er kveðið á um að Tryggingastofnun skuli greiða vexti vegna vangreiddra bóta, en jafnframt að bótaþegi skuli ekki greiða dráttarvexti á ofgreidda bótafjárhæð, nema hún stafi af sviksamlegu atferli hans. Kveðið er á um hvernig taka meg til baka ofgreiddar bætur, en kvartað hefur verið undan þeirri framkvæmd. Einnig er lögð skylda á Tryggingastofnun ríkisins að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

ASÍ styður þessar breytingar og telur að með þeim ætti að takast að draga verulega úr of- eða vanáætlunum á bótum Tryggingastofnunar og skýra og auðvelda alla framkvæmd. Ekki kemur þó fram í greinargerð með frumvarpinu hvort breyting á skilgreiningu tekjuhugtaksins kunni að hafa í för með sér lækkun bóta fyrir einhverja einstaklinga. ASÍ telur að það þurfi að skoða, svo

hægt sé að koma í veg fyrir að bótaþegar verði fyrir tekjumissi vegna breytinganna.

Eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis fylgir þessum breytingum verulegur kostnaður af endurbótum á tölvukerfi Tryggingastofnunar. Ekki er getið um hvernig fjármagna á þær breytingar. ASÍ telur að ekki sé nægilegt að breyta lögum, heldur verði einnig að koma til fjármagn ef viðunandi árangur á að nást.

Til bóta horfir að reglur um hvenær lífeyrir og tengdar bætur falla niður eru rýmkaðar úr 4 mánuðum í 6. ASÍ telur þó nauðsynlegt að inn í löginn verði sett undanþáguákvæði frá þessari reglu, þar sem upp geta komið alvarleg veikindi sem hafa í för með sér lengri sjúkráhusvist en 6 mánuði.

### ***Frumvarp til laga um útlendinga, 433. mál***

*25. febrúar 2002 sendi ASÍ frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um útlendinga, 433. mál.

ASÍ gaf umsögn um fyrri gerð þessa frumvarps þann 15.1 2001. Það var og er skoðun ASÍ að taka þurfi til heildarendurskoðunar öll lög um málefni útlendinga. Þessum málaflokki hefur verið deilt milli þriggja ráðuneyta og nokkurra undirstofnana þeirra. Þetta kom mjög skýrt fram á fundi allsherjarnefndar með fulltrúum sambandsins o.fl. fyrr í dag.

Við höfum bent á, að brotalöm er í meðferð stjórnvalda á málefnum útlendinga. Það á við um komu þeirra til landsins og þau skilyrði sem uppfylla þarf við landtöku. Það á við um atvinnuþátttöku þeirra, tryggingar og velferð á vinnumarkaði þ.m.t. félagsleg undirboð sem ekki einasta skapa hluta þessa hóps verri kjör en íslensku launafólki en skeykir jafnframt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það á einnig og ekki síður við um samfélagslega aðlögun útlendinga sem hér koma til lengri dvalar eða flendast í kjölfar tímabundinna atvinnuleyfa. Verulegur árangur hefur þó náðst ef frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga ( 204 mál ) verður að lögum.

Það er skoðun ASÍ að samræma þurfi aðkomu stjórnvalda að þessum málaflokki, annað hvort með því að fella hann alfarið undir eitt ráðuneyti eða undir sameiginlega undirstofnun þeirra. ASÍ beinir því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis að allur þessi málaflokkur verði hafður undir þegar endurskoðun laga á sér stað og að lagt verði í samræmda heildarendurskoðun allra þeirra laga sem við eiga. Markmið þeirrar endurskoðunar verði að tryggja þeim útlendingum sem hingað leita til atvinnuþátttöku eða dvalar um lengri eða skemmri tíma sómasamlega réttarstöðu sem á hverjum tíma sé í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.



Sá vandi sem við er að glíma og innbyrðis ósamræmi í löggjöf og stjórn-sýslu í málefnum útlendinga endurspeglast m.a. í 8.gr. frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi nema honum hafi fyrst verið veitt dvalarleyfi. Samkvæmt 11. gr. frumvarps til laga um útlendinga þarf útlendingur sem hyggst ráða sig til vinnu hér á landi að sýna fram á að hann geti framfærst sig, hafi sjúkratryggingu o.fl. og skv. 9. gr. getur hann ekki fengið dvalarleyfi nema hafi jafnframt atvinnuleyfi sem bannað er að veita honum nema hann hafi dvalarleyfi. Lög frá Alþingi Íslendinga er ekki hægt að afgreiða með þessum hætti.

ASÍ ítrekar því þá skoðun sína að taka þurfi til samræmdrar heildarendur-skoðunar öll lög um málefni útlendinga og bæði skýra og styrkja stjórn-sýslu í þessum mikilvæga málaflokki.

Frumvarp til laga um útlendinga felur í sér, þrátt fyrir þá annmarka sem bent hefur verið á, verulega bót frá því sem áður var m.a. hvað varðar réttar-stöðu útlendinga, kæruleiðir og úrræði.

Vegna þeirrar umræðu sem fram fór í allsherjarnefnd fyrir í dag um atvinnu-réttindi útlendinga fer hér á eftir hluti umsagnar ASÍ til félagsmálanefndar Alþingis:

Umsögnin endaði á eftirfarandi:

Við samningu frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga tókst góð sátt um mörg þeirra atriða sem hér hafa verið reifuð. Jafnframt samþykkti Vinnumálastofnun „**Stefnu við veitingu atvinnuleyfa 2002**“ á fundi sínum þann 22.2 s.l. Þar er með farsælum hætti tekið á mörgum þeim atriðum sem ASÍ hefur bent á að betur mættu fara og unnið er að frekari lagfæringum í sam-ræmi við fyrrgreinda samþykkt.

Sjá að öðru leyti umsögn um 624. mál frá 24. apríl 2001.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, 361. mál.***

*26.febrúar 2002. sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands ( ASÍ ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, 361. mál.

ASÍ er sammála þeim breytingum sem lagðar eru til, enda starfa lífeyris-sjóðir verkalýðshreyfingarinnar undir ströngu eftirliti og aðhaldi í fjárfesting-um sínum. Einstakar fjárfestingar geta talist varasamari en aðrar eftir efnum og aðstæðum á markaði hverju sinni. Það getur m.a. átt við sum þeirra fyrirtækja sem nefnd eru undir tölulíð 2 í greinagerð frumvarpsins, en einnig ber að hafa í huga þá nálægð sem einstakir lífeyrissjóðir geta verið í við þessi sömu fyrir-

tæki. Frelsi undir ströngu eftirliti og aðhaldi ætti þó að jafnaði að veða þær áhættur upp.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, mál nr. 493 og 494***

*26. febrúar 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands ( ASÍ ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 1/1997 o.fl., 493 og 494. mál.

Í frumvörpunum felast efnir á yfirlýsingu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landsambands lögreglumanna frá 13.7 2001. Slíkar yfirlýsingar eru þáttur í leiðréttingu launakjara og/ eða lausn kjaradeildu og ber að efna. Viðræður eru nú að hefjast um innbyrðis leiðréttingu á lífeyrissrétti starfsmanna hins opinbera. Stefnt er að því að leiðrétta það misrétti sem er í lífeyrissréttindum félagsmanna í almennu verkalýðsfélögunum sem starfa hjá hinu opinbera, borið saman við réttindi félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna. Viðræður þessar byggjast á yfirlýsingu fjármálaráðherra í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Umgetið frumvarp er grein af samskonar meiði.

***Þingsályktunartillaga um aukabætur Alþingis um byggðamál, 24. mál***

*2. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aukabætur Alþingis um byggðamál, 24. mál.

Alþýðusamband Íslands telur brýnt að efla umræðu um byggðamál meðal þingmanna og þjóðarinnar allrar og styður því tillöguna.

***Þingsályktun um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 306. mál***

*8. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 306. mál.

Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði og verði sérstök áhersla lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisstyrki greinarinnar, að efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum. Alþýðusamband Íslands styður tillöguna og þau markmið sem nefndinni er ætlað vinna að.

Meðfylgjandi er ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um skipaiðnað á Íslandi.

## Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 21. febrúar 2001

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við því að framtíð skipaiðnaðarins í landinu sé stefnt í hættu. Hverfi þekking og hæfni á sviði skipasmíða og -viðgerða hér á landi vegna útflutnings allra stærri verkefna mun það hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir skipaútgerð í landinu og þjóðarbúið í heild.*

*Þegar ákvörðun var tekin um láta viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý fara fram erlendis í stað þess að ganga til samninga við íslenskt fyrirtæki var það gert á grundvelli þess að sjö milljónum króna munaði á beinum kostnaði samkvæmt tilboði.*

*Ekki verður séð að Ríkiskaup hafi gert neina tilraun til að meta þann fjárhagslega ávinning sem ríkissjóður og þjóðarbúið í heild hefðu haft af því að láta viðgerðina fara fram hér á landi. Bent hefur verið á að stór hluti af kostnaði við stærri verk verði eftir hér á landi vegna þátta á borð við beina og óbeina skatta.*

*Í bréfi Félags járníðnaðarmanna til Ríkiskaupa var sérstaklega spurt hvort reiknað hafi verið með þjóðhagslegri hagkvæmni þess að láta vinna verkið hér á landi þegar tilboð frá erlendum og innlendum aðilum voru borin saman. Við þeirri spurningu hefur ekki fengist svar.*

*Þetta mál og þögn iðnaðarráðherra vekur spurningar um stefnu stjórnvalda í atvinnumálum heilu starfsgreinanna. Hvers virði er það útgerðarþjóðinni að hér fái þrífist skipaiðnaður þar sem til staðar er verkþekking og hæfni til að sinna bæði nýsmíðaverkefnum og viðhaldi?*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tekur undir gagnrýni og ábendingar Félags járníðnaðarmanna, Samiðnar og Samtaka iðnaðarins og væntir þess að skýr svör fáiast um framkvæmd og mat útboða og samhengi þess við atvinnustefnu stjórnvalda.*

### **Þingsályktunartillaga um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál**

8. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.

Alþýðusamband Íslands styður tillöguna um nefndarskipan og þau markmið sem nefndinni samkvæmt þingsályktunartillögunni er ætlað vinna að. Jafnframt er lögð áhersla á að ASÍ, sem eru stærstu samtök launafólks og neytenda hér á landi, eigi aðild að slíku starfi.

## ***Þingsályktunartillaga um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál***

*15. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, 52. mál.

Opinberar upplýsingar sýna, að útlendingum hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförunum árum. Ekki er ástæða til að ætla að úr því dragi á næstu árum.

Það er ljóst að vegna stöðu sinnar eiga útlendingar oft undir högg að sækja í þjóðfélaginu. Þeir eru ekki einn samstæður hópur sem getur tekið sig saman um að standa vörð um hagsmuni sína. Ástæður fyrir veru þeirra hér eru misjafnar og sama gildir um aðstæður þeirra.

ASÍ telur að það gæti bætt stöðu útlendinga í íslensku samfélagi að geta leitað sér upplýsinga um þau réttindi og þær skyldur sem fylgja því að búa á Íslandi. Slíkt yrði vafalítið til bóta, bæði fyrir þann hóp sem um ræðir, en einnig fyrir íslenskt samfélag, þar sem það gæti flýtt fyrir aðlögun og dregið úr líkum á misskilningi sem oft kemur upp vegna mismunandi tungumála- og þjóðernisbakgrunns.

Alþýðusamband Íslands er því hlynnt samþykkt þingsályktunartillögunnar.

## ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum***

*15. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Óskað hefur verið eftir því að Alþýðusambandi Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um br. á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Umsögn ASÍ um frumvarpið fylgir hér á eftir.

## **Helstu niðurstöður**

Alþýðusamband Íslands fagnar því að en á ný hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um br. á lögum nr. 46/1980. Ljóst er af efni frumvarpsins að tilgangur þess er þrjúþættur:

- 1) Að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB, mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga nr. 94/33/EB.
- 2) Að fella út, a.m.k. í mikilvægum efnisatriðum, ákvæði 66. gr. nógildandi laga um *heilsuvernd starfsmanna*.
- 3) Að gera nokkrar almennar breytingar og lagfæringar á efni nógildandi laga.

Hvað varðar fyrsta atriðið er fallist á að uppbygging og efnisatriði frumvarpsins séu í veigamiklum atriðum í samræmi við efni og tilgang framan-

greindra tilskipana og þær áherslur sem komið hafa fram hjá verkalýðshreyfingunni. Í frumvarpinu er þó í nokkrum mikilvægum tilvikum að finna ákvæði sem eru óásættanleg eða þarfnast lagfæringa og frekari skýringa.

Hvað varðar annað atriðið, að fella niður 66. gr. nógildandi laga, er um alvarlega og óásættanlega breytingu á núverandi lagamma og samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar, stjórnvalda vinnuverndarmála, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Verði niðurstaðan sú að þessi breyting gangi eftir mun það fela í sér mikla afturför varðandi þá grundvallar hugsun sem samstaða hefur verið um, að uppbygging og góð framkvæmd á heilsuvernd starfsmanna sé ein helsta forsenda árangursríkrar vinnuverndar.

Hvað varðar almennar breytingar sem gerðar eru tillögur um er ekki gerðar sérstakar athugasemdir. Alþýðusambandið vekur þó athygli á þeirri stefnubreytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og varðar það að draga úr valdsviði og ábyrgð stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og flytja yfir til ráðherra, sbr. gr. 3, 8, 9 og 12. Með þessu er um leið verið að draga verulega úr ábyrgð og möguleikum aðila vinnumarkaðarins varðandi framkvæmd og eftirlit með framkvæmd vinnuverndar hér á landi. Í því samhengi hlýtur sú spurning að vakna hvort hér sé um meðvitaða stefnu að ræða.

Loks skal bent á að Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað hvatt til þess að endurskoðun laganna yrði notuð til að gera tímabærar úrbætur varðandi einelti á vinnustöðum, þ.m.t. kynferðisleg áreyti. (Sjá nánar bls. 7-9)

Það er einkar mikilvægt að frumvarpið fái vandaða umfjöllun svo að þær breytingar sem gerðar verða á nógildandi lögum leiði til nauðsynlegra úrbóta á lögunum og framkvæmd þeirra og dragi um leið úr þeirri óvissu sem komið hefur upp varðandi ýmsa þætti almennu tilskipunar ESB um vinnuvernd og vinnutímatilskipunarinnar og lögleiðingar þeirra hér á landi. Þá er löngu orðið tímabært að heilsuvernd starfsmanna komi til framkvæmda hér á landi með viðunandi hætti og því nauðsynlegt að breyta frumvarpinu hvað það atriði varðar. Öllum er þessum þáttum, sem og vörnum gegn einelti á vinnustað, ætlað að bæta heilbrigði launafólks og öryggi á vinnustað og auka með þeim hætti almenna vinnuvernd og lífsgæði starfsmanna.

Hér á eftir er að finna athugasemdir og ábendingar varðandi einstakar greinar frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir og tillögur um viðbætur.

## **Athugasemdir og ábendingar**

### **Lögleiðing Evrópureglna**

#### **3. grein**

Mikilvægt er að megin efni þessarar greinar verði sem fyrst hrundið í fram-

kvæmd, enda um mikilvæga forsendu fyrir öryggi og heilbrigði starfsmanna og öflugu og árangursríku vinnuverndarstarfi innan fyrirtækjanna að ræða.

Hér ber að leggja sérstaka áherslu á að Vinnueftirlitið setji sem fyrst viðeigandi reglur um framkvæmd áhættumatsins. Slíkar reglur eru forsenda þess að hættumat verði framkvæmt með fullnægjandi hætti.

Gerðar eru athugasemdir við að ekki skuli tekið á því með ótvíræðum hætti í texta frumvarpsins, að atvinnurekendur eða starfsmenn þeirra sem gera áhættumat skuli fá viðurkenningu Vinnueftirlitsins með sama hætti og þeir þjónustuaðilar sem við það starfa. Í þessu sambandi má benda á dóm Evrópu-dómstólsins í máli C-49/00 vegna tilskipunar 89/391/EBE, þar sem segir m.a.:

*„Having regard to all the preceding considerations it must be held that:*

*- .....*

*.....*

*by failing to define the capabilities and aptitudes which the persons responsible for protective and preventive measures against occupational risks to workers' health and safety must possess,*

*the Italian Republic has failed to fulfill its obligations under articles 6(3)(a) and 7(3), (5) and (8) of the directive“*

*Lagt er til að inn í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi breyting:*

*Ef áhættumat.....skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila. [málsliður fellur niður] Skal atvinnurekandi upplýsa ..... og heilbrigði starfsmanna.*

*Þjónustuaðilar skulu hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Sama gildir um atvinnurekendur eða starfsmenn þeirra sem annast áhættumat í fyrirtækjum.*

## **5. grein**

Sú viðbót sem hér er lögð til við a-lið 38. greinar laganna er til uppfyllingar ákvæðum 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Viðbótin gengur hins vegar mun skemur en tilskipunin, sem bendir á bein úrræði sem nota má til að ná markmiðum hennar en þar segir m.a. að markmiðið sé að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrirfram ákveðnum hraða, og eftir því um hvaða störf sé að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, „*sérstaklega hvað varðar hlé í vinnutíma*“.

Lagt er til að framangreindu efni 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar verði bætt við efni 38. greinar laganna.

## 9. grein

Í þessari grein er að finna tilraun til að lögleiða meginefni hvíldar- og vinnutímaákvæða vinnutímatilskipunarinnar. Ýmislegt hefur tekist vel við frumvarpssmíðina en annað miður eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

### a. (52. gr.)

Í greininni eru skilgreind lykilhugtök sem notuð eru í frumvarpinu, m.a. vinnutími og hvíldartími. Umræddar skilgreiningar eru að efni til fengnar úr samningum aðila vinnumarkaðarins um skipulag vinnutíma. Mikilvægt er að hafa í huga að við gerð þeirra samninga var skilgreiningin á vinnutíma sett fram til leiðbeiningar um það hvernig túlka ætti ákvæði samningsins um hámarks-vinnutíma. Sama gildir um skilgreininguna á hvíldartíma.

Við frekari skoðun hefur komið í ljós að skilgreiningar á vinnutíma og hvíldartíma eins og þær eru í frumvarpsdrögunum ganga ekki eins og þær standa nú. Ástæðan er sá misskilningur sem þær gætu valdið varðandi túlkun á og framkvæmd ákvæðisins um daglegan hvíldartíma, þ.e. 11 klst. samfelldu lágmarkshvíldina. Tökum dæmi:

*Starfsmaður vinnur venjubundinn vinnudag á mánudegi frá kl. 8:00 til 17:00 og síðan yfirvinnu áfram til kl. 20:00. Að lokinni vinnu er starfsmaður sendur frá vinnustað sínum í Reykjavík til bæjar úti á landi til að sinna tilteknu verkefni. Hann leggur af stað kl. 22:00 og er kominn á staðinn kl. 06:00 um nóttina. Starfsmaðurinn hefur vinnu við verkefnið kl. 07:30 að morgni þriðjudags og vinnur að því til kl. 22:00. Að því búnu fer starfsmaður til baka til Reykjavíkur og er kominn kl. 06:00. Starfsmaður er mættur til vinnu við reglubundið upphaf vinnudags á miðvikudegi kl. 8:00 að kröfu vinnuveitanda.*

Samkvæmt núverandi orðalagi frumvarpsins telst starfsmaðurinn hafa fengið fullnægjandi hvíld báða dagana.

Ljóst er á dæminu hér að framan að skilgreiningin á hvíldartíma eins og hún stendur í frumvarpsdrögunum nú stenst ekki og gæti í reynd leitt til niðurstöðu sem er ekki í neinu samræmi við markmið vinnutímatilskipunarinnar um daglega hvíld og væri í mikil afturför frá ákvæði núverandi laga um daglega lágmarkshvíld. Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga að það er fullkomlega andstætt tilgangi og markmiðum vinnutímatilskipunarinnar og brýtur gegn megintilgangi hennar að nota lögleiðingu hennar sem rökstuðning fyrir því að draga úr eða skerða réttindi sem launafólk þegar nýtur skv. innlendri löggiöf og stjórnvaldsfyrirmælum. Skal í þessu sambandi vísað til 3. tl. 18 gr. vinnu-

tímatilskipunarinnar þar sem segir m.a.: „....., skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.“

Hér er að vísu reynt að bæta úr með skýringum í greinargerð með frumvarpinu. Krafan hlýtur hins vegar að vera að lagatextinn sjálfur sé skýr og afdráttarlaus.

Til að mæta þessari gagnrýni er einfaldast að fara þá leið að breyta skilgreiningunni á hvíldartíma þannig að hugtakið fái sjálfstæðari þýðingu.

Lagt er til að skilgreiningin á hvíldartíma hljóði svo:

*Hvíldartími: Tími sem hvorki telst til virks eða óvirks vinnutíma þar sem starfsmaður nýtur samfelldrar hvíldar frá störfum og starfsskyldum.*

Loks skal bent á að skilgreiningin á vinnutíma hefur verið styttn frá því sem áður var í fyrri drögum og felld út tilvísun árlegs launaðs lágmarksorlofs samkvæmt lögum, veikindaforfalla og lög- eða samningsbundins fæðingarorlofs skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðaltalsútreikninga. Þá skal minnt á að við þessa upptalningu þyrfti að bæta launuðu starfsnámi.

Lagt er til að skilgreiningin á vinnutíma hljóði svo:

*Vinnutími: Tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum, veikindaforföll og lög- eða samningsbundið fæðingarorlof skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðaltalsútreikninga. Þá skal sá tími sem starfsmaður er í launuðu starfsnámi teljast til vinnutíma.“*

## **b. (52.gr. B)**

Í greininni er fjallað um þá hópa sem undanþegnir eru gildissviði IX. kafla laganna eða hluta hans.

Í tölulíð 1. er fjallað um þá sem starfa við flutninga á vegum (sbr. reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sbr. einnig reglugerð ESB nr. 3820/85/EBE). Engin rök eru til þess að taka frá ökumönnum sem hér um ræðir réttindi sem tryggja eiga launafólki varðandi hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma með vinnutímatilskipuninni. Um leið er viðurkennt í greinargerð að það þurfi að gera í síðasta lagi fyrir 1. ágúst 2003 sbr. tilskipun 2000/34/EB.

Hér er um afturför að ræða frá fyrri frumvarpi sama efnis.

Lagt er til að öll ákvæði nýs IX kafla laganna verði einnig látin gilda um ökumenn sem falla undir reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna,



enda ljóst að þeir þarfnast ekki síður þeirrar verndar sem þessar greinar kveða á um.

### **[1. töluliður b (52. gr. a. falli niður)].**

Með 3. tölulið eru æðstu stjórnendur og þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ skilgreiningin á frávikum frá almennum ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar of rúm í ljósi þess hvernig hópurinn „þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir“ er skilgreindur í skýringum með frumvarpinu.

Í 4. tölulið er fjallað um sérstakar aðstæður sem valdi því að starfsmenn séu undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ gengið of langt í að heimila frávík frá reglum laganna og þörf á að skilgreina mun betur og þrengra hvaða aðstæður hér getur verið um að ræða.

### **c. (53. gr.)**

Í samræmi við efni og anda vinnutímatilskipunarinnar er lagt er til að bætt verði við nýrri setningu aftan við 4. málsgrein svohljóðandi:

*Stefnt skal að því að veita hvíldina strax að lokinni vinnulotu verði því við komið.*

### **d. (53. gr.a)**

Í greininni er fjallað um rétt launafólks til hvíldar standi vinna þess lengur en 6 klst.

Hér er verið að lögfesta ákvæði 3. gr. tilskipunar nr. 93/104/EBE um hvíldarhlé. Í tilskipuninni sjálfri er ekki tiltekið hversu langt hvíldarhléð skuli vera. Þar segir hins vegar að útfærsla þess, þ.m.t. tímalengd og skilyrði, skuli ákvörðuð með samningum eða, ef slíkt er ekki gert, með löggjöf.

Í frumvarpinu er ekki gerð nein tillaga um lágmarkslengd hvíldarhlésins. Þessi nálgun er röng enda gefur hún færi á því að snúið sé út úr markmiði greinarinnar, auk þess sem þessi nálgun stenst engan veginn efni tilskipunarinnar um lágmarksvernd fyrir allt launafólk sem þarf að vera til staðar gildi ekki samningar um efnið eða þeim er sagt upp.

Í þeim samningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um framkvæmd vinnutímatilskipunarinnar varð niðurstaðan sú að kveða á um að minnsta kosti eitt 15 mínútna hvíldarhlé.

Til að taka af öll tvímæli er lagt til að þetta viðmið verði bundið í lög. Á bak við þá skoðun eru þau skýru vinnuverndarsjónarmið, að sérhverjum launamanni sé nauðsyn að fá að minnsta kost eitt hvíldarhlé sem sé ekki skemmra

en 15 mínútur til að getað slakað á frá vinnu, hvort heldur er vegna líkamlegs og/eða andlegs álags. Jafnframt skal bent á að aðilar vinnumarkaðarins hafa við túlkun á þessu sammingsákvæði sýnt eðlilegan sveigjanleika sem leiðir að meginmarkmiðinu um vinnuvernd. Þannig hefur verið talið að starfsmenn við ýmis konar vélgæslu og eftirlitsstörf, þar sem ekki er um stöðugt álag eða verkefni að ræða, njóti þeirrar verndar sem þetta ákvæði miðar að.

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Starfsmaður á rétt á að lágmarki 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomu lagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.*

### **e. (54. gr.)**

Hér er fjallað um vikulegan frídag.

Búið er að bæta inn nýrri 4. mgr. frá fyrra frumvarpi.

Ekki verður séð hvaða þörf er á þessari viðbót og ekki er gerð tilraun til að rökstyðja það í greinargerðinni að reynslan af núgildandi lögum kalli á hana. Ekki er heldur skýrt hvernig túlka á síðasta málslið greinarinnar, „eins fljótt og við verður komið“ Er átt við innan 14 daga, eða hvað?

### **f. (55. gr.)**

Hér er verið að flækja málin, auk þess sem komið er inn hugtakið virkur vinnutími sem ekki er að finna í tilvísaðri 52. gr.

Lagt er til að 4. málsgrein hljóði svo:

Við meðaltalsútreikning skal miða við vinnutíma eins og hann er skilgreindur í 52. gr.

## **Viðbætur:**

### **Næturvinnustarfsmenn og heilsufarsskoðanir**

Í tilskipun Ráðsins nr. 93/104/EBE er í 9. gr. kveðið á um fortakslausan rétt starfsmanna til heilsufarsskoðana, sér að kostnaðarlausu. Lagt er til að mælt verði fyrir um þetta með ótvíræðum hætti í 67. gr. laganna.

### **Vernd næturvinnustarfsmanna**

Mikilvægt að taka á efni 10. gr. vinnutímatilskipunarinnar með einhverjum hætti, þar sem fjallað er um öryggismál vegna næturvinnu. Ekki verður betur

séð en að bæta verði inn í frumvarpið nýju ákvæði sem tekur á þessu atriði sérstaklega.

## Heilsuvernd starfsmanna

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um heilsuvernd starfsmanna verði felld niður í heild sinni í XI. kafla laganna. Þ.e. núverandi 66. gr. er strikuð út og ekkert kemur í staðinn.

Hér er lögð til mjög mikilvæg breyting á vinnuverndarlöggjöfinni hér á landi sem jafnframt er í algerri andstöðu við þá sátt sem áður hefur orðið um þetta mál á milli stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þetta er jafnframt í fullu ósamræmi við fyrra frumvarp um sama efni sem lagt var fram á 126. löggjafarþinginu og drög að frumvarpi sem aðilum vinnumarkaðarins o.fl. voru kynnt í byrjun október 2001.

Í almennum inngangi í greinargerð með frumvarpinu er engin tilraun gerð til að skýra þessa breytingu og reyndar er efni fyrra frumvarps um sama efni, þar sem mikið er lagt upp úr heilsuvernd starfsmanna, látið standa óbreytt.

Í skýringum með 66. gr. segir að greinin sé óþörf vegna ákvæða í 3. gr. frumvarpsins (13. gr. a.).

Því má halda fram að með þessu sé verið að gera grundvallarbreytingu á allri hugmyndafræði varðandi vinnuverndarstarf hér á landi og ganga gegn þeirri sameiginlegu sýn sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa á framtíð vinnuverndarstarfs.

Með skýrslu sem vinnuhópur fulltrúa VER og aðila vinnumarkaðarins gáfu út í júní 1999 voru sett fram mjög ákveðin og framsækin sjónarmið um Heilsuvernd starfsmanna sem grunnþáttar í uppbyggingu vinnuverndar hér á landi. Þar var jafnframt að finna tillögur um það hvernig ætti að standa að og hrinda Heilsuvernd starfsmanna í framkvæmd. Í fyrra frumvarpinu sem lagt var fyrir 126. þingið var þessari sýn komið á framfæri með tillögum um annars vegar nýrri 13. gr. A og hins vegar breytingum á 66. gr. laganna þar sem lagt er upp með mjög náði samspil víðtæks áhættumats á vinnustað og kerfisbundinnar uppbyggingar Heilsuverndar starfsmanna. Þar sem áhersla var á að fyrirtæki byggðu upp þekkingu í fyrirtækinu til að reka öfluga Heilsuvernd starfsmanna eða gerðu samning við viðurkennda þjónustuaðila um það efni. **Ekkert hefur breyst með núverandi frumvarpi sem réttlætir það al fella efni 66. gr. út með öllu og engin tilraun er gerð til að rökstyðja slíka breytingu. Með því er þvert á móti þeirri hættu boðið heim að skipulögð Heilsuvernd starfsmanna falli niður eða verði einhvers konar hliðarverkefni eða afgangsstærð. Ljóst er að efni 3. gr. frumvarpsins um áhættumat breytir hér engu, nú frekar en áður.**

## Einelti á vinnustað

Einelti á íslenskum vinnustöðum er umtalsvert. Í rannsókn sem framkvæmd var hér á landi á árinu 2001 og sem tók til 9 vinnustaða og nokkurs hóps bankastarfsmanna kom í ljós að 10.9% aðspurðra töldu sig hafa orðið fyrir einelti á síðustu 6 mánuðum. Hæsta hlutfall þolenda var úr aldurshópnum 16-25 ára. („*Einelti á vinnustöðum*“ . *Hanna Lilja Jóhannsdóttir. B.A. ritgerð við HÍ 2001.*) Í rannsókn sem gerð var 1999 í fiskvinnslufyrirtækjum á Suðurnesjum kom í ljós að 20% starfsmanna töldu sig hafa orðið fyrir einelti („*Einelti á vinnustöðum: Eðli og umfang*“ . *Lísbet Einarsdóttir og Pálína Guðmunda Benjaminsdóttir. B.A. ritgerð við HÍ 1999*) og í könnun sem gerð var árið áður á einu sjúkrahúsa landsins var niðurstaðan 7,5% (*Einelti á vinnustað: Ástæður, afleiðingar viðbrögð, forvarnir. B.S. ritgerð við Samvinnuháskólann á Bifröst 1998*). Sambærilegar norrænar rannsóknir sýna að 9-14% starfsfólks telur sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustað.

Í Noregi hefur verið skerpt á vinnuverndarlögum ( 1977-02-04 nr. 4 ) hér að lútandi þ.a. sagt er að starfsmenn eigi ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi. Í Svíþjóð og Danmörku hafa sambærileg ákvæði verið sett í reglugerðir byggðar á þarlandum vinnuverndarlögum.

Hér er lagt til að lögum nr. 46/1980 verði breytt lítils háttar til þess annars vegar að auka vægi þessa þáttar í vinnuvernd og hins vegar til þess að skjóta styrkari stöðum undir heimildir til setningu reglugerðar og annarra reglna um þennan þátt vinnuverndar.

Í 1.gr. l. 46/1980 er sagt að með þeim sé leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu. Hér er um almenna stefnuyfirlýsingu að ræða sem síðan er útfærð í lögnum.

Það leiðir af túlkun laganna, félagslegri og réttarlegri þróun að heilsusamlegu starfsumhverfi tilheyri að starfsmenn þurfi ekki að þola einelti á vinnustað þ.m.t. kynferðislega áreitni. Skyldur atvinnurekanda m.a. skv. 4.,5.,6.,13. og 14.gr. eiga við einelti á vinnustað. Bein ákvæði laganna taka þetta þó ekki fram.

Umfjöllun um andlegt ofbeldi þar með talið einelti og kynferðisleg áreitni á heima í 5. kafla laganna um framkvæmd vinnu. 37.gr. laganna mætti orða þannig en viðbætur eru feitletraðar.

### 37. gr.

*Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Með öryggi, góðum aðbúnaði og hollustuháttum er einnig átt við að framkvæmd vinnunnar hafi ekki í för með*

*sér hættu á líkamlegri eða andlegri heilsurýrnun vegna eineltis þ.á.m. vegna kynferðislegrar áreitni.*

*Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sbr. 1. mgr..*

Í 38.gr. er fjallað um nánari reglur og kröfur varðandi skipulag og framkvæmd vinnu og þar þyrfti að bæta við a. lið 1.mgr. Breyting er feitletruð.

38. gr.

*Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem:*

*a. um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluáðferðir, t.d. til þess að koma í veg fyrir hrun, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitradra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, óðauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags, **um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og uppræta einelti** og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,*

b-d liður ákvæðisins væru óbreyttir.

## **Að lokum**

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að úr verði bætt og treystir því að hnökrar verði sniðnir af frumvarpinu í meðförum Alþingis og þannig tryggt að breytingarnar skili þeim úrbótum í vinnuverndarmálum launafólks sem nauðsynlegar eru.

### ***Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð og opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tæknipróun og nýsköpun, 549., 553., og 539. mál***

Þann 20. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn

Í ofangreindum frumvörpum er lögð til veruleg breyting á allri umgjörð og framkvæmd rannsóknastarfsemi og tengingu hennar við atvinnulífið. ASÍ minnir á að þegar gerðar voru breytingar á þessum málaflokki 1994, beitti Alþýðusambandið sér fyrir því að viðhalda nánum tengingum rannsóknahverfisins og atvinnulífsins, m.a. með beinni aðkomu fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launafólks að stjórn og starfi RANNÍS.

ASÍ tekur jákvætt undir þá tillögu að færa stefnumótun í vísinda- og tækni-

málum ofar í stjórnýsluna með beinni aðkomu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra, ásamt fulltrúum atvinnulífs. Ljóst er að staða Íslands í alþjóðlegri samkeppni í framtíðinni er verulega háð því hvernig við stöndum að uppbyggingu nýrrar þekkingar og nýsköpun og því mikilvægt að þessi málaflökkur fái viðunandi pólitískt vægi. Ekki síður er mikilvægt að rannsóknum og tækniþróun sé skipaður viðunandi sess í hagstjórn m.a. með myndarlegum og markvissum fjárframlögum ríkisins. Hins vegar eru það mikil vonbrigði að hvorki forsætisráðherra, menntamálaráðherra né iðnaðarráðherra hafa talið neina þörf á því að eiga samráð við fulltrúa ASÍ um þessar fyrirhuguðu breytingar, sérstaklega í ljósi þess samkomulags sem varð um skipan RANNÍS á sínum tíma.

Jafnframt vill ASÍ koma á framfæri gagnrýni á það skipulag sem lagt er upp með í þessum þremur frumvörpum. Í fyrsta lagi er ljóst að Vísinda- og tæknaráð, ásamt þeim nefndum sem undir það heyra, á ekki að hafa beina aðkomu að framkvæmd málaflökksins. Í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir því að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks fái fulltrúa í stjórn rannsóknasjóðs, en á undanförunum árum hafa ASÍ og SA átt þrjá fulltrúa í RANNÍS. Hér er því verið leggia til allmikla skerðingu á aðkomu þessara aðila að umfjöllum um þennan málaflökk, sem ekki er byggð á neinum haldbærum rökum. ASÍ telur það ámælisvert að einungis sé horft til „reynslu af rannsóknum“ en ekki reynslu og þörfum í atvinnulífinu þegar fjalla á um umsóknir um opinbera stryki til rannsókna. Ennfremur telur ASÍ að tillögur um starf rannsóknasjóðs feli í sér verulega þrengingu á möguleikum fyrirtækja til að sækja um opinbera styrki til rannsókna, m.a. með þeirri kröfu að rannsóknir verði bundnar ákveðnum einstaklingum, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Í frumvarpi til laga um stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins er gert ráð fyrir að Samtök iðnaðarins tilnefni fulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs, en ekki er gert ráð fyrir að ASÍ tilnefni fulltrúa fyrir hönd launafólks. Vakin skal athygli á því að ASÍ hefur um langt skeið átt fulltrúa í Átaki til atvinnusköpunar og stjórn Nýsköpunarsjóðs og fær ekki með neinu móti séð rökin fyrir því að launafólk eigi ekki beina aðkomu að þessari stjórn líkt að atvinnurekendur, svo ekki sé talað um tilnefningu frá rannsóknarstofnunum.

Ef litið er á hlutverk Tækniþróunarsjóðs er nokkuð ljóst að lagt er upp með þó nokkra skörun við hlutverk Nýsköpunarsjóðs og Framtakssjóðs eins og það er skilgreint í lögum. Þetta á sérstaklega við um fjármögnun sprotafyrirtækja.

ASÍ vill að lokum koma á framfæri verulegum áhyggjum sínum varðandi

fjármögnun þessara tveggja ólíku og fullkomlega aðskildu stoða. Annars vegar er greinilega gert ráð fyrir því að sjóðir til eflingar vísindarannsókna og vísindamenntunar hafi til ráðstöfunar þá fjármuni sem hingað til hafa runnið til RANNÍS. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til tækniþróunar og nýsköpunar í þágu atvinnulífsins. ASÍ telur að með þessu sé beinlínis verið að færa hundruðir milljóna króna frá atvinnulífinu og yfir til vísinda- og háskólaumhverfisins og hefur miklar áhyggjur af þeim neikvæðu áhrifum sem það kann að hafa á þróun nýsköpunar í atvinnulífinu.

ASÍ leggur því til að málinu verði frestað fram á haustþing og er reiðubúið til þess að setjast að vinnu við endurskoðun þess milli þinga.

### ***Þingsályktunartillaga um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál***

*20. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál.

Með þessari tillögu er í fyrsta skipti í sögu slíkra áætlana gerð tilraun til að gera raunverulega framkvæmdaáætlun í byggðamálum. ASÍ fagnar þessu, því hér er um verulega bót að ræða frá fyrri áætlunum, sem hafa í raun aðeins verið stefnuyfirlýsingar stjórnvalda í byggðamálum.

Með því að tilgreina hvaða aðilar bera ábyrgð á framkvæmd einstakra þátta byggðaáætlunarinnar og að tímarammi framkvæmdar sé áætlaður, er það von Alþýðusambands Íslands að tillögurnar verði framkvæmdar, en á það hefur því miður skort í fyrri áætlunum.

ASÍ harnar að í þingsályktunartillögum skorti raunsæa sýn stjórnvalda á þróunina á Vestfjörðum og Austurlandi á framkvæmdatímanum og vonar ASÍ að sá tónn sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins gagnvart Vestfjörðum endurspegli ekki viðhorf ríkistjórnarinnar til framtíðarþróunar í þessum landslutum. ASÍ væntir þess að við meðferð þingsins verði úr þessu bætt.

Alþýðusamband Íslands er hlynnt samþykkt þingsályktunartillögunnar, en ætlast jafnframt til að þær tillögur sem settar eru fram í henni verði framkvæmdar.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1999 um tryggingargjald***

*22. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands ( ASÍ ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 113/1999 o.fl., 582. mál.

Frumvarpinu m.a. er ætlað taka af vafa um greiðsluskyldu tiltekinna ein-

staklinga til lífeyrissjóðs. Sú breyting er nauðsynleg. ASÍ tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu og gerir ekki við það sérstakar athugasemdir.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562. mál***

*25. mars 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562 mál.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að nefnd sú sem skipuð var 28. september 1999 til að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna skilaði af sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar koma fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni. Þar segir m.a.:

*„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.*

*Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að förna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bættu umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“*

Að áliti Alþýðusambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar né í fyrirleggjandi frumvarpi ráðherra, um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiðanna, þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni enda áttu hagsmunaaðilar enga aðkomu að þeirri umræðu sem þar fór fram.

Meginefni frumvarpsins virðist vera að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda þann 1. september árið 2004, sbr. 10. gr. þess. Þess skal getið, að fulltrúar Sjómannasambands Íslands hafa alfarið hafnað auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Það hefur hins vegar verið skoðun Alþýðusambands Íslands að nauðsynlegt sé að taka upp auðlindagjald sem hægt væri að nota sem hagstjórnartæki til þess að jafna óhjákvæmilegar sveiflur í sjávarútvegi. Hefði það t.d. verið gert á undanförunum árum, væru nú til staðar digrir sjóðir og við því betur í stakk búin til að mæta t.d. niðurskurði á aflaheimildum.

ASÍ fær þó ekki séð með hvaða hætti þessi tillaga um upptöku veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengni um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða.

Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að hækkað verði það hlutfall sem samlagðar aflahlutdeildir fiskiskipa mega vera, sem eru í eigu einstakra aðila, ein-



staklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Þetta ákvæði virðist engan tilgang hafa enda er fyrirséð að því verði breytt eftir þörfum jafnhliða því sem stóruþgerðirnar stækka. ASÍ tekur undir með Sjómannasambandi Íslands að engin þörf er á að rýmka reglurnar sem nú gilda um þetta og hafnar því frumvarpinu hvað þetta varðar.

Það alvarlegasta varðandi frumvarpið er að ekkert er tekið á þeim vandamálum er lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og na frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförunum árum án þess að nokkuð sé að gert. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa margsinnis bent á að skark á miðunum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota. Það þarf því ekki að koma á óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskistofna. Brottkast hefur á undanförunum misserum verið fyrirferðarmikið í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausum skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórnun fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina.

Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á.

Alþýðusamband Íslands telur einsýnt að frumvarpið skapi ekki þá sátt sem þarf um stjórn fiskveiða. Með frumvarpinu er ekkert tekið á þörfinni fyrir sveiflujöfnun. Frumvarpið tekur heldur ekki á mikilvægum þáttum sem snúa að hagsmunum byggðanna, sérstaklega atvinnuöryggi fiskverkafólks né heldur réttarstöðu sjómanna. Með samþykkt frumvarpsins er því ekki tekið á þeim mikilvægu þáttum sem nefndinni var falið að gera að öðru leyti en því að taka á hagsmunum útgerðarinnar með því að endurskilgreina þróunarsjóðsgjaldið og kalla það veiðigjald.

### ***Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál, viðbót við umsögn***

*Þann 6. apríl 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusamband Íslands hefur þegar með bréfi til félagsmálanefndar Alþingis dags. 15. mars 2002 gefið umsögn sína um efni frumvarps til laga um br. á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605 mál. Í umsögninni er leitast við að koma á framfæri athugasemdum, ábendingum og tillögum við alla efnisþætti frumvarpsins til að koma á framfæri sjónarmiðum ASÍ strax í upphafi umræðu um efni frumvarpsins í félagsmálanefnd.

Í ljósi framanritaðs er mikilvægt að draga fram eftirfarandi meginatriði um

leið og vísað er til umsagnarinnar í heild sinni varðandi önnur efnisatriði frumvarpsins.

Mikil vinna hefur farið fram á vettvangi félagsmálaráðuneytisins og stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til að skapa sem víðtækasta sátt og samstöðu um breytingar á vinnuverndarlögunum. Hér nægir að nefna tvennt:

- a) Á vettvangi Vinnueftirlitsins hefur um árabil verið unnið að því að útfæra heilsuvernd starfsmanna og fyrirkomulag hennar sem lykilkáttar í vinnuvernd á vinnustöðum. Þessari vinnu lauk með skýrslu og tillögum nefndar á vegum stjórnar VER í júní mánuði 1999 „Heilsuvernd starfsmanna - Skýrsla unnin af nefnd stjórnar Vinnueftirlits ríkisins“. Þar náðist mikilvæg samstaða fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og Vinnueftirlitsins um fyrirkomulag varðandi uppbyggingu heilsuverndar starfsmanna á vinnustöðum og hlutverks stjórnvalda í þeim efnum. Samhliða náðist samstaða um tillögur til breytinga á 66. og 67. gr. núgildandi laga, sem lengi hafði verið ágreiningur um.
- b) Af hálfu félagsmálaráðuneytisins hefur á vettvangi samráðsnefndar um samninginn um evrópska efnahagssvæðið átt sér stað mikil vinna varðandi það að samræma sjónarmið aðila varðandi lögleiðingu tilskipana Evrópusambandsins á sviði vinnuverndarmála. Í því starfi hafa fulltrúar ráðuneytisins lagt sig fram um að sætta sjónarmið og búa breytingar í búning við hæfi.

Að mati Albýðusambands Íslands voru sl. haust allar forsendur til að ná víðtæku samkomulagi um efni þeirra breytinga sem gera þarf á vinnuverndarlögunum, byggðu á því starfi sem hér hefur verið lýst. Það er skilningur ASÍ að af hálfu félagsmálaráðuneytisins hafi verið stefnt að því að ná almennri og breiðri samstöðu um öll helstu efnisatriði málsins.

Í ljósi þess sem hér hefur verið lýst voru það mikil vonbrigði þegar nýtt frumvarp var lagt fram á þingi nú í fyrri hluta marsmánaðar. Þar er í mikilvægum atriðum gengið gegn þeirri sátt sem náðst hafði um uppbyggingu og framkvæmd áhættumats og heilsuverndar starfsmanna á vinnustöðum. Hér er fyrst og fremst verið að vísa til þeirrar sáttar sem náðst hafði um 66. gr. laganna um heilsuvernd starfsmanna og breytinga á henni hvað varðar skyldu fyrirtækja til að byggja upp og/eða gera samninga við viðurkennda aðila um uppbyggingu og framkvæmd fyrirbyggjandi heilsuverndar starfsmanna á vinnustað. Þess í stað er grein 66 felld niður án þess að efni hennar með þeim breytingum sem sátt var um skili sér með öðrum hætti í frumvarpinu. Einnig má nefna að í frumvarpinu ekki nýtt það tækifæri sem nú gefst til að treysta ákvæði um vernd og aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustað. Loks má benda á athugasemdir og ábendingar ASÍ við aðra þætti málsins.

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að sátt náist um meginefni þeirra breytinga sem gerðar verða á vinnuverndarlögum og vill leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Þetta er einkar mikilvægt í ljósi þess að góð framkvæmd vinnuverndar og heilsuvernd starfsmanna á vinnustöðum byggir öðru fremur á sátt og samstarfi þeirra aðila sem málið varðar, þ.e. samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er með öllu óásættanlegt og getur því ekki skapað slíka sátt. Í þessu sambandi er vert að minnast þess að lagasetning um vinnuvernd hér á landi og reglusetning á grundvelli hennar hefur frá upphafi byggt á nánú samráði og góðu samstarfi framangreindra aðila. Mikilvægt er að svo verði áfram.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 129/1997, 194. mál***

*Þann 10. apríl 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997, 194. mál.

ASÍ leggst eindregið gegn efni þessa frumvarps. Frumvarpinu er ekki einungis ætlað að breyta lögum nr. 129/1997 heldur einnig og ekki síður gildandi kjarasamningum í landinu.

Lífeyrissjóðir launafólks byggjast fyrst og fremst á ákvæðum kjarasamninga þar sem tiltekið er að sá sem laun tekur eftir tilteknum kjarasamningi skuli eiga aðild að þeim lífeyrissjóði sem kjarasamningurinn tiltekur og sem launamenn og atvinnurekendur í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein annast um innan ramma laga 129/1997. Lög nr. 129/1997 staðfesta þessi ákvæði kjarasamninga. Hið íslenska lífeyrissjóðakerfi byggir með öðrum orðum á almenntri skylduáðild allra og hins vegar á skylduáðild að tilteknum starfs- og atvinnugreinabundnum lífeyrissjóðum.

Þar sem tekist hefur verið á um það fyrir dómstólum hvort þessi skipan standist hefur niðurstaðan ætíð orðið sú að þetta sé heimilt m.a. með tilliti til samkeppnislaga. Skylduáðild og skylduáðild að tilteknum lífeyrissjóðum er ein forsenda þess að halda megi uppi og þróa til framtíðar öflugt lífeyriskerfi byggt á samtryggingu óháð kyni, aldri og fjölskyldustöðu. Í niðurlagi greinargerðar frumvarpsflytjenda kemur einmitt fram að frumvarpi þessu er stefnt gegn samtryggingu launafólks og talið að það muni flýta fyrir þeirri þróun að lífeyrissjóðir veiti rétti háð kyni, aldri og fjölskyldustöðu. Frumvarpið gengur þannig þvert á grundvallarreglur kerfisins og mun stuðla að aukinni mismun- un í samfélaginu.

Í greinargerð er einnig vikið að mismunandi ávöxtun lífeyrissjóðanna. Rétt er að tímabundið getur komið mismunur milli sjóða. Lífeyrissjóðir sem allir

eru undir ströngu eftirliti og með bundnar fjárfestingarheimildir í lögum eru hins vegar langtíma fjárfestingasjóðir. Horfa verður þannig til ávöxtunar í áratugum en ekki árum líkt og gert er í greinargerð. Til lengri tíma litið skila lífeyrissjóðirnir mjög áþekkt ávöxtun og munu gera það áfram. Flakk milli lífeyrissjóða eftir því hvort betur gengur hjá einum þetta árið en hjá öðrum mun getur hins vegar leitt til alvarlegrar röskunar á ávöxtun sjóðanna.

Þess ber einnig að geta, að ein ástæða þess hve miklum arði hinir almennu lífeyrissjóðir skila sínum félagsmönnum er sú að öllum kostnaði er haldið í lágmarki þ.m.t. öllum kostnaði við að ná inn nýjum viðskiptamönnum og kostnaði við að halda þeim sem þegar eru í viðskiptum. Sem dæmi má nefna að iðgjöld launamanns fyrstu 6 mánuðina í Vistasjóði Kaupþings sem ávaxtar séreignasparnað launafólks fara í sölubóknun til váttryggingamiðlara.

Um íslenska lífeyriskerfið ríkir sátt milli launagreiðenda og launafólks. Sú sátt birtist meðal annars í ákvæðum kjarasamninga sem mæla fyrir um skylduáðild að þeim lífeyrissjóðum sem kjarasamningar greina. Um þetta hafa samtök launafólks og launagreiðenda heimild til þess að semja í kjarasamningum og lögjafanum ber að virða þau grundvallarréttindi launafólks og samtaka á vinnumarkaði en íhlutun með löggjöf getur stangast á við stjórnarskrá, alþjóðlega mannréttindasáttmála og samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Jafnframt náðist breið samstaða milli þessara aðila og stjórnvalda um setningu laga nr. 129/1997, samstaða sem mikilvægt er að halda.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, 177. mál***

*18.apríl 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, 177. mál.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið, að sett verði lög um greiðsluáðlögun einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Mikil þörf er á setningu laga af þessum toga. Nauðasamningar einstaklinga eru fátíðir enda úrræðið flókið og erfitt í framkvæmd. Réttarstaða einstaklinga í greiðsluvandræðum gagnvart kröfuhöfum er veik og núgildandi löggjöf nánast alfarið sniðin að þörfum kröfuhafa. Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar lagagreinar.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 457. mál***

*Þann 18.apríl 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 457. mál.

Efni frumvarps þessa er í samræmi við samning Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál sem síðast var endurnýjaður 12.12 1995. Samþykktir almennra lífeyrissjóða aðildarfélaga ASÍ eru í samræmi við hann.

Sátt er milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um lífeyrismál. Séu þessir aðilar sammála því að lögum nr. 129/1997 verði breytt í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu mælir ASÍ með samþykkt þess en annars ekki.

### ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur, 637. mál***

*Þann 23. apríl 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur, 637. mál.

Í frumvarpinu felst annars vegar tillaga um að aðstaða þeirra námsmanna sem búa á heimavist eða námsgörðum og þeirra sem ekki hafa kost á slíkri vist verði jöfnuð. Framboð á þeim úrræðum sem skv. gildandi lögum veita rétt til húsaleigubóta er ófullnægjandi og ASÍ er því sammála þeim breytingum sem í frumvarpinu felast.

Jafnframt er í frumvarpinu gerð tillaga um rétt til greiðslu húsaleigubóta til beggja foreldra barns þar sem forsjá er sameiginleg en lögheimili aðeins skráð hjá öðru foreldranna. ASÍ telur mikilvægt að báðum foreldrum sé gert auðveldara en ella að búa barni sem það hefur forsjá yfir góðar heimilisaðstæður. Hvort það verður best gert með skiptingu húsaleigubóta eða öðrum hætti leggur ASÍ ekki mat á.

- 1 Hér er ekki tekinn með í reikninginn kostnaður vegna lækkunar stimpilgjalds. Ekki hefur enn verið lögð fram nákvæm útfærsla á þeirri breytingu og ekki liggur heldur fyrir kostnaðarmat ríkisstjórnarinnar vegna hennar.
- 2 Vantar kostnað vegna 3% hækkunar hátekjumarka árið 2002.
- 3 Ríkisstjórnin reiknar með að um 30% af þessari hækkun lendi á ríkinu og tekur því einungis með hluta af tekjuauka atvinnurekenda í sína útreikning.
- 4 Gengið er út frá upphæðum í skattkerfinu sem eru í gildi nú.
- 5 Tekjuskattur til ríkisins og útsvar
- 6 Hluttur ríkisins í meðalskatthlutfalli árið 2001 sem er 38,76%.
- 7 Þjóðhagsstofnun, frétt nr. 12/2001.
- 8 Míðað við tekjur árið 2000.
- 9 Míðað við að skatthlutfallið haldist óbreytt. Ríkisstjórnin ætlar að

lækka sinn hluta um 0,33% um næstu áramót en óvíst er hvað sveitarfélögin gera en heimild þeirra til að hækka útsvar eykst um 0,33% um næstu áramót.

- 10 Úr skýrslu nefndar um verðbólguþreikningsskil sem skipuð var 1998 og skilaði af sér í júní 2001. Birt með greinargerð í frumvarpinu, bls. 29



*Alþjóðanefnd stóð fyrir vel heppnaðri og vel sóttri ráðstefnu um Evrópumálin og hagsmunum launafólks þann 26. september sl. Hér taka Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri á móti Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, sem var einn framsögumanna á ráðstefnunni.*

## **Nefndir og ráð**

### **Fastanefndir innan ASÍ**

Neðangreindar fastanefndir eru skipaðar af miðstjórn ASÍ

#### **Alþjóðanefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Gunnar Páll Pálsson(formaður).

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Guðrún Erlingsdóttir LÍV, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Helgi R. Gunnarsson RSÍ, Hákon Hákonarson Samiðn, Hólmgeir Jónsson SSÍ, Guðmundur Þ Jónsson SGS, Sigurður Rafn A. Levy bein aðild. Skipaður starfsmaður Halldór Grönvold ASÍ.

#### **Atvinnumálanefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Kristján Gunnarsson

Tilnefnd af landssamböndum:

Kristín Björnsdóttir LÍV, Páll Valdimarsson RSÍ, Hermann Guðmundsson Samiðn, Sævar Gunnarsson SSÍ, Signý Jóhannesdóttir SGS (formaður). Skipaður starfsmaður, Ólafur Darri Andrason

### **Jafnréttis- og fjölskyndunefnd**

Tilnefnd af miðstjórn:

Þórunn Sveinbjörnsdóttir (formaður)

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Bjarnís Lárusdóttir LÍV, Sigurður Magnússon Matvís, Ísleifur Tómasson RSÍ, Heimir Janusarson Samiðn, Jón Ingi Kristjánsson SSÍ, Arndís Sigurpálsdóttir SGS, Ásdís Björg Schram bein aðild. Skipaður starfsmaður, Halldór Grönvold ASÍ

### **Mennta- og útbreiðslunefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Finnbjörn A. Hermannsson (formaður)

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir LÍV, Niels S. Olgeirsson Matvís, Stefán Ó. Guðmundsson RSÍ, Haukur Harðarson Samiðn, Kolbeinn Gunnarsson SGS, Hrefna Hallgrímsdóttir bein aðild, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir MFA. Skipaður starfsmaður, Halldór Grönvold ASÍ

### **Kjara- og skattanefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Sigurður Bessason

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Guðbrandur Einarsson LÍV, Sigurður Magnússon Matvís, Guðmundur Gunnarsson RSÍ, Vignir Eyþórsson Samiðn, Sævar Gunnarsson SSÍ, Sigurður T. Sigurðsson SGS, Sigurgeir Sigmundsson bein aðild.

### **Skipulags- og starfsháttanefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Halldór Björnsson (formaður)

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir LÍV, Niels S. Olgeirsson Matvís, Þór Ottesen RSÍ, Finnbjörn A. Hermannsson Samiðn, Elías Björnsson SSÍ, Hervar Gunnarsson SGS, Borgþór S. Kærsted bein aðild. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl



### **Velferðarnefnd**

Tilnefndur af miðstjórn:

Björn Snæbjörnsson

Tilnefnd af landssamböndum:

Ágúst Óskarsson LÍV, Haraldur Jónsson RSÍ, Þorbjörn Guðmundsson Samiðn, (formaður) Sævar Gunnarsson SSI, Linda Baldursdóttir SGS.

### **Vinnuréttar- og vinnumálanefnd**

Tilnefnd af miðstjórn:

Rannveig Sigurðardóttir

Tilnefnd af landssamböndum og landsfélögum með beina aðild:

Júnía Þorkeldsdóttir LÍV, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Björn Ágúst Sigurjónsson RSÍ, Sigfús R. Eysteinnsson Samiðn, Guðrún Kr. Óladóttir SGS, Borgþór S. Kærsted bein aðild (formaður). Skipaðir starfsmenn, Magnús M. Norðdahl ASÍ og Halldór Grönvold

### **Laganefnd**

Halldór Björnsson (formaður), Finnbjörn A. Hermannsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Skipaður starfsmaður, Magnús M. Norðdahl

### **Ferðanefnd**

Guðrún Erlingsdóttir, Þráinn Hallgrímsson. Skipaður starfsmaður, Halldór Grönvold

## **Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum 1. október 2002**

### **Félagsmálaráðuneytið:**

### **Nefnd sem kanna á aðstæður erlends vinnuafis og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi**

Miðstjórn samþykkti á fundi sínum 27. október 2000 að Magnús M. Norðdal yrði skipaður fulltrúi í nefndinni. Varamaður er Guðmundur Rúnar Árnason.

Skipunartími: Ótilgreindur

### **Vinnumálastofnun**

Með bréfi dagsettu 3. júlí 2001 var Halldór Grönvold tilnefndur sem aðalmað-

ur í stjórn Vinnumálastofnunar. Örn Friðriksson var tilnefndur varamaður hans.

Skipunartími: 1. júlí 2001 - 1. júlí 2005

## **Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. júní 1993 var ákveðið að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa Alþýðusambands Íslands í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES. Varamaður er Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. desember 2000 var samþykkt að tilnefna Þorbjörn Guðmundsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Rannveig Sigurðardóttir var tilnefnd sem varamaður.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins**

Á fundi sínum 23. janúar 2002 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Varamaður er Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Starfsmenntaráð**

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 18. september 2002 var samþykkt að tilnefna Guðmund Gunnarsson og Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í starfsmenntaráð og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur og Halldór Björnsson til vara.

Skipunartími: Til 31. júlí 2004

## **Félagsmálaskóli alþýðu**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti þá tillögu á fundi sínum 20. janúar 1999 að Björn Snæbjörnsson verði fulltrúi ASÍ í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu og Karítas Pálsdóttir til vara.

Skipunartími: Til 1. júní 2003

## **Jafnréttisráð**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 6. september 2000 að tilnefna Gunnar Pál Pálsson sem fulltrúa ASÍ í Jafnréttisráði og Þórunni Sveinbjörnsdóttur til vara.

Skipunartími: 12. september 2000 - fram yfir alþingiskosningar 2003

## **Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs**

Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 20. júní 2001 var samþykkt að tilnefna Hervar Gunnarsson og Guðmund Þ Jónsson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá var samþykkt að samtök verslunarmanna og samtök iðnaðarmanna tilnefni varamann. Varamenn eru Ísleifur Tómasson og NN.

Skipunartími: 1. júlí 2001 - 1. júlí 2005

## **Verkefnisstjórn vegna árs fatlaðra 2003**

Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 16. maí 2001 var samþykkt að tilnefna Björn Snæbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í verkefnisstjórn vegna árs fatlaðra 2003 og Matthildi Sigurjónsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Félagsdómur**

Miðstjórn Alþýðusambandsins ákvað á fundi sínum 7. nóvember 2001 að tilnefna Vilhjálm H. Vilhjálmsson sem dómara í Félagisdóm og Gunnar Sæmundsson til vara.

Skipunartími: 1. nóvember 2004

## **Félagsdómur starfsgreinanna**

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar ASÍ voru eftirtaldir skipaðir fulltrúar ASÍ í Félagisdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

### **Verslun og þjónusta:**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, kt. 190849-2959

Til vara: Gunnar Páll Pálsson, kt. 051061-7999

### **Sjómennska:**

Sævar Gunnarsson, kt. 030843-2749

Til vara: Hólmgeir Jónsson, kt. 140855-5299

### **Raf- og tækniíðnaður:**

Valgeir Jónasson, kt. 270250-2709

Til vara: Bjarni Sigfússon, kt. 180437-4529

**Matvælaíðnaður og framreiðsla:**

Niels S. Olgeirsson, kt. 010153-3449

Til vara: Þorsteinn Gunnarsson, kt. 160454-4589

**Störf verkafólks og sérhæfðra starfsm. í öllum iðn- og starfsgreinum:**

Kristján Gunnarsson, kt. 050454-5019

Til vara: Már Guðnason, kt. 141245-3689

**Málmiðnaður, byggingariðnaður, garðyrkja, málun og hársnyrting:**

Halldór Jónasson, kt. 280348-2529

Til vara: Pétur V. Maack, kt. 251043-3379

Skipunartími: 1. nóvember 2004

## **Þríhliða nefnd um ILO**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 24. janúar 2001 að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í þríhliða nefnd um ILO - Alþjóðavinnumálastofnunina.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **ILO þingi 2002**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 20. febrúar 2002 að Magnús M. Norðdahl yrði fulltrúi á ILO þingi 2002.

Skipunartími: Til loka júní 2002

## **Ábyrgðasjóður launa**

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 6. september 2000 var samþykkt að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í stjórn ábyrgðasjóðs launa og Björn Snæbjörnsson til vara.

Skipunartími: 7. september 2000 - 7. september 2004

## **Stjórn Vinnueftirlits ríkisins**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 6. desember 2000 að tilnefna Guðrúnu Kr. Óladóttur, Gunnar Pál Pálsson og Halldór Jónasson, sem aðalmenn í stjórn VER. 28. ágúst samþykkti miðstjórn ASÍ að tilnefna Rannveigu Sigurðardóttur í stjórn VER í stað Gunnars Páls, að hans ósk. Varamenn voru tilnefndir, Stefán Ó. Guðmundsson, Grétar Hannesson og Ásdís Guðmundsdóttir.

Skipunartími: 1. janúar 2001 - 1. janúar 2005

## **Stjórn vinnueftirlits í landbúnaði**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 18. september 2002 að tilnefna Halldór Jónasson sem fulltrúa ASÍ í stjórn vinnueftirlits í landbúnaði og Guðrúnu Kr. Óladóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir**

Alþýðusambandi Íslands var, skv. erindi félagsmálaráðuneytisins 4. júní 2002 falið að tilnefna þrjá fulltrúa launafólks í svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. ASÍ ákvað að bjóða BSRB að tilnefna einn þessara fulltrúa í hvert svæðisráð og varð niðurstaðan sú. Hér á eftir fylgir listi yfir þá fulltrúa sem tilnefndir voru með bréfi til félagsmálaráðuneytisins 4. september 2002.

### **Vesturland:**

Einar Karlsson og Sveinn Hálfánarson

Varamenn: Kristján Jóhannsson og Hervar Gunnarsson

Fulltrúi BSRB

Pröstur Kristófersson og Anna Ólafsdóttir til vara

### **Vestfirðir:**

Lilja Rafney Magnúsdóttir og Helgi Ólafsson

Varamenn: Finnur Magnússon og Lárus Benediktsson

Fulltrúi BSRB

Marta Lilja Olsen og Guðný Sigríður Þórðardóttir til vara

### **Norðurland vestra:**

Jón Karlsson og Ásgerður Pálsdóttir

Varamenn: Signý Jóhannesdóttir og Björn Ingi Þorgrímsson

Fulltrúi BSRB

Sigríður Gísladóttir og Ragna Jóhannsdóttir til vara

### **Norðurland eystra:**

Þorsteinn E. Arnórsson og Aðalsteinn Á. Baldursson

Varamenn: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Torfi Aðalsteinsson

Fulltrúi BSRB

Arna Jakóbína Björnsdóttir og Stefán Stefánsson til vara

### **Austurland:**

Jón Ingi Kristjánsson og Þorkell Kolbeins

Varamenn: Gyða Vigfúsdóttir Sigurbjörn Björnsson  
Fulltrúi BSRB  
Már Sveinsson og Ingigerður Benediksdóttir til vara

**Suðurland:**

Guðrún Erlingsdóttir og Ragna Larsen  
Varamenn: Ármann Ægir Magnússon og Kristján Hálfánarson  
Fulltrúi BSRB  
Sæmundur H. Friðriksson og Gunnar Guðmundsson til vara

**Reykjanes:**

Guðbrandur Einarsson og Kristján G. Gunnarsson  
Varamenn: Sigfús Eysteinnsson og Baldur G. Matthíasson  
Fulltrúi BSRB  
Jóhann D. Jóhannsson og Ása Fossádal til vara

**Höfuðborgarsvæðið:**

Hjördís Baldursdóttir og Linda Baldursdóttir  
Varamenn: Vignir Eyþórsson og Sigurður T. Sigurðsson  
Fulltrúi BSRB  
Sigríður Kristinsdóttir og Einar Ólafsson til vara  
Skipunartími: Til sveitastjórnakosninga 2006

## Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta

Alþýðusamband Íslands ákvað með bréfi 14. desember 2001 að tilnefna eftirtalda til setu í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta:

**Vesturland:**

Sigríður H. Skúladóttir. Varamaður Elínbjörg Magnúsdóttir.

**Vestfirðir:**

Pétur Sigurðsson. Varamaður: Karítas Pálsdóttir.

**Norðurland vestra:**

Ásdís Guðmundsdóttir. Varamaður: Stefanía Garðarsdóttir.

**Norðurland eystra:**

Guðmundur Ómar Guðmundsson. Varamaður: Aðalsteinn Á. Baldursson.

**Austurland:**

Þorkell Kolbeins. Varamaður: Margrét Óskarsdóttir.

**Suðurland:**

Ragna Larsen. Varamaður: Jóna Jónsdóttir.

**Reykjanes:**

Ingibjörg Magnúsdóttir. Varamaður: Bryndís Kjartansdóttir.

**Höfuðborgarsvæðið:**

Úthlutunarnefnd 1:

Garðar Vilhjálmsson. Varamaður Linda Baldursdóttir.

Úthlutunarnefnd 2:

Árni Leósson. Varamaður: Guðný M. Magnúsdóttir.

Skipunartími: Til ársloka 2006

**Nefnd um rétt foreldra vegna veikinda barna**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. desember 2000 var samþykkt að tilnefna Þórunni Sveinbjörnsdóttur í nefnd um rétt foreldra vegna veikinda barna. Varamaður var tilnefndur Kristján Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

**Gerviverktaka**

Miðstjórn samþykkti á fundi sínum 9. desember 1998 að tilnefna Vigni Eyþórsson sem aðalmann og Helga Gunnarsson til vara í nefnd félagsmálaráðherra, sem fjallar um eðli og umfang gerviverktöku á íslenskum vinnumarkaði.

Skipunartími: Ótilgreindur, en reiknað með að hópurinn ljúki störfum á árinu 2002.

**Nefnd um kynbundinn launamun**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. janúar 2002 var samþykkt að tilnefna Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing ASÍ, sem aðalmann í sérfræðinganefnd félagsmálaráðherra um vaxandi kynbundinn launamun verkafólks og Þórunni Sveinbjörnsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

**Starfshópur um mansal**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 8. maí 2002 að skipa Halldór Grönvold sem fulltrúa sinn í starfshóp um mansal.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Fjármálaráðuneytið:*****Nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu**

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 4. apríl 2001 var samþykkt að skipa Sigurð Bessason og Hólmgeir Jónsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um fjöl-

þrepaskatt og viðmiðunarneyslu.  
Skipunartími: Ótilgreindur

*Forsætisráðuneytið:*

## **Íslenska upplýsingasamfélagið**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. júní 1998 var samþykkt að tilnefna Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur aðalman í sérstakt þróunarverkefni um íslenska upplýsingasamfélagið. Varamaður er Guðmundur R. Árnason

Skipunartími: 5 ára verkefni

Nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok

Miðstjórn samþykkti 6. desember 2000 að aðalmaður yrði Þorbjörn Guðmundsson og varamaður Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ.

Æskilegt er að nefndi ljúki störfum fyrir árslok 2002

*Hagstofan:*

## **Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs**

28. ágúst 2002 ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:*

## **Starfshópur um velferðarkerfið**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. júní 2001 var ákveðið að Björn Snæbjörnsson og Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, verði fulltrúar ASÍ í starfshópi með heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu um velferðarmál.

Skipunartími: Ótilgreindur- Nefndin hefur lagt niður störf, a.m.k. tíma-bundið.

## **Fulltrúaráð Lífeyrissjóðs sjómanna**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 20. mars 2002 að tilnefna eftirtalda fulltrúa í Fulltrúaráð Lsj. sjómanna: Gylfi Gylfason, Eyþór Garðarsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Hervar Gunnarsson og Sævar Gunnarsson.

Skipunartími: 1 ár



## **Lífeyrissjóður sjómanna**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 20. mars 2002 að Konráð Alfreyðsson verði aðalmaður í Lsj. sjómanna og Hinrik Bergsson varamaður.

Skipunartími: 3 ár

## **Starfshópur um starfsendurhæfingu**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 8. maí 2002 að skipa Guðmund Hilmars-son sem fulltrúa sinn í starfshóp un starfsendurhæfingu.

Skipunartími: Ótilgreindur, en gert er ráð fyrir því að hópurinn ljúki störf-um á árinu 2002.

### *Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið:*

## **Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands**

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Örn Friðriksson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Iðntæknistofnunar Íslands og að Guðmundur Gunnarsson yrði varamaður hans.

Skipunartími: 1. október 2003

## **Nefnd um framleiðnimál**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 1996 var samþykkt að tilnefna Guð-mund Gunnarsson sem aðalmann í nefnd til að fjalla um framleiðnimál og koma með tillögur að aukinni framleiðni og gæðum. Ákveðið var að Jón Karlsson yrði varamaður. Haustið 1999 tók Jón Karlsson sæti sem aðalmaður og Edda Rós Karlsdóttir var skipuð til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Finnbjörn A. Hermannsson fulltrúa ASÍ í ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar bygging-ariðnaðarins.

Skipunartími: 2 ár

## **Nýsköpunarsjóður**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 22. maí 2002 var Halldór Björnsson tilnefndur sem fulltrúi ASÍ í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Varamaður er Grétar Þorsteinsson.

Skipunartími: Til aðalfundar 2003.

## **Faghópur um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðarþróun**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. september 1999 var samþykkt að Edda Rós Karlsdóttir yrði aðalmaður og Rannveig Sigurðardóttir til vara. Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, hefur tekið sæti aðalmanns í nefndinni.

Skipunartími: Ótilgreindur

### *Landbúnaðarráðuneytið:*

## **Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. júní 2002 var samþykkt að Björn Snæbjörnsson yrði fulltrúi ASÍ í Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd og Kristján Bragason til vara

Skipunartími: til 15. júní 2003

### *Menntamálaráðuneytið:*

## **Landsskrifstofa Leonardo da Vinci II**

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 1. mars 2000 að Halldór Grönvold yrði aðalmaður í stjórn Landsskrifstofu Leonardó II og Kristján Bragason varamaður.

Skipunartími: 1. mars 2003

## **Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi**

Miðstjórn Albýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 14. ágúst 1996 að fela landssamböndum innan ASÍ að tilnefna fulltrúa í samstarfsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um starfsnám á framhaldsskólastigi. Í febrúar 1998 varð breyting á skipun fulltrúa ASÍ.

Eftirtaldir eru fulltrúar ASÍ í samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, SAMSTARF:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, til vara Alda Sigurðardóttir

Örn Friðriksson, til vara Finnbjörn A. Hermannsson

Garðar Vilhjálmsson, til vara Kristján Bragason

Níels S. Olgeirsson, til vara Guðmundur Gunnarsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, til vara Karl Már Lárusson

Fulltrúi nema: Brjánn Jónsson, til vara Gunnar Andri Gunnarsson

Skipunartími: 12. febrúar 2001 - 12. febrúar 2005

## **Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla**

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber að skipa starfsgreinaráð. Í 28. gr. laganna segir m.a.: „Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Meginreglan er sú að fulltrúar launafólks í starfsgreinaráðunum eru þrír. Flestir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu beint af viðkomandi landssambandi eða landssambandi. Af hálfu ASÍ hafa eftirtaldir verið tilnefndir samkvæmt tilögum hlutaðeigandi landssambanda og aðildarféлага, frá miðstjórnarfundi ASÍ 19. nóvember 1997:

*Heilbrigðisþjónusta, félagsleg: 21. apríl 1998 - 21. apríl 2002*  
*Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Varamaður er tilnefndur af BSRB.*

*Listir, hönnun, handverk: 1. apríl 1998 - 1. apríl 2002*  
*Björn Th. Árnason og Heimir Björn Janusarson til vara.*

*Náttúrunýting: 30. apríl 1998 - 30. apríl 2002*  
*Guðríður Helgadóttir og Heimir Björn Janusarson til vara.*  
*Ívar Eiríksson og Ragna Larsen til vara.*  
*Stefanía Magnúsdóttir og Kristján Bragason til vara.*

*Persónuleg þjónusta: 20. apríl 1998 - 20. apríl 2002*  
*Kristján Bragason og Hafdís Grétarsdóttir .*  
*Garðar Vilhjálmsson og Svava Guðmundsdóttir til vara.*

*Uppeldis- og tómstundagreinar: 3. mars 1998 - 3. mars 2002*  
*Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Kristján Bragason til vara.*  
*Verslunar- og skrifstofustörf: 20. apríl 1998 - 20. apríl 2002*  
*Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson til vara.*

## **Rannsóknarráð Íslands**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands staðfesti á fundi sínum 6. september 2000 tilnefningu á Rúnari Backmann og Hilmar Braga Jónsson sem aðalmönnum í Rannsóknarráð Íslands. Varamenn Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Svavarsson.

Skipunartími: 5. ágúst 2000 - 5. ágúst 2003

## **Átak í símenntun**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tilnefndi á fundi sínum 9. desember 1998, Kristján Bragason sem aðalmann og Jóhann Geirdal til vara í verkefnisstjórn vegna fimm ára átaks í þágu símenntunar.

Skipunartími: Ótilgreindur

### *Sjávarútvegsráðuneytið:*

## **Ráðgjafarnefnd fyrir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. janúar 2002 var samþykkt að tilnefna Aðalstein Á. Baldursson sem aðalmann og Kristján Bragason til vara.

Skipunartími: 31. desember 2005

### *Umhverfissráðuneytið:*

## **Spilliefnanefnd**

Á fundi sínum 6. september 2000 ákvað miðstjórn ASÍ að tilnefna Hauk Harðarson sem fulltrúa sinn í Spilliefnanefnd á vegum umhverfissráðuneytisins. Varamaður er Sigfús R. Eysteinnsson.

Skipunartími: 4. september 2000 - 4. september 2004

## **Hollustuháttaráð**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 28. ágúst 2002 var samþykkt að tilnefna Stefán Ó. Guðmundsson sem aðalmann í Hollustuháttaráð og Guðrúnu Kr. Óladóttur til vara.

Skipunartími: 1. júlí 2002 - 1. júlí 2006

## **Umhverfisfræðsluráð**

Á árinu 2001 tilnefndi ASÍ Elínu Bergsdóttur til setu í Umhverfisfræðsluráði og Harald H. Haraldsson til vara.

Skipunartími: 4 ár

### *Utánríkisráðuneytið:*

## **Kaupskrárnefnd**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. október 2002 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í Kaupskrárnefnd og Gunnar Páll Pálsson er varamaður hans.

Skipunartími: 1. júlí 2003

## **Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. júní 2001 var samþykkt að skipa Magnús Norðdahl sem fulltrúa Alþýðusambandsins í kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar og Halldór Grönvold til vara.

Skipunartími: 1. júlí 2003

## **Ýmislegt:**

### ***Stjórn Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. janúar 2002 var samþykkt að skipa Grétar Þorsteinsson og Hauk Haraldsson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar.

Skipunartími: Til ársbyrjunar árið 2004

## **Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci II menntaáætlunarinnar**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. október 2001 var samþykkt að Ingibjörg E. Guðmundsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í Stjórnarnefnd Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunarinnar á Evrópuvísu og Halldór Grönvold til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Stjórn Menntar**

Í nóvember 2001 var ákveðið að Garðar Vilhjálmsson og Alda Sigurðardóttir yrðu aðalmenn í stjórn Menntar og Elínbjörg Magnúsdóttir og Níels Olgeirsson til vara.

Skipunartími: Til ársfundar Menntar í nóvember 2002.

## **Vinnuhópur MENNTAR um vottunarkerfi vegna náms**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. desember 2000 var samþykkt að skipa Ásmund Hilmarsson sem fulltrúa ASÍ í Vinnuhóp MENNTAR um vottunarkerfi vegna náms. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir var skipuð varamaður.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Verkefnisstjórn vegna Viku símenntunar 2002**

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 8. maí að tilfærna Hrafnhildi Tómasdóttur sem fulltrúa sinn í verkefnisstjórn vegna Viku símenntunar árið 2002.

Skipunartími: Fram yfir Viku símenntunar 2002

## **Dómnefnd Starfsmenntaverðlauna 2002**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. mars 2002 var ákveðið að skipa Þórunni Svein-

björnsdóttur sem fulltrúa ASÍ í dómnefnd vegna Starfsmenntaverðlauna og Grétar Þorsteinsson til vara.

Skipunartími: Til afhendingar starfsmenntaverðlauna 2002

## **Öldrunarráð**

Á aðalfundi Öldrunarráðs fyrir árið 2001 voru eftirtaldir fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Linda Baldursdóttir og Guðrún Ólafsdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Öldrunarráðs 2002.

## **Fulltrúaráðsfundur Skjóls**

Miðstjórn ASÍ ákvað 21. febrúar 2001 að á fulltrúaráðsfundi Skjóls 2001 yrðu Guðmundur Þ Jónsson, Pétur Maack og Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Á fundinum var Guðmundur Þ Jónsson kosinn í stjórn Skjóls og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir til vara.

Skipunartími: Til aðalfundar Skjóls 2002

## **Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga**

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. apríl 1997 með síðari breytingum eru fulltrúar ASÍ í samráðsnefnd með SA um vinnutíma Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Kristján Bragason og Halldór Grönvold. Til vara Einar Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma**

Fulltrúi í samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma er Guðrún Óladóttir. Varamaður er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótímabundinn

## **Nefnd til að fjalla um trúnaðarmannafræðslu**

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar ASÍ 19. október 1997 voru eftirtaldir skipaðir af hálfu ASÍ í nefnd um trúnaðarmannafræðslu samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum þriggja landssambanda á árinu 1997: Ásmundur Hilmars-son, Finnbjörn A. Hermannsson, Jóhann Geirdal og Kristján Bragason.

Skipunartími: Ótilgreindur

## **Fenúr**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 7. mars 2001 að

Viðar Ottesen yrði fulltrúi ASÍ í Fenúr (Fagráð um endurnýtingu og úrgang).  
Skipunartími: til aðalfundar 2003

### **Kjararannsóknarnefnd**

Frá 29. nóvember 2000 sitja eftirtaldir sem fulltrúar ASÍ í Kjararannsóknarnefnd: Sigurður Bessason, Magnús L. Sveinsson og Grétar Þorsteinsson.  
Skipunartími: Ótilgreindur



*Menningar- og fræðslusamband alþýðu var meðal þeirra sem hlutu starfsmenntaverðlaunin árið 2002. Hér eru Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem afhenti verðlaunin og Haukur Harðarson, formaður stjórnar MFA, við verðlaunaafhendinguna.*

## **Skýrsla um starf MFA frá 1. september 2001 til 31. ágúst 2002**

### **Inngangur**

Í þessari skýrslu koma fram meginþættir í starfsemi MFA, Félagsmálaskóla alþýðu, Mímis-Tómstundaskólans og Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar frá 1. september 2001 til 31. ágúst 2002. Skýrt er frá einstökum verkefnum, almennri starfsemi og fjölda þátttakenda í fræðslustarfinu.

### **Stjórnir**

Stjórn MFA skipa: Haukur Harðarson, formaður, Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður, Ingunn Þorsteinsdóttir, Signý Jóhannesdóttir og Kristín Björnsdóttir.

Varamenn eru: Alda Sigurðardóttir og Linda Baldursdóttir.

Stjórn Félagsmálaskóla alþýðu skipa: Haukur Harðarson, formaður frá MFA, Björn Snæbjörnsson frá ASÍ, Gissur Pétursson frá Félagsmálaráðuneyt-



inu, Sigríður Kristinsdóttir frá BSRB, Signý Jóhannesdóttir, Ingunn Þorsteinsdóttir og Alda Sigurðardóttir frá MFA. Varamenn eru: Stefanía Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Linda Baldursdóttir og Ásmundur Hilmarsson frá MFA. Karítas Pálsdóttir, frá ASÍ, Margrét Björnsdóttir frá BSRB og Gunnar Bragi Sveinsson frá Félagsmálaráðuneytinu. Stjórn Félagsmálaskóla alþýðu er skipuð til fjögurra ára.

Skólanefnd Mímis-Tómstundaskólans skipa: Haukur Harðarson, Þráinn Hallgrímsson og Kristín Björnsdóttir. Varamaður er: Linda Baldursdóttir.

### ***Starfsmenn***

Fastráðnir starfsmenn á starfstímabilinu voru: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Tómasdóttir og Rannveig Einarsdóttir, verkefnastjórar, Fjóra María Lárusdóttir, kennari og ráðgjafi, Hjördís Kristinsdóttir, bókarí, Rósa S. Jónsdóttir, gjaldkeri og Elfa Andrésdóttir, ræstingar o.fl. Starfsmenn MFA eru jafnframt starfsmenn Félagsmálaskóla alþýðu. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu og Mímis-Tómstundaskólans. Fastráðnir starfsmenn Mímis-Tómstundaskólans á starfstímabilinu voru: Sigríður Einarsdóttir og Helga Björk Pálsdóttir.

Auk fastráðinna starfsmanna hafa rúmlega 200 manns tekið að sér kennslu eða leiðbeinendastörf í fræðslustarfinu á árinu 2001-2002.

### ***Fjármál***

MFA fjármagnar starfsemi sína með skatttekjum frá stéttarfélögum innan ASÍ, framlagi úr ríkissjóði, styrkjum til sérverkefna og sölu námskeiða.

Félagsmálaskóli alþýðu fjármagnar starfsemi sína með framlagi úr ríkissjóði og námsgjöldum.

Mímir-Tómstundaskólinn fjármagnar starfsemi sína með námsgjöldum og styrk frá Reykjavíkurborg.

Það fé sem aflað er með námsgjöldum og styrkjum til sérverkefna eru um 68% af heildarveltu fræðslustarfsins.

### **Fræðslustarfið**

Það starf sem nýtur fjárstuðnings á fjárlögum er talið til starfsemi Félagsmálaskólans. Annað fræðslustarf fer fram á vegum MFA. Mímir-Tómstundaskólinn er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag. Nemendur í Mími-Tómstundaskólanum eru taldir með í tölulegum yfirlitum um þátttöku í fræðslustarfinu.

Starfstímabil	Konur	Karlar	Samtals	Nemendastundir
1998-1999	3.992	1.933	5.925	137.526
1999-2000	3.699	1.616	5.315	113.359
2000-2001	3.091	1.480	4.571	89.586
2001-2002	3.355	1.903	5.258	103.786

Í upptalningunni sem hér fer á eftir er fjöldi þátttakenda í fræðslustarfinu tilgreindur og nemendastundir, þ.e. fjöldi þátttakenda sinnum kennslustundir.

## Menningar- og fræðslusamband alþýðu

### *Starfsmenntanámskeið*

Alls voru haldin 4 starfsmenntanámskeið á sl. starfsári með styrk frá Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins í samvinnu við stéttarfélagin.

Þau voru: Námskeið fyrir hafnarverkamenn í samvinnu við Samskip, Eflingu-stéttarfélag og Starfsgreinasamband Íslands. Fullvinnsla matar í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Flugleiðir, Reykjanesbæ, Fiskanes og VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágrennis. MFA-skólinn (Landnemaskólinn) fyrir nýbúa í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag. Námskeið fyrir stjórnendur í starfsmenntun í samvinnu við Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og Félag fræðslustjóra.

Haldin voru 6 starfsmenntanámskeið á sl. starfsári fyrir stéttarfélagin.

Þau voru: Grunnmenntaskólinn, fyrir fólk á vinnumarkaði, í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag. Í það verkefni fékkst styrkur, að hluta til, úr sjóði Menntamálaráðuneytisins sem veitir styrki til framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu. Gangavarðanámskeið fyrir Kópavog og Seltjarnarnesbæ í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag. Ræstingarnámskeið í samvinnu við Báruna/Þór, Selfossi. Ræstinganámskeið og mötuneytisnámskeið í var haldið í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag.

Jarðlagntækninámskeið var haldið í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag, Samorku, Landssíma Íslands hf. og Gatnamálastjóra.

Alls voru þátttakendur á þessum 10 starfsmenntanámskeiðum 258, 56 karlar og 202 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 20.877.

Á þessu ári hefur verið unnið að tveimur verkefnum sem veittur var styrkur í frá Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins. Þetta eru: Vefbundið námskeið um einelti og áreitni á vinnustað, samstarfsaðili Geir Hólmarsson og vefbundið námskeið í ensku fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu, samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöð KHÍ, Vlf. Þórshafnar og Mímír-Tómstundaskólinn.

### *Ýmis námskeið*

Alls voru þessi námskeið 51 á sl. starfsári.

Þau voru t.d.: Samskiptanámskeið, þjónustunámskeið, starfslokanámskeið

íð „Á tímamótum“, „Fjármál heimila“ og „Að þora að taka til máls“. Auk þess var á sl. starfsári boðið upp á tvö ný námskeið, annars vegar námskeið um einelti og hins vegar námskeið um ágreining. Þessi námskeið hafa verið haldin bæði hjá fyrirtækjum og stéttarfélögum. Í samstarfi við Starfsafl og olúfélögin voru haldin nokkur námskeið sl. vetur, s.s. samskipti og þjónusta, tölvunámskeið og fleira.

Á þessum námskeiðum voru þátttakendur alls 961, 478 karlar og 483 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 7.034.

### *MFA-skólinn*

MFA - skólinn er atlaður atvinnulausu fólki sem ekki hefur langa skólagöngu að baki. Markmið MFA - skólans er að efla atvinnuhæfni nemenda með því að þjálfa þá í sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum, efla sjálfstraust þeirra og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skólaárið 2001-2002 voru tveir hópar í skólanum, báðir í Reykjavík. Fyrri hópurinn byrjaði í október 2001 og lauk námi í janúar 2002. Seinni hópurinn byrjaði í febrúar 2002 og lauk námi í maí 2002. Kennt var alla virka daga frá kl. 9:00 - 12:45. Námið var alls 350 kennslustundir í hvorum skóla. Umsjónarmaður skólans var Hrafnhildur Tómasdóttir.

Alls útskrifuðust 25 nemendur úr skólanum, 19 konur og 6 karlar. Kennslustundir voru 350 og nemendastundir voru samtals 8.750.

### *Námskeið fyrir atvinnulaust fólk*

Haldin voru 45 námskeið fyrir atvinnulaust fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Þau voru: 15 sjálfstyrkingarnámskeið, 11 starfsleitarnámskeið, 9 tölvunámskeið fyrir byrjendur og 10 tölvunámskeið fyrir lengra komna.

Í vetur bættist við verkefni fyrir Félagsþjónustuna sérhannað fyrir atvinnulausar konur, sem ber heitið Kvennasmiðjan.

Alls voru þátttakendur á þessum námskeiðum 493, 150 karlar og 343 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 11.928.

## Félagsmálaskóli alþýðu

### *Félagsstjórnunarnám*

Haldin voru 3 félagsstjórnunarnámskeið á sl. starfsári. Þau voru: Virk þátttaka í félagsstörfum, mannleg samskipti og stefnumótun.

Alls voru þátttakendur í félagsstjórnunarnámi í Félagsmálaskóla alþýðu 62, 33 karlar og 29 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 1.850.

### *Trúnaðarmannanámskeið*

Félagsmálaskóli alþýðu hélt 20 trúnaðarmannanámskeið á sl. starfsári. Voru þau frá því að vera tveggja daga löng og upp í fimm daga.

Alls voru þátttakendur á trúnaðarmannanámskeiðum 320, 157 karlar og 163 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 8.032.

### *Fræðslufundir og námskeið*

Félagsmálaskóli alþýðu bauð upp á styttri námskeið, ætluð trúnaðarmönnum, stjórnnum félaga og starfsmönnum þeirra. Þessi námskeið voru 16 á sl. starfsári.

Efni námskeiðanna var sniðið að óskum félaganna. Í samvinnu við Starfsgréinasamband Íslands voru haldin forystufræðslunámskeið á nokkrum stöðum á landinu.

Alls voru þátttakendur á þessum námskeiðum 207, 143 karlar og 64 konur. Heildarnemendastundir voru samtals 2.235.

## Mímir-Tómstundaskólinn

Markmið Mímis-Tómstundaskólans er að bjóða launafólki upp á fjölbreytt úrval námskeiða til þess að auka gæði lífs og starfs. Stöðugt er lögð á það meiri áhersla að fólk haldi áfram að læra allt lífið. Í þeirri þróun er tómstundanám mikilvægur hlekkur. Það er einnig mikilvægur lykill að námi fyrir þá sem hafa skamma skólagöngu að baki. Hægt er að auka hæfni sína á vinnumarkaði með tómstundanámi. Í því sambandi er tungumálanám mikilvægt. Sama má segja um nám sem ýtir undir skapandi hugsun. Allt nám er til gagns og gamans þegar það er stundað af áhuga.

Nemendum sem sóttu almenn námskeið skólans fækkaði heldur miðað við árin á undan. Ef öll námskeið og allir nemendur skólans eru taldir saman, voru haldin 293 námskeið sem 2.932 nemendur sóttu. Nemendastundir voru 43.080.

### *Starfsemin*

Á haustönn voru haldin 119 námskeið og sátu þau 1.100 nemendur, á vorönn

voru haldin 174 námskeið og nemendur voru 1.832. Innifalin í þessum tölum eru námskeið sem haldin eru eftir sérþöntunum, svo sem sérstaklega sniðin námskeið fyrir félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Þau voru 12 á haustönn og sátu þau 114, og 22 á vorönn. Þau sátu sátu 325 manns. Konur eru sem fyrir í meirihluta eða um 70% nemenda.

Mikil fjölbreytni var í námskeiðshaldinu. Námskeiðin voru af margvíslegum toga og mislöng, allt frá einu kvöldi upp í 40 kennslustundir á 10 vikum. Lang fjölsóttustu námskeið skólans voru sem fyrir námskeið Jóns Böðvarssonar.

Sá flokkur námskeiða sem flestir sækja samanlagt, eru tungumálanámskeið skólans. Í tungumálanáminu er áherslan lögð á fámenna hópa.

### ***Fjármál***

Skólinn er fjárhagslega sjálfstæð stofnun í eigu MFA. Tekjur sínar hefur skólinn fyrst og fremst af námsgjöldum. Reykjavíkurborg styrkti skólann um eina milljón króna á starfsárinu.

Skólinn starfar á markaði, þar sem hann nýtur engra forréttinda, en hefur þurft að bregðast við vaxandi sókn opinberra aðila inn á þau svið sem hann starfar einkum á. Mímir-Tómstundaskólinn reynir að stilla verði námskeiða í hóf og hefur á undanförmum árum náð að skapa sér nafn sem öflug og góð fræðslustofnun sem einstaklingar og fyrirtæki bera traust til.

## **FUNDIR**

### ***Stjórnarfundir***

Á starfsárinu hélt stjórn MFA 4 stjórnarfundir. Aðal- og varamenn sitja fundina.

## **SÖGUSAFN VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR**

Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar var staðsett í húsakynnum MFA. Starfsemi safnsins snerist aðallega um þjónustu við þá sem leituðu gagna og heimilda í safninu.

Í janúar sl. var safnið afhent Þjóðskjalasafni Íslands og mun það sjá um þjónustu varðandi safnið í framtíðinni.

## **ÝMIS MENNINGARSTARFSEMI Á VEGUM MFA**

### ***TÓNAL***

MFA hefur frá upphafi átt félagsaðild að TÓNAL og stutt við starfsemi sambandsins með fjárstyrk.

## ÝMIS STARFSEMI Á VEGUM MFA

### *Þátttaka í nefndum og ráðum*

MFA á fulltrúa í rekstrarstjórn Listasafns ASÍ, í menntanefnd ASÍ, í stjórn Farskóla Norðurlands vestra og áheyrnarfulltrúa í stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Starfsmenn MFA tóku þátt í eftirfarandi nefndum fyrir hönd ASÍ á sl. ári: Stýrihópur til undirbúnings viku símenntunar í Reykjavík á vegum Verkefnisstjórnar um símenntun; nefnd um ólæsi á vegum Menntamálaráðuneytisins.

### *Farskóli Norðurlands vestra*

MFA er aðili að Farskóla Norðurlands vestra. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir er fulltrúi MFA í stjórn FSNV. Skipulagsstjóri FSNV er Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sauðárkróki.

### *Námskeið fyrir 9. bekk og framhaldsskóla*

Í samvinnu við MFA, var þáttur í lífsleikni, þar sem nemendur voru fræddir um hagsmuni, gildismat og algenga launaseðla. Rimaskóli, Engjaskóli og Fellaskóli í Reykjavík voru sóttir heim. Einnig voru Iðnskólinn í Reykjavík og Fjölbautarskólinn í Garðabæ heimsóttir og farið yfir réttindi og skyldur.

## ERLENT SAMSTARF

### *MFA á Norðurlöndum*

MFA er í norrænu samtökunum ABF í Norden, sem eru fræðslusamtök verkalyðshreyfingarinnar á Norðurlöndum. Haldnir eru tveir fundir á ári. ABF í Norden úthlutar m.a. styrkjum til norrænna samstarfsverkefna. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir er fulltrúi MFA.

### *Norræni MFA-skólinn*

Norræni MFA-skólinn er haldinn einu sinni á ári. MFA sendir nemendur á skólann. Skólinn var haldinn á Grænlandi síðast liðið haust. Nemendur frá Íslandi voru tveir, Þór Ottesen, RSÍ og Ásdís Guðmundsdóttir, Vlf. Aldan. Verkefnið er rekið með styrk frá AFB í Norden.

### *Eftirmenntun kennara í fullorðinsfræðslu*

MFA hefur tekið þátt í norrænu verkefni ásamt systursamtökum sínum í Norgei, Danmörku og Eistlandi. Boðið hefur verið upp á námskeið þar sem kennarar á vegum samtakanna eru þjálfaðir í fullorðinsfræðslu og alþýðufræðslu. Slíkt námskeið var haldið í Reykholti í september 2001. Þátttakendur voru 15 nemendur frá 4 löndum. Verkefnið var rekið með styrk frá ABF í Norden.

### ***Norrænt verkefni um þarfagreiningu***

MFA tekur þátt í norræna verkefninu SABKEK ásamt systursamtökum sínum í Noregi, Danmörku og Eistlandi. Verkefnið fjallar um skilgreiningu og skráningu á hæfni starfsmanna í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hópurinn mun ljúka störfum með útgáfu á „færnimöppu“ á haustmánuðum 2002. Verkefnið er rekið með styrk frá ABF í Norden.

### ***Genfarskólinn***

MFA sendir árlega tvo þátttakendur á Genfarskólann, sem haldinn er í tengslum við þing ILO, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. Annar nemandinn er jafnan fulltrúi ASÍ og hinn frá BSRB. Nemendur skólans á þessu ári voru Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands og Þórveig Þormóðsdóttir frá BSRB.

### ***IFWEA og EURO-WEA***

MFA á aðild að IFWEA, Alþjóðasambandi MFA samtakanna og EURO-WEA, Evrópusambandi MFA samtakanna. MFA hefur ekki tekið virkan þátt í þessu samstarfi á undanförunum árum.

### ***Evrópskt verkefni með styrk frá Grundtvig***

Starfsmaður MFA fór á tengslaráðstefnu á vegum Grundtvig áætlunarinnar í janúar 2002. Í framhaldi fékkst styrkur til að hefja samstarf við nokkrar evrópskar þjóðir um uppbyggingu sjálfstraust hjá minnihlutahópum. Hópurinn mun hittast og hefja störf á haustmánuðum 2002.



*Undirritun vegna samkomulags við Þjóðskjalasafn Íslands um Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar fór fram í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Á myndinni sjást þeir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ og Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, við undirritunina.*

## Skýrsla um starfsemi Listasafns ASÍ

Listasafn ASÍ er til húsa í Ásmundarsal, fyrrum húsi Ásmundar Sveinssonar, myndhöggvara að Freyjugötu 41. Safnið hefur fest sig í sessi í íslensku myndlistarlífi sem vettvangur metnaðarfullra og fjölbreytilegra myndlistarsýninga.

Forstöðumaður safnsins er Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur. Rekstrarstjórn safnsins skipa: Gylfi Arnbjörnsson, formaður, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Listráð skipa: Björn Th. Björnsson listfræðingur og Hrafnhildur Schram, listfræðingur ásamt forstöðumanni safnsins.

### Sýningar í Listasafni ASÍ.

Í Listasafni ASÍ eru þrjár sýningarsalir. Ásmundarsalur er stærsti sýningarsalur hússins, um 100 fermetrar að flatarmáli. Salurinn er, eftir vel heppnaðar endurbætur, af mörgum talinn einn fegursti sýningarsalur borgarinnar. Sýningarsalurinn Gryfjan er um 20 fermetrar að flatarmáli með mikilli lofthæð og er ýmist notaður fyrir litlar einkasýningar eða nýttur í tengslum við sýningar í Ásmundarsal. Þriðji salurinn „Aristofa“ er um 25 fermetrar að flatarmáli. Salurinn er að jafnaði nýttur til að kynna listaverkæign safnsins.



Sýninartímabil eru að jafnaði tæpar þrjár vikur, undirbúningstími sýninga er 4 dagar, sýning opnar á laugardegi og stendur yfir í 16 daga. Safnið er lokað á mánuðögum, en opnunartími aðra daga er frá 14.00 til 18.00.

Meginuppistaðan í sýningahaldi Listasafns ASÍ eru sýningar á vegum listamanna sjálfra. Fyrirkomulag sýninga í Listasafni ASÍ er þannig að öllum er heimilt að sækja um sýningaraðstöðu. Frestur til að sækja um að sýna í safninu á árinu 2002 var til 15. febrúar 2001. Úthlutað var 15 sýningartímabilum í Gryfju og Ásmundarsal. Alls bárust um 30 umsóknir. Fjölbreytni og gæði þeirra sýninga sem haldnar eru í Listasafni ASÍ ráðast af þeim umsóknum sem safninu berast á ári hverju. Listráð safnsins fjallaði um umsóknir og úthlutaði öllum sýningartímabilum í upphafi árs 2001, með það að leiðarljósi, að sýningar í Listasafni ASÍ væru í háum gæðaflokki og að sýningaplan ársins endurspegli fjölbreytni íslenskrar myndlistar bæði hvað varðar tækni og liststefnur.

### ***Yfirlit yfir sýningar í Listasafni ASÍ árið 2002***

12. - 27. janúar

„Stólar Péturs“

**Pétur Lúthersson**, stólahönnuður. Yfirlitssýning

2. - 17. febrúar

„Að búa og rannsaka“

**Inga Þórey Jóhannsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Sigríður Ólafsdóttir**

23. febrúar - 10. mars

Ásmundarsalur: **Inga Sólveig Friðjónsdóttir**. Ljósmyndir

Gryfja: **Íris Elfa Friðriksdóttir**. Þrjónaaðferðir og myndstur

16. - 31. mars

„Þeir yðar sem erfiði og þunga eru haldnir“.

**Hjörtur Marteinnsson**. Þrívíð verk og lágmyndir

6. - 21. apríl

„Samlífrænar víddir - takmarkalaust orkuljósrymi“.

**Vilhjálmur Bergsson**. Málverk og tölvumyndir

27. apríl - 12. maí

**Svava Björnsdóttir**. Lágmyndir

**Jón Sigurpálsson**. Höggmyndir

18. maí - 30. júní

„Andrá/Moment“.

**Guðrún Kristjánsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá.**

Málverk, textíll, myndbandsverk. Framlag Listasafns ASÍ til Listahátíðar 2002

6. - 28. júlí

„Dyr/Portal“.

**Valgerður Hauksdóttir og Kate Leonard.** Þrykk

3. - 25. ágúst

„Glerþræðir“

**Sigrún Einarsdóttir, Sören Larsen, Ólöf Einarsdóttir.** Gler og textíll  
20 ára afmællissýning glerverkstæðisins Gler í Bergvík

31. ágúst - 22. september

Ásmundarsalur: **Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir.** Skúlpútúr

Gryfja: „Rheum Papyrus“. **Kristveig Halldórsdóttir.** Ljósmyndir og rababari

28. september - 20. október

„Hugmyndir um frelsi - Theories of Freedom“

**Karla Dögg Karlsdóttir, Sólrún Trausta Auðunsdóttir, Annu-Johanne Wilenius.** Blönduð tækni

26. október - 17. nóvember

„Rjóður Clear-cut“

**Anna Þóra Karlsdóttir.** Textíll

20. nóvember - 8. desember

„Í skugga átaka“

**Þorkell Þorkelsson.** Ljósmyndir

## Sýningar á vegum Listasafns ASÍ árið 2002

Sýningin „Andrá/Moment“ sem sýnd var í Listasafni ASÍ tímabilið 18. maí - 30. júní var framlag Listasafns ASÍ til Listahátíðar 2002. Listakonurnar Guðrún Kristjánsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá áttu verk á sýningunni, sem samanstóð af málverkum, textílverkum og myndbandsverki. Sýningin var styrkt af Listhátíð í Reykjavík, Menningar-

málanefnd Reykjavíkur og Menningarborgarsjóði. Sýningin var síðan sett upp í Santiago de Compostela á Spáni í september 2002 en Reykjavík og Santiago voru báðar menningarborgir Evrópu árið 2000 og var hér um að ræða áframhaldandi menningarsamstarf. Vegleg sýningarskrá fylgdi sýningunni.

### ***Millisafnalán og safnauki á árinu 2002***

Listasafn ASÍ hefur á árinu lánað eftirtalin verk úr eigu safnsins á sýningar annarra listasafna

J.S.Kjarval: Fjallamjólk, 1941

Jóhann Briem: Mjólkurvagninn, 1954

Jóhann Briem: Hestar í grænni brekku, 1960

„Huglæg tjáning, máttur litarins „Listasafn Íslands, 02.02.-14.04.2002

J.S.Kjarval, Fjallamjólk. Verkið var í maí 2002 lánað Kjarvalssafni, Listasafni Reykjavíkur til lengri tíma og er hluti sýningarinnar „Myndir úr Kjarvalssafni“ sem er föst sýning verka Kjarvals.

J.S. Kjarval: Fjallamjólk, 1941

„Andspænis náttúrunni, íslensk myndlist á 20.öld“

The State Tretyakov Gallery Moskva. Sýning á vegum Listasafns Íslands 22.10.-01.12.2002

Eyborg Guðmundsdóttir: Strengir I, 1974-74

„Heilög birta - kyrr birta“, Listasafn Kópavogs 16. nóvember - 20 desember 2002

Safnið keypti á árinu vatnslitamyndir eftir Brian Pilkington.

## **Vinnustaðasýningar**

Listasafn ASÍ hefur um árabíl staðið að gerð fjölda sýninga í stofnunum og fyrirtækjum í Reykjavík og úti um land. Nú eru í gangi rúmlega 50 vinnustaðasýningar hjá verkalýðsfélögum, ýmsum opinberum stofnunum s.s. ráðuneytum og hjá einkafyrirtækjum. Listasafn ASÍ gerir tímabundinn samning við viðkomandi fyrirtæki og stofnanir. Verk eru lánuð til 6 mánaða í senn, með möguleika á framlengingu eftir því sem óskað er eftir. Þó er leitast við að skipa um sýningu á hverjum vinnustað árlega. Vinnustaðasýningar Listasafns ASÍ hafa mælst vel fyrir. Sýningarnar gefa fólki kost á að njóta fagurra lista á vinnustað. Til að auka á fjölbreytni vinnustaðasýninga leigir Listasafn ASÍ

listaverk af nokkrum listamönnum gegn gjaldi. Gott samstarf við listamenn hefur verið ein helsta stoðin undir aukningu vinnustaðasýninga og þar með aukinni tekjuöflun safnsins á þessum vettvangi. Sýningar Listasafns ASÍ í stofnunum og fyrirtækjum gera starfsemi þess frábrugðna starfsemi annarra listasafna og þjóna því markmiði safnsins að sem flestir fái notið myndlistar, einnig þeir sem ekki sækja söfn og sýningar að staðaldrí.

## Starfsemi safnsins

Listasafn ASÍ hefur fram að þessu haldið í það fyrirkomulag að leigja Ás-mundarsal út til listamanna, sem sjálfir bera allan kostnað af sýningum sínum auk þess sem þeir sinna sýningargæslu. Meginbreytingin í starfsemi Listasafns ASÍ á árinu 2002 er sú, að ráðnar voru til starfa tvær gæslukonur sýninga frá 1. september. Skipta þær með sér vöktum, þannig að hvor þeirra vinnur í 6 daga samfelld frá kl. 14.00-18.00 og á síðan frí í 8 daga. Gæslukonur munu, auk gæslustarfa, sjá um sölu á póstkortum og bókum og hjálpa til við uppsetningu sýninga. Viðvist gæslukvennanna stuðlar að auknu öryggi í safninu, en áður höfðu þeir listamenn sem sýndu að hverju sinni lykla að húsinu. Nú verður húsið aldrei gæslulaust og lyklavöld verða framvegis einungis í höndum starfsmanna safnsins.

Einnig var tekin upp sú nýbreytni að listamenn þurfa ekki að greiða fyrir afnot af sölum safnsins en sýna endurgjaldsلاust. Listasafn ASÍ hefur fram til þessa ekki getað staðið undir þeirri eðlilegu starfsemi listasafns að gefa listamönnum kost á að sýna endurgjaldsلاust og var þjónustustig safnsins almenn gagnrýnt af listamönnum, sem margir hverjir sáu sér ekki fært að standa undir þeim kostnaði sem fylgir sýningarhaldi. Nú getur safnið veitt listamönnum aðstoð við að koma list sinni á framfæri við almenning. Safnið hlaut á árinu aukinn rekstrarstyrk frá fjárlaganefnd Alþingis, auk þess sem það fékk styrk úr nýstofnuðum Safnasjóði og styrk frá Menningarmálanefnd Reykjavíkur til að standa undir þeim kostnaði sem þessar breytingar höfðu í för með sér.

Starfsemi Listasafns ASÍ er komin í fastar skorður og hefur safnið öðlast sess í menningarlífi landsins, sem vettvangur fyrir áhugaverðar og fjölbreytilegar sýningar. Markmiðið með sýningahaldi safnsins hefur verið að hýsa vandaðar sýningar sem gefa margþætta innsýn í íslenska samtímalist og listhefð. Sýningaryfirlit ársins 2002 sýnir að þessum markmiðum hefur verið náð. Í janúar 2002 var ein sýninga ársins 2001 í Listasafni ASÍ tilnefnd til Menningarverðlauna DV, en einungis eru tilnefndar 5 sýningar árlega. Það var málverkasýning ungrar listakonu, Hörpu Árnadóttur, sem valin var til tilnefningar af sýningum Listasafns ASÍ. Það má einnig geta þess að sýningar ársins 2002 hafa hlotið óvenju góða dóma gagnrýnenda og viðtökur almennings.

Listasafn ASÍ hefur slitið barnsskónum í Ásmundarsal að Freyjugötu 41 og reynslan hefur sýnt að þetta húsnæði er mikil lyftistöng fyrir starfsemi safnsins. Listasafn ASÍ hefur fullan hug á að þróa áfram virka menningarstarfsemi í þessu góða húsi, ásamt því að stuðla að kynningu á íslenskri myndlist sem víðast, bæði innan veggja fyrirtækja og stofnana og út um landsbyggðina.

# FUNDIR OG FUNDASÓKI

Frá 6. jún. 2001 til

	2001										
	6. jún.	20. jún.	5. sep.	19. sep.	8. okt.	10. okt.	24. okt.	31. okt.	7. nóv.	21. nóv.	
<b>Miðstjórn</b>											
Björn Snæbjörnsson		x	x	x			x	x	x	x	
Finnbjörn A. Hermannsson	x		x		x	x	x	x		x	
Grétar Þorsteinsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
Guðmundur Gunnarsson	x	x		x	x	x	x	x		x	
Guðrún Erlingsdóttir	x	x		x	x		x	x	x		
Gunnar Páll Pálsson		x		x	x	x	x	x			
Halldór Björnsson	x	x		x	x	x	x	x	x	x	
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir	x			x	x	x	x	x			
Jón Ingi Kristjánsson	x			x		x	x		x	x	
Kolbeinn Gunnarsson	x		x	x	x	x	x	x	x	x	
Niels S. Olgeirsson	x		x	x	x	x		x	x	x	
Rannveig Sigurðardóttir	x	x	x							x	
Sigurður Bessason			x	x	x	x	x	x	x	x	
Sævar Gunnarsson	x	x	x	x			x	x	x	x	
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	x	x	x	x		x	x	x		x	
<b>Varamenn</b>											
Ágúst Óskarsson			x						x		
Haraldur H. Jónsson			x						x		
Hervar Gunnarsson	x	x		x			x				
Konráð Alfredsson			x		x	x				x	
Kristján Gunnarsson			x		x	x		x	x	x	
Ragna Larsen			x			x					
Stefanía Magnúsdóttir			x		x						
Þorsteinn Gunnarsson					x		x				
Örn Friðriksson		x		x					x		

# N MIÐSTJÓRNARMANNA

18. september 2002

	5. des.	2002 9. jan.	23. jan.	6. feb.	20. feb.	6. mar.	20. mar	3. apr.	17. apr.	8. maí.	22. maí	5. jún.	19. jún.	28. ágú.	18. sept.
	X	X		X	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X
	X	X	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X
	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
	X		X		X	X	X		X	X	X		X		X
		X	X	X	X		X		X			X	X		X
	X	X	X	X		X		X		X		X	X		X
	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X
		X	X	X			X	X	X					X	X
		X	X	X		X	X		X		X			X	
	X	X	X	X			X	X	X	X	X	X	X	X	X
	X	X		X	X	X	X			X	X		X	X	X
	X		X	X	X		X	X	X	X			X	X	
	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X			X	X	X
														X	
				X								X	X		
												X		X	
		X													
					X						X	X	X		X
								X							
	X					X	X	X	X	X					
												X			
								X			X				



















